IV/1.1

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN | **SKÝRSLA**<br>YFIRHEYRSLA | **R L S** |
|---|---|---|
| Skýrslu gerir: Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi | | Mál nr. |
| Staður og stund: Reykjavík - Sunnudaginn 25. ágúst 2002. Klukkan 10:30 | | |
| Sakarefni: Ætlaður fjárdráttur - umboðssvik | | |
| Aðili: Jón Gerald Sullenberger | | Kennitala: 240664-2089 |
| Starf/staða: Rekur útflutningsfyrirtækið Nordica Inc. í Bandaríkjunum | | Vinnusími: 305-639-2100 |
| Lögheimili: 832 Santiago Street, Coral Gabels, Florida | | Sími: 305-443-4204 |
| Dvalarstaður: (Gullsmári 10, Kópavogi GSM: 897-6405) | | Sími: GSM USA: 305-588-1800 |

Jón Gerald kveðst kominn til lögreglu til þess að gera grein fyrir atvikum sem hann telur að kunni að varða við lög. Hann kveðst hafa leitað til Jóns Steinars Gunnlaugssonar, lögmanns, með sín mál og afhent honum bókhald sitt. Jón Gerald segir lögmanninn hafa ráðlagt sér að leita til lögreglu og gera grein fyrir málinu þar og hafi lögmaðurinn aðstoðað hann við það. Jafnframt því sé lögmaðurinn að undirbúa einkamál fyrir hann vegna atvika sem tengjast þessum viðskiptum.

Jón Gerald segir stöðu sína vera þá að hann sé kaupsýslumaður í Bandaríkjunum þar sem hann hafi um langt skeið stundað stórinnkaup á varningi sem hann hafi síðan selt til Íslands. Stærstu viðskipti hans um langt skeið hafi verið við feðgana Jóhannes Jónsson og Jón Ásgeir Jóhannesson og nú síðustu misseri við Aðföng/Baug hf, sem þeir stýri. Jón Gerald kveður stöðu sína hafa verið þannig í viðskiptunum að þeir feðgar hafi verið mjög stórir viðskiptavirnir og síðustu ár hans einu viðskiptavinir. Fljótlega hafi farið að halla á hann þannig að hann varð að ganga að óhagstæðum skilyrðum í stóru sem smáu og gengist inn á að þjóna þeim með ýmislegt sem var honum ógeðfelt þar sem sveigja þurfti viðskipti og reikningsgerð að forskrift frá þeim, sem í sumum tilfellum var með þeim hætti að viðsemjendum hans Jóni Ásgeiri og Tryggva Jónssyni, forstjóra Baugs, gat reynst mögulegt að ná peningum út úr Baugi hf.

Jón Gerald kveðst sjálfur hafa tapað á viðskiptum við þessa menn síðustu þrjú árin, en þeir hafi kerfisbundið gert hann háðan þeim í viðskiptunum og síðan notfært sér það. Hann kveður umrædda menn hafa tvinnað inn í viðskiptin og samninga, tilvik þar sem þeir óskuðu eftir að hann gæfi út reikninga, sem hann sjái nú að voru í þeim tilgangi fengnir til að hafa fé út úr Baugi. Hann hafi ekki áttað sig á því, fyrr en síðar.

Jón Gerald segir að hann geri sér grein fyrir að atvik þessi sem varðar samskipti hans við ofangreinda viðskiptamenn hans hér á Íslandi geti falið í sér brot hans sjálfs á ákvæðum laga hér á landi og eða í heimalandi hans Bandaríkjunum. Hann hafi þó í engu tilviki auðgast heldur þvert á móti tapað á viðskiptunum. Atvikin skýrist af því að hann hafi verið kominn í þá stöðu að vera þeim háður eins og áður er fram komið.

Fyrir Jóni Geraldi er brýnd vitnaskylda og vitnaábyrgð, auk þess sem hann er áminntur um sannsögli. Þá er Jóni Gerald einnig kynnt ákvæði 51. gr. laga nr. 19/1991, þess efnis að hann þurfi ekki að tjá sig um þau atriði sem gætu skapað honum refsiábyrgð.

Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl. veit af skýrslutökunni en er ekki viðstaddur. Þá er Jón H. Snorrason, saksóknari, viðstaddur upphaf skýrslutökunnar.

Jón Gerald kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og vera reiðubúinn að tjá sig um málið.

JGS S. Mag [signature]

05436

Jón vill í upphafi gera grein fyrir bókhaldi því sem hann hefur lagt fram í þágu rannsóknar málsins. Jón Gerald segir þau bókhaldsgögn lýsa viðskiptum með skemmtisnekkju sem hann hafi keypt með þeim feðgum, Jóhannesi Jónssyni og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni. Í þessu bókhaldi séu allir reikningar sem varða viðskiptin og rekstur snekkjunnar, allt frá árinu 1996 til dagsins í dag.

Klukkan 12:00 byrjar Jón Gerald að fara yfir bókhaldsgögnin og skýra þá reikninga sem þar koma fyrir, en hann segir þetta vera bókhaldið varðandi kaup og rekstur snekkjunnar frá árunum 2000 - 2002. Auk þess sé þar að finna eldri bókhaldsgögn sem varða rekstur snekkjunnar allt aftur til ársins 1996.

Klukkan 13:45 hefur Jón Gerald lokið yfirferð yfir bókhaldsgögnin og skýrslutökunni haldið áfram.

Jón Gerald segir viðskiptasamband hans við Jón Ásgeir og Jóhannes ná aftur til ársins 1991. Jón kveðst þá hafa rekið útflutningsfyrirtæki í Flórída í Bandaríkjunum sem heiti Nordica Inc, og geri enn. Hann kveðst hafa komist í kynni við þá Jón Ásgeir og Jóhannes á þeim tíma í gegnum fjölskyldutengsl þeirra á milli. Upp úr því hafi komist á viðskiptatengsl milli þeirra og kveðst Jón Gerald hafa útvegað vörur til Bónus frá Bandaríkjunum. Þau viðskipti hafi orðið umfangsmeiri eftir því sem leið á og með tímanum hafi viðskiptin þróast þannig að Nordica Inc hafi selt Aðföngum vörur frá Bandaríkjunum.

Vegna þessarra viðskipta við Bónus/Baug/Aðföng kveðst Jón Gerald hafa verið í góðum tengslum við Jón Ásgeir og Jóhannes. Eftir að Tryggvi Jónsson kom inn í stjórn Baugs hafi Jón Gerald einnig verið í samskiptum við Tryggva. Jón Gerald segir Jón Ásgeir oft hafa komið til Flórída í frí með fjölskyldu sína. Hafi þeir meðal annars leigt sér hraðbát. Þá hafi fyrst kviknað sú hugmynd hjá þeim að kaupa bát.

Vorið 1996, líklegast í apríl, kveðst Jón Gerald hafa verið í fríi með fjölskyldu sinni á Key West í Flórída og haft bát til afnota þar. Í framhaldi af því kveðst Jón Gerald hafa hringt í Jón Ásgeir og rætt það fyrir alvöru við Jón Ásgeir hvort þeir ættu ekki að kaupa sér snekkju til að eiga á Miami í Flórída, sem frístundabát. Jón Gerald segir Jón Ásgeir hafa tekið mjög vel í það og falið Jóni Geraldi að finna slíka snekkju sem þeir myndu kaupa saman.

Í júní 1996 kveðst Jón Gerald hafa fundið snekkju sem verðmetin hafi verið á 165.000 USD. Jón Gerald kveðst hafa samið um kaupverð á snekkjunni við seljanda og fengið fleyið á 136.000 USD. Kaupverðið hafi verið greitt þannig að þeir Jón Gerald og Jón Ásgeir hafi hvor um sig greitt 15.000 USD en eftirstöðvarnar hafi verið greiddar með láni frá Ready State Bank. Peningarnir frá Jóni Ásgeiri hafi komið úr sjóðum Bónus verslananna. Jón Gerald segir að lánið hafi verið tekið á hans nafni þar sem hann var búsettur í Bandaríkjunum. Varðandi afborganir af láninu sem tekið var til að greiða kaupverð bátsins, þá segir Jón Gerald að þeir hafi skipt afborgunum jafnt á milli sín. Jón Gerald segir að sá hluti afborgananna sem hafi borist frá Jóni Ásgeir hafi verið greitt úr sjóðum Bónus verslananna. Hann segir að Jóhannes Jónsson hafi ekki verið meðeigandi við kaupin á þessar snekkju.

Jón Gerald segir að þessari fyrstu snekkju sem þeir keyptu hafi verið gefið nafnið Icelandic Viking I. Jón Gerald segir að þeir Jón Ásgeir hafi eingöngu notað Viking I, eins og fleyið hafi raunar alltaf verið kallað, til einkanota fyrir sig og fjölskyldur sínar og yfirmenn Bónus verslananna. Snekkjan hafi hins vegar verið keypt sem persónuleg eign þeirra beggja.

Í júní 1997 segir Jón Gerald að þeir hafi ákveðið að selja Viking I og kaupa stærri snekkju í sama tilgangi. Jón Gerald segir að það hafi gengið fyrir sig á sama hátt og áður, hann hafi fengið það hlutverk að finna hentuga snekkju. Jón kveðst hafa gert það og þeir keypt nýjan snekkju sem hafi kostað um 580.000 USD. Þau viðskipti hafi verið fjármögnuð þannig að Jóhannes Jónsson hafi greitt 200.000 USD útborgun í snekkjunni, en Jón Gerald kveðst ekki vita hvort Jóhannes hafi greitt þessa fjárhæð úr eigin vasa. Jóhannes hafi komið með tékka frá SPRON á Seltjarnarnesi til Miami og verið viðstaddur þegar gengið var frá kaupunum og báturinn afhentur. Jón Gerald kveðst ekki hafa gefið út neinn

sölureikning vegna greiðslunnar frá Jóhannesi. Með þessarri greiðslu frá Jóhannesi hafi hann orðið meðeigandi í nýju snekkjunni. Auk þess hafi Viking I verið settur upp í kaupverðið og metinn á 165.000 USD. Eftirstöðvarnar af kaupverðinu hafi verið greiddar með nýju láni hjá Keybank í Flórída. Það lán hafi einnig verið tekið í nafni Jóns Geralds.

Jón Gerald segir að þessi snekkja hafi verið nefnd Icelandic Viking II. Varðandi afborganir af lánunum sem nú voru orðin tvö, þ.e. upphaflega lánið vegna Viking I frá Ready State Bank og nýja lánið frá Keybank, hafi þeir skipt jafnt á milli sín. Þannig kveðst Jón Gerald hafa greitt helminginn af afborgunum en þeir feðgar hinn helminginn. Afborganirnar sem bárust frá þeim feðgum voru greiddar af Bónus og Gaumi, eins og bókhaldsgögnin bera með sér. Hann segir að þeir hafi einnig skipt með sér öllum kostnaði varðandi rekstur snekkjunnar, viðhald, hafnargjöld og fleira.

Jón Gerald segir að þeir hafi mest haft snekkjuna til persónulegra nota fyrir sig og fjölskyldur sínar og hún hafi verið keypt sem persónuleg eign þeirra þriggja, en þó hafi þeir Jón Ásgeir og Jóhannes einnig farið að nota snekkjuna til að bjóða vinum, yfirmönnum Bónus verslananna og viðskiptamönnum sínum með sér í ferðir á snekkjuna.

Klukkan 14:10 er gert hlé á skýrslutökunni til að matast.
Klukkan 14:50 er skýrslutökunni haldið áfram.

Í janúar 1999 hafi þeir þrír ákveðið að kaupa ennþá stærri snekkju. Þá hafi Tryggvi Jónsson verið kominn til starfa sem aðstoðarforstjóri Baugs. Jón Gerald segir að Tryggvi hafi strax verið settur inn í þessi viðskipti með snekkjuna og átt þátt í þeim viðskiptum fyrir hönd þeirra Jóns Ásgeirs og Jóhannesar og komið að þeim viðskiptum allar götur síðan.

Jón Gerald segir að hann og Jón Ásgeir hafi á þessum tíma verið að leggja drög að stofnun nýs bakarís á Íslandi ásamt fleiri aðilum á Íslandi - Nýbrauð sem selja átti brauð í verslunum Baugs. Jón Gerald segir að þeir Jón Ásgeir hafi lagt peninga í þetta nýja félag og hafi hvor um sig átt um 10% í Nýbrauði. Jón Ásgeir hafi lagt dæmið þannig upp að Baugur myndi hætta að kaupa brauð merkt merki Baugs samsteypunnar frá Myllunni og láta Nýbrauð sjá um þá framleiðslu. Þá hafi hann einnig talað um að selja brauðin á 60 krónur og leggja 5 krónur ofan á verðið á hverju brauði til að standa undir afborgunum og rekstri snekkjunnar sem þeir höfðu í hyggju að kaupa. Jón Gerald kveðst hafa samþykkt þessa fyrirætlanir og segir hann stofnun Nýbrauðs hafa farið af stað og útbúin brauðgerð á Íslandi fyrir starfsemi Nýbrauðs. Þegar hefja átti framleiðslu og sölu á vörum frá Nýbrauði í verslunum Baugs, í nóvember 1999 hafi hins vegar komið í ljós að það var þriggja mánaða uppsagnarfrestur á viðskiptum við Mylluna. Þannig hafi ekki reynst mögulegt að koma brauðinu frá Nýbrauði á markað í verslunum Baugs á áætluðum tíma. Brauðverksmiðja Nýbrauðs hafi sökum þessa staðið fullbúin og ónotuð í fimm mánuði með tilheyrandi kostnaði. Ofan á það hafi bæst að forsvarsmenn Myllunnar hafi frétt af nýju brauðgerðinni og lækkað verðið á brauðum frá Myllunni. Þannig hafi áætlanir Jóns Ásgeirs um sölu brauðs á 65 krónur, þar sem 5 krónur af hverju brauði áttu að renna í rekstur snekkjunnar á Flórída farið í vaskinn.

Á sama tíma kveðst Jón Gerald hafa unnið að því að finna hentuga snekkju og kveðst hafa fundið snekkju í febrúar 1999 sem þeir hafi ákveðið að kaupa. Jón Gerald kveðst hafa greitt inn á snekkjuna úr eigin vasa. Þeir hafi hins vegar lent í vandræðum með seljanda snekkjunnar, sem hafi einnig verið búinn að selja sömu snekkju til annars aðila. Það hafi kostað málsókn og lögfræðikostnað fyrir þá. Það hafi endað þannig að þeir hafi fengið aðra snekkju afhenta frá seljanda í október 1999.

Jón Gerald segir að kaupverð snekkjunnar hafi verið 1.105.333,- USD en raunvirði snekkjunnar hafi þá verið um 1.800.000,- en þau vandræði sem þeir lentu í vegna viðskiptanna hafi orðið til þess að þeir fengu verðmætari snekkju en þeir upphaflega ætluð að kaupa. Jón Gerald kveðst á þessum tíma hafa stofnað nýtt fyrirtæki utan um kaupin og rekstur snekkjunnar sem sé skráð í hans eigu. Það fyrirtæki



05438

heiti New Viking Inc. Jón Gerald segir að kaupverð þessarar þriðju snekkju hafi verið greitt með þeim hætti að snekkjan Icelandic Viking II hafi verið tekinn upp í kaupverðið á 495.000,- USD en eftirstöðvarnar 610.333,- USD greiddar með nýju láni frá Union Planters Bank í Flórída. Nýja snekkjan hafi fengið nafnið Thee Viking og sé báturinn um 30 tonn. Snekkjan hafi verið keypt sem persónuleg eign þeirra þriggja, Jóns Geralds, Jóns Ásgeirs og Jóhannesar. Aldrei hafi komið til umræðu að félagið Baugur kæmi þar inn sem eignaraðili.

Jón Gerald segir að á þeim tíma hafi verið búið að greiða upp lánið frá Keybank, en það hafi verið gert þann 19. apríl 1999. Þannig hafi þeir haldið áfram að greiða af upphaflega láninu frá Ready State Bank og þessu nýja láni frá Union Planters Bank. Vegna þess að Jón Ásgeir hafði upphaflega lagt þessi viðskipti með snekkjuna þannig upp að snekkjan yrði greidd með hluta af áætlaðri innkomu af sölu brauða frá Nýbrauði, sem ekkert varð af, hafi Jón Ásgeir engu að síður áfram staðið við það að Baugur myndi standa undir öllum afborgunum og rekstri snekkjunnar. Snekkjan hafi þó verið keypt sem persónuleg eign þeirra þriggja, hans, Jóns Ásgeirs og Jóhannesar.

Jón Gerald kveðst eftir kaupin á Thee Viking hafa fengið fyrirmæli um það frá Tryggva Jónssyni að gefa út reikning mánaðarlega í nafni fyrirtækisins Nordica Inc stílaðan á Baug að fjárhæð 12.000,- USD. Á reikninginn átti að skrá sem skýringu að um væri að ræða ráðgjafastarf og þóknun fyrir samningagerð. Raunin hafi verið sú að um var að ræða afborganir og rekstur snekkjunnar. Jón Gerald tekur það fram að þannig hafi þessum greiðslum frá þeim feðgum verið háttað frá upphafi, þ.e. þegar þeir hafi greitt sinn hluta af afborgunum vegna snekkjunnar þá hafi þeir óskað eftir því að hann sendi þeim reikning sem hverju sinni var efnislega rangur og gaf ekki til kynnað að verið væri að greiða afborganir og rekstur snekkju á Flórída. Jón Gerald tekur það fram að eftir að Tryggvi Jónsson kom til starfa hjá Baugi hafi hann nánast séð um öll samskipti við sig varðandi rekstur og útgjalda vegna Thee Viking.

Jón Gerald segir að þannig hafi þeir feðgar Jón Ásgeir og Jóhannes fjármagnað kaupin á snekkjunni með peningum frá Baugi. Frá því að Thee Viking var keyptur kveðst hann hafa fengið 12.000,- USD mánaðarlega til að standa undir afborgunum og rekstri snekkjunnar. Síðasta greiðsla sem hann hafi fengið frá Baugi hafi verið send í júní 2002.

Jón Gerald tekur það fram að þeir Jón Ásgeir og Tryggvi Jónsson hafi báðir verið með American Express greiðslukort frá Nordica Inc, sem þeir hafi notað á ferðum sínum erlendis. Jón Gerald kveðst ekki hafa fylgst með því hvernig þeir hafi notað þessi greiðslukort, né hvar. Reikningur vegna notkunar kortanna hafi borist til Nordica Inc. og kveðst Jón Gerald hafa sent Baugi sér reikninga vegna þeirra útgjalda. Þeir reikningar hafi flestir verið skráðir með þeim skýringum að um ferðakostnað væri að ræða.

Jón Gerald kveðst einnig hafa verið með VISA kort frá eignarhaldsfélaginu Gaumur, sem sé í eigu þeirra Jóns Ásgeirs, Jóhannesar og Kristínar Jóhannesdóttur. Hann kveðst eingöngu hafa notað kortið í tengslum við rekstur Icelandic Viking II. Þegar Thee Viking hafi verið keyptur hafi kortinu verið lokað. Jón Gerald segir gögn um kortanotkun hans vera að finna í bókhaldsgögnunum.

Jón Gerald kveðst hafa lent í viðskiptalegum ágreiningi við Jón Ásgeir í nóvember 2001 vegna vöruviðskipta Nordica við Baug/Aðföng. Sá ágreiningur hafi magnast mjög í vor og raunar slitnað upp úr öllu samstarfi í júní 2002. Hann segir það vera skýringuna á því að ekki hafi borist greiðslur til hans frá þeim tíma.

Í febrúar 2002 segir Jón Gerald að Tryggvi Jónsson hafi gert sér ferð til Miami í Flórída til að hitta hann þar. Tryggvi hafi farið fram á það að Jón Gerald samþykkti að láta lögfræðing í Miami útbúa afsal í 70% - 75% eignarhlut í Thee Viking til félagsins Miramar í Bahamas, en það hafi verið mat þeirra feðga á eignarhlut þeirra í snekkjunni. Jón Gerald segir félagið Miramar í Bahamas hafa verið stofnað af þeim Jóni Ásgeiri, Jóhannesi og Tryggva Jónssyni á eyjunni Bahamas. Hann kveðst hafa farið með þeim



05439

félögum í þá ferð til Bahamas og verið viðstaddur stofnun félagsins. Jón Gerald kveðst ekki vita hvernig skipting eignahlutar sé í Miramar, né hvort Tryggvi Jónsson eigi hlut í því félagi. Þá kveðst Jón Gerald ekki vita hver sé tilgangur þessa félags.

Jón Gerald kveðst hafa hafnað því að afsala 70-75% af eignarhlut í Thee Viking til Miramar á Bahamas, enda segir hann öll lánin vegna kaupanna á snekkjunum hafa verið gerð í hans nafni og þannig sé það enn. Hann tekur það fram að frá þessum tíma hafi þessi mál nánast ekkert verið rædd og ennþá eigi eftir að gera upp þetta viðskiptasamband hans við þá feðga varðandi Thee Viking.

Jón segir að einu gögnin um eignarhlut hvers þeirra þriggja í Thee Viking séu samantektir hans varðandi hvað hver þeirra hafi greitt í snekkjunni. Jón Gerald segir hluta deilunnar standa um það hvað hann eigi mikinn eignarhlut í bátnum á móti þeim feðgum. Jón Gerald kveðst telja eignarhlut sinn vera 30% - 40% af verðmæti Thee Viking í dag. Þar kveðst hann leggja til grundvallar þá fjármuni sem hann hafi sannanlega lagt í bátinn, en einnig kveðst hann hafa reiknað sér 35.000,- USD í laun á ári fyrir alla vinnuna sem hann hafi lagt í snekkjuna, en eins og gefur að skilja hafi öll vinna og umsýsla varðandi snekkjuna fallið á hann sökum þess að hann sé búsettur á Miami og báturinn sé geymdur í höfninni á Miami.

Aðspurður segir Jón Gerald að þeir feðgar hafi fjárfest í þessari snekkju fyrir sig persónulega en ekki keypt hlut í snekkjunni fyrir hönd Baugs eða Bónus, þó þeir hafi tekið fjármuni úr Baugi og Bónus til að standa undir fjárfestingunni.

Jón Gerald segir að Jóhannes hafi í raun ekkert blandað sér inn í þá tilhögun sem átt hefur sér stað við fjármögnun á þeim snekkjum sem keyptar hafa verið, nema þegar hann lagði fram 200.000,- USD við kaupin á Icelandic Viking II. Þannig segir Jón Gerald að Jón Ásgeir og síðar Tryggvi Jónsson hafi séð til þess að greiðslur fyrir afborgunum og rekstri snekkjunnar hverju sinni hafi borist frá Baugi og Bónus þar á undan, áður en félagið Baugur var stofnað.

Varðandi félagið New Viking Inc, sem Jón Gerald stofnaði utan um rekstur snekkjunnar þá segir Jón að hann hafi fyrst eftir stofnun þess félags stofnað bankareikning í nafni þess félags og fengið greiðslur inn á þann reikning frá Baugi vegna reksturs snekkjunnar. Það hafi hins vegar ekki gengið upp sökum þess að hann sendi Baugi reikning í hverjum mánuði, eins og hann hafi þegar skýrt frá í nafni Nordica Inc, vegna reksturs snekkjunnar og forsvarsmenn Union Planters Banki í Flórída samþykktu ekki að greiðsla vegna reiknings frá Nordica bærist inn á bankareikning New Viking Inc. Þar sem Jón Gerald kvaðst ekki hafa getað send reikning til Baugs í nafni New Viking Inc, hafi hann orðið að taka við greiðslum frá Baugi vegna snekkjunnar inn á bankareikning Nordica Inc.

Aðspurður um vitni sem borið geti um þessi viðskipti með þessar snekkjur, segir Jón Gerald að auk hans þá sé eiginkonu hans, Jóhönnu Guðmundsdóttur, fullkomnlega kunnugt um þessi viðskipti með snekkjurnar sem keyptir hafa verið og viti af Thee Viking í South Marina höfninni í Miami. Þá viti einnig Kristrún Sveinbjörnsdóttir, skrifstofustjóri Nordica Inc, allt um þessi viðskipti. Hann segir að þær geti eflaust gefið vitnisburð um þessi viðskipti.

Aðspurður um þá gesti sem Jóhannes og Jón Ásgeir hafi boðið um borð í Thee Viking, þá kveðst Jón Gerald ekki vita nöfnin á þeim aðilum öllum. Hann kveðst þó vita til þess að einhverjum af yfirmönnum Kaupþings hafi verið boðið í Thee Viking, auk þess einhverjum yfirmönnum Íslandsbanka, Búnaðarbanka Íslands og SPRON. Einnig hafi verið boðið þangað yfirmönnum Heklu og Vífilfells svo einhverjir séu nefndir. Jón Gerald kveðst vita til þess að yfirmenn Heklu, Vífilfells og Kaupþings hafi verið í snekkjunni í nóvember 2001 í hálfgerðri vinnuferð, án þess að geta skýrt það nánar.

Jón Gerald kveðst einnig vera með nokkuð af tölvupósti bæði frá Tryggva Jónssyni og Jóni Ásgeiri Jóhannessyni þar sem fjallað er um bátinn. Sá tölvupóstur sýni svart á hvítu fram á þátt þeirra feðga í



05440

viðskiptunum með bátinn. Jón Gerald leggur fram útprentun af umræddum tölvupósti sem hann kveðst hafa fengið sendan á netfangið sitt gerald@xnet.is

Undir Jón Gerald er borinn tölvupóstur sem hann lagði fram með bókhaldsgögnunum og varðar tölvusamskipti hans við Tryggva Jónsson þann 30. ágúst 2001. Þar kemur fram ósk Tryggva þess efnis að Jón Gerald gefi út reikning í nafni Nordica Inc þess efnis að Aðföng greiði Nordica Inc 589.890,- USD í afslátt vegna vörutjóns og rýrnunar á tímabilinu frá júlí 2000 - 30. júní 2001. Jón Gerald er beðinn um að skýra þetta nánar.

Jón Gerald segir að Tryggvi Jónsson hafi haft samband við sig á þessum tíma og óskað eftir reikningi frá Nordica Inc, sem stílaður yrði á Baug og segir Jón Gerald að Tryggvi hafi gefið honum upp fjárhæð reikningsins og þann texta sem ætti að vera sem skýring með reikningnum. Jón Gerald kveðst hafa gert sem Tryggvi óskaði eftir en kveðst ekki vita í hvaða tilgangi Tryggvi eða Baugur hafi þurft þennan reikning. Þessi reikningur hafi á engan hátt tengst þeim viðskiptum sem hann hafði átt við Baug og honum hafi aldrei borist nein greiðsla vegna þessa reiknings. Jón Gerald kveðst heldur ekki hafa gert tilraunir til að innheimta reikninginn, enda hafi engin viðskipti staðið á bak við útgáfu hans. Jón Gerald segir lögreglu þurfa að leita í bókhaldi Baugs til að finna skýringu á þessum reikningi, ef hann sé þar að finna.

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim bílaviðskiptum sem koma fram í því bókhaldi sem hann hefur lagt fram vegna viðskipta sinna við þá Jón Ásgeir og Jóhannes.

Jón Gerald segir að Jón Ásgeir hafi leitað til hans í þeim tilgangi að fá Jón Gerald til að kaupa fyrir hann og fjölskyldu hans bíla. Jón Gerald kveðst hafa samþykkt það. Þá hafi Jón Ásgeir óskað eftir því að gerðir yrðu tveir reikningar fyrir hvern bíl, þar sem annar sölureikningurinn varðaði hverja bifreið efnislega en fjárhæð reikningsins nokkuð lægri en eiginlegur kostnaður við kaupin á hverri bifreið. Hinn sölureikningurinn varðandi hverja bifreið hafi verið efnislega rangur og ekki gefið til kynna að um væri að ræða kostnað vegna bifreiðakaupa, sá reikningur hafi alltaf verið töluvert lægri að fjárhæð. Samanlagt hafi reikningarnir verið að samsvarandi fjárhæð og kostnaður við kaup hverrar bifreiðar var í raun og veru.

Jón Gerald kveðst ekki vita hvernig Jón Ásgeir hafi farið með þá reikninga sem útbúnir voru vegna bifreiðakaupanna, en hann telji að Jón Ásgeir hafi ætlað sér að nota reikningana til að sýna fram á lægra kaupverð við afgreiðslu þeirra úr tolli.

Jón Gerald kveðst hafa keypt 8 - 10 bifreiðar fyrir Jón Ásgeir og fjölskyldu hans.

Gert er hlé á skýrslutökunni klukkan 17:05 og henni verður haldið áfram í fyrramálið.
Mánudagurinn 26. ágúst 2002, klukkan 09:30 er yfirheyrslunni haldið áfram.

Jóni Gerald er kynnt að nú verði farið nánar ofan í bókhaldsgögnin, þá sérstaklega þá sölureikninga Nordica Inc, sem sendir voru Baugi vegna reksturs snekkjunnar.

**Greiðslur frá Bónusi - Árið 1996.**

Jón Gerald segir að þegar fyrsti báturinn var keyptur um haustið 1996 hafi ekki verið búið að fastsetja greiðslumáta afborgana frá Jóni Ásgeiri sem greiddar voru úr sjóðum Bónus verslanna á Íslandi. Hann kveðst vera með greiðsluyfirlit í bókhaldi sínu sem sýni hvenær greiðslur bárust honum frá Bónus vegna hlutdeildar Jóns Ásgeirs í Icelandic Viking I. Þær greiðslur voru eftirfarandi:



'05441

| Dagsetning | Fjárhæð USD | Greiðandi | Móttakandi |
|---|---|---|---|
| 17.06.1996 | 29.951,67 | Bónus | Nordica Inc. |
| 07.10.1996 | 4.576,24 | Bónus | Nordica Inc. |
| 05.12.1996 | 6.319,07 | Bónus | Nordica Inc. |
| 09.12.1996 | 3.975,00 | Bónus | Nordica Inc. |

Jón Gerald segir þessum greiðslum frá Bónus hafa verið ráðstafað í afborganir af láninu frá Ready State Bank og rekstur bátsins. Jón Gerald tekur það fram að lánið frá Ready State Bank hafi verið um 135.000 USD. Hann segir að Bónus sé í bankaábyrgð vegna þessa láns og sé sú ábygð enn í gildi í dag, hún hafi verið endurnýjuð árlega allt frá árinu 1996. Hann segir þessa bankaábyrgð hafa verið útbúna í SPRON.

Nánar varðandi þessar innborganir frá Bónus þá segir Jón Gerald að þeim hafi verið ráðstafað í greiðslu kostnaðar vegna ferðamáta Jóns Ásgeirs, t.a.m. hafi hann oft leigt sér glæsivagna - svokallaðar limosínur til að ferðast um í innan Miami. Jón Ásgeir hafi einnig verið með American Express greiðslukort frá Nordica Inc. sem hann hafi notað á ferðum sínum í útlöndum. Allur sá kostnaður hafi verið greiddur með hluta af innborgunum frá Bónusi.

Jón Gerald kveðst hins vegar ekki hafa lagt fram allt bókhaldið fyrir árið 1996, hann kveðst þó eiga allt bókhaldið fyrir það tímabil og geta lagt það fram sé þess óskað. Þar komi fram allir sölureikningarnir sem Jón Gerald kveðst hafa útbúið og stílað á Bónus vegna kostnaðar við bátinn. Þeir séu sama eðlis og aðrir reikningar vegna bátsins, þ.e. skýringartexti reikninganna var efnislega rangur og gefi ekki rétta mynd af því sem verið var að greiða. Jón Gerald kveðst hafa útbúið reikningana með þessum hætti að kröfu Jóns Ásgeirs.

**Greiðslur frá Bónusi - Árið 1997.**

Varðandi greiðslur árið 1997 frá Bónusi vegna hlutdeildar Jóns Ásgeirs í snekkjunni Icelandic Viking I og greiðslur vegna hlutdeildar þeirra Jóns Ásgeirs og Jóhannesar í snekkjunni Icelandic Viking II sem keypt var það árið þá kveðst Jón Gerald hafa haldið utan um allar þær greiðslur og séu þær eftirfarandi:

| Dagsetning | Fjárhæð USD | Greiðandi | Móttakandi |
|---|---|---|---|
| 10.01.1997 | 2.857,15 | Bónus | Nordica Inc. |
| 28.02.1997 | 6.296,06 | Bónus | Nordica Inc. |
| 10.04.1997 | 3.650,47 | Bónus | Nordica Inc. |
| 09.05.1997 | 6.490,34 | Bónus | Nordica Inc. |
| 11.06.1997 | 5.006,16 | Bónus | Nordica Inc. |
| 21.06.1997 | 200.000,00 | Jóhannes | Tékki. |
| 24.07.1997 | 5.731,00 | Bónus | Nordica Inc. |
| 11.09.1997 | 10.391,09 | Bónus | Nordica Inc. |
| 10.10.1997 | 9.630,00 | Bónus | Nordica Inc. |
| 19.11.1997 | 11.840,46 | Bónus | Nordica Inc. |
| 16.12.1997 | 3.771,87 | Bónus | Nordica Inc. |

Jón Gerald segir þessum greiðslum frá Bónus hafa verið ráðstafað í afborganir af láninu frá Ready State Bank og rekstur bátsins. Í júní 1997 hafi þeir keypt Icelandic Viking II og í tengslum við það kveðst Jón Gerald hafa fengið afhentan tékka frá Jóhannesi Jónssyni að fjárhæð 200.000,- USD sem Jóhannes hafi komið með til Miami. Jón Gerald kveðst því ekki vita hvort það hafi verið fjármunir sem teknir hafi verið úr sjóðum Bónus. Við kaupin á Icelandic Viking II hafi þeir tekið nýtt lán hjá Keybank og varði greiðslur fyrir árið 1997 einnig afborganir af því láni, en lánsfjárhæðin frá Keybank hafi verið um



JBG. J. Mag

05442

210.000,- USD. Sem fyrr hafi innborgunum frá Bónus fyrir árið 1997 einnig verið ráðstafað í greiðslu kostnaðar vegna ferðamáta Jóns Ásgeirs og Jóhannesar, t.a.m. hafi þeir leigt sér glæsivagna - svokallaðar limosínur til að ferðast um í innan Miami. Jón Ásgeir hafi einnig verið með American Express greiðslukort frá Nordica Inc. sem hann hafi notað á ferðum sínum í útlöndum. Allur sá kostnaður hafi verið greiddur með hluta af innborgunum frá Bónusi.

Jón Gerald kveðst ekki hafa lagt fram allt bókhaldið fyrir árið 1997, hann kveðst þó eiga allt bókhaldið fyrir árið 1997 og geta lagt það fram sé þess óskað. Þar komi fram allir sölureikningarnir sem Jón Gerald kveðst hafa útbúið og stílað á Bónus vegna kostnaðar við bátinn. Þeir séu sama eðlis og aðrir reikninga vegna bátsins, þ.e. skýringartexti reikninganna var efnislega rangur og gefi ekki rétta mynd af því sem verið var að greiða.

**Greiðslur frá Bónusi - Árið 1998.**

Varðandi greiðslur árið 1998 frá Bónusi vegna hlutdeildar Jóns Ásgeirs og Jóhannesar í snekkjunni Icelandic Viking II . Jón Gerald kveðst hafa haldið utan um allar þær greiðslur og séu þær eftirfarandi:

| **Dagsetning** | **Fjárhæð USD** | **Greiðandi** | **Móttakandi** |
|---|---|---|---|
| 15.01.1998 | 3.469,62 | Bónus | Nordica Inc. |
| 17.02.1998 | 2.148,57 | Bónus | Nordica Inc. |
| 12.03.1998 | 9.470,00 | Bónus | Nordica Inc. |
| 16.04.1998 | 8.495,55 | Bónus | Nordica Inc. |
| 15.05.1998 | 5.572,31 | Bónus | Nordica Inc. |
| 29.06.1998 | 6.649,30 | Bónus | Nordica Inc. |
| 10.07.1998 | 6.309,92 | Ísaldi | Nordica Inc. |
| 12.08.1998 | 6.974,43 | Ísaldi | Nordica Inc. |
| 21.10.1998 | 2.285,31 | Bónus | Nordica Inc. |
| 19.11.1998 | 4.583,69 | Bónus | Nordica Inc. |
| 30.12.1998 | 5.734,76 | Ísaldi | Nordica Inc. |

Jón Gerald segir þessum greiðslum frá Bónus og Ísaldi sem Jón Gerald segir að sé félag í eigu Jóns Ásgeirs og Jóhannesar hafa verið ráðstafað í afborganir af lánunum frá Ready State Bank og Keybank, auk þess í almennan rekstur snekkjunnar Icelandic Viking II. Sem fyrr hafi innborgunum frá Bónus fyrir árið 1998 einnig verið ráðstafað í greiðslu kostnaðar vegna greiðslukorts Jóns Ásgeirs og ferðamáta Jóns Ásgeirs og Jóhannesar, eins og hann hafi áður lýst. Allur sá kostnaður hafi verið greiddur með hluta af innborgunum frá Bónusi.

Jón Gerald kveðst ekki hafa lagt fram allt bókhaldið fyrir árið 1998, hann kveðst þó eiga allt bókhaldið fyrir árið 1998 og geta lagt það fram sé þess óskað. Þar komi fram allir sölureikningarnir sem Jón Gerald kveðst hafa útbúið og stílað á Bónus vegna kostnaðar við bátinn. Þeir séu sama eðlis og aðrir reikninga vegna bátsins, þ.e. skýringartexti reikninganna var efnislega rangur og gefi ekki rétta mynd af því sem verið var að greiða.

**Greiðslur frá Bónusi og Gaumi - Árið 1999.**

Varðandi greiðslur árið 1999 frá Bónusi og eingarhaldsfélaginu Gaumi vegna hlutdeildar Jóns Ásgeirs og Jóhannesar í snekkjunni Icelandic Viking II . Jón Gerald kveðst hafa haldið utan um allar þær greiðslur og séu þær eftirfarandi:

JBG. J. Mag



05443

| Dagsetning | Fjárhæð USD | Greiðandi | Móttakandi |
|---|---|---|---|
| 29.01.1999 | 5.361,36 | Gaumur | Nordica Inc. |
| 23.02.1999 | 7.101,79 | Bónus | Nordica Inc. |
| 24.03.1999 | 8.645,25 | Gaumur | Nordica Inc. |
| 09.04.1999 | 139.980,00 | Gaumur | Nordica Inc. |
| 20.04.1999 | 5.435,85 | Gaumur | Nordica Inc. |
| 25.06.1999 | 5.208,30 | Bónus | Nordica Inc. |
| 13.07.1999 | 6.939,50 | Gaumur | Nordica Inc. |
| 22.07.1999 | 9.476,89 | Gaumur | Nordica Inc. |
| 22.09.1999 | 7.207,55 | Gaumur | Nordica Inc. |
| 10.12.1999 | 10.274,46 | Gaumur | Nordica Inc. |

Jón Gerald segir þessum greiðslum frá Bónusi og Gaumi hafa verið ráðstafað í afborganir af lánunum frá Ready State Bank og Keybank, auk þess í almennan rekstur snekkjunnar Icelandic Viking II. Sem fyrr hafi innborgunum frá Bónus fyrir árið 1998 einnig verið ráðstafað í greiðslu kostnaðar vegna greiðslukorts Jóns Ásgeirs og ferðamáta Jóns Ásgeirs og Jóhannesar, eins og hann hafi áður lýst. Allur sá kostnaður hafi verið greiddur með hluta af innborgunum frá Bónusi og Gaumi. Jón Gerald tekur það fram að í apríl 1999 hafi lánið frá Keybank verið greitt upp og peningasendingin frá Gaumi þann 09.04.1999 að fjárhæð 139.980,- USD sé vegna þess uppgjörs. Þá hafi þeir selt Icelandic Viking II og keypt Thee Viking í október 1999 og tekið nýtt lán frá Union Planters Bank til að fjármagna kaupin. Lánið frá Union Planters Bank hafi verið að fjárhæð 610.000,- USD.

Jón Gerald kveðst ekki hafa lagt fram allt bókhaldið fyrir árið 1999, hann kveðst þó eiga allt bókhaldið fyrir árið 1999 og geta lagt það fram sé þess óskað. Þar komi fram allir sölureikningarnir sem Jón Gerald kveðst hafa útbúið og stílað á Bónus vegna kostnaðar við bátinn. Þeir séu sama eðlis og aðrir reikninga vegna bátsins, þ.e. skýringartexti reikninganna var efnislega rangur og gefi ekki rétta mynd af því sem verið var að greiða.

**Greiðslur frá Baugi - Árið 2000.**

Varðandi greiðslur árið 2000 frá Baugi vegna hlutdeildar Jóns Ásgeirs og Jóhannesar í snekkjunni Thee Viking. Jón Gerald kveðst hafa haldið utan um allar þær greiðslur og séu þær eftirfarandi:

| Dagsetning | Fjárhæð USD | Greiðandi | Móttakandi |
|---|---|---|---|
| 24.01.2000 | 7.977,50 | Baugur | Nordica Inc. |
| 02.03.2000 | 7.977,50 | Baugur | Nordica Inc. |
| 28.03.2000 | 7.977,50 | Baugur | Nordica Inc. |
| 18.04.2000 | 7.977,50 | Baugur | Nordica Inc. |
| 15.05.2000 | 7.977,50 | Baugur | Nordica Inc. |
| 31.05.2000 | 139.155,51 | Baugur | Nordica Inc. |
| 16.06.2000 | 7.977,50 | Baugur | Nordica Inc. |
| 17.07.2000 | 11.977,50 | Baugur | Nordica Inc. |
| 21.08.2000 | 11.977,50 | Baugur | New Viking Inc. |
| 13.09.2000 | 11.977,50 | Baugur | Nordica Inc. |
| 10.10.2000 | 11.977,50 | Baugur | New Viking Inc. |
| 17.10.2000 | 615,81 | Baugur | New Viking Inc. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 09.11.2000 | 11.977,50 | Baugur | New Viking Inc. |
| 26.12.2000 | 11.977,50 | Baugur | New Viking Inc. |

Jón Gerald segir þessum greiðslum frá Baugi hafa verið ráðstafað í afborganir af lánunum frá Ready State Bank og Union Planters Bank, auk þess í almennan rekstur snekkjunnar Thee Viking. Sem fyrr hafi innborgunum frá Baugi fyrir árið 2000 einnig verið ráðstafað í greiðslu kostnaðar vegna greiðslukorts Jóns Ásgeirs og ferðamáta Jóns Ásgeirs og Tryggva Jónssonar, eins og hann hafi áður lýst. Allur sá kostnaður hafi verið greiddur með hluta af innborgunum frá Baugi. Varðandi greiðslu frá Baugi þann 31.05.2000 að fjárhæð 139.155,51 USD þá segir Jón Gerald að þeirri greiðslu hafi verið ráðstafað til greiðslu opinberra gjalda í Flórída að fjárhæð 39.155,51 USD en eftirstöðvarnar 100.000,- USD hafi verið ráðstafað annan kostnað varðandi snekkjuna.

Jón Gerald kveðst hafa lagt fram allt bókhaldið fyrir árið 2000. Þar komi fram allir sölureikningarnir sem Jón Gerald kveðst hafa útbúið og stílað á Baug vegna kostnaðar við bátinn. Þeir séu sama eðlis og aðrir reikninga vegna bátsins, þ.e. skýringartexti reikninganna var efnislega rangur og gefi ekki rétta mynd af því sem verið var að greiða.

**Greiðslur frá Baugi - Árið 2001.**

Varðandi greiðslur árið 2001 frá Baugi vegna hlutdeildar Jóns Ásgeirs og Jóhannesar í snekkjunni Thee Viking. Jón Gerald kveðst hafa haldið utan um allar þær greiðslur og séu þær eftirfarandi:

| Dagsetning | Fjárhæð USD | Greiðandi | Móttakandi |
|---|---|---|---|
| 31.01.2001 | 12.247,50 | Baugur | New Viking Inc. |
| 14.02.2001 | 11.977,50 | Baugur | New Viking Inc. |
| 14.02.2001 | 2.310,83 | Baugur | New Viking Inc. |
| 09.03.2001 | 11.985,00 | Baugur | New Viking Inc. |
| 11.04.2001 | 15.798,23 | Baugur | New Viking Inc. |
| 07.05.2001 | 11.975,00 | Baugur | New Viking Inc. |
| 12.06.2001 | 12.000,00 | Baugur | Nordica Inc. |
| 27.07.2001 | 11.980,00 | Baugur | New Viking Inc. |
| 02.08.2001 | 12.760,00 | Baugur | New Viking Inc. |
| 18.09.2001 | 14.157,67 | Baugur | New Viking Inc. |
| 03.10.2001 | 13.189,99 | Baugur | New Viking Inc. |
| 13.11.2001 | 11.980,00 | Baugur | Nordica Inc. |
| 05.12.2001 | 12.227,00 | Baugur | Nordica Inc. |

Jón Gerald segir þessum greiðslum frá Baugi hafa verið ráðstafað í afborganir af lánunum frá Ready State Bank og Union Planters Bank, auk þess í almennan rekstur snekkjunnar Thee Viking. Sem fyrr hafi innborgunum frá Baugi fyrir árið 2001 einnig verið ráðstafað í greiðslu kostnaðar vegna greiðslukorts Jóns Ásgeirs og ferðamáta Jóns Ásgeirs og Tryggva Jónssonar, eins og hann hafi áður lýst. Allur sá kostnaður hafi verið greiddur með hluta af innborgunum frá Baugi.

Jón Gerald kveðst hafa lagt fram allt bókhaldið fyrir árið 2001. Þar komi fram allir sölureikningarnir sem Jón Gerald kveðst hafa útbúið og stílað á Baug vegna kostnaðar við bátinn. Þeir séu sama eðlis og aðrir reikninga vegna bátsins, þ.e. skýringartexti reikninganna var efnislega rangur og gefi ekki rétta mynd af því sem verið var að greiða.



05445

**Greiðslur frá Baugi - Árið 2002.**

Varðandi greiðslur árið 2002 frá Baugi vegna hlutdeildar Jóns Ásgeirs og Jóhannesar í snekkjunni Thee Viking, kveðst Jón Gerald hafa haldið utan um allar þær greiðslur og séu þær eftirfarandi:

| Dagsetning | Fjárhæð USD | Greiðandi | Móttakandi |
|---|---|---|---|
| 14.01.2002 | 12.438,81 | Baugur | Nordica Inc. |
| 12.02.2002 | 12.313,58 | Baugur | Nordica Inc. |
| 14.03.2002 | 11.980,00 | Baugur | Nordica Inc. |
| 05.04.2002 | 11.980,00 | Baugur | Nordica Inc. |
| 03.05.2002 | 11.980,00 | Baugur | Nordica Inc. |
| 29.05.2002 | 16.789,00 | Baugur | Nordica Inc. |

Jón Gerald segir þessum greiðslum frá Baugi hafa verið ráðstafað í afborganir af lánunum frá Ready State Bank og Union Planters Bank, auk þess í almennan rekstur snekkjunnar Thee Viking. Sem fyrr hafi innborgunum frá Baugi fyrir árið 2002 einnig verið ráðstafað í greiðslu kostnaðar vegna ferðakostnaðar Jóns Ásgeirs og Tryggva Jónssonar, eins og hann hafi áður lýst. Allur sá kostnaður hafi verið greiddur með hluta af innborgunum frá Baugi.

Jón Gerald tekur það fram að engar greiðslur hafi borist frá Baugi síðan 29.05.2002 og sé það sökum þess að slitnað hafi upp úr viðskiptunum og vinskap þeirra, eins og hann hafi þegar greint frá í þessarri skýrslutöku.

Jón Gerald kveðst hafa lagt fram allt bókhaldið fyrir árið 2002. Þar komi fram allir sölureikningarnir sem Jón Gerald kveðst hafa útbúið og stílað á Baug vegna kostnaðar við bátinn. Þeir séu sama eðlis og aðrir reikninga vegna bátsins, þ.e. skýringartexti reikninganna var efnislega rangur og gefi ekki rétta mynd af því sem verið var að greiða.

Klukkan 12:30 er gert hlé á yfirheyrslunni til að matast.
Klukkan 13:40 er yfirheyrslunni haldið áfram.

Jón Gerald er spurður hvort hann eigi pappíra og gögn um kaupin á öllum þremur snekkjunum.

Jón Gerald kveðst eiga pappíra um öll þessi viðskipti. Hann hafi hins vegar bara komið með pappíra og gögn varðandi kaupin á Thee Viking með sér til Íslands. Gögnin varðandi hina bátana tvo, Icelandic Viking I og Icelandic Viking II séu ennþá á skrifstofu hans í Flórída. Jón kveðst geta lagt þau gögn fram sé þess óskað. Jón Gerald tekur það einnig fram að hann eigi alla pappíra og gögn varðandi kortanotkun og ferðakostnað Jóns Ásgeirs og Tryggva. Hann kveðst geta lagt þau gögn fram ef þess sé óskað.

Jón Gerald er spurður hvernig hann hafi farið með þá sölureikninga í bókhaldi Nordica Inc. sem hann sendi Baugi/Bónus vegna viðskiptanna með snekkjurnar og fékk greidda eins og hann hafi skýrt frá í þessari skýrslutöku.

Jón Gerald kveðst hafa skráð öll þessi viðskipti í bókhald Nordica Inc. Hann segir að á móti þessum sölureikningum sem hann hafi sent á félögin sem þeir feðgar eru í forsvari fyrir séu kostnaðarreikningar



-05446

í bókhaldi Nordica Inc. vegna reksturs snekkjunnar og afborgana af lánum sem varða bátinn. Þannig kveðst Jón Gerald hafa fært allt bókhald hjá sér á löglegan hátt og reikningarnir skráðir þar inn lögum samkvæmt. Það eina sem athugunarvert sé við reikningsgerð hans sé skýringartextinn á reikningunum sem sé efnislega rangur, eins og Jón Gerald kveðst hafa skýrt frá við þessa skýrslutöku.

Jón Gerald er spurður hvort hann hafi eitthvað frekar um málið að segja á þessu stigi.

Jón Gerald kveðst nú ekkert fleira hafa um málið að segja, hann hafi skýrt frá öllum málavöxtum eftir bestu getu og hafi engu við framburð sinn að bæta.

Klukkan 16:05 mætir Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl, á skrifstofu efnahagsbrotadeildar og er viðstaddur yfirlestur og undirritun skýrslunnar.

Skýrslutöku lauk kl. 17:20

Staðfest rétt eftir haft:

Jón Gerald Sullenberger

Skýrsluna skráði:

S. I. Magnússon

Sveinn I. Magnússon

Viðstaddur þegar Jón Gerald las yfir skýrsluna, játaði efni hennar rétt eftir haft og undirritaði hana:

Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl.

Jón H.B. Snorrason, saksóknari



05447

IV/1.2

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN | **SKÝRSLA**<br>YFIRHEYRSLA | **R L S** |
|---|---|---|

| Skýrslu gerir | Mál nr. |
|---|---|
| Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi | |
| Staður og stund: Reykjavík - Föstudaginn 30. ágúst 2002. Klukkan 17:30. | |
| Sakarefni: Ætlaður fjárdráttur - umboðssvik | |
| Aðili: Jón Gerald Sullenberger | Kennitala: 240664-2089 |
| Starf/staða: Rekur útflutningsfyrirtækið Nordica Inc. í Bandaríkjunum | Vinnusími: 305-639-2100 |
| Lögheimili: 832 Santiago Street, Coral Gables, Florida | Sími: 305-443-4204 |
| Dvalarstaður: (Gullsmári 10, Kópavogi GSM: 897-6405) | Sími: GSM USA: 305-588-1800 |

Jón Gerald er mættur til skýrslutöku samkvæmt boðun. Honum er kunnugt um ástæðu skýrslutökunnar sem varðar viðskipti hans og fyrirtækis hans Nordica Inc. við Fjárfestingarfélagið Gaum ehf og greiðslur sem hann hefur móttekið fyrir hönd Nordica Inc frá Baugi hf.

Fyrir Jóni Geraldi er brýnd vitnaskylda og vitnaábyrgð, auk þess sem hann er áminntur um sannsögli. Þá er Jóni Gerald einnig kynnt ákvæði 51. gr. laga nr. 19/1991, þess efnis að hann þurfi ekki að tjá sig um þau atriði sem gætu skapað honum refisábyrgð.

Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl, er viðstaddur upphaf skýrslutökunnar sem lögmaður Jóns Geralds, en víkur svo frá. Þá er Arnar Jensson, aðst.yfirlögregluþjónn, viðstaddur skýrslutökuna.

Jón Gerald kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og vera reiðubúinn að tjá sig um málið.

Við upphaf skýrslutökunnar leggur Jón Gerald fram fartölvu sína til að beiðni lögreglu, til þess að hægt verði að framkvæma rannsókn á innihaldi hennar og afritun gagna. Útbúin var haldlagningarskýrsla vegna þess.

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir viðskiptum sínum við Gaum ehf.

Jón Gerald segir að einu viðskipti hans við Gaum ehf séu útgefnir reikningar Nordica Inc stílaðir á Gaum ehf vegna viðskiptanna með bátinn. Auk þess kveðst Jón Gerald hafa keypt bifreiðar fyrir Jón Ásgeir sem meðal annars hafi verið greidd af Gaumi ehf. Það hafi verið gert þannig að Nordica Inc hafi keypt bifreiðar í Bandaríkjunum og selt þær til Íslands. Þær bifreiðar sem Jón Ásgeir hafi verið keypt í nafni Gaums ehf hafi verið greiddar þannig að Nordica Inc hafi gert reikning á Gaum ehf og Gaumur ehf greitt þá reikninga. Bifreiðaviðskiptin sem varða Gaum ehf hafi átt sér stað árið 1999.

Jón Gerald tekur það einnig fram að Gaumur ehf hafi greitt fyrir kostnað vegna American Express greiðslukorts þess sem Jón Ásgeir hafði fengið útgefið í nafni Nordica Inc. Jón Gerald kveðst hafa gert Gaumi ehf reikning vegna greiðslukortanotkunar Jóns Ásgeirs fyrir árið 1999.

Aðspurður um það hvaða forsvarsmenn Gaums ehf hann hafi verið í samskiptum við varðandi þessi viðskipti og reikningsgerð Nordica Inc á Gaum ehf þá kveðst Jón Gerald mest hafa verið í samskiptum við Jón Ásgeir en einnig Kristínu Jóhannesdóttur. Jón Gerald tekur það fram að Kristín hafi verið í Danmörku á þessu tímabili og ekki mikið blandast inn í þessi mál.

Undir Jón Gerald er borið skjal málsins nr. II/7.14 sem er útprentun úr tölvupóstsamskiptum sem Kristín Jóhannesdóttir virðist hafa átt við Jón Gerald, þann 31. október 2000, en þar kemur eftirfarandi fram í tölvupósti Kristínar til Jóns Geralds:

*" Sæll.*
*Ég hef ekkert fengið frá þér vegna Vísareikn. Reikn. sem er til greiðslu nú um mánaðarmót er um kr. 195.000.- Ég átta mig ekki á þessum kostnaði þar sem þú færð senda $12.000 á mánuði frá Tryggva til greiðslu á bátakostnaði. Ég er að greiða um það bil kr. 2,4 millj. á ári í Vísareikn. vegna báts. Ég vil fá skýringar á þessu sundurliðanir á kostnaði (afborganir, viðhald, kostn. vegna bátalegu) allt sem viðkemur þessum bát. Við skulum fá þetta á hreint.*

*Kveðja,*
*Kristín. "*

Þar kemur einnig fram sundurliðun kostnaðar frá Jóni Geraldi sem virðist vera vegna bátsins, hann er beðinn um að skýra þessi samskipti þeirra.

Jón Gerald segir þessi tölvusamskipti þeirra varða kostnaðinn við rekstur bátsins. Hann kveðst hafa verið með VISA greiðslukort í nafni Gaums ehf sem hann hafi notað til greiðslu tilfallandi kostnaðar vegna bátsins sem var umfram þá föstu 8.000,- USD greiðslu sem hann hafi fengið vegna bátsins frá Baugi hf. Hann tekur það fram að fyrstu mánuði ársins 2000 hafi föst greiðsla frá Baugi hf vegna bátsins verið 8.000,- og það ekki dugað fyrir öllum kostnaði vegna bátsins, kortið hafi verið notað til að mæta þeim umframkostnaði. Oft hafi það tengst notkun feðganna og annara aðila tengda þeim á bátnum. Jón Gerald segir að þessu VISA greiðslukorti hafi verið lokað í kringum mitt ár 2000, en kveðst ekki muna nákvæmlega hvenær því var lokað. Jón Gerald segir að um mitt ár 2000 hafi Tryggvi ákveðið að hækka greiðsluna frá Baugi hf vegna bátsins úr 8.000,- í 12.000,- USD og eftir það hafi áfram verið einhver notkun á kortinu, en eðli málsins samkvæmt hafi sú notkun verið minni sökum þess að fasta greiðslan frá Baugi hf var komin í 12.000,- USD.

Aðspurður kveðst Jón Gerald ekki vita hvaðan Kristín Jóhannesdóttir hafði vitneskju um það að honum væru greiddar 12.000,- USD frá Baugi hf vegna bátsins. Hann kveðst ekki hafa rætt það við hana, né upplýst hana um þann ráðahag.

Undir Jón Gerald er borinn framburður Jóhannesar Jónssonar sem hann gaf hjá lögreglu í gær, en þar kom eftirfarandi fram þegar hann var spurður út í viðskiptin með bátinn:

*"Jóhannes kveðst ekki hafa nýtt sér umræddan bát nema í 6 vikur frá því að hann var keyptur fyrir u.þ.b. 4 árum, en Jón Gerald hafi annast bátinn og nýtt hann mjög mikið í eigin þágu. Jóhannes segir að allari fjármunir sem frá honum hafi komið vegna kaupa og rekstrar þessa báts, séu í bókhaldi Gaums hf. sem sé eignarhaldsfélag í eigu Jóhannesar og fjölskyldu hans. Jóhannes telur að Gaumur hafi lagt fram u.þ.b. 38 milljónir króna. "*

*"Jóhannes segir að fyrir 7 - 8 árum hafi verið keyptur fyrsti báturinn, en Thee Viking sé sá 3ji. Jóhannes segir framlag Gaums hf. vera u.þ.b. 38 milljónir króna, sem sé heildarframlag vegna allra 3ja bátanna frá upphafi, vegna kaupa bátanna, afborgana af lánum og rekstrar hverju sinni. Hann segir að Gaumur hf. sé eigandi að Thee Viking á móti Jóni Gerald. Eignarhlutdeild sé óljós, en Jóhannes telur ekki fjarri lagi að telja að Gaumur hf. eigi u.þ.b. 80% hlut í bátnum á móti Jóni Gerald, sem hafi lítið lagt af mörkum annað en vinnuframlag. "*

Jón Gerald er beðinn um að taka afstöðu til þessa framburðar, þá sérstaklega þann þátt sem snýr að því að Gaumur hf eigi hlut í bátnum.



05449

Jón Gerald segir það aldrei nokkurn tímann, hafa verið nefnt að Gaumur ehf ætti nokkuð í þessum bát, hann segir þetta vera í fyrsta sinn sem hann sjái og heyri það. Varðandi 38 milljón króna framlag Gaums ehf í bátnum þá kveðst Jón Gerald ekki geta skýrt hana og ekki vita hvaðan Jóhannes fái þá tölu.

Þó tekur Jón Gerald það fram að Jóhannes hafi komið með tékka að fjárhæð 200.000,- USD til Miami þegar báturinn Viking II var keyptur. Jón Gerald kveðst aldrei hafa vitað hvaðan þeir fjármunir komu, það geti verið að þeir hafi komið úr sjóðum Gaums ehf miðað við svar Jóhannesar. Sú greiðsla og þær föstu greiðslur sem Jón Gerald kveðst hafa móttekið frá Gaumi ehf árið 1999 vegna reksturs bátsins geti saman lagt numið um 38 milljónum króna.

Jón Gerald segir það aldrei hafa verið rætt að Gaumur ehf myndi eignast eignarhlut í bátnum. Það hafi alltaf verið talað um að félagið Miramar yrði skráð fyrir eignarhlut Jóns Ásgeirs og Jóhannesar í bátnum, eða þeir sjálfir persónulega.

Undir Jón Gerald er borinn framburður Kristínar Jóhannesdóttur sem hún gaf hjá lögreglu í gær, en þar kom meðal annars fram þegar hún var spurð út í viðskiptin með bátinn:

*"Kristín kveðst ekki hafa komið að þeim viðskiptum persónulega. Sem framkvæmdastjóri Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf. kveðst hún þekkja til viðskipta milli Gaums og Nordica Inc. Hún kveðst vita til þess að Gaumur ehf hafi á tímabili greitt fjármuni sem ráðstafað var í bátinn. Hluthafar Gaums ehf ákveði hvernig fjármunum Gaums ehf sé ráðstafað í fjárfestingar. Hún tekur það fram að hún hafi tekið við sem framkvæmdastjóri Gaums í september 1999 og frá þeim tíma hafi ekki verið um beinar greiðslur frá Gaumi ehf til Nordica Inc að ræða til að fjármagna kaupin á bátnum í Bandaríkjunum."*

*"Kristín tekur það fram að hún viti ekkert um fyrri tvo bátana sem keyptir voru. Hún hafi verið búsett erlendis á fimm ára tímabili og viti ekki hvenær eða hvort þeir bátar voru keyptir. Hún kveðst því einungis vita af bátnum Thee Viking og hafi sú vitneskja hennar komið til þegar hún hóf störf hjá Gaumi árið 1999. Kristín kveðst vita að Gaumur hf hafi greitt um 40 milljónir króna til Nordica Inc. á árunum 1997-2001. Aðspurð kveðst hún ekki geta svarað því hvort til sé einhver samningur um þessar greiðslur, eða eignarhlut Gaums ehf í bátnum."*

Jón Gerald er beðinn um að taka afstöðu til þessa framburðar og þá sérstaklega þar sem rætt er um eignarhlut Gaums ehf í bátnum.

Jón Gerald kveðst staðfesta það sem Kristín segi að honum hafi borist greiðslur frá Gaumi ehf vegna bátsins. Hann kveðst hins vegar hafa litið á það sem persónulegar greiðslur Jóns Ásgeirs vegna bátsins sem hafi verið greiddar úr sjóðum Gaums ehf. Jón Gerald segir að þeir reikingar sem hann hafi gefið út í nafni Nordica Inc og stílaðir á Gaum ehf vegna reksturs bátsins hafi verið efnislega rangir og ekki gefið til kynna að verið væri að greiða fyrir rekstur bátsins. Jón Gerald segir að Jón Ásgeir hafi dreift rekstarkostnaði vegna bátsins á fleiri en eitt fyrirtæki sem hann var í forsvari fyrir, þ.e. Bónus, Gaum ehf, Baug hf og félagsins Ísaldi, eins og hann hafi áður skýrt frá í fyrri skýrslunni sem hann gaf hjá lögreglu. Jón Ásgeir hafi gefið honum fyrirmæli um það á hvaða fyrirtæki ætti að senda reikninga tengda rekstri bátsins.

Varðandi þær 40 milljónir króna sem Kristín nefni, þá kveðst Jón Gerald draga sömur ályktarnir varðandi þá greiðslu og hann hafi skýrt frá í afstöðu sinni til framburðar Jóhannesar. Hann ítrekar að aldrei hafi verið rætt um það að Gaumur ehf ætti eða eignaðist hlut í bátnum.

Undir Jón Gerald eru bornar þær greiðslur sem hann hafi skýrt frá við skýrslutöku þann 25. ágúst og 26. ágúst að hann hafi móttekið frá Gaumi ehf árið 1999.

| Dagsetning | Fjárhæð USD | Greiðandi | Móttakandi |
|---|---|---|---|
| 29.01.1999 | 5.361,36 | Gaumur | Nordica Inc. |
| 23.02.1999 | 7.101,79 | Bónus | Nordica Inc. |
| 24.03.1999 | 8.645,25 | Gaumur | Nordica Inc. |
| 09.04.1999 | 139.980,00 | Gaumur | Nordica Inc. |
| 20.04.1999 | 5.435,85 | Gaumur | Nordica Inc. |
| 25.06.1999 | 5.208,30 | Bónus | Nordica Inc. |
| 13.07.1999 | 6.939,50 | Gaumur | Nordica Inc. |
| 22.07.1999 | 9.476,89 | Gaumur | Nordica Inc. |
| 22.09.1999 | 7.207,55 | Gaumur | Nordica Inc. |
| 10.12.1999 | 10.274,46 | Gaumur | Nordica Inc. |
| **Samtals greitt:** | **205.630,95** | | |

Jón Gerald er spurður hvort hann geti gert nánari grein fyrir þessum greiðslum.

Jón Gerald segir þessum greiðslum frá Gaumi hafa verið ráðstafað í afborganir af lánunum frá Ready State Bank og Keybank, auk þess í almennan rekstur snekkjunnar Icelandic Viking II. Einnig hafi greiðslunum verið ráðstafað í greiðslu kostnaðar vegna American Express greiðslukorts Jóns Ásgeirs sem hann átti í nafni Nordica Inc.

Jón Gerald tekur það fram að í apríl 1999 hafi lánið frá Keybank verið greitt upp og peningasendingin frá Gaumi þann 09.04.1999 að fjárhæð 139.980,- USD sé vegna þess uppgjörs.

Jón Gerald segir bókhaldið vegna ársins 1999 vera á skrifstofu hans á Miami og því þurfi hann að skoða það til að geta gert nánari grein fyrir þessum greiðslum og þeim sölureikningum Nordica Inc sem tengist greiðslunum.

Undir Jón Gerald er borinn framburður Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, sem hann gaf hjá lögreglu í gær, en þar kom meðal annars fram þegar Jón Ásgeir var spurður út í viðskiptin með bátinn:

*"Jón Ásgeir segir að Fjárfestingarfélagið Gaumur ehf. hafi lánað Jóni Geraldi u.þ.b. 38 milljónir króna vegna viðskipta Jóns Geralds, meðal annars vegna fjármögnunar á þessum báti. Hann kveðst ekki geta greint frá því nákvæmlega á hvaða tímabili Jóni Geraldi var veitt þetta lán, hann sé ekki alveg klár á því. Jón Ásgeir segir að þessi fjárhæð 38 milljónir standi sem skuld á viðskiptamannareikningi Jóns Geralds hjá Gaumi ehf."*

*"Jón Ásgeir kveðst hafa fengið afnot af þessum báti og telur að hann hafi samanlagt verið í u.þ.b. 4-5 vikur á bátnum á tímabilinu frá 1999 til dagsins í dag."*

Jón Gerald er beðinn um að taka afstöðu til þessa framburðar og jafnframt spurður hvort hann hafi móttekið lánagreiðslur frá Gaumi ehf.

Jón Gerald kveðst aldrei hafa farið fram á það að fá lán frá Gaumi ehf. Hann kveðst því ekki kannast við það að hafa móttekið 38 milljónir króna í formi láns frá Gaumi ehf. Jón Gerald kveðst aldrei hafa



05451

greitt neina fjármuni til Gaums ehf og aldrei verið rukkaður eða krafinn um neina greiðslu vegna láns frá Gaumi ehf. Jón Gerald segir það fráleitt að hann hafi tekið lán hjá Gaumi ehf að fjárhæð kr. 38 milljónir og viti ekki til þess að hann sé skráður sem skuldunautur í bókhaldi Gaums.

Varðandi notkun Jóns Ásgeirs á bátnum þá segir hann að Jón Ásgeir hafi komið að meðaltali 3-4 sinnum á ári til Miami og dvalið í bátnum. Einnig hafi Jóhannes margoft komið til Miami til að dvelja í bátnum, en þeir feðgar hafi nánast aldrei dvalið í bátnum á sama tíma. Einnig hafi Kristín Jóhannesdóttir dvalið í bátnum með fjölskyldu sinni, sem og fyrrum eiginkona Jóns Ásgeirs. Jón Gerald kveðst hins vegar ekki hafa tekið saman þann heildartíma sem Jón Ásgeir hafi dvalið í bátnum.

Jón Gerald segir Jón Ásgeir og Tryggva hafa gefið ákveðin fyrirmæli um það að ekki mátti halda gestabók í bátnum, né skrá hverjir kæmu í bátinn. Þá hafi þeir gefið fyrirmæli um það að ekki mætti taka myndir af bátnum. Þannig kveðst Jón Gerald ekki eiga myndir af bátnum, né ritaðan gestalista yfir þá aðila sem dvöldu í bátnum með þeim feðgum og Tryggva.

Jón Gerald kveðst í upphafi hafa séð um það að stýra bátnum þegar feðgarnir og Tryggvi voru í bátnum, eða aðrir á þeirra vegnum. Hann kveðst hins vegar hafa gefist upp á því og ekki haft frítíma til að snúast svo mikið í kringum ferðir þeirra. Jón Gerald kveðst því hafa farið þá leið að leigja fyrir þá skipstjóra þegar þessir aðilar voru að nota bátinn.

Undir Jón Gerald er áfram borinn framburður Jóns Ásgeirs varðandi bátinn:

*"Jón Ásgeir segir alveg ljóst að þeir feðgar hafi aldrei átt neitt í þessum báti. Báturinn sé skráð eign Jóns Geralds. Hann segir það hafa komið til tals seinna að Gaumur ehf eignaðist hlut í bátnum upp í köfur þess á hendur Jóni Geraldi."*

Jón Gerald segir að upphaflega hafi þeir Jón Ásgeir átt fyrsta bátinn tveir saman, Viking I. Þegar báturinn Viking II var keyptur hafi Jóhannes komið inn í þau viðskipti sem meðeigandi þeirra í bátnum. Þeir þrír hafi svo árið 1999 keypt nýjan bát Thee Viking. Hins vegar segir hann það rétt að hann sé skáður eigandi bátsins. Sá háttur hafi verið hafður á sökum þess að lánin sem þeir tóku til að fjármagna kaupin voru tekin í nafni Jóns Geralds. Jón Gerald kveðst hafa stofnað fyrirtækið New Viking utan um rekstur bátsins þegar Thee Viking var keyptur. Er það félag nú skráður eigandi bátsins og sé félagið New Viking að öllu leyti skáð eign Jóns Geralds persónulega.

Jón Gerald er spurður hvernig þeir feðgar hafi ætlað að tryggja eignarhlut sinn í bátnum þar sem báturinn hafi verið skráð eign Jóns Geralds og fyrirtækis hans.

Jón Gerald segir að það hafi byggt á trausti. Þeir hafi treyst því að hann færi með bátinn sem sameign þeirra þriggja. Hins vegar hafi staðið til að gengið yrði frá afsali þar sem eignarhluti þeirra í bátnum yrði skráður á félagið Miramar. Jón Gerald segir þá feðga eða Tryggva hafa fengið lögmann í Bandaríkjunum til að ganga frá þessu afsali, það hafi átt sér stað í febrúar 2002, á sama tíma og stefnumótafundur var haldinn í stjórn Bonus Stores Inc á Miami í Flórída. Hann segir lögmanninn heita Paul A. Lester, P.A. sem sé með skrifstofu á Suntrust Plaza, 201 Alhambra Circle, Suite 601, Coral Gables, Flórída 33134. Hann sé með netfangið paul@flsdlaw.com og sé með símanúmerið (305)-357-1001. Hann starfi hjá lögmannsstofunni Fieldstone Lester Sher & Denberg. Jón Gerald leggur fram nafnspjald þessa lögmanns með ofangreindum upplýsingum.

Jón Gerald segir skjal málsins nr. II/5.3 - II/5.3.1 sem er ritvinnsluskjal útbúið af Tryggva í maí 2000 með minnispunktum varðandi bátinn hafa verið lagt fyrir hann á fundi sem Jón Gerald hafi átt með lögmanninum Paul A. Lester og Tryggva Jónssyni á Miami, þegar afsala átti eignarhlut Jóns Ásgeirs og Jóhannesar í bátnum til félagsins Miramar. Á blaðið hafi Tryggvi Jónsson einnig skrifað athugasemdir og fjárhæðir. Þar komi meðal annars fram punktar varðandi Nýbrauð og uppgjör vegna þess félags, sem



05452

upphaflega hafi átt að tengjast rekstri bátsins, eins og Jón Gerald kveðst hafa skýrt frá í fyrri skýrslu sinni.

Jón Gerald segir sem fyrr að hann hafi aldrei heyrt á það minnst að Gaumur ehf myndi eignast hlut í bátnum eins og komi fram í framburði Jóns Ásgeirs og ítrekar að Gaumur ehf eigi engar kröfur á sig.

Undir Jóni Gerald eru aftur sýnd skjöl II/5.3 og 5.3.1, sem hann afhenti rannsóknurum. Á skjali II/5.3 virðist vera fjallað um uppgjör á bátnum eins og áður hefur verið getið og á skjalinu eru handritaðar athugasemdir. Skjal II/5.3.1, sem er 3 blaðsíður, er samantekt um kostnað, gjöld og verðmæti bátanna þriggja. Jón Gerald er beðinn að gera nánari grein fyrir þessum skjölum.

Hann segir að þessi skjöl hafi Tryggvi Jónsson útbúið og lagt fram á fundi með lögfræðingi í Miami, sem er samstarfsaðili lögfræðings Baugs hf í New York. Lögfræðingurinn hafi verið að undirbúa eignaskipti og/eða afsal bátsins. Jón Gerald segir að fundurinn hafi verið haldinn á skrifstofu lögfræðingsins í febrúar sl. Á fundinum hafi verið, auk hans sjálfs, eiginkona hans, Tryggvi og lögfræðingurinn. Þar hafi Tryggvi lagt þessa punkta fyrir og handritað sjálfur inn á skjalið (II/5.3). Samkvæmt hugmyndum Tryggva (punktur 1) hafi lögfræðingurinn átt að útbúa afsal 70-75% eignahlutar bátsins til félags á vegum Jóns Ásgeirs og Jóhannesar, auk Tryggva, Miramar sem skráð var á Bahamaeyjum, eða þeirra sjálfra persónulega. Skv. punkti 4 sem Tryggvi handritaði á blaðið á fundinum á Jón Gerald að afsala sér helmingi þeirra hlutabréfa sem hann var skráður fyrir í Nýbrauð ehf. til Jóns Ásgeirs en þeir Jón Gerald höfðu hvor um sig greitt fyrir 10% hlutabréfa þrátt fyrir að Jón Gerald væri skráður fyrir því öllu. Jón Gerald vísar í fyrri skýrslu þar sem hann gerir grein fyrir því hvernig álagning á brauðið tengdist rekstri bátsins í Miami. Þetta segir Jón Gerald ástæðuna fyrir því að Nýbrauð ehf. tengist uppgjöri þeirra á bátnum.

Jón Gerald segir að á skjölum málsins sem merkt eru II/5.3.1 séu samantektir Tryggva Jónssonar á greiðslum frá þeim feðgum vegna fjármögnunar á bátunum, réttara sagt félögum þeim sem þeir feðgar séu í forsvari fyrir, Bónus, Gaumi ehf og Baugi hf. Jón Gerald segir að á skjalinu komi fram 200.000,- USD greiðslan sem Jóhannes kom með til Miami árið 1997, auk þess telur hann að sú fjárhæð sem komi þar fram, samtals 242.000,- USD sé samantekt Tryggva á öllum þeim greiðslum frá feðgunum sem ráðstafað hafi verði í greiðslu lána vegna bátsins allt frá árinu 1996, en auk þess ein stór greiðsla sem hafi átt sér stað í apríl 1999, samtals að fjárhæð 139.980,- USD sem hafi verið uppgreiðsla á láninu frá Keybank. Jón Gerald segir að þær greiðslur stemmi saman við 242.000,- USD fjárhæðina sem kom fram á yfirlitinu frá Tryggva.

Jón Gerald leggur fram frumrit samantektanna með handrituðum athugasemdum sem hann segir Tryggva hafa ritað.

Jón Gerald segist ekki hafa getað samþykkt þessar hugmyndir Tryggva sem ritaðar eru á skjal II/5.3, sökum þess að öll lánin sem tekin höfðu verið vegna fjármögnunar á kaupum bátsins voru tekin í nafni Jóns Geralds persónulega. Hann hafi ekki getað afsalað sér eignarhlut í bátnum nema gengið yrði frá lánunum samhliða því eða áður. Í framhaldi af þeim fundi tekið saman allan kostnað við rekstur bátsins auk allra greiðslna varðandi lánin vegna bátsins og sundurliðað þær á milli ára frá 1996. Þessar upplýsingar hafi hann tekið úr bókhaldi Nordica Inc. Hann hafi síðan sent Trygga þær samantektir á faxi en það er merkt skjal II/5.6 til og með II/5.12.2. Á þeim samantektum komi skýrt fram hvað Nordica Inc. hafi greitt frá upphafi í rekstur allra bátanna þriggja og hvað Jón Ásgeir, Jóhannes og félög tengd þeim hafi lagt í rekstur bátanna, þ.e. Bónus, Gaumur ehf og Baugur hf.

Jóni Geraldi er kynnt að Jón Ásgeir hafi einnig verið spurður út í greiðslurnar sem Nordica Inc hafi móttekið frá Baugi hf á árunum 2000 - 2002 sem Jón Gerald segir að varði rekstur bátsins og hafi Jón Ásgeir gefið eftirfarandi skýringar á því:



05453

*"Jón Ásgeir kveðst geta gert grein fyrir þessum greiðslum Baugs hf til Nordica Inc. Hann tekur það fram að rekstur Nordica Inc hafi ekki gengið sem best, síðustu misseri. Jón Ásgeir segir að Baugur hf hafi hins vegar haft trú á þessum rekstri hans og viljað virkja hann áfram til að koma Baugi hf í sambandi við nýja viðskiptamenn í Bandaríkjunum.*

*Þannig hafi verið gert samkomulag við Jón Gerald þess efnis að Baugur hf styrkti Jón Gerald í sínum rekstri með beinum fjárframlögum gegn því að hann veitti þeim þá þjónustu að leita áfram að vænlegum viðskiptatengslum í Bandaríkjunum. Jón Ásgeir segir þessar greiðslur sem bornar hafa verið undir hann sé sá styrkur sem Jón Gerald hafi fengið frá Baugi hf. Jón Ásgeir kveðst ekkert vita hvernig Jón Gerald hafi ráðstafað þessum fjármunum, hann hafi alfarið ráðið því sjálfur. Þess vegna kveðst Jón Ásgeir ekkert vita um það hvort Jón Gerald hafi notað þessa fjármuni í bátinn eða eitthvað annað."*

Jón Gerald er beðinn um að taka afstöðu til þessa framburðar Jóns Ásgeirs og spurður hvort hann hafi tekið við styrkgreiðslum frá Baugi hf.

Jón Gerald segir það rétt sem komi fram hjá Jóni Ásgeiri varðandi það að rekstur Nordica hafi gengið illa síðustu misseri. Jón Gerald segir að föstu mánaðarlegu greiðslurnar sem hann hafi móttekið frá Baugi hf varði rekstur bátsins en séu ekki styrkgreiðslur Baugs hf til hans. Jón Ásgeir hafi allt frá upphafi haft milligöngu um það að þessar föstu mánaðargreiðslur bárust Nordica Inc vegna reksturs bátsins og því sé honum fullkunnugt um það að þessar greiðslur séu vegna bátsins.

Jón Gerald tekur það fram að hann hafi ekki fengið neinar fastar styrkgreiðslur frá Baugi hf. Hann kveðst hafa fengið 80.000,- USD greiðslu frá Baugi hf að hann minni í maí 2000 vegna tapreksturs Nordica Inc, sem hafi verið skaðabætur Baugs hf til Nordica Inc vegna útlagðs kostnaðar Nordica Inc við stofnun og standsetningu vöruhússins í Miami. Jón Gerald kveðst hafa orðið fyrir miklum kostnaði vegna þess sem hafi valdið Nordica Inc taprekstri árið 1999 og hafi Baugur hf verið að taka þátt í þeim taprekstri með 80.000,- USD greiðslunni. Jón Gerald segir Nordica Inc. einnig hafa fengið 50.000,- USD frá Baugi hf í janúar 2002 vegna tapreksturs Nordica Inc árið 2001, en Baugur hf hafi samþykkt að taka þátt í því tapi Nordica Inc vegna ársins 2001. Í júní 2002 segir Jón Gerald að Nordica Inc. hafi móttekið 120.000,- USD greiðslu frá Baugi hf vegna viðskiptalegs taps Nordica Inc gagnvart Baugi hf á tímabilinu 2001-2002.

Þannig hafi Baugur hf tekið þátt í tapi Nordica Inc á tímabilinu frá 1999-2002 með þessum greiðslum, samtals að fjárhæð 250.000,- USD. Jón Gerald segir að heildar taprekstur Nordica Inc á þessu tímabili hafi verið 565.000,- USD.

Jón Gerald er spurður hvort Nordica Inc hafi gert Baugi hf reikninga vegna þessara greiðslna Baugs hf í tapi Nordica Inc.

Jón Gerald kveðst hafa gert Baugi hf sérstakan reikning vegna 50.000,- USD greiðslunnar í janúar 2002, en hann kveðst ekki muna glögglega hvort hann hafi gert sérstakan reikning vegna 80.000,- USD og 120.000,- USD.

Undir Jón Gerald er borinn framburður Tryggva Jónssonar sem hann gaf hjá lögreglu, 28. ágúst 2002, en þar kom eftirfarandi fram hjá Tryggva varðandi greiðslur Baugs hf til Jóns Geralds:

*"Tryggvi kveðst því hafa ákveðið að mæta Jóni Geraldi varðandi það tap sem hann var að verða fyrir í rekstri Nordica Inc. Hann hafi ákveðið að greiða Jóni Geraldi 8.000,- USD á mánuði til að takmarka það tap sem Jón Gerald yrði fyrir. Tryggvi kveðst hafa borið þetta fyrirkomulag undir Jón Ásgeir sem hafi samþykkt þessar mánaðalegu greiðslur til Jóns Geralds. Aðspurður segir Tryggvi ekkert skriflegt vera til um þetta samkomulag á greiðslum til Jóns Geralds. Aðspurður um ástæðu þess að Baugur hf*



05454

*væri að greiða niður taprekstur Nordica Inc þá segir Tryggvi að Baugur hafi talið sig bera ábyrgð á stofnun vöruhússins að einhverju leyti, viljað stuðla að áframhaldandi rekstri og efla eigin innflutning.*

*Tryggvi segir að þessi 8.000,- USD greiðsla hafi borist Jóni Geraldi fyrstu mánuði ársins 2000. Hún hafi hins vegar ekki dugað til að og Nordica Inc hafi ennþá verið í hallarekstri. Tryggvi kveðst því hafa hitt Jóns Gerald í maí 2000 til að fara yfir uppgjör Nordica Inc fyrir árið 1999. Samkvæmt því uppgjöri hafi Nordica verið rekið með miklum halla árið 1999 og kveðst Tryggvi því hafa samþykkt að greiða 50.000,- USD til að jafna upp tap ársins 1999. Jafnframt hafi hann ákveðið að hækka greiðsluna til Jóns Geralds úr 8.000 í 12.000,- USD."*

Jón Gerald er beðinn um að taka afstöðu til þessa framburðar.

Jón Gerald segir þennan framburð Tryggva Jónssonar vera alfarið rangan. Aldrei hafi verið talað um það að Tryggvi myndi fyrir hönd Baugs hf greiða Jóni Geraldi mánaðarlega 8.000,- USD vegna taps Nordica Inc. Þá segir Jón Gerald að þessi 8.000,- USD greiðsla hafi verið vegna kostnaðar við bátinn, eins og áður hafi komið fram og sú fjárhæð var hækkuð í 12.000,- vegna aukins kostnaðar við rekstur bátsins, sem aðallega helgaðist af auknum afborgunum vegna nýja lánsins sem tekið var þegar nýi báturinn Thee Viking var keyptur. Jón Gerald segir þessa 50.000,- USD greiðslu sem Tryggvi skýri frá tengjast þátttöku Baugs hf í taprekstri Nordica Inc eins og komið hafi fram. Hann segir Tryggva hins vegar rugla saman þeim greiðslum sem Nordica Inc barst frá Baugi hf vegna tapreksturins, því 80.000,- USD greiðslan hafi borist í apríl - maí 2000 og 50.000,- USD í janúar 2002. Jón Gerald kveðst ekkert fleira hafa um þennan framburð að segja.

Klukkan 21:30 er gert hlé á yfirheyrslunni til að matast.
Klukkan 21:55 er yfirheyrslunni haldið áfram.

Jóni Geraldi er áfram kynntur framburður Tryggva Jónssonar varðandi föstu mánaðalegu greiðslur Baugs hf til Nordica Inc á árunum 2000 - 2002:

*"Tryggvi kveðst ekki sjá betur en að þetta séu þær 12.000,- USD greiðslur sem hann hafi þegar skýrt frá og varði greiðslurnar til Jóns Geralds sem fyrst og fremst hafi verið ætlaðar til að mæta launakostnaði Jóns Geralds og snúi að hans umsýslu fyrir Baug hf."*

Jón Gerald er beðinn um að taka afstöðu til þessa framburðar og spurður hvort hann hafi þegið greiðslu frá Baugi hf til að mæta launakostnaði sínum.

Jón Gerald segir þennan framburð Tryggva rangan. Baugur hf hafi aldrei tekið þátt í launakostnaði hans, enda kveðst Jón Gerald ekki vera starfsmaður Baugs hf heldur Nordica Inc.

Þá er Jóni Geraldi kynntur framburður Tryggva varðandi það hvort hvort Tryggvi hafi einhvern tíma greitt úr sjóði Baugs hf greiðslur sem vörðuðu fjármögnun eða rekstur bátsins Thee Viking:

*"Tryggvi kveðst aldrei hafa gert það, hann hafi ekki með neinum hætti komið að rekstri bátsins. Hann kveðst heldur ekki vita til þess að Baugur hf hafi greitt neitt í rekstur eða fjármögnun bátsins. "*

Jón Gerald er beðinn um að taka afstöðu til þessa.

Jón Gerald segir þennan framburð rangan. Hann segir að allt frá árinu 1999 hafi Tryggva verið ljóst það fyrirkomulag sem var varðandi greiðslur feðganna í rekstri bátsins. Tryggvi hafi sett á það fyrirkomulag í byrjun árs 2000 að Baugur hf greiddi fasta mánaðarlega greiðslu til Nordica Inc vegna bátsins, sú greiðsla hafi upphaflega verið 8.000,- USD en verið hækkuð í 12.000,- USD um mitt ár 2000 eftir sex mánaða uppgjör vegna bátsins það árið, sökum þess að ljóst var að 8.000,- USD dugðu ekki til að standa



005455

undir rekstri bátsins. Jón Gerald kveðst vita til þess að Tryggvi hafi samþykkt til greiðslu alla reikninga Nordica Inc, sem sendir voru Baugi hf vegna bátsins.

Jón Gerald er beðinn um að skýra nánar frá þeim reikningi sem hann hafi áður skýrt frá að fjárhæð 589.890,- USD og gefinn hafi verið út í nafni Nordica Inc.

Jón Gerald segir Tryggva hafa sent sé tölvupóst og óskað eftir því að Jón Gerald gæfi út reikning í nafni Nordica Inc að fjárhæð 589.890,- USD og hafi Tryggvi gefið upp þann skýringartexta sem skrá ætti á reikninginn. Tryggva hafi legið mikið á að fá þennan reikning og hafi Jón Gerald ekki gefist nokkur tími til að velta útgáfu þessa reikning fyrir sér. Þess vegna kveðst hann ekki hafa spurt Tryggva í hvaða tilgangi hann vantaði þennan reikning en tekið það sem svo að þá hafi vantað reikning til að leggja inn í bókhaldið hjá sér. Jón Gerald kveðst ekki hafa verið á skrifstofunni hjá sér þegar þessi beiðni barst honum frá Tryggva. Hann kveðst hafa þurft að flýta sér á skrifstofuna til að útbúa reikninginn og senda Tryggva.

Jón Gerald segir alveg klárt að engin viðskipti hafi staðið á bak við útgáfu reikningsins. Jón Gerald kveðst hafa átt allt sitt undir þessum mönnum og fundið sig knúinn til að verða við óskum þeirra. Jón Gerald tekur það fram að hann hafi aldrei fengið þennan reikning greiddan né hafi hann nokkuð haft með þennan reikning að gera eftir að hann sendi reikninginn til Tryggva.

Undir Jón Gerald er borið ljósrit þessa reiknings og honum kynnt að Jón Ásgeir hafi lagt þennan kreditreikning frá Nordica Inc fram við yfirheyrslu í gær. Jóni Geraldi er bent á að ekki verið annað séð en að hann sé að gefa út kreditreikning stílaðan á Baug hf. Hann er beðinn um að gera grein fyrir því sökum þess að Jón Gerald hafi upphaflega skýrt reikninginn þannig að um sölureikning væri að ræða.

Jón Gerald segir að eins og hann hafi upplýst lögreglu um þegar hann gaf skýrsluna þann 25. ágúst 2002, að hann ætti ekki afrit af þessum reikningi, enda kveðst Jón Gerald hafa eytt þessum reikningi strax úr tölvukerfinu hjá sér eftir útgáfu reikningsins sökum þess að Jón Gerald hafi vitað að þessi reikningur væri tilhæfulaus með öllu. Hann kveðst einungis átt tölvupóstinn frá Tryggva sem lýsi þeirri ósk Trygga um að útbúinn yrði reikningur vegna vöruskemmta og rýrnunar.

Jón Gerald kveðst hafa verið alveg grandalaus gagnvart útgáfu þessa reiknings. Hann hafi talið að notkun þessa reiknings yrði honum óviðkomandi. Jón Gerald segir að notkun þessa reiknings hafi hann aldrei rætt við Tryggva, eða nokkurn annan hjá Baugi hf.

Jón Gerald segir að vörusala Nordica Inc hafi verið við Aðföng og Nordica Inc hafi ekki átt nein vöruviðskipti við Baug hf. Reikningurinn hafi hins vegar stílaður á Baug hf og skýringartexti reikningsins gefi til kynna að hann sé að veita Baugi hf afslátt vegna vöruskemmda og rýrnunar í vörusendingum til Aðfanga á tímabilinu frá júlí 2000 - júní 2001, samtals 589.890,- USD.

Jón Gerald segir þennan texta og fjárhæðir ekki vera í neinu samræmi við vörusölu Nordica Inc til Aðfanga á þessu tímabili frá júlí 2000 - júní 2001. Jón Gerald segir að vörusala Nordica Inc til Aðfanga á þessum tímabili hafi verið í kringum 1,4 milljónir USD. Miðað við það hefði vöruskemmdir og rýrnun á vörum við flutning til Íslands verið nær helmingur af öllum þeim vörum sem sendar voru. Jón Gerald segir það vera alveg fráleitt.

Hann segir það hafa gert í gegnum tíðina að einhverjar smávægilegar skemmdir hafi orðið á vörum sem sendar voru frá Nordica Inc til Aðfanga á Íslandi. Þegar það hafi gert hafi lager Aðfanga sent athugasemd til Nordica Inc og útbúið kreditbeiðni, einnig hafi oftast fylgt þeim beiðnum ljósmyndir af skemmdunum. Nordica Inc hafi móttekið þá beiðni og útbúið kreditreikning á Aðföng vegna þeirrar rýrnunar. Það hafi aldrei verið meira en smáar fjárhæðir.

Jóni Geraldi er kynnt bréf frá KPMG dagsett þann 29.08.2002, sem skýri það hvernig Baugur hf fór með þennan kreditreikning í bókhaldi Baugs hf, bréfið hafi verið lagt fram af Jóni Ásgeiri. Jón Gerald er beðinn um að taka afstöðu til þessa bréfs.

Jón Gerald kveðst ítreka að hann hafi ekki vitað það þegar hann útbjó þennan kreditreikning að beiðni Tryggva hvernig Tryggvi eða Baugur hf hafi ætlað að nota þennan reikning. Hann tekur það fram að reikningurinn hafi verið útbúinn þann 30.08.2001, eða fyrir rúmlega ári síðan. Aldrei kveðst Jón Gerald hafa verið krafinn um greiðslu á grundvelli þessa kreditreiknings, enda sé reikningurinn tilhæfulaus.

Jón segir þetta líka skjóta skökku við í ljósi þess að Nordica Inc. hafi síðustu misseri staðið mjög höllum fæti fjárhagslega og Baugur hf tekið þátt í því rekstrarlega tapi sem Nordica Inc hafi orðið fyrir á árunum 1999-2002. Þeim sé því ljóst að Nordica Inc. hafi ekki fjárhagslegt bolmagn til að standa undir slíkri kröfu, sem er tilhæfulaus með öllu.

Jón Gerald kveðst þann 2. júlí 2002 hafa fengið tölvupóst frá Jóni Ásgeir sem er framsendur póstur frá Einar Þórissyni, innkaupastjóra Aðfanga - erlendum birgjum, með fyrirskriftinni skuldastaða gagnvart Nordica Inc. Í viðhengi hafi verið exelskjal þar sem fram kemur að niðurstaðan á skuldastöðunni sé að Aðföng skuldi Nordica Inc 21.942,11 USD. Jón Gerald kveðst vilja leggja þessi gögn inn í rannsókn málsins. Þessi gögn sýni það að Nordica Inc eigi kröfu á Baug hf en ekki öfugt.

Þá er Jóni Geraldi kynntur úr framburði Jóns Ásgeirs þar sem Jón Ásgeir gerir grein fyrir kreditreikningi frá Nordica Inc að fjárhæð 589.890,- USD.

*"Jón Ásgeir vill taka það fram að stór kreditfærsla hafi komið frá Nordica Inc. þann 30.08.2001, þar sem Nordica Inc. sé að slá af viðskiptakröfum sínum gagnvart Baugi hf samtals að fjárhæð 589.890,- USD. Komi það á móti þessum styrkgreiðslum Baugs hf til Nordica Inc. Þannig hafi þessi viðskipti þeirra verið jöfnuð út að mestu, þó halli ennþá á Baug hf um 7,5 milljón króna. Til að skýra þetta nánar segir Jón Ásgeir að mismunurinn á því sem þeir hafi greitt til Nordica Inc í formi ráðgjafar og kreditfærslunni séu 7,5 milljónir króna.*

*Jón Ásgeir segir að þessi kreditreikningur frá Nordica Inc. hafi verið fært sem tekjur í bókhaldi Baugs hf, en sé ennþá ógreiddur. Hann segir að þessi krafa Baugs hf á Nordica Inc. sé komin í innheimtu í Bandaríkjunum."*

Jón Gerald er beðinn um að taka afstöðu til þessa framburðar sem er ekki í samræmi við það sem Jón Gerald hafi áður skýrt frá varðandi þennan reikning.

Jón Gerald kveðst ekki skilja þessar skýringar Jóns Ásgeirs. Hann viti í raun ekki hvað Jón Ásgeir sé að meina þegar hann segi að kreditreikningurinn eigi að jafna út einhverjar styrkgreiðslur til Nordica Inc. Jón Gerald segir þetta allt vera tilhæfulaust bull í Jóni Ásgeiri og alrangt. Þá kveðst hann ekki átta sig á þessari 7,5 milljónum króna sem Jón Ásgeir segi að halli á Baug hf.

Hann ítrekar aftur að honum hafi aldrei borist greiðslukrafa vegna þessa kreditreiknings og telji víst, ef framburður Jón Ásgeirs um að kreditreikningurinn sé kominn til innheimtu í Bandaríkjunum sé réttur, þá sé Jón Ásgeir að reyna að ná fjármunum út úr Nordica Inc með ólögmætum hætti.

Jón Gerald kveðst ekki hafa hugmyndaflug til að átta sig á þeirri fléttu sem Jón Ásgeir sé að setja upp. Þetta sé ekki í samræmi við neitt í viðskiptum Nordica Inc og Baugs hf.

Jóni Gerald er kynnt að undir Tryggva Jónsson hafi verið borið skjal málsins nr. II/6.1 sem er tölvupóstsamskipti milli Tryggva Jónssonar og Jón Geralds Sullenberger frá 30.08.2001. Þar er fyrirsögnin: Nordica Damage Report og efni skjals um að útbúa skýrslu um vörutjón og rýrnun að

fjárhæð 589.890,- USD varðandi flutning á vörum frá Nordica Inc til Aðfanga. Jafnframt að Tryggvi hafi verið beðinn um að gera grein fyrir þessum tölvusamskiptum við Jón Gerald. Tryggvi hafi haft eftirfarandi að segja um tölvupóstinn:

*"Tryggvi kveðst ekki geta gert grein fyrir þessum tölvupósti. Hann kveðst ekki minnast þess að hafa átt þessi samskipti við hann. Tryggvi kveðst ekki vita um hvað sé verið að fjalla í þessum tölvupósti og efnislega hafi þessi tölvupóstur ekkert með Baug hf að gera, né aðföng. Þannig fullyrðir Tryggvi að ekkert tengt þessum tölvupósti sé að finna í bókhaldi Baugs hf."*

Jón Gerald er beðinn um að taka afstöðu til þessa.

Jón Gerald segir þessi tölvusamskipti milli hans og Tryggva hafa átt sér stað. Því til staðfestingar bendir Jón Gerald á þennan kreditreikning sem Jón Ásgeir hafi lagt fram og sé efnislega í fullu samræmi við tölvusamskipti Jóns Geralds og Tryggva.

Jón Gerald kveðst hins vegar fagna því að Tryggvi kannist ekki við það að nokkuð tengt þessum tölvupósti sé að finna í bókhaldi Baugs hf. Jón Gerald segir það renna frekari stoðum undir það sem hann hafi sagt um þennan reikning, hann sé tilhæfulaus og komi viðskiptum Nordica Inc við Baug hf ekkert við.

Jón Gerald er beðinn um að gera nánari grein útprentuninni á þessum tölvusamskiptum hans og Tryggva.

Jón Gerald kveðst ekki geta skýrt þessi tölvusamskipti betur en svo að þeir Tryggvi hafi skipst á tölvupósti vegna þessa reiknings sem Tryggvi var að biðja um. Jón Gerald kveðst hafa lagt fram útprentun á tölvupóstinum eins og ferlið var í samskiptum þeirra. Hann segir útprentunina eiga að sýna hvernig samskipti þeirra voru.

Jón Gerald er spurður hvort hann geti gert nánari grein fyrir stofnun félagins Miramar á Bahamas, sem hann hafi skýrt frá við skýrslutöku hjá lögreglu 25. ágúst 2002.

Jón Gerald segir að hann hafi flogið með þeim Jóhannesi, Jón Ásgeiri og Tryggva Jónssyni til Bahamas þann 28. október 1997, þar sem þeir Jóhannes, Jón Ásgeir og Tryggvi Jónsson hafi ætlað að stofna þetta félag Miramar. Jón Gerald kveðst hafa greitt fyrir þá ferð með greiðslukortinu sínu. Hann kveðst ekki vita ástæðu þess að þeir hafi ætlað að stofna þetta "off shore" félag. Jón Gerald kveðst hafa farið með þeim þremur inn á skrifstofu KPMG í Bahams og þar hafi þeir Jóhannes, Jón Ásgeir og Tryggvi stofnað félagið Miramar. Jón Gerald kveðst ekkert frekar vita um þetta félag - Miramar.

Jóni Geraldi er kynnt að þeir Jón Ásgeir, Jóhannes og Tryggvi Jónsson hafi allir lýst því við yfirheyrslu hjá lögreglu að Jón Gerald hafi haft í hótunum um að drepa Jón Ásgeir. Jón Gerald er beðinn um að taka afstöðu til þess.

Jón Gerald segir það rétt að hann hafi í símtali við Tryggva og Jóhannes í framhaldi af því algjörlega misst stjórn á skapi sínu sökum þess að hann hafði þá skömmu áður frétt að Jón Ásgeir hefði reynt að komast yfir eiginkonu hans. Jón Gerald kveðst hafa látið stór orð falla í bræði sinni, en þegar honum hafi verið runnin reiðin hafi hann áttað sig á því hversu óheppilegt og rangt það var að láta þessi orð falla. Hann segir þetta hafa verið orðin tóm, hann hafi ekki meint neitt með þessum orðum og aldrei ætlað sér að valda dauða Jóns Ásgeirs.

Jón Gerald er spurður hvort hann hafi eitthvað frekar um málið að segja á þessu stigi.



05458

Jón Gerald kveðst nú ekkert fleira hafa um málið að segja, hann hafi skýrt frá öllum málavöxtum eftir bestu getu og hafi engu við framburð sinn að bæta.

Klukkan 23:50 er gert hlé á skýrslutökunni. og Jón Gerald boðaður aftur á skrifstofu efnahagsbrotadeildar, laugardaginn 31. ágúst 2002, klukkan 10:30.

Þann 31. ágúst 2002, klukkan 10:30 er skýrslutökunni haldið áfram. Mættur er Jón Gerald og lögmaður hans, Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl. Einnig er Arnar Jensson, aðst.yfirlögregluþjónn viðstaddur skýrslutökuna.

Jón Gerald er beðinn um að gera nánari grein fyrir þeirri bankaábyrgð sem hann hafi skýrt frá að Bónus hafi gengist í vegna þess láns sem tekið var til að fjármagna kaupin á fyrsta bátnum - Viking I, sbr. skjöl málsins nr. II/5.2 - II/5.2.1.

Jón Gerald segir að honum hafi borist staðfesting á bankaábyrgðinni frá SPRON og hafi hann lagt fram gögnin um það við upphaf rannsóknarinnar. Bankaábyrgðin hafi orðið til þann 18.07.1996 vegna fyrsta lánsins frá Ready State Bank, sem tekið var vegna fjármögnunar á kaupum Viking I. Jón Gerald tekur það fram að Union Planters Bank hafi keypt Ready State Bank nokkru síðar og þá hafi bankaábyrgðin verið endurnýjuð í Union Planters Bank. Jón Gerald segir að þetta lán hafi ekki verið uppgreitt ennþá og ábyrðin sé ennþá í gildi. Jón Gerald kveðst telja að skráningarnúmer ábyrgðarinnar hjá SPRON sé númer G0412-1150, eftir því sem hann viti best.

Jón Gerald kvest telja víst að hægt sé að rekja þessa bankaábyrgð beint til þessarar lántöku vegna bátsins.

Skýrslutöku lauk kl. 13:20

Staðfest rétt eftir haft:

Jón Gerald Sullenberger

Skýrsluna skráði:

Sveinn I. Magnússon

Viðstaddur skýrslutökuna og undirritun:

Arnar Jensson, aðst.yfirlögregluþjónn

Viðstaddur þegar Jón Gerald las yfir skýrsluna, játaði efni hennar rétt eftir haft og undirritaði hana:

Jón Steinar Gunnlaugsson, hrl.

IV/1.2.1

FIELDSTONE LESTER SHEAR & DENBERG

PAUL A. LESTER, P.A.

ATTORNEY AT LAW

SUNTRUST PLAZA
201 ALHAMBRA CIRCLE
SUITE 601
CORAL GABLES, FL 33134

TELEPHONE: (305) 357-1001
FACSIMILE: (305) 357-1002
E-MAIL: paul@flsdlaw.com

IV/1.3

<table>
<tr><td>RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN</td><td>SKÝRSLA<br>YFIRHEYRSLA</td><td>R L S</td></tr>
<tr><td colspan="2">Skýrslu gerir<br>Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi</td><td>Mál nr.<br>006-2002-00086</td></tr>
<tr><td colspan="3">Staður og stund:<br>Miami - Sunnudaginn 6. október 2002. Klukkan 12:30.</td></tr>
<tr><td colspan="3">Sakarefni:<br>Ætlaður fjárdráttur – umboðssvik</td></tr>
<tr><td colspan="2">Aðili:<br>Jón Gerald Sullenberger</td><td>Kennitala:<br>240664-2089</td></tr>
<tr><td colspan="2">Starf/staða:<br>Rekur útflutningsfyrirtækið Nordica Inc. í Bandaríkjunum</td><td>Vinnusími:<br>305-639-2100</td></tr>
<tr><td colspan="2">Lögheimili:<br>832 Santiago Street, Coral Gables, Florida</td><td>Sími:<br>305-443-4204</td></tr>
<tr><td colspan="2">Dvalarstaður:</td><td>Sími:<br>GSM USA: 305-588-1800</td></tr>
</table>

Jón Gerald er mættur til skýrslutöku á skrifstofu Nordica Inc í Miami á Flórída. Honum er kunnugt um ástæðu skýrslutökunnar sem varðar viðskipti hans og fyrirtækis hans Nordica Inc. við Fjárfestingarfélagið Gaum ehf og greiðslur sem hann hefur móttekið fyrir hönd Nordica Inc frá Baugi hf.

Fyrir Jóni Geraldi er brýnd vitnaskylda og vitnaábyrgð, auk þess sem hann er áminntur um sannsögli. Þá er Jóni Gerald einnig kynnt ákvæði 51. gr. laga nr. 19/1991, þess efnis að hann þurfi ekki að tjá sig um þau atriði sem gætu skapað honum refisábyrgð.

Jón Gerald kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og vera reiðubúinn að tjá sig um málið.

**Bókhald Nordica Inc og New Viking Inc.**

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir því hvernig bókhald Nordica Inc og New Viking Inc sé uppbyggt og hvernig það hafi verið fært síðustu árin eða allt frá árinu 1996.

Jón Gerald vill fyrst taka það fram að félagið New Viking Inc hafi verið stofnað um mitt ár 1999 og kostnaður vegna reksturs bátanna hafi verið færður í bókhald Nordica Inc allt þar til í ársbyrjun 2001. Jón Gerald segir mjög litla yfirbyggingu hafa verið á starfsemi Nordica Inc í upphafi og hafi hann starfað einn að rekstri Nordica Inc allt til ársins 1999 að Nordica Inc opnaði vöruhús til innihaldsmerkinga og endurpökkunar á vörum til Íslands. Þannig hafi bókhald Nordica Inc verið mjög einfalt fyrstu árin og kveðst hann hafa byggt það upp á hreyfingum á tékkhefti félagsins. Til að skýra það nánar segir Jón Gerald að allar greiðslur sem hann hafi móttekið vegna viðskipta Nordica Inc hafi verið lagðar inn á tékkareikning Nordica Inc, það sama hafi átt við um öll vörukaup Nordica Inc frá Bandarískum birgjum og greiðslu kostnaðar sem tengdist rekstri Nordica Inc, allar greiðslur hafi farið í gegnum tékkhefti félagsins.

Jón Gerald kveðst hafa ráðið endurskoðanda á Miami til að sjá um bókhaldið fyrir sig og hafi hann unnið bókhaldið út frá hreyfingum á tékkhefti Nordica Inc. Hann segir endurskoðandann hafa séð um lokauppgjör hvers árs fyrir sig og gerð ársreikninga. Þá hafi endurskoðandinn séð um að gera skattaskýrslu Nordica Inc.

Jón Gerald segir að frá 1996 allt til áramóta 2000/2001 hafi allar greiðslur frá Íslandi vegna bátanna verið færðar inn í bókhald Nordica Inc sem og allur kostnaður vegna bátanna, bæði afborganir af lánum sem og tilfallandi rekstrargjöld vegna reksturs bátana, hverju sinni, greiðslurnar hafi verið færðar sem tekjur og útgjöldin eða kostnaðurinn færður á móti. Einnig hafi verið fært í bókhaldið öll vöruviðskipti Nordica Inc við Bónus og síðar Aðföng/Baug. Jón Gerald tekur það fram að þrátt fyrir að hann hafi fært þessar greiðslur frá Baugi hf vegna bátsins í bókhald Nordica Inc þá hafi hann haldið þeim reikningum

05461

aðskildum frá öðrum sölureikningum Nordica Inc. Hann hafi með því viljað aðskilja þessi bókhaldsgögn frá hefðbundnum reikningum Nordica Inc. Þó hafi þetta allt verið fært í bókhald Nordica Inc og gert upp sem hluti af viðskiptum Nordica Inc á hverju ári, enda hafi bókhaldsuppgjörið byggt á færslum á tékkareikningi Nordica Inc, eins og áður hafi komið fram.

Jón Gerald segir að í lok árs 2000 hafi hann ráðið Kristrúnu Sveinbjörnsdóttur til starfa hjá Nordica Inc sem skrifstofustjóra. Á þeim tíma hafi umfang rekstursins aukist nokkuð vegna vöruhússins og hann ekki getað haldið utan um bókhaldið einn, ásamt öllu öðru sem hann þurfti að sinna varðandi viðskipti Nordica Inc.

Jón Gerald segir að á þessum tíma hafi Tryggvi verið búinn að óska eftir því að Jón Gerald aðgreindi rekstur bátsins frá rekstri Nordica Inc og kveðst Jón Gerald hafa orðið við þeirri beiðni Tryggva og stofnað félagið New Viking Inc til að halda utan um rekstur bátsins Thee Viking.

Jón Gerald segir Kristrúnu ekkert hafa vitað um bátinn þegar hún var fyrst ráðin til starfa hjá Nordica Inc. Hún hafi hins vegar verið ráðin til að sjá um bókhald Nordica Inc og halda utan um allan rekstur skrifstofu fyrirtækisins. Kristrún hafi því fljótlega áttað sig á því að Nordica Inc var að greiða töluverðan kostnað í þennan bát, einnig að greiðslur voru að berast frá Baugi hf sem ekki tengdust vöruviðskiptum Nordica Inc við Aðföng/Baug. Jón Gerald kveðst því hafa upplýst hana um ráðahaginn varðandi bátinn og greiðslur Baugs hf í rekstur bátsins. Hann kveðst jafnframt hafa beðið Kristrúnu um að byggja upp sérstakt bókhald varðandi rekstur bátsins og aðskilja það frá rekstri Nordica Inc, eins og Tryggvi Jónsson hafði óskað eftir.

Í því sambandi hafi Kristrún sett upp sjálfstætt bókhald fyrir New Viking Inc í byrjun árs 2001. Inn í það bókhald hafi allar greiðslur frá Íslandi vegna bátsins verið færðar og einnig öll útgjöld vegna bátsins. Hins vegar hafi Baugi hf áfram verið gerðir mánaðalegir reikningar vegna bátsins í nafni Nordica Inc að kröfu Tryggva Jónssonar.

Jón Gerald segir að eftir að Kristrún kom til starfa hjá Nordica Inc hafi hún tekið allt bókhaldið í gegn og sett það upp í nýtt kerfi. Hann hafi þá hætt að kaupa bókhaldsþjónustu frá endurskoðandanum og Kristrún tekið við að færa bókhaldið. Hann segir að Kristrún hafi því bæði séð um að færa bókhaldið fyrir Nordica Inc sem og bókhaldið fyrir New Viking Inc. Þannig hafi þetta gengið fyrir sig allt árið 2001.

Í byrjun árs 2002 kveðst Jón Gerald hafa fengið athugasemdir frá viðskiptabanka sínum, eins og hann hafi áður skýrt frá við skýrslutöku hjá lögreglu. Union Planters Bank hafi gert athugasemdir við það að Nordica Inc væri að gera Baugi hf. reikninga sem væru greiddir af Baugi hf. inn á bankareikning New Viking Inc. Í framhaldi af því kveðst Jón Gerald hafa ákveðið að breyta þessu fyrirkomulagi aftur í gamla horfið, þ.e. að láta leggja greiðslurnar frá Baugi hf inn á tékkareikning Nordica. Jón Gerald segir að ekki sé búið að leysa þetta bókhaldslega gagnvart félaginu New Viking Inc og ekki hafi verið fært inn í bókhald New Viking Inc frá áramótum 2002. Jón Gerald segir að unnið sé að lausn þessa vandamáls með endurskoðandanum og skattalögfræðingi Nordica Inc.

Jón Gerald segir að þau bókhaldsgögn sem rannsakarar hafi farið í gegnum á skrifstofu Nordica Inc séu öll bókhaldsgögn Nordica Inc frá árinu 1996 til dagsins í dag.

Jóni Geraldi er kynnt að samkvæmt ársreikningi New Viking 2001, sem hann afhenti vegna rannsóknar málsins er stofnverð bátsins Thee Viking og hugsanlega annarra fastafjármuna 1.800.000,- USD en samkvæmt yfirliti um kaupverð bátanna sem lögregla fékk einnig afhent vegna rannsóknar málsins er stofnverð Thee Viking skráð sem 1.127.497,- USD. Jón Gerald er spurður hvort hann geti skýrt þetta.

Jón Gerald segir skýringuna á þessu vera þá sem hann hafi áður skýrt frá varðandi kaupin á Thee Viking. Hann segir að þegar hann hafi keypt þriðja bátinn, sem var notaður bátur árgerð 1998, í febrúar 1999 hafi komið upp vandamál, þar sem seljandinn var einnig búinn að selja bátinn öðrum aðila. Jón Gerald kveðst hafa farið í málaferli við seljandann vegna þessa og í október 1999 hafi það mál verið leyst með því að hann fékk annan bát frá seljandanum í staðinn fyrir þann sem hann hafði keypt. Jón Gerald segir að sá bátur sem hann, Jón Ásgeir og Jóhannes keyptu í febrúar 1999 hafi kostað um 1,1 milljón USD. Sá bátur sem þeir hafi fengið afhentan í staðinn fyrir þann bát í október 1999 hafi verið glænýr og ónotaður og dýrari en sá sem þeir höfðu greitt fyrir. Þannig hafi nýji báturinn verið metinn á 1.800.000 USD þegar þeir fengu hann afhentan en þeir einungis greitt um 1,1 milljón USD. Jón Gerald segir þetta skýra þennan mismun sem komi fram í þessum yfirlitum sem lögregla hefur fengið afhent.

Jón Gerald leggur fram afrit af því samkomulagi sem hann náði við seljanda bátsins, en í því samkomulagi komi fram hvernig þetta hafi verið framkvæmt og hvaða bát Jón Gerald hafi fengið í staðinn fyrir þann sem búið var að selja öðrum.

Jón Gerald er spurður hvernig rekstrarniðurstaða New Viking og Nordica Inc sé birt öðrum.

Jón Gerald segir að þessi félög hans séu í raun mjög lítil. Nordica Inc sé í raun fjölskyldufyrirtæki í eigu hans og eiginkonu hans, Jóhönnu Guðmundsdóttur. Ekki séu neinir aðrir meðeigendur í fyrirtækinu og því eigi það ekki við að ársreikningar félagsins séu birtir öðrum, en opinberum aðilum svo sem vegna skattauppgjörs. Það sama eigi við um New Viking Inc.

Jón Gerald er spurður hversu vel forsvarsmenn Baugs hf hafi fylgst með afkomu Nordica Inc og New Viking Inc.

Jón Gerald segir að Jón Ásgeir hafi fylgst mjög vel með öllum rekstri bátanna. Hann segir að þegar fyrsti báturinn hafi verið keyptur hafi þeir tveir sett upp rekstaráætlun varðandi bátinn og tekið saman hve mikill kostnaður yrði við rekstur bátsins og afborganir af láninu sem tekið var vegna kaupanna. Þannig hafi Jón Ásgeir verið fullkomnlega meðvitaður um þau útgjöld sem til féllu vegna bátsins.

Varðandi bátinn Icelandic Viking II, þá segir Jón Gerald að Jón Ásgeir hafi farið með honum að skoða þann bát og þeir gert rekstraráætlun varðandi kaupin á þeim báti. Þá segir Jón Gerald að Jóhannes Jónsson hafi komið til Miami þegar verið var að ganga frá kaupunum á þeim báti og þá hafi Jóhannes lagt fram tékka að fjárhæð 200.000,- USD sem hans framlag í bátinn. Þeir hafi því gert sér fulla grein fyrir kostnaðinum varðandi fjármögnun og reksturs bátsins, þ.m.t. afborganir af lánum vegna bátsins. Jón Gerald kveðst einnig hafa fengið VISA greiðslukort frá Gaum hf. sem hann hafi notað til að greiða tilfallandi kostnað eða útgjöld varðandi bátinn. Greiðsluyfirlitin vegna greiðslukortsins hafi borist Gaumi hf og þar megi sjá hvaða útgjöld verið er að greiða með greiðslukortinu. Eins kveðst Jón Gerald hafa sent Jóni Ásgeiri og Kristínu afrit af kostnaðarreikningum og því sé alveg ljóst að Jón Ásgeir vissi nákvæmlega hvað verið var að greiða hverju sinni.

Jón Gerald segir að þegar ákveðið hafi verið að kaupa nýja bátinn, Thee Viking, hafi hann lagst yfir það með Jóni Ásgeiri hvernig þeir ættu að fjármagna kaupin á þeim báti. Hann segir að Tryggvi Jónsson hafi komið inn í þá vinnu, enda hafi Tryggvi þá verið kominn til starfa hjá Baugi hf. Inn í þær vangaveltur hafi meðal annars komið þessar áætlanir um að nota hluta af rekstartekjum Nýbrauðs til að standa undir rekstri bátsins, eins og Jón Gerald kveðst hafa skýrt lögreglu frá í fyrri skýrslum sínum vegna málsins. Jón Gerald segir það hafa dregist nokkuð að þeir fengju nýja bátinn afhentan vegna vanefnda seljanda og ekki fengið hann afhentan fyrr en í október 1999. Á þeim tímapunkti hafi hann verið búinn að funda með Jóni Ásgeiri og Tryggva. Tryggvi hafi þar verið búinn að setja upp rekstaráætlun varðandi rekstur bátsins og áætla 8.000,- USD fasta mánaðarlega greiðslu sem Baugur hf myndi greiða til Nordica Inc vegna reksturs bátsins. Hafi það gengið eftir fyrstu mánuðina eftir að þeir fengu nýja bátinn afhentan, þ.e. frá lokum árs 1999 fram á mitt ár 2000.

J. Mag



05463

Um mitt ár 2000 hafi þeir þurft að endurmeta rekstaráætlunina varðandi bátinn og þá hafi þeir Jón Ásgeir og Tryggvi ákveðið að hækka mánaðarlegu greiðsluna frá Baugi hf úr 8.000,- USD í 12.000,- USD. Þannig hafi greiðslunum verið háttað allar götur síðan. Nordica Inc/New Viking Inc hefur móttekið 12.000,- USD greiðslu mánaðarlega frá Baugi hf. vegna reksturs bátsins.

Auk þessa kveðst Jón Gerald hafa unnið samantekt fyrir Tryggva varðandi allar greiðslur og allan kostnað vegna allra bátanna þriggja allt frá árinu 1996 og hafi Tryggvi því haft mjög góða yfirsýn yfir rekstur bátanna og hve mikið hver og einn hefur greitt í rekstur bátana. Jón Gerald segir Tryggva hafa sett sig vel inn í rekstur Thee Viking og fylgst þar vel með.

Jón Gerald segir forsvarsmenn Baugs hf einnig hafa fylgst vel með rekstri Nordica Inc síðustu misseri, einkum vegna slæmrar fjárhagsstöðu Nordica Inc og hvernig leysa ætti þann vanda. Tryggvi og Jón Ásgeir hafa sett sig vel inn í þau mál og þeir í sameiningu gert áætlanir um lausn á rekstrarvanda Nordica Inc og auka vöruviðskipti Nordica Inc við Aðföng og önnur félög Baugs hf.

Jón Gerald er spurður hvernig háttað hafi verið með þóknun Nordica Inc varðandi viðskiptin við Baug hf eða félög í þess eigu.

Jón Gerald segir að hann hafi aldrei fengið neina þóknun frá Baugi hf eða félögum í þess eigu varðandi vöruviðskiptin. Hann kveðst hafa rekið sitt fyrirtæki á þeirri álagningu sem hann lagið á þær vörur sem Nordica Inc seldi til Íslands. Hann kveðst að jafnaði hafa lagt 6-8 prósent ofan á vöruverðið til Íslands og á því hafi hann lifað og rekið sitt fyrirtæki. Þannig kveðst Jón Gerald aldrei hafa fengið neina þóknun eða laun frá Baugi hf eða fyrirtækjum þess. Jón Gerald kveðst vera sjálfstæður atvinnurekandi og standi hann og falli með sínum viðskiptum, hann fái engar fastar mánaðagreiðslur í laun.

Jón Gerald segir forsvarsmenn Baugs hf hafa fylgst nokkuð vel með álagningu Nordica Inc og að hann legði ekki meira en 6-8 prósent á vörurnar.

**VISA greiðslukort Jóns Geralds frá Gaumi hf.**

Jón Gerald er beðinn um að gera nánari grein fyrir VISA greiðslukorti því sem hann fékk frá Gaumi hf í tengslum við rekstur bátanna og undir hann borið yfirlit sem endurskoðendur RLS hafa unnið varðandi allar greiðslur Gaums hf til Nordica Inc. Á því yfirliti kemur fram að Gaumur hf hefur greitt kostnað vegna VISA korts sem skráð er á viðskiptamannareikning Nordica Inc hjá Gaumi hf allt frá ágúst 1999 til apríl 2001.

Jón Gerald segir að það geti passað að hann hafi notað VISA greiðslukortið frá Gaumi hf frá ágúst 1999 til apríl 2001, hann kveðst sjálfur ekki hafa munað það nákvæmlega hvaða tímabil hann hafði kortið. Hann kveðst hafa fengið þetta VISA kort frá Jóni Ásgeiri á sínum tíma og hafi hann notað kortið til að greiða tilfallandi kostnað varðandi bátinn. Jón Gerald kveðst ekki hafa fengið send nein greiðsluyfirlit varðandi þetta greiðslukort – þau yfirlit hafi eflaust borist Gaumi hf. Gaumur hf hafi greitt allan kostnað vegna kortanotkunarinnar og kveðst Jón Gerald aldrei hafa verið rukkaður vegna kortanotkunarinnar, enda hafi það ekki staðið til. Þetta hafi verið kostnaður sem Jón Ásgeir hafi ætlað að bera varðandi rekstur bátanna.

Jón Gerald kveðst sjálfur hafa haldið utan um kortakvittanirnar sem vörðuðu VISA kortið. Á einhverjum tímapunkti hafi Kristín Jóhannesdóttir óskað eftir því að fá kortakvittanirnar sendar til sín til að fara yfir allan kostnaðinn varðandi kortið. Hann kveðst í framhaldi af því hafa fengið sent eitt eða tvö greiðsluyfirlit frá Kristínu vegna kortsins. Jón Gerald segir Kristínu hafa spurt út í einstaka færslu á kortið og hann gefið henni skýringu á því. Gaumur hafi alltaf greitt fyrir kortanotkunina þann tíma sem



05464

kortið var notað. Í apríl 2001 hafi kortinu verið lokað, enda hafi Baugur hf þá rúmu ári áður verið búið að taka yfir allar greiðslur vegna bátsins.

**American Express greiðslukort Jóns Ásgeirs og Tryggva Jónssonar**
Jón Gerald er beðinn um að gera nánari grein fyrir greiðslukortanotkun Tryggva Jónssonar og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar í nafni Nordica Inc, en Jón Gerald hefur þegar í skýrslum sínum hjá lögreglu skýrt frá því að Jón Ásgeir og Tryggvi Jónsson hafi verið með American Express greiðslukort í nafni Nordica Inc.

Jón Gerald kveðst hafa afhent rannsökurum öll þau gögn sem hann eigi um kortanotkun Tryggva og Jóns Ásgeirs við gagnaöflun rannsakara á skrifstofu Nordica Inc í Miami. Jón Gerald kveðst hafa haldið utan um greiðsluyfirlitin allt frá árinu 1996 og hafi rannsökurum verið afhent öll þau gögn sem hann hafi haldið til haga.

Jón Gerald segir Jón Ásgeir hafa fengið útgefið American Express greiðslukort í nafni Nordica um mitt ár 1996. Jón Gerald segir að þetta kort hafi Jón Ásgeir notað eftir sínum eigin hentugleika og í raun ekki tengst útgjöldum vegna bátanna með beinum hætti. Jón Ásgeir hafi þó meðal annars notað kortið þegar hann var staddur á Miami og á bátnum. Jón Gerald kveðst hafa gert fyrirtækjum/félögum tengdum Jóni Ásgeiri reikninga vegna kortanotkunar hans og reikningarnir hafi verið skrifaðir út úr reikningakerfi Nordica Inc, fyrst um sinn hafi Bónus greitt fyrir kortanotkun Jóns Ásgeirs, síðar Gaumur hf og síðustu árin hafi Baugur hf greitt þessa kortanoktun.

Jón Gerald segir að Tryggvi Jónsson hafi fengið sams konar greiðslukort í byrjun árs 1999, þ.e. American Express greiðslukort í nafni Nordica Inc. Það sama hafi átt við um Tryggva – hann hafi notað kortið eftir eigin hentugleika og kortið hans ekki tengst bátnum með beinum hætti og kortin í raun notuð sem þeirra persónulegu greiðslukort. Jón Gerald kveðst hafa gert Baugi hf reikning í nafni Nordica Inc vegna kortanotkunar Tryggva og hafi Baugur greitt þann kostnað.

Jón Gerald segir þau gögn sem rannsakarar hafi fengið afhent varðandi kortanotkun Jóns Ásgeirs og Tryggva eiga að sýna hver kortakostnaðurinn hafi verið síðustu árin. Hann tekur það fram að búið sé að loka kortum þeirra í dag.

**Kreditreikningur að fjárhæð 589.890,- USD dagsettur þann 30. ágúst 2001.**
Jón Gerald hefur þegar tjáð sig um þennan kreditreikning við fyrri skýrslutökur hjá lögreglu. Undir hann er nú borin yfirlýsing frá innra eftirliti Baugs hf, dagsett 02.09.2002 varðandi þennan kreditrekning og meðferð kreditreikninga almennt hjá Baugi hf. Í þeirri yfirlýsingu eru upplýsingar frá Baugi um meðferð á vörum sem seldar eru með afslætti og gallaðar/skemmdar vörur. Þar er því haldið fram að þessi kreditreikningur tengist uppgjöri á gölluðum og skemmdum vörum frá Nordica Inc, en einnig er þar talað um að í þeim gámum sem Baugur/Aðföng móttók frá Nordica Inc hafi verið allmikið af vörutegundum sem þurft hafi að selja með afslætti eða runnu út á líftíma. Jón er beðinn um að lesa þessa yfirlýsingu og taka afstöðu til þess sem þar kemur fram.

Jón Gerald segir, eftir að hafa lesið yfirlýsinguna, að aldrei hafi verið gert neitt samkomulag milli Nordica Inc og Baugs hf. um bætur vegna rýrnunar, vöruskemmda eða matvara sem runnið hafi út á líftíma. Hann segir þessa yfirlýsingu innra eftirlits Baugs hf vart svaraverða, en kveðst þó vilja skýra nánar framgangsmáta viðskipta Nordica Inc við Baug hf.

Jón Gerald segir að allt frá upphafi viðskiptasambands Nordica Inc og félaga tengdum Baugi hf hafi viðskiptin verið með þeim hætti að þessi fyrirtæki hafi gert honum pantanir varðandi vörukaup. Nordica Inc hafi aldrei setið með neinn lager, einungis keypt inn vörur frá Bandaríkjum birgjum í samræmi við pantanir Bónus eða annar félaga tengdum Baugi hf. Hann tekur það einnig fram að Nordica hafi ekki haft vöruhús fyrr en árið 1999 og það hafi verið notað til að merkja vörur og umpakka áður en vörurnar



05463

voru sendar til Íslands. Nordica hafi því ekki setið með neinn lager, nema í mjög skamman tíma meðan verið var að afgreiða vörurnar til Íslands.

Jón Gerald segir að áður fyrr, frá 1992-1997 hafi ekki átt sér stað nein útgáfa kreditreikninga í nafni Nordica Inc stílað á Bónus eða gamla Baug sf sem staðsett var í Garðabæ nema í mjög litlu mæli. Jón Gerald kveðst á þeim árum hafa verið í samskiptum við Sigríði Gröndal, þáverandi bókara Baugs sf, einnig Jón Ólafur Lindsay (853-3888 898-3888) og Jóhannes Rúnar Johannesson (551-7267) starfmenn gamla Baugs sem til var áður en Baugur varð að hlutafélagi. Hann kveðst einu sinni eða tvisvar á ári hafa farið með sín gögn til Sigríðar, Jóhannesar Rúnars eða Jóns Lindsay og þau stemmt af öll vöruviðskiptin milli Nordica Inc og Bónus/Baugs sf. Það hafi verið gert upp og stemmt af það sam hallaði á Nordica og það sem hallaði á Bónus/Baug sf, mismunurinn hafi svo verið gerður upp með kreditreikningi eða við næstu greiðslu vegna næstu vörusendingar. Þetta hafi alltaf verið minniháttar leiðréttingar og ekki um háar fjárhæðir að ræða. Á þessu tímabili hafi verið mjög lítið um vörurýnun eða skemmdar vörur frá Nordica Inc og aldrei neitt staðið út af borðinu óuppgert.

Eftir að Baugur hf varð til og Aðföng segir Jón Gerald að þessi vöruviðskipti Nordica Inc hafi færst yfir til Aðfanga. Þannig hafi Aðföng pantað vörur frá Nordica Inc og Nordica keypt umbeðnar vörur frá birgjum sínum í Bandaríkjunum og sent til Íslands. Hann segir að starfsmenn Aðfanga hafi alltaf talið út úr gámunum sem sendir voru til Íslands og ef í ljós kom skekkja við reikningsgerð varðandi vörusendinguna þá hafi Nordica Inc strax borist kreditbeiðni vegna þess og það leiðrétt strax. Mjög sjaldan hafi komið upp skemmdir í vörunum sem sendar voru og ef svo var þá hafi það verið leiðrétt með kreditfærslu og Nordica Inc síðan fengið þær vörur endurgreiddar frá sínum birgjum. Ekki hafi neitt staðið eftir óuppgert í þessum efnum milli Nordica Inc og Aðfanga.

Varðandi það að matvörur frá Nordica Inc hafi ekki selst hjá verslunum í eigu Baugs hf þá segir Jón Gerald að það eigi ekki við rök að styðjast. Hann segir Nordica Inc hafa fengið senda lista úr birgðabókhaldi Aðfanga til að fylgjast með vöruveltunni varðandi þær vörur sem Nordica Inc var að selja til Aðfanga. Ekki hafi verið hægt að sjá annað en að vörurnar seldust. Þá vill hann einnig taka fram að mikið af vörunum sem hann hafi selt til Aðfanga hafi verið niðursuðumatur og salernispappír sem renni seint út á líftíma. Því til viðbótar vill Jón Gerald benda á það að þegar hann hafi selt vörurnar frá Miami til Íslands hafi það verið á ábyrgð Aðfanga að selja vörurnar ekki hans, Aðföng hafi ekki verið með vörurnar í umboðssölu. Þetta hafi verið hrein vörukaup og ef Aðföngum hafi ekki í öllum tilvikum tekist að selja þær vörur sem fyrirtækið hafði pantað þá var það þeirra kostnaður en ekki Nordica Inc. Aldrei hafi verið gert neitt samkomulag um það að Nordica Inc bæri hallan af því ef vörurnar seldust ekki hjá verslunum í eigu Baugs hf. Hann ítrekar að hann kannast ekki við það að vörurnar frá Nordica Inc hafi runnið út á líftíma hjá Aðföngum nema í mjög litlu mæli.

Þá vill Jón Gerald einnig taka það fram að stærsti hluti þeirra vara sem hann sendi til Íslands hafi verið matvörur og á þeim séu litlar opinberar álögur, skattar og skyldur.

Jón Gerald vill ítreka að þessi stóri kreditreikningur sé alveg tilhæfulaus og hafi hann útbúið þennan kreditreikning að beiðni Tryggva. Kreditreikningurinn tengist á engan hátt viðskiptum Nordica Inc við Baug hf né önnur félög í eigu þess. Hann segir þennan kreditreikning ekki hafa verið færðan inn í bókhald Nordica Inc enda séu engin viðskipti á bakvið reikninginn. Að öðru leyti kveðst Jón Gerald vísa í fyrri framburð sinn varðandi þennan kreditreikning.

Jón Gerald afhendir frumrit kreditreikningsins, en reikningurinn fannst við vinnu rannsakara á skrifstofu Nordica Inc, utan við bókhaldið. Jón Gerald kveðst hafa eytt þessum reikningi úr reikningskerfi Nordica Inc og talið sig hafa hent frumritinu. Við þá miklu yfirferð rannsakara á skrifstofu Nordica Inc hafi reikningurinn fundist í gömlum skjalabunka á skrifstofunni sem ekki tengist bókhaldi félagsins. Jón Gerald segir því ljóst að hann hafi eftir allt ekki verið búinn að henda frumriti reikningsins heldur lagt hann til hliðar með öðrum ótengdum gögnum.

Klukkan 17:50 er gert hlé á yfirheyrslunni til morguns.
Mánudaginn 7. október 2002, klukkan 13:00 er yfirheyrslunni haldið áfram.

**Yifirlit varðandi greiðslur frá Gaumi ehf og Baugi hf.**
Undir Jón Gerald er borin samantekt endurskoðenda RLS, dagsett 30.09.2002, varðandi allar greiðslur Gaums ehf og Baugs hf sem bókfærðar hafa verið hjá þessum félögum sem greiðslur til Nordica Inc. Jón Gerald er spurður hvort hann kannist við þessar greiðslur og hvort hann geti staðfest það að hafa móttekið þær.

Jón Gerald kveðst ekki sjá annað en að á þessu yfirliti komi fram þær greiðslur sem hann hafi móttekið frá þessum félögum. Hann tekur þó fram að hann þyrfti að liggja miklu betur yfir þessu yfirliti til að stemma af hverja einustu fjárhæð. Almennt sé virðist þetta vera þær greiðslur sem hann hafi móttekið frá Gaumi og Baugi hf. Jón Gerald kveðst sjá það á þessu yfirliti að greiðslur sem hann hafi móttekið frá Bónus séu skráðar inn í bókhaldið hjá Gaumi hf. Hann segir að greiðslurnar fyrir árið 1997 hafi allar verið greiddar af Bónus en ekki Gaumi hf. Jón Gerald kveðst telja þessar greiðslur tengjast rekstri bátsins, VISA greiðslukorti hans hjá Gaumi hf, einstaka bifreiðaviðskiptum fyrir forsvarsmenn Gaums hf og greiðslur vegna American Express greiðslukorts Jóns Ásgeirs og Tryggva Jónssonar.

Jón Gerald kveðst ekki hafa haldið utan um þann kostnað sem varð til vegna VISA greiðslukortsins sem hann var með frá Gaumi. Hann kveðst sjá á þessu yfirliti að mikið af færslunum eru skráð sem VISA greiðslur. Jón Gerald segir að það geti verið greiðslur vegna kortanotkunar hans í nafni Gaums.

**Bifreiðaviðskipti Nordica Inc við forsvarsmenn Gaums hf.**
Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim bifreiðaviðskiptum sem hann hafi átt við forsvarsmenn Gaums hf síðustu misseri.

Jón Gerald kveðst allt frá árinu 1996 hafa haft milligöngu varðandi bifreiðakaup fyrir Jóhannes Jónsson, Jón Ásgeir Jóhannesson og jafnvel Kristínu Jóhannesdóttur, auk annara aðila. Þetta hafi verið tilfallandi viðskipti sem hann hafi sinnt að beiðni Jóhannesar eða Jóns Ásgeirs og segir Jón Gerald að hann hafi gert þetta af greiðasemi við þá feðga og í raun ekkert tekið í þóknanir fyrir þessa milligöngu sína. Í flestum tilvikum hafi verið um að ræða bifreiðar sem þeir feðgar ætluðu fyrir sig persónulega, eða fyrirtæki sín. Jón Gerald segir Jón Ásgeir strax í upphafi hafa lagt það fyrir varðandi þessi bifreiðakaup að Jón Gerald gæfi út tvo reikninga frá Nordica Inc varðandi þessi viðskipti. Til að skýra þetta nánar þá kveðst Jón Gerald hafa keypt þessar bifreiðar í nafni Nordica Inc og í beinu framhaldi af því hafi Jón Gerald "selt" þeim feðgum eða félögum í þeirra eigu bifreiðarnar.

Jón Gerald segir að í því sambandi hafi hann yfirleitt gefið út tvo reikninga, annan sem skráður var sem sölureikningur vegna bifreiðasölu Nordica Inc til þessara aðila. Hinn reikningurinn hafi alltaf verið lægri og verið efnislega rangur og gefið ranga mynd af því sem var að greiða. Samanlagt hafi sölureikningar Nordica Inc til þessara aðila numið kaupverði bifreiðanna. Þannig kveðst Jón Gerald hafa "selt" þeim bifreiðarnar sama verið og hann keypti þær.

Jón Gerald kveðst hafa keypt nokkurt magn bifreiða fyrir þá í gegnum tíðina, en hann eigi ekki öll gögn um þessi viðskipti lengur. Eitthvað af gögnunum kveðst hann hafa sent til Íslands til þeirra feðga á því tímabili sem viðskiptin áttu sér stað. Þannig eigi hann ekki gögn um allar þær bifreiðar sem hann hafi keypt fyrir þá feðga. Jón Gerald kveðst nú hafa afhent rannsökurum þau gögn sem hann eigi ennþá varðandi þessi bifreiðaviðskipti.

J. Mag



05467

**Bifreiðakaup þann 31. október 1997.**
Undir Jón Gerald eru borin skjöl sem hann afhenti rannsökurum úr bókhaldi Nordica Inc og varða kaup á GMC Yukon SLT bifreið, árgerð 1998 af bifreiðasölunni AZF Automotive group Inc. í Miami. Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þessum bifreiðaviðskiptum.

Jón Gerald kveðst hafa keypt þessa bifreið fyrir Jóhannes Jónsson. Hann segir bifreiðina hafa kostað 37.000,- USD og kveðst Jón Gerald hafa greitt fyrir bifreiðina með tveimur tékkum frá Nordica Inc. Fyrri tékkinn hafi verið að fjárhæð 10.000,- USD útgefinn þann 28. október 1997 sem innborgun á bifreiðina. Hann tekur það fram að á tékkanum megi sjá tilvísun í raðnúmer bifreiðarinnar sem endi á tölustöfunum 04115. Hann segir það hafa verið raðnúmer bifreiðarinnar sem til stóð að hann fengi afhenta vegna viðskiptanna.

Þegar hann hafi endanlega gengið frá kaupunum á þessari GMC Yukon SLT bifreið hafi hann hins vegar fengið aðra bifreið afhenta en upphaflega stóð til og telur hann það hafa tengst því að upphaflega bifreiðin hafi ekki verið útbúin eins og til stóð. Þegar hann hafi þann 31. október 1997 gengið frá kaupunum hafi hann greitt AZF automotive group Inc 27.000,- USD fyrir eftirstöðvarnar af kaupverði bifreiðarinnar og hafi það verið Yukon bifreið með raðnúmeri sem endar á tölustöfunum 04291.

Jón Gerald segir að eftir að hann hafi verið búinn að fá bifreiðina afhenta hafi hann sent hana með gámi til Íslands. Jón Gerald kveðst að beiðni Jóhannesar hafa gert tvo sölureikninga vegna þessarar bifreiðar. Annar reikningurinn hafi gefið til kynna sölu á þessari bifreið frá Nordica Inc til Íslands og hafi sá reikningur verið töluvert lægri en raunverulegt verð bifreiðarinnar var. Kveðst Jón Gerald telja að þann reikning hafi átt að nota við tollafgreiðslu bifreiðarinnar á Íslandi hann segir Jóhannes hafa rætt það við sig í síma hve hár sá reikningur ætti að vera og kveðst Jón Gerald hafa farið að óskum Jóhannesar. Hinn reikningurinn sem hann hafi gert í reikningskerfi Nordica Inc fyrir eftirstöðvum á söluverði bifreiðarinnar hafi verið töluvert lægri, en hann hafi efnislega verið rangur og tilhæfulaus, með almennum skýringum varðandi vöruviðskipti Nordica Inc við félög í eigu Jóhannesar Jónssonar. Jón Gerald kveðst ekki muna hvort hann hafi stílað reikningana á Bónus, Gaum eða einhvern annan aðila tengdan Jóhannesi. Hann kveðst ekki finna þessa sölureikninga Nordica Inc í dag, en telur víst að finna megi afrit annars þeirra hjá tollayfirvöldum á Íslandi, sem gefi til kynna að verð bifreiðarinnar sé töluvert lægra en það raunverulega var. Jón Gerald kveðst hafa fengið kaupverð bifreiðarinnar að fullu greitt með útgáfu þessara tveggja reikninga sem sendir voru til Íslands.

**Bifreiðakaup febrúar/mars 1998.**
Undir Jón Gerald eru borin skjöl sem hann afhenti rannsökurum úr bókhaldi Nordica Inc og varða kaup á Jeep Grand Cherokee bifreið, árgerð 1998 af bifreiðasölunni AZF Automotive group Inc. á Miami. Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þessum bifreiðaviðskiptum.

Jón Gerald kveðst hafa keypt þessa bifreið fyrir Jón Ásgeir Jóhannesson. Hann segir bifreiðina hafa kostað 37.845,- USD og kveðst Jón Gerald hafa greitt fyrir bifreiðina með tveimur tékkum frá Nordica Inc. Fyrri tékkinn hafi verið að fjárhæð 10.000,- USD útgefinn þann 28. febrúar 1998 sem innborgun á bifreiðina. Þegar hann hafi endanlega gengið frá kaupunum á þessari Jeep Grand Cherokee þann 3. mars 1998 hafi hann greitt AZF automotive group Inc 27.845,- USD fyrir eftirstöðvum kaupverðs bifreiðarinnar.

Jón Gerald segir að eftir að hann hafi fengið bifreiðina afhenta hafi hann sent hana með gámi til Íslands. Jón Gerald kveðst að beiðni Jóns Ásgeirs hafa gert tvo sölureikninga vegna þessarar bifreiðar. Annar reikningurinn hafi verið stílaður á Guðmund I. Hjartarson og sá reikningur gefið til kynna sölu á þessari bifreið frá Nordica Inc til Íslands. Reikningurinn hafið verið að fjárhæð 27.845,- USD eða töluvert lægri en raunverulegt verð bifreiðarinnar var og hafi hann skrá þá fjárhæð á reikninginn að beiðni Jóns Ásgeirs. Kveðst Jón Gerald telja að þann reikning hafi átt að nota við tollafgreiðslu bifreiðarinnar á



05468

Íslandi. Hinn reikningurinn sem hann hafi gert í reikningskerfi Nordica Inc fyrir eftirstöðvum á söluverði bifreiðarinnar hafi verið töluvert lægri, en hann hafi efnislega verið rangur og tilhæfulaus, með almennum skýringum varðandi vöruviðskipti Nordica Inc við félög í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Jón Gerald kveðst ekki muna hvort hann hafi stílað þann reikning á Bónus eða Gaum. Hann kveðst ekki finna þann sölureikning Nordica Inc í dag. Jón Gerald kveðst hafa fengið kaupverð bifreiðarinnar að fullu greitt með útgáfu þessara tveggja reikninga sem sendir voru til Íslands.

Aðspurður kveðst Jón Gerald ekki vita nákvæmlega ástæðu þess að Guðmundur I. Hjartarson var skráður sem móttakandi bifreiðarinnar á Íslandi, en það hafi verið gert að beiðni Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Jón Gerald segir þá Jón Ásgeir og Guðmund I. Hjartarson vera æskuvini og hafi Jón Ásgeir verið að nota Guðmund á einhvern hátt í þessum viðskiptum. Jón Gerald kveðst ekki vita betur en að Guðmundur hafi leyst bifreiðina út tolli fyrir Jón Ásgeir og kveðst Jón Gerald vita fyrir víst að Jón Ásgeir hafi verið eigandi þessar bifreiðar eða einhver félög í hans eigu og hann hafi verið umráðamaður hennar. Jón Gerald kveðst ekki vita betur en að Jón Ásgeir hafi verið skráður eigandi bifreiðarinnar á Íslandi eða einhver félög í hans eigu.

**Bifreiðakaup mars 1998.**
Undir Jón Gerald eru borin skjöl sem hann afhenti rannsökurum úr bókhaldi Nordica Inc og varða kaup á Dodge Durango SLT bifreið, árgerð 1998 af bifreiðasölunni AZF Automotive group Inc á Miami. Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þessum bifreiðaviðskiptum.

Jón Gerald kveðst hafa keypt þessa bifreið fyrir Jón Ásgeir Jóhannesson eða Gaum. Hann segir bifreiðina hafa kostað 35.848,- USD og kveðst Jón Gerald hafa greitt fyrir bifreiðina með tveimur tékkum frá Nordica Inc. Fyrri tékkinn hafi verið að fjárhæð 23.400,- USD útgefinn þann 3. mars 1998 sem innborgun á bifreiðina. Þegar hann hafi endanlega gengið frá kaupunum á þessari Dodge Durango bifreið þann 11. mars 1998 hafi hann greitt AZF automotive group Inc 12.448,- USD fyrir eftirstöðvunum á kaupverði bifreiðarinnar.

Jón Gerald segir að eftir að hann hafi fengið bifreiðina afhenta hafi hann sent hana með gámi til Íslands. Jón Gerald kveðst að beiðni Jóns Ásgeirs hafa gert tvo sölureikninga vegna þessarar bifreiðar. Annar reikningurinn hafi verið stílaður á Guðmund I. Hjartarson og sá reikningur gefið til kynna sölu á þessari bifreið frá Nordica Inc til Íslands. Reikningurinn hafið verið að fjárhæð 26.850,- USD eða töluvert lægri en raunverulegt verð bifreiðarinnar var og hafi það verið gert að beiðni Jóns Ásgeirs. Kveðst Jón Gerald telja að þann reikning hafi átt að nota við tollafgreiðslu bifreiðarinnar á Íslandi. Hinn reikningurinn sem hann hafi gert í reikningskerfi Nordica Inc fyrir eftirstöðvum á söluverði bifreiðarinnar hafi verið töluvert lægri, en hann hafi efnislega verið rangur og tilhæfulaus, með almennum skýringum varðandi vöruviðskipti Nordica Inc við félög í eigu þeirra feðga Jóhannesar Jónssnar og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Jón Gerald kveðst ekki muna hvort hann hafi stílað þann reikning á Bónus eða Gaum. Hann kveðst ekki finna þann sölureikning Nordica Inc í dag. Jón Gerald kveðst hafa fengið kaupverð bifreiðarinnar að fullu greitt með útgáfu þessara tveggja reikninga sem sendir voru til Íslands. Þá tekur hann það fram að þessi Dodge bifreið hafi verið send til Íslands í sömu sendingu og Jeep Grand Cherokee bifreiðin sem hann hafi keypt á sama tímabili og skýrt frá hér að ofan í skýrslunni.

Aðspurður kveðst Jón Gerald ekki vita nákvæmlega ástæðu þess að Guðmundur I. Hjartarson var skráður sem móttakandi bifreiðarinnar á Íslandi, en það hafi verið gert að beiðni Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Jón Gerald segir þá Jón Ásgeir og Guðmund I. Hjartarson vera æskuvini og hafi Jón Ásgeir verið að nota Guðmund á einhvern hátt í þessum viðskiptum. Jón Gerald kveðst ekki vita betur en að Guðmundur hafi leyst bifreiðina út tolli fyrir Jón Ásgeir og kveðst Jón Gerald vita fyrir víst að Jón Ásgeir eða Gaumur hafi verið eigandi þessar bifreiðar.

**Bifreiðakaup í október 1998.**
Undir Jón Gerald eru borin skjöl sem hann afhenti rannsökurum úr bókhaldi Nordica Inc og varða kaup á Grand Cherokee Limited bifreið, árgerð 1999 af bifreiðasölunni Colonial Jeep í Miami. Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þessum bifreiðaviðskiptum.

Jón Gerald kveðst hafa keypt þessa bifreið fyrir Jón Ásgeir Jóhannesson. Hann segir bifreiðina hafa kostað 37.000,- USD og kveðst Jón Gerald hafa greitt fyrir bifreiðina með í tvennu lagi. Hann hafi þann 13. október 1998 greitt inn á kaupverðið með American Express greiðslukortinu sínu, samtals 1.000,- USD. Hann kveðst svo hafa gengið frá kaupunum með greiðslu tékka frá Nordica Inc þann 19. október 1998 að fjárhæð 36.000,- USD fyrir eftirstöðvunum á kaupverði þessarar Grand Cherokee Limited bifreiðar.

Jón Gerald segir að eftir að hann hafi fengið bifreiðina afhenta hafi hann sent hana með gámi til Íslands. Jón Gerald kveðst að beiðni Jóns Ásgeirs hafa gert tvo sölureikninga vegna þessarar bifreiðar. Annar reikningurinn hafi verið stílaður á Bónus og merktur Jóni Ásgeiri og sá reikningur gefið til kynna sölu á þessari bifreið frá Nordica Inc til Íslands. Reikningurinn hafið verið að fjárhæð 29.875,- USD eða töluvert lægri en raunverulegt verð bifreiðarinnar var og kveðst Jón Gerald hafa gert það að beiðni Jóns Ásgeirs. Jón Gerald kveðst telja að þann reikning hafi átt að nota við tollafgreiðslu bifreiðarinnar á Íslandi. Hinn reikningurinn sem hann hafi gert í reikningskerfi Nordica Inc fyrir eftirstöðvum á söluverði bifreiðarinnar hafi verið töluvert lægri eða að fjárhæð 6.000,- USD og stílaður á Gaum hf og merktur Jóni Ásgeiri. Jón Gerald segir þann reikning hafa verið efnislega rangan og gefið til kynna ferðakostnað en ekki kostnað vegna kaupa á bifreiðinni. Jón Gerald kveðst eiga greiðslugögnin varðandi þessa bifreið og komi þar fram báðar þessar greiðslur sem hann móttók að frádregnum kostnaði við peningasendinguna. Jón Gerald kveðst hafa fengið kaupverð bifreiðarinnar að fullu greitt með útgáfu þessara tveggja reikninga sem sendir voru til Íslands.

**Bifreiðakaup í apríl 2000.**
Undir Jón Gerald eru borin skjöl sem hann afhenti rannsökurum úr bókhaldi Nordica Inc og varða kaup á tveimur bifreiðum, BMW X5 Sports Activity Vehicle, árgerð 2000 og Yukon XL SLT 2500, árgerð 2000 af bifreiðasölunni AZF automotors í Miami. Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þessum bifreiðaviðskiptum.

Jón Gerald kveðst hafa keypt þessar bifreiðar fyrir Jóhannes Jónsson og Kristínu Jóhannesdóttur að beiðni Jóhannesar. Hann segir BMW bifreiðina hafa kostað 56.800,- USD og sú bifreið hafi verið ætluð Kristínu og kveðst Jón Gerald hafa greitt fyrir bifreiðina með tveimur tékkum. Þann 20. apríl 2000 hafi hann greitt inn á kaupverðið með tékka að fjárhæð 20.000,- USD af tékkareikningi Nordica Inc. Hann kveðst svo hafa gengið frá kaupunum með greiðslu tékka frá Nordica Inc þann 12. maí 2000 að fjárhæð 36.800,- USD fyrir eftirstöðvunum á kaupverði þessarar BMW bifreiðar.

Varðandi Yukon XL bifreiðina þá segir Jón Gerald að sú bifreið hafi verið ætluð Jóhannesi Jónssyni og hafi bifreiðin kostað 42.000,- USD. Hann kveðst hafa greitt fyrir þá bifreið með tveimur tékkum. Þann 20. apríl 2000 hafi hann greitt inn á kaupverðið með tékka að fjárhæð 20.000,- USD af tékkareikningi Nordica Inc. Hann kveðst hafa gengið frá kaupunum með greiðslu tékka frá Nordica Inc þann 12. maí 2000 að fjárhæð 22.000,- USD sem hafi gerið greiðsla á eftirstöðvum kaupverðs þessarar Yukon bifreiðar.

Jón Gerald segir að eftir að hann hafi fengið bifreiðarnar afhentar hafi hann sent þær með flugi til Íslands ef hann muni það rétt, en ekki með skipi eins og hátturinn hafi verið með allar aðrar bifreiðar sem hann hafi keypt fyrir þá feðga Jón Gerald segir að eftir að hann hafi fengið bifreiðina afhenta hafi hann sent hana með gámi til Íslands, enda mikið legið við þar sem Kristín hafi viljað eiga fyrstu BMW X5 bifreiðina á Íslandi.

Jón Gerald kveðst hafa útbúið reikning frá Nordica Inc sem stílaður var á Kristínu Jóhannesdóttur og sá reikningur gefið til kynna sölu á þessari BMW bifreið frá Nordica Inc til Kristínar. Reikningurinn hafið verið að heildarfjárhæð 46.780,- USD eða töluvert lægri en raunverulegt verð bifreiðarinnar var. Kveðst Jón Gerald telja að þann reikning hafi Kristín ætlað að nota við tollafgreiðslu bifreiðarinnar á Íslandi.

Jón Gerald kveðst einnig hafa útbúið reikning frá Nordica Inc sem stílaður var á Jóhannes Jónsson og sá reikningur gefið til kynna sölu á þessari Yukon bifreið frá Nordica Inc til Jóhannesar. Reikningurinn hafið verið að heildarfjárhæð 34.850,- USD eða töluvert lægri en raunverulegt verð bifreiðarinnar var. Kveðst Jón Gerald telja að þann reikning hafi Jóhannes ætlað að nota við tollafgreiðslu bifreiðarinnar á Íslandi.

Jón Gerald kveðst hafa fengið þessa tvo reikninga greidda í einu lagi með greiðslu frá Gaumi að fjárhæð 81.630,- USD þann 13. apríl 2000. Hann segir að Jóhannes hafi óskað eftir því að reikningarnir vegna bifreiðanna yrðu lægri en raunverulegt verð þeirra var. Jón Gerald kveðst einnig hafa verið í samskiptum við Kristínu vegna þessara bifreiðakaupa og kveðst Jón Gerald þegar hafa afhent lögreglu tölvupóst frá hennar þar sem fram kemur ósk hennar um það á hvaða aðili eigi að stíla reikningana. Þar tali hún um að útbúnir verði reikningar í nafni hennar og Jóhannesar en að aukareikningurinn verð gefinn út á Gaum. Jón Gerald segir það hafa breyst og aukareikningurinn hafi verið gefinn út á Pönnu pizzur og kveðst hann ekki muna betur en að hann hafi fengið fyrirmæli um það frá Kristínu, frekar en Jóhannesi.

Jón Gerald kveðst samkvæmt þeim fyrirmælum sem hann hafi fengið útbúið reikning á Pönnu pizzur ehf fyrir eftirstöðvum kaupverðs þessarra tveggja bifreiða, samtals 23.970,- USD en inni í þeirri fjárhæð sé einnig flutningskostnaður vegna flutnings bifreiðanna sem hafi verið töluverður vegna þess að þeir voru fluttir með flugi frá New York til Íslands. Hann kveðst hafa útbúið þann reikning í reikningskerfi Nordica Inc eins og aðra reikninga Nordica Inc. Jón Gerald segir þann reikning hafa verið efnislega rangan og gefið til kynna ráðgjafaþjónustu hans fyrir Pönnu pizzur ehf, en ekki kostnað vegna kaupa á bifreiðunum. Hann tekur það fram að hann hafi aldrei átt nein viðskipti við Pönnu pizzur ehf og búi ekki yfir neinni sérfræðiþekkingu á því sviði. Því hafi hann enga burði til að veita Pönnu pizzum ehf þá þjónustu sem getið er á reikningnum. Hann kveðst hafa fengið þennan reikning greiddan frá Pönupizzum ehf þann 19. apríl 2000, samtals 23.970,- USD.

Jón Gerald kveðst eiga greiðslugögnin varðandi þessar bifreiðar og komi þar fram allar þær greiðslur sem hann móttók að frádregnum kostnaði við peningasendingarnar. Jón Gerald kveðst hafa fengið kaupverð bifreiðanna að fullu greitt með útgáfu þessara reikninga sem sendir voru til Íslands.

Jón Gerald er spurður hvort hann hafi eitthvað fleira um málið að segja á þessu stigi.

Jón Gerald kveðst ekkert fleira hafa um málið að segja, hann hafi skýrt frá öllum málavöxtum eftir bestu getu og hafi engu við framburð sinn að bæta.

Skýrslutöku lauk kl. 18 40



05471

Staðfest rétt eftir haft:

Jón Gerald Sullenberger

Skýrsluna skráði:

Sveinn I. Magnússon

Viðstaddur þegar Jón Gerald las yfir skýrsluna, játaði efni hennar rétt eftir haft og undirritaði hana:

Helgi Magnús Gunnarsson, lögl. fulltrúi.

IV/1.4

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN | **SKÝRSLA**<br>YFIRHEYRSLA<br>VITNI | **R L S** |
|---|---|---|

| Skýrslu gerir | Mál nr. |
|---|---|
| 9813 Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi | 006-2002-00086 |
| Staður og stund: Laugardagur 22. mars 2003 kl. 13:27 – Skrifstofa Ríkislögreglustjórans að Skúlagötu 21 | |
| Sakarefni: Ætluð brot á XVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og tollalögum nr. 55/1987 | |
| Vitni: Jón Gerald Sullenberger | Kennitala: 240664-2089 |
| Starf/staða: Rekur útflutningsfyrirtækið Nordica Inc. í Bandaríkjunum | Vinnusími: 305 639 2100 |
| Lögheimili: 832 Santiago Street, Coral Gables, Florida | Sími: 305 443 4204 |
| Dvalarstaður: | GSM-farsímanúmer í USA: 305 588 1800 |
| Kynnt tilefni yfirheyrslunnar, vitnaskylda og ábyrgð. | |

Jón Gerald Sullenberger er mættur til skýrslutöku á skrifstofu efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjórans. Jóni er kunnugt um tilefnið sem er vegna rannsóknar á kæru hans á hendur fyrirsvarsmönnum Baugs hf. og annarra félaga tengdu því, dagsettri hinn 25. ágúst 2002. Þau tilvik sem Jón er nú spurður um tengjast innflutningi á bifreiðum frá Bandaríkjunum á árunum 1997 til 2000.

Í skýrslutöku hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjórans er fram fór á Miami mánudaginn 7. október 2002 skýrði Jón Gerald frá því að hann hefði keypt bifreiðar fyrir þau Jóhannes Jónsson, Jón Ásgeir Jóhannesson og Kristínu Jóhannesdóttur. Lýsti hann því á þá leið að hann hefði keypt bifreiðar í Bandaríkjunum f. h. téðra á nafni Nordica Inc., en síðan gefið út lægri reikninga en námu kaupverði bifreiðanna, einnig á nafni Nordica Inc. Þeim lágu reikningum hefði síðan verið framvísað af innflytjanda til íslenskra tollyfirvalda við tollafgreiðslu bifreiðanna. Innflytjandi hefði þannig komist hjá því að greiða tilskilin aðflutningsgjöld til íslenskra tollyfirvalda eins og honum bar miðað við rétt kaupverð bifreiðanna. Reikningar hefðu síðan verið gefnir út af Nordica Inc. fyrir mismuninum, ýmist til Baugs hf. eða annarra tengdra félaga, en þeir reikningar hefðu ávallt verið rangir og tilhæfulausir. Jón Gerald sagði að þetta hefði ýmist verið gert að beiðni Jóhannesar Jónssonar, Jóns Ásgeirs Jóhannessonar eða Kristínar Jóhannesdóttur.

Jón Gerald verður nú yfirheyrður nánar um einstök tilvik, auk þess sem hann verður spurður um innflutning á bifreiðinni OD 090, en við skýrslutöku í Miami í Bandaríkjunum 7. október 2002 afhenti hann gögn um þá bifreið, án þess að verða yfirheyrður nánar um það tilvik.

Jóni Gerald er kynnt vitnaskyldan um að öllum sé skylt að mæta fyrir dóm í opinberu máli séu þeir til þess kvaddir, sbr. 1. mgr. 49. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Honum er kynnt vitnaábyrgðin sem er sú siðferðislega ábyrgð og refsiábyrgð sem hann kunni að baka sér með vísvitandi eða gáleysislega röngum framburði, sbr. 1. mgr. 59. gr. sömu laga.

Jóni er kunngjört um að honum sé óskylt að svara spurningu að viðlagðri vitnaábyrgð ef ætla má að svar við henni feli í sér játningu eða hlutdeild hans eða venslamanna hans í refsiverðri háttsemi, sbr. 51. gr. laga nr. 19/1991, en sú háttsemi sem til rannsóknar er þykir varða við XVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og tollalög nr. 55/1987. Enn fremur er brýnt fyrir Jóni að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kunni að skipta.

Aðspurður segist Jón Gerald skilja þau ákvæði réttarfarslaga er honum hafa verið gjörð kunn.

05473

**Innflutningur bifreiðarinnar BK 883 (Bifreiðakaup febrúar/mars 1998)**

Jóni er sýnd skýrsla hans hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjórans er tekin var af honum 6. og 7. október 2002 á Miami í Bandaríkjunum. Þar lýsti Jón m. a. því hvernig var staðið að kaupunum, útgáfu reikninga og innflutningi bifreiðarinnar.
- Skjal nr. IV/1.3

Jón er spurður hvort hann hafi einhverju við fyrri framburð sinn um tilvikið að bæta.

Svar:
Nei, þarna kemur allt fram.

Jóni er sýnd Sölunóta (Invoice nr. 960539) Zona Franca Automotores að upphæð USD 37.845 (39.245) vegna kaupa Nordica Inc. á bifreiðinni, dags. 26. febrúar 1998. Jón framvísaði téðri nótu úr bókhaldi Nordica Inc. í októbermánuði 2002 er tekin var skýrsla af honum í Miami í Bandaríkjunum. Samkvæmt nótunni virðist Unit Price bifreiðarinnar vera USD 37.845, en við það verð virðist leggjast ofan á USD 1.400 vegna service shipping and handling og því virðist heildarverð bifreiðarinnar vera USD 39.245. Samkvæmt þeim reikningi er Jón lagði fram úr bókhaldi Nordica Inc. og gefinn var út vegna þessara bílaviðskipta og framvísað til íslenskra tollyfirvalda var verð bifreiðarinnar sagt vera USD 27.845. Jón hefur nú þegar sagt að kaupverð bifreiðarinnar hafi verið USD 37.845.
- Skjal nr. IV/1.3, II/29.2.2, II/29.2.1 og II/29.1.1

Jón er spurður um skýringar á þeim mismun er hann segist hafa greitt fyrir bifreiðina, USD 37.845 og þess heildarkaupverðs sem gefið er upp á sölunótu Zona Franca Automotores, USD 39.245.

Svar:
Það sem þarna um ræðir er flutningskostnaður, en bílasalinn í Bandaríkjunum hefur keypt bifreiðina annars staðar frá. Í þessu tilviki þá hefur bílasalinn keypt bifreiðina í Ontario í Kanada og látið flytja hana til Norfolk í Bandaríkjunum.

Verð bifreiðarinnar var því USD 37.845 auk kostnaðar að fjárhæð USD 1.400. Í þessu sambandi vil ég vísa til þeirra reikningsyfirlita sem ég lagði fram úr bókhaldi mínu í októbermánuði 2002. Samkvæmt þeim yfirlitum eru tvær greiðslur tengdar kaupum á þessari bifreið, annars vegar að fjárhæð USD 9.912,20 og hins vegar að fjárhæð USD 2.148,57, en Bónus hefur lagt inn á reikning minn báðar þessar greiðslur. Samanlagt eru þessar greiðslur það verð sem greitt var fyrir bifreiðina auk greiðslu frá Guðmundi Inga Hjartarsyni að fjárhæð USD 27.820 en sú greiðsla kemur einnig fram á reikningsyfirlitinu.

Framburði mínum til staðfestingar vil ég leggja fram endurrit af greiðslustaðfestingu á greiðslu að fjárhæð USD 2.148,57. Ég hef að svo stöddu ekki endurrit af greiðslustaðfestingu greiðslunnar að fjárhæð USD 9.912,00 á takteinum. Í því sambandi vil ég vísa til greiðsluyfirlitsins frá Ready State Bank þar sem þetta kemur fram.

Það kann að vera að þær fjárhæðir, sem ég móttók og þeirra sem getið er á reikningum sem gefnir voru út, stemmi ekki nákvæmlega upp á dal. Ástæður þess má rekja til útlagðs kostnaðar við kaup á bifreiðunum. Þetta á við um þetta tilvik sem og önnur vegna bifreiðakaupa minna fyrir Jóhannes Jónsson og fjölskyldu.

**Innflutningur bifreiðarinnar UT 963 (Bifreiðakaup í mars 1998)**

Jóni er sýnd skýrsla hans hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjórans er tekin var af honum 6. og 7. október 2002 á Miami í Bandaríkjunum. Þar lýsti Jón m. a. því hvernig var staðið að kaupunum, útgáfu reikninga og innflutningi bifreiðarinnar.
- Skjal nr. IV/1.3

Jón er spurður hvort hann hafi einhverju við fyrri framburð sinn um tilvikið að bæta.

Svar:
Ég vil árétta minn fyrri framburð. Enn fremur vil ég leggja fram því til staðfestingar greiðsluyfirlit úr bókhaldi mínu þar sem fram kemur greiðsla frá Guðmundi Inga Hjartarsyni, dags. 4. mars 1998, að fjárhæð USD 27.820 en frá þeirri upphæð dregst bankakostnaður þannig að til mín rann greiðsla að fjárhæð USD 27.741. Einnig vil ég leggja fram endurrit af greiðslustaðfestingu að fjárhæð USD 8.495, en það er upphæð sem nam mismuninum.

Sölunótu vegna kaupa á bifreiðinni get ég hins vegar ekki lagt fram sökum þess að ég hef ekki getað aflað hennar.

Ég vil árétta að í þeim tilvikum sem nafn Guðmundar Inga Hjartarsonar kemur fram þá er um greiðslur frá Jóni Ásgeiri Jóhannessyni að ræða en nafn Guðmundar Inga var í þessu sambandi notað með þessum hætti.

---

**Innflutningur bifreiðarinnar PX 256 (Bifreiðakaup í október 1998)**

Jóni er sýnd skýrsla hans hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjórans er tekin var af honum 6. og 7. október 2002 á Miami í Bandaríkjunum. Þar lýsti Jón m. a. því hvernig var staðið að kaupunum, útgáfu reikninga og innflutningi bifreiðarinnar.
- Skjal nr. IV/1.3

Jón er spurður hvort hann hafi einhverju við fyrri framburð sinn um tilvikið að bæta.

Svar:
Nei, það hef ég ekki.

Jóni kynnt að samkvæmt fyrri framburði hans hjá Ríkislögreglustjóranum hafi komið fram að hann hafi, eftir að hafa fengið bifreiðina afhenta, sent hana með gámi til Íslands. Jóni er eru sýnd þau gögn er lögð voru fram af innflytjanda við tollafgreiðslu bifreiðarinnar; aðflutningsskýrslu, reikning Nordica Inc., afrit af símbréfi Alomar transport Inc., afriti af erlendu skráningar- og upprunavottorði (Certificate of Orgin for a Vehicle) frá Chrysler Mortors, tilkynningu Flugflutninga hf. og afriti af skýrslu Cargolux CV 7797 01NOV'98. Samkvæmt þessum gögnum verður ekki annað séð en að bifreiðin hafi verið flutt með flugi til Íslands frá Bandaríkjunum, nánar tiltekið frá New York.
- Skjal nr. IV/1.3, II/31.1, II/31.1.1, II/31.1.2, II/31.1.3, II/31.1.4 og II/31.1.5

Jón er spurður um afstöðu til þessa.

Svar:



05475

Þarna hefur mig greinilega misminnt um að ég hafi sent bifreiðina með gámi til Íslands. Það er alveg ljóst að þessi bifreið hefur samkvæmt þessum gögnum verið flutt með flugvél og staðfestist skv. reikningum úr bókhaldi mínu er ég lagði fram.

---

**Innflutningur bifreiðanna KY 293 og KY 835 (Bifreiðakaup í apríl 2000)**

Jóni er sýnd skýrsla hans hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjórans er tekin var af honum 6. og 7. október 2002 á Miami í Bandaríkjunum. Þar lýsti Jón m. a. því hvernig var staðið að kaupunum, útgáfu reikninga og innflutningi bifreiðanna.
- Skjal nr. IV/1.3

Jón er spurður hvort hann hafi einhverju við fyrri framburð sinn um tilvikið að bæta.

Svar:
Nei, það hef ég ekki.

Jóni er sýnd Sölunóta (Invoice nr. 961638) Zona Franca Automotores að upphæð USD 42.000 (43.400) vegna kaupa Nordica Inc. á bifreiðinni, dags. 17. maí 2000. Jón framvísaði téðri nótu umbeðinn hinn 14. mars 2003. Samkvæmt nótunni virðist Unit Price bifreiðarinnar vera USD 42.000, en við það verð virðist leggjast ofan á USD 1.400 vegna service shipping and handling og því virðist heildarverð bifreiðarinnar vera USD 43.400. Samkvæmt þeim reikningi er Jón lagði fram úr bókhaldi Nordica Inc. og gefinn var út vegna þessara bílaviðskipta og framvísað til íslenskra tollyfirvalda var verð bifreiðarinnar sagt vera USD 34.850. Jón hefur nú þegar greint frá því að kaupverð bifreiðarinnar hafi verið USD 42.000.
- Skjal nr. IV/1.3, II/32.1.1, II/32.3.2 og II/32.6.1

Jón er spurður um skýringar á þeim mismun er hann segist hafa greitt fyrir bifreiðina, USD 42.000 og þess heildarkaupverðs sem gefið er upp á sölunótu Zona Franca Automotores, USD 43.400.

Svar:
Það sem þarna um ræðir er flutningskostnaður, en bílasalinn í Bandaríkjunum hefur keypt bifreiðina annars staðar frá. Í þessu tilviki þá held ég að bílasalinn hafi keypt bifreiðina í Kanada og látið flytja hana til New York í Bandaríkjunum. Verð bifreiðarinnar var því USD 42.000 auk flutningskostnaðar að fjárhæð USD 1.400 eða samtals USD 43.400.

Jóni er sýnd Sölunóta (Invoice nr. 961637) Zona Franca Automotores að upphæð USD 56.800 (58.200) vegna kaupa Nordica Inc. á bifreiðinni, dags. 17. maí 2000. Jón framvísaði téðri nótu umbeðinn hinn 14. mars 2003. Samkvæmt nótunni virðist Unit Price bifreiðarinnar vera USD 56.800, en við það verð virðist leggjast ofan á USD 1.400 vegna service shipping and handling og því virðist heildarverð bifreiðarinnar vera USD 58.200. Samkvæmt þeim reikningi er Jón lagði fram úr bókhaldi Nordica Inc. og gefinn var út vegna þessara bílaviðskipta og framvísað til íslenskra tollyfirvalda var verð bifreiðarinnar sagt vera USD 46.780. Jón hefur nú þegar greint frá því að kaupverð bifreiðarinnar hafi verið USD 56.800.
- Skjal nr. IV/1.3, II/32.2.1, II/32.3.1 og II/32.6.2

Jón er spurður um skýringar á þeim mismun er hann segist hafa greitt fyrir bifreiðina, USD 56.800 og þess heildarkaupverðs sem gefið er upp á sölunótu Zona Franca Automotores, USD 58.200.

Svar:
Það sem þarna um ræðir er flutningskostnaður, en bílasalinn í Bandaríkjunum hefur keypt bifreiðina annars staðar frá. Í þessu tilviki þá held ég að bílasalinn hafi keypt bifreiðina í Kanada og látið flytja hana



05476

til New York í Bandaríkjunum. Verð bifreiðarinnar var því USD 56.800 auk kostnaðar að fjárhæð USD 1.400 eða samtals USD 58.200.

Jóni er kunngjört að hann hafi nú þegar skýrt svo frá að hann hafi gefið út reikninga á bifreiðarinar KY 293 og KY 835. Reikning að fjárhæð USD 34.850 fyrir bifreiðina KY 293 og reikning að fjárhæð USD 46.780 fyrir bifreiðina KY 835 eða samanlagt að fjárhæð USD 81.630. Hafi hann skýrt svo frá að kaupverð bifreiðarinnar KY 293 hafi verið USD 42.000 auk USD 1.400 vegna kostnaðar og KY 835 hafi verið USD 56.000 auk USD 1.400 vegna kostnaðar eða samanlagt USD 101.600. Enn fremur hafi hann skýrt svo frá að hann hafi gefið út reikning fyrir mismuninum, að fjárhæð USD 23.970 – stílaðan á Pönnu pizzur ehf., sem geri kaupverð bifreiðanna skv. bókhaldi hans samanlagt USD 105.600.
- Skjal nr. IV/1.3, II/32.3.1, II/32.3.2 og II/32.3.3

Jón er spurður hvers vegna mismunur að fjárhæð USD 4.000 sé á því kaupverði sem hann segist hafa greitt fyrir bifreiðarnar og skv. þeim gögnum er hann hafi framvísað úr bókhaldi Nordica Inc.

Svar:
Þetta er kostnaður vegna kaupa á bifreiðunum en því fylgdi allnokkur vinna, sérstaklega í þessu tilviki þar sem mikið lá á að fá bifreiðarnar til landsins.

Jón er spurður hvort hann hafi átt einhver samskipti við fyrirsvarsmenn Pönnu pizza ehf. vegna þess reiknings er hann hafi gefið út á félagið að fjárhæð USD 23.970.

Svar:
Nei, það voru engin samskipti, en mér var ekki kunnugt um hverjir fyrirsvarsmenn þess félags voru. Mér er þó kunnugt um að félagið var í eigu Jóhannesar Jónssonar og fjölskyldu. Eina ástæðan fyrir því að ég gaf út reikning á Pönnu pizzur ehf. var vegna tilmæla frá Kristínu Jóhannesdóttur um að svo skyldi gjört. Í upphafi átti reyndar að gefa út reiking á Gaum ehf. en því síðan breytt. Kristín sá alfarið um það.

Ég vil árétta að það lágu engin viðskipti að baki þess reiknings sem Nordica Inc. gaf út á félagið Pönnu pizzur ehf.

---

**Innflutningur bifreiðarinnar OD 090 (Bifreiðakaup 1999)**

Jóni eru sýnd þau skjöl er hann lagði fram við yfirheyrslu í Miami í Bandaríkjunum 6. og 7. október 2002. Téð gögn lagði hann fram úr bókhaldi Nordica Inc., en þau varða kaup hans á Jeep Grand Cherokee af bílsölunni AZF Automotors í Miami. Jón var ekki yfirheyrður um þessa bifreið í umrætt sinn, en verður yfirheyrður um hana nú.
- Skjal nr. II/33.2.1, II/33.2.2, II/33.2.3, II/33.2.4, II/33.2.5, II/33.2.6, II/33.2.7, II/33.2.8, II/33.2.9, II/33.2.10, II/33.2.11 og II/33.2.12

Jón er beðinn um að skýra sjálfstætt frá því hvernig staðið var að bifreiðaviðskiptum með bifreiðina OD 090.

Svar:
Þessi bifreið var keypt fyrir Jón Ásgeir Jóhannesson en ég keypti bifreiðina af bandarísku bílasölunni Zona Franca Automotores. Bifreiðin kostaði USD 33.000, auk kostnaðar að fjárhæð USD 1.400 eða samtals USD 34.400. Ég greiddi fyrir þessa bifreið með tveimur tékkum, öðrum að fjárhæð fjárhæð USD 10.000, útgefnum hinn 27. september 1999, en sú greiðsla var innborgun inn á bifreiðina, en hinum að fjárhæð USD 23.000, útgefnum hinn 3. október 1999, en með útgáfu þess tékka greiddi ég að fullu bifreiðina.



05477

Ég sendi reikning, útgefnum af Nordica Inc., og greiðslufyrirspurn til Baugs hinn 23. sept... reikningur var á fjárhæð USD 27.600. Baugur greiddi síðan Nordica Inc. fyrir þann reikning hinn... september með greiðslu að fjárhæð USD 27.600. Hinn 28. september 1999 útbjó ég reikning á Baug vegna mismunarins, að fjárhæð USD 7.600. Sá reikningur var einnig gefinn út af Nordica Inc., en hann var rangur og tilhæfulaus með skýringum á kostnaði vegna markaðssetningar o. fl. Ég fékk kaupverð bifreiðarinnar að fullu greitt með þessum tveimur greiðslum.

Mér var kunnugt um að að reikninginn að fjárhæð USD 27.600 átti að framvísa til íslenskra tollyfirvalda, gagngert til að Jón Ásgeir þyrfti að greiða lægri fjárhæð til íslenskra tollyfirvalda en honum bar skv. réttu kaupverði.

Bifreiðin var keypt í Kananda, flutt til Norfolk í Bandaríkjunum og síðan flutt með gámi til Íslands.

Framburði mínun til staðfestingar vil ég framvísa úr bókhaldi mínu staðfestingum á greiðslum þeim sem um ræðir.

---

**Innflutningur bifreiðarinnar DP 709 (Bifreiðakaup 31. október 1997)**

Jóni er sýnd skýrsla hans hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjórans er tekin var af honum 6. og 7. október 2002 á Miami í Bandaríkjunum. Þar lýsti Jón m. a. því hvernig var staðið að kaupunum, útgáfu reikninga og innflutningi bifreiðanna.
- Skjal nr. IV/1.3

Jón er spurður hvort hann hafi einhverju við fyrri framburð sinn um tilvikið að bæta.

Svar:
Ég vil bæta því að bifreiðin var flutt inn á nafni Guðmundar Inga Hjartarsonar, en það var gjört að beiðni Jóns Ásgeirs Jóhannessonar. Hinn 4. nóvember 1997 lagði Guðmundur Ingi inn á reikning Nordica Inc. USD 29.850, sem var andvirði reikningsins er ég gaf út og framvísað til íslenskra tollyfirvalda. Reikningur vegna mismunarins að fjárhæð USD 8.600 var síðan greiddur 12. nóvember 1997 af Bónus, en Jóhannes Jónsson annaðist þá greiðslu.

Framburði mínum til áréttingar vil ég leggja fram úr bókhaldi Norcida Inc. endurrit af reikningsyfirliti þar sem fram koma millifærslur á þeim greiðslum er bárust mér vegna þessara bifreiðakaupa.

Það vantar hinn tilhæfulausa reikning en ég hef ekki fundið hann í bókhaldi mínu. Sá reikningur á hins vegar að vera til í bókhaldi hjá Bónus.

Jón er spurður að lokum hvort hann vilji taka eitthvað fram.

Svar:
Ég vil áskilja mér þeim rétti að koma að frekari gögnum vegna málsins, ef ske kynni að ég mundi finna önnur gögn en þau sem ég hef þegar lagt fram.



05478

Jón hefur lesið skýrsluna yfir. Hann telur hana rétta og engu við að bæta.

Skýrslu lokið laugardaginn 22. mars 2003 kl. 17:30

Staðfest rétt

Jón Gerald Sullenberger

Skýrslu gerir

Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi

Vætti, viðstaddur skýrslutöku,

Sveinn Ingiberg Magnússon



05479

IV/1.5

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN | SKÝRSLA<br>YFIRHEYRSLA | R L S |
|---|---|---|

| | |
|---|---|
| Skýrslu gerir: Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi | Mál nr.: |
| Staður og stund: Reykjavík - Sunnudaginn 23. mars 2003. Klukkan 10:30. | |
| Sakarefni: Ætlaður fjárdráttur – umboðssvik | |
| Aðili: Jón Gerald Sullenberger | Kennitala: 240664-2089 |
| Starf/staða: Rekur útflutningsfyrirtækið Nordica Inc. í Bandaríkjunum | Vinnusími: 305-639-2100 |
| Lögheimili: 832 Santiago Street, Coral Gables, Florida | Sími: 305-443-4204 |
| Dvalarstaður: (Gullsmári 10, Kópavogi GSM: 897-6405) | Sími: GSM USA: 305-588-1800 |

Jón Gerald er mættur til skýrslutöku samkvæmt boðun. Honum er kunnugt um ástæðu skýrslutökunnar sem varðar viðskipti hans og fyrirtækis hans Nordica Inc. við Baug-Group hf. og greiðslur sem hann hefur móttekið fyrir hönd Nordica Inc frá Baugi hf.

Fyrir Jóni Geraldi er brýnd vitnaskylda og vitnaábyrgð, auk þess sem hann er áminntur um sannsögli. Þá er Jóni Gerald einnig kynnt ákvæði 51. gr. laga nr. 19/1991, þess efnis að hann þurfi ekki að tjá sig um þau atriði sem gætu skapað honum refisábyrgð.

Jón Gerald kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og vera reiðubúinn að tjá sig um málið.

**Reikningar Nordica Inc stílaðir á Baug.**

Undir Jón Gerald verða nú bornir þeir reikningar Nordica Inc. sem rannsókn málsins varðar. Hann er beðinn um að gera grein fyrir þessum reikningum og þeim viðskiptum sem þeir byggja á. Honum er jafnframt kynnt að þessir reikningar hafi allir verið gjaldfærðir í bókhaldi Baugs-Group hf.

1.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 99064, sem dagsettur er þann 30.04.1999 að fjárhæð USD. 25.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Research and survey work for marketing in Florida area on supermarkets, warehouses and strip malls"

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald segir að hann hafi gefið út þennan reikning á þeim tíma þegar verið var að selja Viking II og ganga frá kaupunum á Thee Viking. Til að skýra þetta nánar þá segir Jón Gerald að ákveðið hafi verið að greiða upp þá lán sem hvíldi á Viking II en það hafi verið lán frá Key Bank sem tekið var þann 3. júlí 1997 að fjárhæð USD. 273.497,25. Jón Gerald segir að uppgreiðsluverð lánsins í apríl 1999 hafi verið um USD 165.000. Hann segir þá feðga hafa ætlað að sjá um að greiða upp það lán. Þannig kveðst Jón Gerald hafa fengið USD 139.980,- frá Gaumi ehf og mismunurinn hafi átt að koma frá Baugi hf. Jón Gerald kveðst hafa gert Gaumi hf reikning að fjárhæð USD 140.000,- vegna uppgreiðslu lánsins og greiðslan frá Gaumi hafi verið USD 139.980,- þegar búið var að draga bankakostnað af símgreiðslunni. Varðandi þá greiðslu sem átti að berast frá Baugi hf vegna uppgreiðslu lánsins, þá kveðst Jón Gerald hafa fengið fyrirmæli um það frá Tryggva að útbúa þennan reikning að fjárhæð USD 25.000,- og láta líta svo út sem Baugur hf væri að greiða Nordica Inc fyrir markaðsrannsóknir og eitthvað þá veru. Jón Gerald kveðst hafa útbúið reikninginn eftir forskrift Tryggva Jónssonar. Þannig hafi Tryggvi gefið upp þann texta sem átti að skrá á reikninginn, en fjárhæð reikningsins hafi verið ákveðin af Jóni Ásgeiri og Tryggva og snérist um það hve stóran hluta af uppgreiðsluverði lánsins Baugur hf myndi borga.

05480

Jón Gerald kveðst því hafa útbúið þennan reikning þann 30.04.1999 og sent á Baug hf. Hann kveðst hafa móttekið greiðslu frá Baugi vegna þessa reiknings þann 11.05.1999 inn á bankareiking Nordica Inc hjá Union Planters Bank.

Jón Gerald er spurður að ástæðu þess að hann gerði ekki grein fyrir þessum reikningi við upphaf rannsóknarinnar í ágúst 2002.

Jón Gerald segir að honum hafi greinilega yfirsést þessi reikningur þegar hann hafi unnið að því að taka saman alla þá reikninga sem vörðuðu bátaviðskiptin. Það sé hins vegar alveg ljóst að þessi reikningur varði bátaviðskiptin.

Jóni Gerald er kynnt að þessi reikningur hafi verið borinn undir Tryggva Jónsson við yfirheyrslu hjá lögreglu þann 10.03.2003. Þá hafi Tryggvi gefið þá skýringu á reikningnum, eftir því sem hann best rak minni til, að reikningurinn varðaði vinnu Jóns Gerald Sullenberger fyrir Baug, en Jón Gerald hafi á þessum tíma unnið að því að finna staðsetningar fyrir Bónus Dollar Stores verslanir í Flórída.

Jón Gerald segir þær skýringar Tryggva vera rangar. Jón Gerald tekur það fram að hann hafi aldrei unnið að því fyrir Baug að finna staðsetningar fyrir Bónus Dollar Stores verslanir í Flórída. Hann segir að þessum Bónus Dollar Stores verslunum hafi verið fundinn staður í nágrenni Orlando en ekki suður Flórída eða Miami þar sem Jón Gerald þekki best til. Hann segir Jim Schafer og hans fólk hafa séð um það að finna staðsetningar fyrir Bónus Dollar Stores verslanir í Flórída. Jón Gerald kveðst ekki vita betur en að fasteignasali í Flórída, sem sérhæfi sig í að finna staðsetningar fyrir verslanir, hafi verið í fullri vinnu fyrir Baug hf og Bónus Dollar Stores varðandi þessi mál.

Aðspurður segir Jón Gerald að Jim Schafer geti staðfest það að Jón Gerald hafi ekki unnið við það að finna staðsetningar fyrir Bónus Dollar Stores í Flórída.

2.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. #00, sem dagsettur er þann 18.01.2000 að fjárhæð USD. 8.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann kveðst hafa útbúið reikninginn eftir forskrift Tryggva Jónssonar. Jón Gerald segir að hér sé um að ræða fyrstu föstu mánaðalegu greiðsluna sem Baugur hf hafi greitt vegna afborgana og rekstrar bátsins Thee Viking. Hann segir forsöguna á bak við þessar föstu mánaðalegu greiðslur hafa komið fram í fyrri framburðum hans. Jón Gerald segir að á þessum tíma hafi kostnaðaráætlun varðandi rekstur bátsins ekki legið endanlega fyrir og því hafi, hann, Tryggi og Jón Ásgeir áætlað að hlutdeild Baugs í kostnaðinum yrði USD 8.000.- á mánuði.

3.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 10, sem dagsettur er þann 02.02.2000 að fjárhæð USD. 9.250.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work". Auk þess "Hotel and travel exp. for January 2000."

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann segir þetta vera framhald af þessum mánaðlegu reikningum sem hann útbjó í nafni Nordica Inc og stílaði á Baug hf vegna rekstrar bátsins Thee Viking.



05481

Þannig segir hann að USD 8.000, - af fjárhæð reikningsins varði föstu mánaðalegu greiðslu Baugs hf vegna bátsins.

Sá hluti reikningsins sem varðar hótel og ferðakostnað í janúar að fjárhæð USD 1.250.- segir Jón Gerald að sé greiðsla til Miramar Associates Limited. Hann segir að á þessum tíma hafi Tryggvi og Jón Ásgeir viljað að eignahluti feðganna í bátnum yrði færður yfir á félagið Mimarmar. Jón Gerald kveðst telja að þessi greiðsla sé ársgjald sem greiða þurfti til KPMG í Bahamas til að viðhalda rekstri félagsins Miramar. Þessu til staðfestingar leggur Jón Gerald fram greiðsluyfirlit frá Uion Planters Bank frá 27. janúar 2000, en á því yfirliti kemur fram að hann hafi greitt USD 1.170,- inn á bankareikning KPMG í Bahamas vegna Miramar. Jón Gerald segir að mismunurinn á fjárhæð reikningsins sem hann stílaði á Baug hf að fjárhæð USD 1.250 og fjárhæðinni sem hann símsendi inn á reikning KPMG í Bahamas sé bankakostnaður vegna símgreiðslanna beggja, þ.e. bæði kostnaður við símgreiðsluna frá Baugi til hans og kostnaður vegna símgreiðslunnar frá Nordica Inc til KPMG á Bahamas, samtals um USD 80.

Varðandi textann á reikningnum sem hann sendi á Baug hf sem gefur til kynna að um sé að ræða hótel og ferðakostnað í janúar 2000, þá segir Jón Gerald að það hafi verið gert samkvæmt fyrirmælum frá Tryggva Jónssyni. Tryggi hafi óskað eftir því að þessi kostnaður yrði skýrður sem ferðakostnaður. Þetta hafi hins vegar ekki verið neinn ferðakostnaður, hvorki ferðakostnaður Tryggva, Jóns Ásgeir né nokkurs annars á vegum Baugs hf. Þá kveðst Jón Gerald ekki hafa verið að innheimta eigin ferðakostnað með þessum reikningi.

Jón Gerald leggur fram greiðsluyfirlitið frá Union Planters Bank máli sínu til stuðnings.

Jóni Geraldi er kynntur framburður Tryggva Jónssonar varðandi þennan ferðakostnað en hann telji þetta helst geta varðað ferðakostnað hans sjálfs, Jóns Ásgeirs eða Jóns Geralds. Jón Gerald er beðinn um að taka afstöðu til þess.

Jón Gerald segir framburð Tryggva varðandi það ekki eiga við rök að styðjast. Ekki hafi verið um ferðakostnað að ræða.

Þá er Jóni Geraldi kynntur framburður Tryggva varðandi þann hluta reikningsins sem varðar USD. 8.0000,- og segir hann það vera tilkomið vegna samnings sem Baugur gerði við Jón Gerald um fastar mánaðalegar greiðslur, fyrst 8.000 dollarar og síðar 12.000, sem hafi verið hugsuð sem nokkurs konar laun eða verktakagreiðslur til Jóns Geralds. Þessar greiðslur hafi átt að vera ígildi launagreiðslna til Jóns Geralds, sökum þess að Nordica Inc gat ekki staðið undir launagreiðslum til hans vegna taprekstturs á þessum tíma.

Jón Gerald segir þetta vera rangt. Hann hafi ekki fengið neinar fastar greiðslur frá Baugi sem ígildi launagreiðslna. Aldrei hafi verið gerður neinn samningur við hann um fastar mánaðalegar greiðslur til hans sem launa eða verktakagreiðslur. Þessar föstu mánaðalegu greiðslur hafi verið vegna bátsins, eins og komið hafi fram.

4.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 14, sem dagsettur er þann 23.03.2000 að fjárhæð USD. 10.100.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er “Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work”. Auk þess “Travel and transportation services for March 2000.”

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald segir þann hluta reikningsins sem varði greiðslu á USD. 8.000,- vera föstu mánaðalegu greiðsluna frá Baugi hf vegna bátsins Thee Viking, eins og komið hafi fram.



05482

Varðandi þann hluta reikningsins sem varðar ferðakostnað, þ.e. "Travel and transportation services for March 2000." Samtals að fjárhæð USD. 2.100,- þá segir Jón Gerald að það varði greiðslu til skipstjórans Brian Newton. Jón Gerald segir að á þessum tíma hafi verið Jóhannes Jónsson og Jónína Benediktsdóttir komið til Miami og dvalið á bátnum í tengslum við afmæli Jónínu. Jón Gerald kveðst sjálfur hafa verið upptekinn á þessum tíma og því ráðið skipstjórann Brian Newton til að sigla bátnum fyrir þau. Hann segir að skipstjórinn hafi rukkað fyrir þá þjónustu samtals USD. 2.100,-. Því til staðfestingar leggur Jón Gerald fram ljósrit af tékka sem hann hafi greitt til Brian Newton þann 22.03.2000 að fjárhæð USD. 2.100,-. Um er að ræða tékka nr. 3838 frá Union Planters Bank.

Jón Gerald segir Jóhannes hafa óskað eftir því að sendur yrði reikningur á Baug hf. vegna þessa kostnaðar varðandi skipstjórann. Jón Gerald kveðst því hafa gert það með þessum hætti og skráð sem ferðakostnað, þ.e. "Travel and transportation services for Marc 2000". Þannig sé þetta í raun ekki ferða kostnaður vegna ferðar í þágu Baugs hf, heldur kostnaður tengdur ferð þeirra Jóhannesar og Jónínu vegna afmælis hennar.

Jón Gerald leggur fram ljósrit tékkans sem hann hafi skýrt frá, máli sínu til stuðnings.

Jóni Geraldi er kynntur framburður Tryggva Jónssonar varðandi þennan ferðakostnað en hann telji þetta helst geta varðað ferðakostnað hans sjálfs, Jóns Ásgeirs eða Jóns Geralds. Jón Gerald er beðinn um að taka afstöðu til þess.

Jón Gerald segir framburð Tryggva varðandi það ekki eiga við rök að styðjast. Ekki hafi verið um ferðakostnað að ræða sem varðaði Baug á nokkurn hátt.

5.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 23, sem dagsettur er þann 12.04.2000 að fjárhæð USD. 8.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald vísar í fyrra svar sitt vegna reiknings sem dagsettur er þann 18.01.2000. Sömu skýringar eigi við þennan reikning. Hann kveðst reyndar sjá það að á reikningnum komi einnig fyrir dagsetningin 27.01.2000, en sú dagseting eigi ekki við þennan reikning.

6.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 48, sem dagsettur er þann 05.05.2000 að fjárhæð USD. 8.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald vísar í fyrri svör sín varðandi föstu mánaðalegu reikningana, sömu skýringar eigi við þennan reikning.

7.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 52, sem dagsettur er þann 23.05.2000 að fjárhæð USD. 139.178,40 og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Warehouse and receiving/stuffing containers to Adfong from 01 August 1999 to 01 March 2000".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald segir að þessi reikningur hafi verið útbúinn eftir fund hans og Jóhönnu Guðmundsdóttur með Tryggva Jónssyni á Daytona í Flórída. Jón Gerald segir að þar hafi verið ákveðið að Baugur hf. myndi greiða til Nordica Inc USD. 80.000,- vegna taprekstrar ársins 1999. Einnig hafi verið ákveðið að Baugur greiddi söluskattinn vegna kaupanna á bátnum Thee Viking sem kominn var á gjalddaga, samtals USD 39.178,40. Því til viðbótar hafi verið ákveðið að Baugur hf greiddi árstryggingar vegna bátsins Thee Viking, samtals USD 7.705,-. Ofan á þetta hafi svo bæst við kostnaður vegna vinnu Brian Newton skipstjóra við að sigla með þá feðga eða fólk á þeirra vegum í maí 2000, samtals USD. 6.400,- einnig lögfræðikostnaður vegna kaupanna á bátnum, samtals um USD 4.172,- og annar tilfallandi kostnaður vegna bátsins.

Í þessu sambandi hafi verið ákveðið að Nordica Inc gæfi út reikning á Baug hf að fjárhæð USD. 139.178,40 með þessum texta sem Jón Gerald segir Trygga Jónsson hafi samið. Af þeirri fjárhæð hafi USD 80.000, verið ráðstafað til Nordica Inc vegna taprekstrar ársins 1999. USD 39.178,40 hafi verið ráðstafað til að greiða söluskatt vegna kaupanna á bátnum, en eftirstöðvunum og þessari greiðslu frá Baugi hf, samtals USD 20.000,- hafi verið ráðstafað í rekstur bátsins Thee Viking að öðru leyti.

Jón Gerald leggur fram ljósrit tékka vegna greiðslu þess kostnaðar sem hann hafi skilgreint hér að ofan, þ.e. vegna greiðslu söluskattsins, greiðslu trygginga, greiðslu til Brian Newton og greiðslu lögfræðikostnaðar vegna bátsins.

Jón Gerald er kynntur framburður Tryggva Jónssonar varðandi þennan reikning. Tryggvi segir þennan reikning varða tækjakaup fyrir vöruhús Nordica Inc, hugsanlega merkingarvélar varðandi innihaldsmerkingar á vörum sem sendar voru til Íslands. Jón Gerald er beðinn um að taka afstöðu til þess framburðar.

Jón Gerald segir þennan framburð Tryggva vera rangan. Ekki hafi verið um að ræða tækjakaup fyrir vöruhús Nordica Inc, eða merkingarvélar. Þessi reikningur hafi á engan hátt tengst kaupum á merkjavélum, enda hafi Baugur ekki greitt þær vélar. Jón Gerald kveðst ekki muna betur en að þessi merkingarvél sem Tryggvi sé að vísa til hafi kostað í kringum USD. 8.000,-. Þannig sé ómögulegt að reikningurinn hafi varðað þau viðskipti.

Því til staðfestingar leggur Jón Gerald fram tölvupóstsamskipti sem hann kveðst hafa átt við Árna Pétur Jónsson, framkvæmdastjóra matvörusviðs Baugs hf, þann 27.02.2000 – 01.03.2000. Í þeim samskiptum komi fram að Baugur kaupi hugsanlega vörumerkingartækin af Nordica Inc. Ekkert hafi hins vegar orðið af þeim áætlunum.

Gert er matarhlé klukkan 13:40.
Skýrslutöku haldið áfram klukkan 14:15.

8.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 61, sem dagsettur er þann 07.06.2000 að fjárhæð USD. 8.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald vísar í fyrri svör sín varðandi þessar föstu mánaðalegu greiðslur vegna bátsins. Sömu skýringar eigi við þennan reikning.

9.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 71, sem dagsettur er þann 01.07.2000 að fjárhæð USD. 12.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Reserch and survey work for marketing in Florida area on supermarkets warehouses and strip malls".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald segir að á þessum tíma í júlí 2000 hafi legið fyrir hálfs árs uppgjör ársins 2000 varðandi rekstur bátsins Thee Viking. Í því uppgjöri hafi komið í ljós að USD. 8.000,- sem rekstrarframlag frá þeim feðgum sem greitt var úr sjóðum Baugs hf. hafi ekki dugað til að ná endum saman varðandi rekstur bátsins. Jón Gerald kveðst hafa átt fund með þeim Jóni Ásgeiri og Tryggva varðandi hálfs árs uppgjör Thee Viking og hafi sá fundur átt sér stað í höfðustöðvum Baugs hf í Skútuvogi. Á þeim fundi hafi verið ákveðið að hækka mánaðalegt framlag feðganna í rekstur bátsins í USD. 12.000,-. Jón Gerald kveðst hafa verið á Íslandi um miðjan júní 2000 og á þeim tíma hafi þessi fundur átt sér stað.

Jón Gerald kveðst í framhaldi af þessari ákvörðun hafa útbúið reikning í nafni Nordica Inc stílaðan á Baug hf fyrir júlí mánuð 2000 að fjárhæð USD. 12.000,- vegna rekstrarframlags feðganna í Thee Viking.

Aðspurður um breyttan texta reikningsins frá þeim fasta texta sem fram að því hafði verið notaður árið 2000, þá segir Jón Gerald að þetta hafi verið texti sem hann átti í reikningskerfinu hjá sér og notað í fljótfærni þetta skiptið. Tryggvi hafi hins vegar viljað að þeir héldu sig áfram við hinn fastmótaða texta, þ.e. "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work". Þess vegna hafi þeir haldið sig við þann texta áfram eftir þetta.

10.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 82, sem dagsettur er þann 08.04.2000 að fjárhæð USD. 12.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi sambærilega reikninga, sömu skýringar eigi við þennan reikning, þ.e. um sé að ræða greiðslu Baugs hf vegna þáttöku feðganna í rekstri bátsins Thee Viking.

11.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 95, sem dagsettur er þann 07.09.2000 að fjárhæð USD. 2.220.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Travel expenses for July and August 2000".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald segir þennan reikning varða greiðslukortanotkun Tryggva Jónssonar. Til að skýra það nánar þá segir hann Tryggva Jónsson hafa fengið útgefið greiðslukort frá American Express í nafni Nordica Inc og segir Jón Gerald að American Express hafi skuldfært Nordica Inc fyrir þeirri kortanotkun. Jón Gerald kveðst hafa fengið fyrirmæli um það frá Tryggva Jónssyni að gera Baugi hf. reikning vegna kortanotkunar hans og skrá það sem ferðakostnað. Þess vegna hafi þessi reikningur frá Nordica Inc stílaður á Baug hf litið svona út.

Jón Gerald segir Nordica Inc hafa fengið reikning frá American Express í lok ágúst 2000 vegna greiðslukortanotkunar í júlí 2000. Kortanotkun Tryggva Jónssonar á þessu tímabili hafi verið USD. 2.200,- og kveðst Jón Gerald hafa gert Baugi hf. þennan reikning sem nú er borinn undir hann vegna

þeirrar kortanotkunar. Þannig segir Jón Gerald að þessi reikningur frá Nordica Inc númer 95 sé vegna greiðslukorts Tryggva Jónssonar.

Máli sínu til stuðnings leggur Jón Gerald fram þann hluta reikningsins frá American Express frá ágúst 2000 sem varðar kortanotkun Tryggva Jónssonar.

12.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 96, sem dagsettur er þann 07.09.2000 að fjárhæð USD. 12.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi sambærilega reikninga. Sömu skýringar eigi við þennan reikning.

13.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 107, sem dagsettur er þann 04.10.2000 að fjárhæð USD. 12.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi sambærilega reikninga. Sömu skýringar eigi við þennan reikning.

14.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 108, sem dagsettur er þann 10.10.2000 að fjárhæð USD. 638,31 og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Travel lodging and telephone exp. Sep. 2000".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald segir þennan reikning varða greiðslukortanotkun Tryggva Jónssonar. Eins og komið hafi fram þá hafi Tryggvi Jónsson fengið útgefið greiðslukort frá American Express í nafni Nordica Inc og segir Nordica Inc skuldfært fyrir þeirri kortanotkun. Jón Gerald kveðst hafa fengið fyrirmæli um það frá Tryggva Jónssyni að gera Baugi hf. reikning vegna kortanotkunar hans og skrá það sem ferðakostnað. Þess vegna hafi þessi reikningur frá Nordica Inc stílaður á Baug hf litið svona út.

Jón Gerald segir Nordica Inc hafa fengið reikning frá American Express í lok september 2000 vegna greiðslukortanotkunar í ágúst 2000. Kortanotkun Tryggva Jónssonar á þessu tímabili hafi verið USD. 603,31 og kveðst Jón Gerald hafa gert Baugi hf. þennan reikning sem nú er borinn undir hann vegna þeirrar kortanotkunar. Jón Gerald kveðst hafa tekið mið af þeim bankakostnaði sem dregst frá símgreiðslunni frá Baugi hf þegar hann skráði inn fjárhæð reikningsins, samtals USD. 638,31. Þannig kveðst hann hafa gert ráð fyrir USD. 30,- í bankakostnað vegna símgreiðslunnar og haft fjárhæð reikningsins hærri, sem því nam.

Máli sínu til stuðnings leggur Jón Gerald fram þann hluta reikningsins frá American Express frá september 2000 sem varðar kortanotkun Tryggva Jónssonar.

15.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 117, sem dagsettur er þann 06.11.2000 að fjárhæð USD. 12.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi sambærilega reikninga. Sömu skýringar eigi við þennan reikning.

16.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 123, sem dagsettur er þann 01.12.2000 að fjárhæð USD. 12.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi sambærilega reikninga. Sömu skýringar eigi við þennan reikning.

17.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 5, sem dagsettur er þann 11.01.2001 að fjárhæð USD. 270.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Hotel and travel exp.".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald segir þennan reikning varða American Express greiðslukortanotkun Tryggva Jónssonar. Eins og komið hafi fram þá hafi Tryggvi Jónsson fengið útgefið greiðslukort frá American Express í nafni Nordica Inc og segir Nordica Inc skuldfært fyrir þeirri kortanotkun. Jón Gerald kveðst hafa fengið fyrirmæli um það frá Tryggva Jónssyni að gera Baugi hf. reikning vegna kortanotkunar hans og skrá það sem ferðakostnað. Þess vegna hafi þessi reikningur frá Nordica Inc stílaður á Baug hf litið svona út.

Jón Gerald segir Nordica Inc hafa fengið reikning frá American Express í lok október 2000 vegna greiðslukortanotkunar í september og október 2000. Kortanotkun Tryggva Jónssonar á þessu tímabili hafi verið USD. 260,73 og kveðst Jón Gerald hafa gert Baugi hf. þennan reikning sem nú er borinn undir hann vegna þeirrar kortanotkunar Tryggva. Jón Gerald kveðst hafa tekið mið af þeim bankakostnaði sem dregst frá símgreiðslunni frá Baugi hf þegar hann skráði inn fjárhæð reikningsins, samtals USD. 270. Þannig kveðst hann hafa gert ráð fyrir USD. 10,- í bankakostnað vegna símgreiðslunnar og haft fjárhæð reikningsins hærri, sem því nam. Jón Gerald kveðst greinilega ekki hafa gengið frá þessum reikningi gagnvart Baugi/Tryggva fyrr en í janúar 2001.

Máli sínu til stuðnings leggur Jón Gerald fram þann hluta reikningsins frá American Express frá október 2000 sem varðar kortanotkun Tryggva Jónssonar.

18.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 17, sem dagsettur er þann 09.01.2001 að fjárhæð USD. 12.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi sambærilega reikninga. Sömu skýringar eigi við þennan reikning.

19.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 24, sem dagsettur er þann 08.02.2001 að fjárhæð USD. 12.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi sambærilega reikninga. Sömu skýringar eigi við þennan reikning.

20.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 26, sem dagsettur er þann 08.02.2001 að fjárhæð USD. 2.333,33 og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Hotel and traveling expense January 01 to 31 2001".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald segir þennan reikning varða greiðslukortanotkun Tryggva Jónssonar. Eins og komið hafi fram þá hafi Tryggvi Jónsson fengið útgefið greiðslukort frá American Express í nafni Nordica Inc og segir Nordica Inc skuldfært fyrir þeirri kortanotkun. Jón Gerald kveðst hafa fengið fyrirmæli um það frá Tryggva Jónssyni að gera Baugi hf. reikning vegna kortanotkunar hans og skrá það sem ferðakostnað. Þess vegna hafi þessi reikningur frá Nordica Inc stílaður á Baug hf litið svona út.

Jón Gerald segir Nordica Inc hafa fengið reikning frá American Express í lok janúar 2001 vegna greiðslukortanotkunar í desember – janúar 2001. Kortanotkun Tryggva Jónssonar á þessu tímabili hafi verið USD. 2.333,33 og kveðst Jón Gerald hafa gert Baugi hf. þennan reikning sem nú er borinn undir hann vegna þeirrar kortanotkunar. Jón Gerald kveðst ekki hafa tekið mið af þeim bankakostnaði sem dregst frá símgreiðslunni frá Baugi hf. þegar hann skráði inn fjárhæð reikningsins og því sé reikningurinn sem stílaður er á Baug hf upp á nákvæmlega sömu fjárhæð, samtals USD. 2.333,33.

Máli sínu til stuðnings leggur Jón Gerald fram þann hluta reikningsins frá American Express frá janúar 2001 sem varðar kortanotkun Tryggva Jónssonar.

21.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 41, sem dagsettur er þann 05.03.2001 að fjárhæð USD. 12.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi sambærilega reikninga. Sömu skýringar eigi við þennan reikning.

22.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 78, sem dagsettur er þann 05.04.2001 að fjárhæð USD. 12.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.



05488

Jón Gerald kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi sambærilega reikninga. Sömu skýringar eigi við þennan reikning.

23.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 77, sem dagsettur er þann 05.04.2001 að fjárhæð USD. 3.813,23 og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Travel expenses for March 2001".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald segir þennan reikning varða greiðslukortanotkun Tryggva Jónssonar. Eins og komið hafi fram þá hafi Tryggvi Jónsson fengið útgefið greiðslukort frá American Express í nafni Nordica Inc og segir Nordica Inc skuldfært fyrir þeirri kortanotkun. Jón Gerald kveðst hafa fengið fyrirmæli um það frá Tryggva Jónssyni að gera Baugi hf. reikning vegna kortanotkunar hans og skrá það sem ferðakostnað. Þess vegna hafi þessi reikningur frá Nordica Inc stílaður á Baug hf litið svona út.

Jón Gerald segir Nordica Inc hafa fengið reikning frá American Express í lok febrúar 2001 vegna greiðslukortanotkunar í febrúar 2001. Kortanotkun Tryggva Jónssonar á þessu tímabili hafi verið USD. 22,60. Jón kveðst ekki hafa gert Baugi hf. sérstakan reikning vegna þeirrar fjárhæðar. Í lok mars 2001 hafi hann fengið reikning frá American Express vegna greiðslukortanotkunar í mars 2001. Kortanotkun Tryggva á því tímabili hafi verið USD. 3.778,23. Jón Gerald kveðst sjá það á yfirlitinu frá American Express varðandi kortanotkun Tryggva Jónssonar að þar eru úttektir í Sears Roebuck verslunarkeðjunni í Miami. Um hafi verið að ræða sláttuvél og önnur garðáhöld eða garðbúnaður.

Jón Gerald kveðst hafa gert einn reikning á Baug hf. vegna þessarar kortanotkunar Tryggva Jónssonar og sé það þessi reikningur sem nú er borinn undir hann. Jón Gerald kveðst hafa tekið mið af þeim bankakostnaði sem dregst frá símgreiðslunni frá Baugi hf þegar hann skráði inn fjárhæð reikningsins, samtals USD. 3.813,23. Þannig kveðst hann hafa gert ráð fyrir USD. 12,40 í bankakostnað vegna símgreiðslunnar og haft fjárhæð reikningsins hærri, sem því nam.

Máli sínu til stuðnings leggur Jón Gerald fram þann hluta reikningsins frá American Express frá febrúar og mars 2001 sem varðar kortanotkun Tryggva Jónssonar.

24.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 146, sem dagsettur er þann 01.06.2001 að fjárhæð USD. 12.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi sambærilega reikninga. Sömu skýringar eigi við þennan reikning.

25.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 161, sem dagsettur er þann 29.06.2001 að fjárhæð USD. 12.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi sambærilega reikninga. Sömu skýringar eigi við þennan reikning.

26.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 169, sem dagsettur er þann 16.07.2001 að fjárhæð USD. 1.525,78 og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Travel expenses for June 2001".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald segir þennan reikning varða greiðslukortanotkun Tryggva Jónssonar. Eins og komið hafi fram þá hafi Tryggvi Jónsson fengið útgefið greiðslukort frá American Express í nafni Nordica Inc og segir Nordica Inc skuldfært fyrir þeirri kortanotkun. Jón Gerald kveðst hafa fengið fyrirmæli um það frá Tryggva Jónssyni að gera Baugi hf. reikning vegna kortanotkunar hans og skrá það sem ferðakostnað. Þess vegna hafi þessi reikningur frá Nordica Inc stílaður á Baug hf litið svona út:

Jón Gerald segir Nordica Inc hafa fengið reikning frá American Express í lok júní 2001 vegna greiðslukortanotkunar í maí og júní 2001. Kortanotkun Tryggva Jónssonar á þessu tímabili hafi verið USD. 1.525,78 og kveðst Jón Gerald hafa gert Baugi hf. þennan reikning sem nú er borinn undir hann vegna þeirrar kortanotkunar upp á nákvæmlegu sömu fjárhæð.

Máli sínu til stuðnings leggur Jón Gerald fram þann hluta reikningsins frá American Express frá júní 2001 sem varðar kortanotkun Tryggva Jónssonar.

27.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 173, sem dagsettur er þann 23.07.2001 að fjárhæð USD. 12.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi sambærilega reikninga. Sömu skýringar eigi við þennan reikning.

28.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 176, sem dagsettur er þann 30.07.2001 að fjárhæð USD. 12.780.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Consulting fee for retail locations findings".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi sambærilega reikninga. Sömu skýringar eigi við þennan reikning, þ.e. varðandi föstu mánaðalegu greiðsluna að fjárhæð USD. 12.000. Varðandi USD 780,- viðbótina þá kveðst hann ekki muna nákvæmlega hvernig sú fjárhæð var tilkomin. Hún tengist þó ferðum Tryggva og Jóns Ásgeirs á Miami á þessum tíma. Til að skýra það nánar þá segir Jón Gerald að þeir Tryggvi og Jón Ásgeir, Hreiðar Már Sigurðsson og Sigurður Einarsson hjá Kaupþingi og fleiri hafi komið í skemmtiferð eða árshátíð til Miami sem Tryggvi og Jón Ásgeir hafi staðið fyrir. Jón Gerald segir þessa USD 780,- tengjast þeirri ferð. Um sé að ræða einhvern útlagðan kostnað sem Jón Gerald kveðst hafa lagt út fyrir og innheimt til baka með þessum reikningi. Hann kveðst hins vegar ekki muna nákvæmlega hvaða kostnaði hann hafi lagt út fyrir og innheimt aftur með þessum hætti.

Máli sínu til stuðnings leggur hann fram tölvupóstsamskipti milli hans og Tryggva Jónssonar sem áttu sér stað þann 19. maí 2001 og varðaði "Árshátíð aðstoðarforstjóra" sem verið var að skipuleggja á þeim tíma og átti að eiga sér stað þann 25. – 29. júlí 2001.

29.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 197, sem dagsettur er þann 04.09.2001 að fjárhæð USD. 12.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi sambærilega reikninga. Sömu skýringar eigi við þennan reikning.

30.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 198, sem dagsettur er þann 04.09.2001 að fjárhæð USD. 1.732,12 og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Consulting fee for retail locations findings".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald segir þennan reikning einnig varða skemmtiferð eða "árshátíð aðstoðarforstjóranna" í lok júlí 2001 sem Tryggvi og Jón Ásgeir stóðu fyrir. Jón Gerald kveðst hafa greitt fyrir hópinn bæði mat og drykki á veitingastöðum og hafi hann greitt fyrir þá þjónustu með American Express greiðslukorti sínu. Auk þess kveðst Jón Gerald hafa lagt út fyrir einhverjum varahlutum fyrir Jón Ásgeir eða Jóhannes. Jón Gerald kveðst hafa tekið saman þann kostnað þegar hann hafi fengið reikninginn frá American Express í lok ágúst 2001. Þar hafi hann tekið saman þá gjaldaliði sem vörðuðu þessa "árshátíð" og hafi sá kostnaður verið samanlagt USD. 1.732,12. Jón Gerald kveðst hafa útbúið reikning á Baug hf vegna þess kostnaðar og sé það þessi reikningur sem nú er borinn undir hann. Aðspurður kveðst hann ekki vita ástæðu þess að þessi texti var skráður sem skýring með reikningnum "Consulting fee for retail locations findings" - þessi skýring sé röng og gefi ekki rétta mynd af því sem Baugur hf var að greiða í umrætt sinn.

Máli sínu til stuðnings vísar Jón Gerald í tölvupóstsamskipti sem áttu sér stað milli hans og Tryggva Jónssonar þann 04.09.2001, en þar skýrir Jón Gerald þennan reikning tvo aðra fyrir Tryggva Jónssyni.

Einnig leggur Jón Gerald fram yfirlit frá American Express frá ágúst 2001, en þar komi fram þær greiðslur sem varða þennan reikning.

31.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 199, sem dagsettur er þann 04.09.2001 að fjárhæð USD. 445,55 og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Food/beverage and traveling expenses".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald segir þennan reikning varða American Express greiðslukortanotkun Tryggva Jónssonar. Jón Gerald segir Nordica Inc hafa fengið reikning frá American Express í lok ágúst 2001 vegna greiðslukortanotkunar í júlí og ágúst 2001. Kortanotkun Tryggva Jónssonar á þessu tímabili hafi verið USD. 415,55 og kveðst Jón Gerald hafa gert Baugi hf. þennan reikning sem nú er borinn undir hann vegna þeirrar kortanotkunar samkvæmt fyrri fyrirmælum frá Tryggva. Jón Gerald kveðst hafa lagt ofan á reikninginn þann fasta bankakostnað sem dregst frá peningasendingum sem sendar eru milli landa. Því hafi reikningurinn sem hann gerði Baugi hf vegna kortanotkunar Tryggva verið að fjárhæð USD. 445,55 og hann því gert ráð fyrir USD. 30,- í bankakostnað.

Máli sínu til stuðnings leggur Jón Gerald fram þann hluta reikningsins frá American Express frá ágúst 2001 sem varðar kortanotkun Tryggva Jónssonar.

32.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 205, sem dagsettur er þann 26.09.2001 að fjárhæð USD. 12.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi sambærilega reikninga. Sömu skýringar eigi við þennan reikning.

33.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 206, sem dagsettur er þann 26.09.2001 að fjárhæð USD. 1.209,99 og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Travel expenses for September 2001".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald segir þennan reikning varða greiðslukortanotkun Tryggva Jónssonar. Eins og komið hafi fram þá hafi Tryggvi Jónsson fengið útgefið greiðslukort frá American Express í nafni Nordica Inc og segir Nordica Inc skuldfært fyrir þeirri kortanotkun. Jón Gerald kveðst hafa fengið fyrirmæli um það frá Tryggva Jónssyni að gera Baugi hf. reikning vegna kortanotkunar hans og skrá það sem ferðakostnað. Þess vegna hafi þessi reikningur frá Nordica Inc stílaður á Baug hf litið svona út.

Jón Gerald segir Nordica Inc hafa fengið reikning frá American Express í lok september 2001 vegna greiðslukortanotkunar í ágúst og september 2001. Kortanotkun Tryggva Jónssonar á þessu tímabili hafi verið USD. 1.209,99 og kveðst Jón Gerald hafa gert Baugi hf. þennan reikning sem nú er borinn undir hann vegna þeirrar kortanotkunar upp á nákvæmlegu sömu fjárhæð.

Máli sínu til stuðnings leggur Jón Gerald fram þann hluta reikningsins frá American Express frá september 2001 sem varðar kortanotkun Tryggva Jónssonar.

34.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 226, sem dagsettur er þann 29.10.2001 að fjárhæð USD. 12.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi sambærilega reikninga. Sömu skýringar eigi við þennan reikning.

35.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 238, sem dagsettur er þann 27.11.2001 að fjárhæð USD. 12.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi sambærilega reikninga. Sömu skýringar eigi við þennan reikning.

36.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 239, sem dagsettur er þann 27.11.2001 að fjárhæð USD. 247,04 og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Travel expenses for November 2001".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald segir þennan reikning varða greiðslukortanotkun Tryggva Jónssonar. Eins og komið hafi fram þá hafi Tryggvi Jónsson fengið útgefið greiðslukort frá American Express í nafni Nordica Inc og segir Nordica Inc skuldfært fyrir þeirri kortanotkun. Jón Gerald kveðst hafa fengið fyrirmæli um það frá Tryggva Jónssyni að gera Baugi hf. reikning vegna kortanotkunar hans og skrá það sem ferðakostnað. Þess vegna hafi þessi reikningur frá Nordica Inc stílaður á Baug hf litið svona út.

Jón Gerald segir Nordica Inc hafa fengið reikning frá American Express í lok október 2001 vegna greiðslukortanotkunar í maí og júní 2001. Kortanotkun Tryggva Jónssonar á þessu tímabili hafi verið USD. 247,04 og kveðst Jón Gerald hafa gert Baugi hf. þennan reikning sem nú er borinn undir hann vegna þeirrar kortanotkunar upp á nákvæmlegu sömu fjárhæð.

Máli sínu til stuðnings leggur Jón Gerald fram þann hluta reikningsins frá American Express frá október 2001 sem varðar kortanotkun Tryggva Jónssonar.

37.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 246, sem dagsettur er þann 03.01.2002 að fjárhæð USD. 12.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi sambærilega reikninga. Sömu skýringar eigi við þennan reikning.

Gert er hlé á skýrslutökunni klukkan 17:10.
Skýrslutökunni haldið áfram klukkan 18:40.

38.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 247, sem dagsettur er þann 03.01.2002 að fjárhæð USD. 458,81 og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Travel expenses for November 2001 and Desember 2001".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald segir þennan reikning varða greiðslukortanotkun Tryggva Jónssonar. Eins og komið hafi fram þá hafi Tryggvi Jónsson fengið útgefið greiðslukort frá American Express í nafni Nordica Inc og segir Nordica Inc skuldfært fyrir þeirri kortanotkun. Jón Gerald kveðst hafa fengið fyrirmæli um það frá Tryggva Jónssyni að gera Baugi hf. reikning vegna kortanotkunar hans og skrá það sem ferðakostnað. Þess vegna hafi þessi reikningur frá Nordica Inc stílaður á Baug hf litið svona út.

Jón Gerald segir Nordica Inc hafa fengið tvo reikninga frá American Express fyrir nóvember og desember 2001 vegna greiðslukortanotkunar á sama tímabili. Kortanotkun Tryggva Jónssonar á þessu tímabili hafi verið USD. 390,52 í nóvember 2001 og USD. 68,29 í desember 2001. Samanlagt gera þessar fjárhæðir USD. 458,81 sem er nákvæmlega sú fjárhæð sem reikningurinn hljóðar upp á.

Jón Gerald kveðst hafa gert Baugi hf. þennan reikning sem nú er borinn undir hann vegna þeirrar kortanotkunar upp á nákvæmlegu sömu fjárhæð og hafi þetta verið gert svo að beiðni Tryggva.

Máli sínu til stuðnings leggur Jón Gerald fram þá hluta reikninganna frá American Express vegna nóvember og desember 2001 sem varða kortanotkun Tryggva Jónssonar.

39.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 253, sem dagsettur er þann 29.01.2002 að fjárhæð USD. 12.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi sambærilega reikninga. Sömu skýringar eigi við þennan reikning.

40.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 254, sem dagsettur er þann 29.01.2002 að fjárhæð USD. 313,58 og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Travel expenses for January 2002".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald segir þennan reikning varða greiðslukortanotkun Tryggva Jónssonar. Eins og komið hafi fram þá hafi Tryggvi Jónsson fengið útgefið greiðslukort frá American Express í nafni Nordica Inc og segir Nordica Inc skuldfært fyrir þeirri kortanotkun. Jón Gerald kveðst hafa fengið fyrirmæli um það frá Tryggva Jónssyni að gera Baugi hf. reikning vegna kortanotkunar hans og skrá það sem ferðakostnað. Þess vegna hafi þessi reikningur frá Nordica Inc stílaður á Baug hf litið svona út.

Jón Gerald segir Nordica Inc hafa fengið reikning frá American Express greiðslukortanotkun í janúar 2002. Kortanotkun Tryggva Jónssonar á þessu tímabili hafi verið USD. 313,58.

Jón Gerald kveðst hafa gert Baugi hf. þennan reikning sem nú er borinn undir hann vegna þeirrar kortanotkunar upp á nákvæmlegu sömu fjárhæð og hafi þetta verið gert svo að beiðni Tryggva.

Máli sínu til stuðnings leggur Jón Gerald fram þá hluta reikningsins frá American Express vegna kortanotkunar Tryggva Jónssonar í janúar 2002.

41.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 266, sem dagsettur er þann 28.02.2002 að fjárhæð USD. 12.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi sambærilega reikninga. Sömu skýringar eigi við þennan reikning.

42.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 260, sem dagsettur er þann 15.02.2002 að fjárhæð USD. 49.985.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Warehousing receiving stuffing containers to Adfong Iceland from 01 January to 06 June 2001.".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald segir þennan reikning og þau viðskipti sem að baki hans eru varða þátttöku Baugs hf í taprekstri Nordica Inc árið 2000 og 2001. Hann kveðst hafa komist að því samkomulagi við Tryggva Jónsson að Baugur hf. tæki þátt í taprekstri Nordica Inc með því að greiða USD 50.000,- til Nordica. Jón Gerald kveðst því hafa útbúið þennan reikning að því tilefni og sent á Baug hf sem hafi greitt reikninginn í framhaldi af því.

43.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 269, sem dagsettur er þann 27.03.2002 að fjárhæð USD. 12.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi sambærilega reikninga. Sömu skýringar eigi við þennan reikning.

44.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 272, sem dagsettur er þann 15.04.2002 að fjárhæð USD. 120.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Payment according to contract".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald segir að þessi reikningur byggi á samkomulagi sem hann hafi náð við Tryggva Jónsson varðandi frekari þáttöku Baugs hf í taprekstri Nordica Inc fyrir árin 2000 og 2001. Jón Gerald kveðst því hafa útbúið þennan reikning að fjárhæð USD. 120.000,- að því tilefni og sent á Baug hf sem hafi greitt reikninginn í framhaldi af því.

Jón Gerald segir tölvupóstsamskipti milli hans og Tryggva Jónssonar skýra þennan reikning. Jón Gerald leggur fram þau tölvupóstsamskipti þeirra sem tengjast þessari greiðslu og telur þau reyndar hafa komið fram í málinu nú þegar.

45.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 274, sem dagsettur er þann 26.04.2002 að fjárhæð USD. 12.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi sambærilega reikninga. Sömu skýringar eigi við þennan reikning.

46.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 279, sem dagsettur er þann 22.05.2002 að fjárhæð USD. 16.808,80 og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald segir þennan reikning varða þann kostnað sem til féll þegar báturinn Thee Viking fór í slipp í apríl – maí 2002. Jón Gerald kveðst hafa sent Tryggva tölvupóst varðandi greiðslu frá Baugi hf. vegna

þessa slipp kostnaðar. Niðurstaðan hafi verið sú að Jón gaf út reikning í nafni Nordica Inc stílaðan á Baug hf. vegna þessa kostnaðar, samtals að fjárhæð USD. 16.808,80. Reikningurinn hafi verið sendur til Baugs eins og aðrir reikingar sem hér hafa verið bornir undir hann og í framhaldi af því hafi Baugur greitt þennan reikning. Þessi reikningur varði því bátinn – Thee Viking og viðhaldskostnað hans.

47.
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 282, sem dagsettur er þann 30.05.2002 að fjárhæð USD. 12.000.- og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services, commissions finders fees and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim viðskiptum sem reikningurinn byggi á.

Jón Gerald kveðst vísa í fyrri svör sín varðandi sambærilega reikninga. Sömu skýringar eigi við þennan reikning.

Jón Gerald er kynnt að þessar yfirferð yfir reikningana sé lokið og hann spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Jón Gerald kveðst ekkert frekar hafa um þessa reikninga að segja að svo stöddu.

Skýrslutöku lauk kl. 19 55

Staðfest rétt eftir haft:

Jón Gerald Sullenberger

Skýrsluna skráði:

S. I. Magnússon

Sveinn I. Magnússon

IV/1.6

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN | SKÝRSLA<br>YFIRHEYRSLA | R L S |
|---|---|---|
| Skýrslu gerir: Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi | | Mál nr. |
| Staður og stund: Reykjavík - mánudaginn 24. mars 2003. Klukkan 11:15. | | |
| Sakarefni: Ætlaður fjárdráttur – umboðssvik | | |
| Aðili: Jón Gerald Sullenberger | | Kennitala: 240664-2089 |
| Starf/staða: Rekur útflutningsfyrirtækið Nordica Inc. í Bandaríkjunum | | Vinnusími: 305-639-2100 |
| Lögheimili: 832 Santiago Street, Coral Gables, Florida | | Sími: 305-443-4204 |
| Dvalarstaður: (Gullsmári 10, Kópavogi GSM: 897-6405) | | Sími: GSM USA: 305-588-1800 |

Jón Gerald er mættur til skýrslutöku samkvæmt boðun. Honum er kunnugt um ástæðu skýrslutökunnar sem varðar viðskipti hans og fyrirtækis hans Nordica Inc. við Baug-Group hf. og greiðslur sem hann hefur móttekið fyrir hönd Nordica Inc frá Baugi hf.

Fyrir Jóni Geraldi er brýnd vitnaskylda og vitnaábyrgð, auk þess sem hann er áminntur um sannsögli. Þá er Jóni Gerald einnig kynnt ákvæði 51. gr. laga nr. 19/1991, þess efnis að hann þurfi ekki að tjá sig um þau atriði sem gætu skapað honum refsiábyrgð.

Jón Gerald kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og vera reiðubúinn að tjá sig um málið.

Undir Jón Gerald verður nú bornir framburðir þeirra Tryggva Jónssonar og Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, sem þeir hafa gefið við yfirheyrslur hjá lögreglu síðustu vikurnar.

Jóni Geraldi er kynnt að við yfirheyrslu hjá lögreglu þann 11.03.2003 hafi Jón Ásgeir skýrt frá því að engar beinar greiðslur hafi borist frá Gaumi ehf vegna bátsins Thee Viking frá áramótum 1999-2000 og engar greiðslur heldur frá Baugi hf. varðandi bátinn. Hins vegar hafi Jón Gerald verið með VISA kort í nafni Gaums ehf og notað það meðal annars varðandi rekstur bátsins. Það greiðslukort hafi verið í notkun fram á mitt ár 2001. Jón Ásgeir heldur því fram að Jón Gerald hafi átt bátinn Thee Viking einn, eins og eignarskráning bátsins gefi til kynna og að Jón Gerald hafi séð um að reka þennan bát upp á eigin spýtur. Þá heldur Jón Ásgeir því jafnframt fram að Gaumur ehf hafi lánað Jóni Geraldi fjármuni til rekstrar þessa báts eða báta allt frá árinu 1997 fram á mitt ár 2001 og eigi Gaumur ehf sökum þess fjárkröfu á Jón Gerald að fjárhæð um 38 milljónir króna. Jón Gerald er beðinn um að taka afstöðu til þessa, en þetta er úrdráttur úr framburði Jóns Ásgeirs.

Jón Gerald kveðst ítreka sínar fyrri skýringar varðandi þá tilhögun sem viðhöfð var við fjármögnun og rekstur bátsins. Gaumur ehf og Bónus sf. hafi greitt hluta af afborgunum og rekstri bátanna allt frá árinu 1996 til áramóta 1999/2000. Ekki hafi verið um lánveitingar að ræða, heldur framlag feðganna, Jóns Ásgeirs og Jóhannesar í þessum bátum sem þeir þrír hafi átt saman. Jón Gerald kveðst þegar vera búinn að gera grein fyrir þeim greiðslum sem bárust frá Gaumi ehf og Bónus sf. vegna bátanna. Hann kveðst ekki telja ástæðu til þess að fara yfir þær aftur, greiðslurnar eigi að liggja fyrir í málinu.

Jón Gerald segir að sagan á bak við VISA kortið sem hann kveðst hafa fengið sent í pósti frá Jóni Ásgeiri um mitt ári 1999 og skráð var á Gaum ehf, sé sú að í gegnum tíðina allt frá árinu 1996 hafi Jón Gerald þurft að leggja út fyrir ýmsum kostnaði sem féll til þegar þeir feðgar eða fólk á þeirra vegum voru í bátnum. Jón Gerald tekur sem dæmi að árlega hafi verslunarstjórum Bónus verið boðið til Miami og Jón Ásgeir falið Jóni Geraldi að taka á móti þeim og sjá um að greiða þann kostnað sem til féll vegna ferðum þeirra. Jón Gerald segir að honum hafi fundist það óþægilegt að þurfa að leggja út fyrir þeim

kostnaði sjálfur og hafi þetta jafnvel verið háar fjárhæðir. Jón Gerald kveðst hins vegar hafa gert Bónus reikninga vegna þessa kostnaðar.

Jón Gerald segir að vegna þessa mikla kostnaðar sem Jón Gerald hafi þurft að leggja út fyrir varðandi ferðir Jóns Ásgeis og félaga á Miami hafi Jón Ásgeir tekið þá ákvörðun að Jón Gerald fengi VISA kort í nafni Gaums ehf sem nota átti í tengslum við rekstur bátsins og tilfallandi kostnað vegna ferðalaga Jóns Ásgeirs og félaga á Miami og notkun þeirra á bátnum.

Jón Gerald segir að það megi sjá það á greiðsluyfirlitunum frá VISA varðandi kortanotkun hans að um sé að ræða færslur sem varði bátinn. Mikið af þeim færslum varða þrif á bátnum og annað viðhald. Einnig símakostnað vegna símnotkunar þeirra feðga þegar þeir voru á bátnum. Einnig eru þar færslur sem tengjast Miami Beach Marina höfninni og segir Jón Gerald að sá kostnaður tengist olíu á bátinn og fleiru í þeim dúr. Jón Gerald tekur það fram að auk þessa megi finna kortafærslur sem varði hótelkostnað og leigu á glæsibifreiðum og sé það allt kostnaður sem varði Jón Ásgeir á ferðum hans um Miami. Jón Ásgeir hafi beðið Jón Gerald um að sjá um alla umsýslu varðandi ferðalög þeirra á Miami. Þannig kveðst Jón Gerald hafa séð um að panta fyrir þá hótelherbergi á glæsihótelinu Delano's og bílaleigubifreiðar hjá bílaleigu sem sérhæfir sig í útleigu á glæsibifreiðum.

Jón Gerald segir það því fáránlegt af Jóni Ásgeiri og fjölskyldu að færa þann kostnað sem til féll vegna VISA korts notkunar hans sem kröfu á Nordica Inc. Að stofninum til hafi þessi kortanotkun varðað útgjöld sem tengdust Jóni Ásgeiri og hans fólki.

Þá tekur Jón Gerald það fram að þeir reikningar sem hann útbjó í nafni Nordica Inc og sendi á Gaum ehf hafi ekki varðað hann persónulega eða fyrirtæki hans Nordica Inc. Um hafi verið að ræða hlutdeild feðganna í rekstri bátsins, auk annars kostnaðar sem varðaði Jón Ásgeir. Nefnir hann í því samhengi að inn á þessa reikninga sem stílaðir voru á Gaum ehf hafi verið gjaldfærslur vegna American Express greiðslukortanotkunar Jóns Ásgeirs og Tryggva fram að áramótum 1999-2000. Þeir reikningar hafi flestir verið sundurliðaðir eftir kostnaðarliðum og megi glögglega lesa út úr þeim hvað verið sé að rukka með þeim reikningum. Þannig segir Jón Gerald það einnig fáránlegt af Jóni Ásgeiri og fjölskyldu að færa alla þessa reikninga sem kröfu á hann í bókhaldi Gaums ehf.

Jón Gerald er beðinn um að tímasetja nánar þá fundi sem hann átti með Jóni Ásgeiri og/eða Tryggva Jónssyni vegna uppgjörs á eignahlut feðganna í bátnum.

Jón Gerald kveðst hafa átt nokkra fundi með þeim Jóni Ásgeiri og Tryggva Jónssyni varðandi kaupin á bátnum Thee Viking og uppgjörs vegna eignahlutar þeirra feðga, Jóns Ásgeirs og Jóhannesar í bátnum.

Jón Gerald kveðst hafa flogið til Íslands þann 10. apríl 1999 og dvalið í um fimm daga. Á þeim tíma hafi hann átt fundi með Jóni Ásgeiri og Tryggva varðandi kaupin á Thee Viking og hvernig ætti að skipta upp eignahlutum í bátnum. Hann segir að á þeim fundi hafi verið ákveðið að þeir feðgar myndu sjá um að greiða upp lánið sem hvíldi á bátnum Viking II og hafi það verið gert með þeim hætti að Nordica Inc hafi gert Gaumi ehf reikning að fjárhæð USD. 140.000,- og Baugi hf reiking að fjárhæð USD. 25.000,-. Jón Gerald kveðst þegar vera búinn að gera grein fyrir þessum reikningum og greiðslunum sem bárust vegna þeirra, nú síðast við skýrslutöku hjá lögreglu í gær. Jón Gerald segir að á þeim fundi hafi ekki verið gengið frá neinu varðandi skiptingu eignahlutar í bátnum.

Jón Gerald segir að á þessum fundi þeirra í apríl 1999 hafi ekki verið búið að ákveða neitt varðandi þessar föstu mánaðalegu greiðslur frá Baugi hf vegna reksturs bátsins Thee Viking. Hann segir að á þessum tíma hafi verið uppi hugmyndir um það að nýta innkomu hjá brauðgerðinni Nýbrauð ehf sem þeir voru að stofnsetja á þessum tíma til að standa undir afborgunum og rekstri bátsins Thee Viking

Máli sínu til stuðnings vísar Jón Gerald í tölvupóstsamskipti sem hann hafi átt við Tryggva Jónsson þann 29.12.1999, en í þeim tölvupósti kveðst Jón Gerald hafa vísað til þessa fundar í apríl 1999 og minnir Tryggva á umræðuna um bátinn á þeim fundi.

Jón Gerald kveðst einnig hafa komið til Íslands í kringum 15. október 1999 til fundar við þá Tryggva Jónsson og Jón Ásgeir. Þá hafi aftur verið farið yfir bátamálin og hvernig mætti nýta fjármuni varðandi innkomu af brauðum frá Nýbrauði til að fjármagna rekstur bátsins Thee Viking. Þá hafi ekki ennþá verið búið að koma rekstri Nýbrauðs af stað, en Jón Gerald segir að hann og Jón Ásgeir hafi m.a. skoðað verksmiðjuhúsnæðið sem búið var að leigja varðandi rekstur Nýbrauðs. Jón Gerald segir að reksturinn hafi átt að fara af stað um áramótin 1999-2000. Hann segir að á þeim tíma hafi verið rætt um það hvernig skipta ætti eignahlut í bátnum og ákveðið að taka saman gróflega hvað þeir feðgar hefðu lagt mikla fjármuni í bátana og hvað Jón Gerald hafi lagt mikla fjármuni í bátana. Jón Gerald segir að á þessum tíma hafi þeir feðgar ekkert verið að þrýsta neitt á hann að afsala sér eignahlut þeirra í bátnum.

Jón Gerald kveðst hafa komið aftur til Íslands í kringum 17. desember 1999 og hitt Tryggva Jónsson, en hann man ekki hvort Jón Ásgeir hafi verið á þeim fundi. Jón Gerald segir að Jón Ásgeir hafi verið búinn að fela Tryggva að klára þetta bátamál. Jón Gerald segir að Tryggvi hafi mætt með skjal inn á þann fund og töflu eða samantekt sem sýndi eignahlut Jóns Ásgeirs og Jóhannesar gagnvart Jóni Geraldi í öllum bátunum þremur, þ.e. Viking I, Viking II og Viking III, eins og Thee Viking var skráður á þeim töflum. Jón Gerald segir skjalið sem Tryggvi hafi framvísað á fundinum hafi borið yfirskriftina "Það sem þarf að gera" og kveðst Jón Gerald hafa lagt það fram við upphaf rannsóknarinnar. (skjal málsins nr. II/5.3). Jón Gerald segir þá Tryggva hafa rætt þá þrjá punkta sem koma fram á skjalinu. Í fyrsta lagi var rætt um að afsala eignarhlut feðganna yfir á félagið Miramar, eins og Jón Gerald kveðst vera búinn að skýra frá áður. Punktur tvö á skjalinu hafi varðað verðmæti bátsins Thee Viking og hvernig ætti að skipta þeim hagnaði sem hafði myndast vegna þess að þeir fengu afhentan verðmætari bát en keyptur var, vegna vanefnda seljanda. Jón Gerald segir söguna á bak við það einnig hafa komið fram áður. Þriðji liðurinn á skjalinu hafi snúist um það að stofna bankareikning í nafni Thee Viking og jafnframt hvernig hann ætti að innheimta mánaðalegar greiðslur frá Baugi varðandi fjárframlög feðgana í rekstur bátsins. Jón Gerald segir að í þessu skjali hafi Tryggvi tilgreint þann texta sem skrá átti á þessa mánaðlegu reikninga sem Nordica Inc átti að senda á Baug hf vegna bátsins. Það hafi verið textinn: "Contract fee for retail services, commissions, finders fee and consulting work". Jón Gerald segir að í þessu skjali hafi verið gert ráð fyrir USD. 10.000,- kostnaði varðandi afborganir og rekstur bátsins Thee Viking. Tryggvi hafi gert ráð fyrir því í þessum útfærslum sínum að Baugur hf. greiddi USD. 7.000,- og Jón Gerald USD. 2.333 – 3.000. Jón Gerald segir að þessar tölur hafi breyst og fyrsti reikningurinn frá honum með þessu formi sem stílaður var á Baug hf hafi verið að fjárhæð USD. 8.000,-.

Jón Gerald segir að þeir hafi einnig rætt um Nýbrauð á þessum fundi þeirra Tryggva þegar verið var að fara yfir bátamálin. Jón Gerald segir að Tryggvi hafi viljað að gengið yrði frá baksamningi varðandi eignahlut Jóns Ásgeirs í Nýbrauðum, en Jón Gerald kveðst hafa verið skráður fyrir eignahlut Jón Ásgeirs í Nýbrauðum, samtals hafi verið 20% eignahlutur í Nýbrauðum skráður á Jón Gerald og hafi Jón Ásgeir í raun átt helminginn af þeim eignarhlut. Jón Gerald segir Tryggva hafa verið með hugmyndir um það að eignahlutur Jóns Ásgeirs í Nýbrauðum yrði skráður á Miramar, líkt og eignahlutur feðganna í bátnum – Thee Viking. Jón Gerald segir að Tryggvi hafi handskrifað athugasemdir inn á skjalið varðandi þessa þætti og megi lesa þær athugasemdir handskrifaðar á skjalinu.

Jón Gerald segir að á þessum fundi hafi hann deilt um það við Tryggva hve mikið hann hefði lagt í bátana á móti feðgunum. Þessum fundi hafi því lokið með því að Tryggvi hafi afhent honum skjalið "Það sem þarf að gera" ásamt töflunum með útreikningum varðandi eignahlut hvers fyrir sig í bátunum. Jón Gerald kveðst hafa tekið þau skjöl með sér til Miami og þeim Tryggva samist um það að Jón Gerald tæki saman í bókhaldinu hjá sér, allar þá fjármuni sem hann hefði lagt í bátana.

Jón Gerald kveðst hafa farið aftur heim til Miami fyrir jólin 1999. Hann kveðst svo í janúar 2000 hafa sent reikning á Baug hf sem stílaður var á Jón Ásgeir. Hann segir þann reikning hafa verið sundurliðaðan eins og þá reikninga sem hann hafði áður sent á Gaum ehf. Á þeim reikningi hafi komið fram sundurliðun varðandi bankakostnað vegna bátsins, lögfræðikostnaður sem til féll vegna vanefnda seljanda bátsins varðandi afhendingu á bátnum, hafnargjöld og fleira. Allt tengt bátnum. Jón Gerald kveðst í framhaldi af því hafa fengið tölvupóst frá Tryggva Jónssyni þar sem Tryggvi hafi áréttað að þetta fyrirkomulag sem komi fram á skjalinu "það sem þarf að gera" og óskað eftir því að Jón Gerald gæfi út nýjan reikning á því formi varðandi kostnaðinn vegna bátsins.

Jón Gerald kveðst hafa gert það og sent þann reikning sem dagsettur er þann 18. janúar 2000 að fjárhæð USD. 8.000,- í staðinn. Þannig hafi þetta fastmótaða form Tryggva Jónssonar komist á í byrjun árs 2000 og það viðhaldist allar götur síðan, með þeirri breytingu að fjárhæð föstu mánaðalegu reikninganna hafi hækkað úr USD. 8.000,- í USD. 12.000,- um mitt ár 2000.

Jón er spurður að ástæðu þess að fyrsti reikningurinn hafi verið að fjárhæð USD. 8.000,- en ekki USD. 7.000,- eins og getið er um á skjalinu "það sem þarf að gera". Jón Gerald kveðst ekki muna það nákvæmlega, en líklegast hafi þeir Tryggvi komist að þeirri niðurstöðu að USD. 7.000 væri of varlega áætluð miðað við kostnaðinn við það að reka bátinn. Því hafi líklegast verið ákveðið að hafa föstu mánaðalegu fjárhæðina USD. 8.000,-. Því til staðfestingar bendir Jón Gerald á að um mitt ár 2000 hafi þurft að hækka þá fjárhæð í USD. 12.000,- vegna þess að kostaðurinn við rekstur bátsins var miklu mun meiri en áætlanir þeirra gerðu ráð fyrir.

Jón Gerald segir að eftir þetta hafa þetta fyrirkomulag varðandi greiðslur frá Baugi hf í rekstur bátsins haldist óbreytt og ekkert frekar rætt um eignaskiptingu í bátnum fyrr en 20. maí 2000. Þá kveðst Jón Gerald hafa átt fundi með Tryggva Jónssyni á Daytona í Flórída. Jón Gerald segir að Jóhanna eiginkona hans hafi verið viðstödd þann fund. Jón Gerald segir að á þann fund hafi Tryggvi mætt með upprunalega skjalið "það sem gera þarf" og spurt hvort Jón Gerald væri búinn að ganga frá uppgjörinu varðandi eignahluta í bátnum, sökum þess að feðgarnir vildu færa eignahlut sinn í bátnum yfir á Miramar. Jón Gerald segir að ekki hafa verið gengið frá neinu varðandi eignaskiptingu á þeim fundi, enda kveðst Jón Gerald ekki hafa verið búinn að taka saman uppgjörið fyrir þennan tíma. Tryggvi hafi óskað eftir því að Jón Gerald legði þegar í þá vinnu að taka sama uppgjör varðandi þá fjármuni sem hann hefði lagt í bátana, sem og þær greiðslur sem feðgarnir hefðu lagt í bátinn.

Jón Gerald segir að á þessum fundi í Daytona hafi þeir einnig rætt um viðskipti Nordica Inc við Aðföng og fjárhagsstöðu Nordica Inc.

Í framhaldi af þessum fundi þeirra í Daytona kveðst Jón Gerald hafa farið að vinna að þessu uppgjöri varðandi bátana. Hann segir það hafa verið mikla vinnu að taka saman allar greiðslur vegna bátanna allt frá upphafi og inn í það uppgjör kveðst Jón Gerald hafa tekið American Express greiðslukortanotkun þeirra Jóns Ásgeirs og Tryggva. Jón Gerald segir að seinni hluta ársins 2000 hafi Kristrún Sveinbjörnsdóttir komið til starfa hjá Nordica Inc og hafi hann fengið Kristrúnu það verkefni að setja þetta uppgjör í eina samantekt, eða skýrslu. Það hafi líklegast verið í nóvember 2000. Hann segir að Kristrún hafi unnið að þessu samhliða daglegum störfum sínum hjá Nordica Inc. og samantektin verið tilbúin í byrjun febrúar 2001. Jón Gerald kveðst hafa sent þessa samantekt beint til Tryggva og kveðst hafa lagt fram við upphaf rannsóknarinnar forssíðu símbréfs sem dagsett er 02.02.2001 og varðar 26 bls. sem hann hafi sent á Tryggva Jónsson. Jón Gerald segir það vera þessa samantekt sem Tryggvi hafi óskað eftir varðandi uppgjör á eignahlut í bátnum.

Í framhaldi af þessu hafi þeir Jón Ásgeir og Jóhannes samþykkt að eignaskiptingin í bátnum Thee Viking væri sú að Jón Gerald ætti 30% hlut í bátunum en þeir feðgar ættu 70% eignahlut í bátnum. Staðið hafi til að Jón Gerald myndi afsala sér eignahlut þeirra feðga. Það hafi hins vegar ekki verið gengið frá því sökum þess að Jón Gerald kveðst hafa viljað gera upp viðskiptaleg málefni milli Nordica

Inc og Aðfanga eða Baugs áður en gengið yrði frá þessu bátamáli. Þá segir Jón Gerald að hann hafi ekki viljað afsala sér þessum eignahlut fyrr en þeir feðgar væru búnir að yfirtaka þau lán sem vörðuðu bátinn, þ.e. upphaflega lánið frá Ready State Bank að fjárhæð USD. 135.000,- og nýja lánið sem tekið var í Union Planters Bank, að fjárhæð USD. 633.000.-. Jón Gerald áréttar að Ready State Bank hafi sameinast Union Planters Bank og því hafi bæði lánin varðað þann banka.

Jón Gerald kveðst hafa átt fundi með Tryggva og Jóni Ásgeiri bæði í janúar 2001 sem og í júlí 2001 á skrifstofu Nordica Inc á Miami. Fundirnir hafi bæðið varðað viðskipti Nordica Inc við Aðföng sem og uppgjör eignahlutar í bátnum Thee Viking. Á þessum fundum hafi farið að myndast togstreita um skiptingu eignahlutar í bátnum og Jón Gerald ekki samþykkt afsal eignahlutar fyrr en búið væri að yfirfæra lánin yfir á þá feðga.

Jón Gerald segir að þann 8. febrúar 2002, eftir því sem hann best muni, hafi hann átt fund með Tryggva Jónssyni á lögmannsstofunni Fieldstone, Lester Shear & Denberg í Coral Gables í Miami. Á þeim fundi hafi einnig verið Jóhanna Guðmundsdóttir, eiginkona Jóns Geralds og Paul A. Lester, lögmaður þeirra feðga. Á þessum fundi hafi aftur verið rætt um uppgjör varðandi bátamálin og afsal eignahlutar til feðganna. Jón Gerald kveðst hafa samþykkt að ganga frá þeim málum þegar búið væri að yfirfæra lánin vegna bátsins. Hann segir Tryggva hafa ætlað að fara í það mál að ganga frá því.

Í maí 2002 kveðst Jón Gerald hafa verið í tölvupóst samskiptum við Tryggva Jónsson útaf þessum málum og hafi þá lausn verið í sjónmáli.

Matarhlé gert á skýrslutökunni klukkan 14:00.
Skýrslutökunni haldið áfram klukkan 15:10.

Jón Gerald segir til að skýra þessi tölvupóstsamskipti nánar að þau hafi átt sér stað frá 8. maí 2002 til 12. maí 2002, þar sem hann og Tryggvi Jónsson hafi verið að ganga frá málum varðandi Nordica Inc. Jón Gerald segir þessi tölvupóstsamskipti varða yfirtöku lána sem varða bátinn – Thee Viking og USD 200.000,- greiðslu til hans sem þeir feðgar hafi ætlað til að kaupa hann út úr bátnum. Þannig segir Jón Gerald að með þessu samkomulagi sem þeir Tryggvi hafi verið að móta í þessum tölvupóst samskiptum hafi sú stefna verið tekin að þeir feðgar eignuðust bátinn að öllu leyti og að Jón Gerald framseldi bátinn til félagsins Miramar á Bahamas. Jón Gerald segir að í þessum tölvupósti sé Tryggvi einnig að rekja forsögu málsins og að Baugur hf. hafi yfirtekið allan rekstur bátsins frá ársbyrjun ársins 2000.

Jón Gerald segir Tryggva í þessum tölvupósti einnig vísa til lögfræðings sem þeir þurfi að hitta til að klára pappírsmálin. Jón Gerald segir Tryggva vera vísa til lögmannsins Paul A. Lester sem þeir hafi fundað með á Miami í febrúar 2002. Tryggvi hafi ætlað þeim lögmanni að sjá um að ganga frá pappírsmálum varðandi afsal bátsins Thee Viking yfir á Miramar.

Jón Gerald segir að í þessum tölvupósti sé einnig verið að ræða uppgjör varðandi viðskiptaslit Nordica Inc. og Aðfanga.

Jóni Geraldi er bent á að í þessum tölvupósti sé Tryggvi að vitna til efnahagsreiknings New Viking fyrir árið 2001. Jón er spurður hvort hann muni hvenær Tryggvi hafi fengið efnahagsreikninginn í hendur.

Jón Gerald kveðst telja víst að Tryggvi hafi fengið efnahagsreikninginn í hendur þann 8. febrúar 2002, þegar Tryggvi og Jón Ásgeir hafi komið til fundar við hann á Miami. Það hafi verið á sama tíma og fundurinn með lögmanninum Paul A. Lester fór fram. Jón Gerald tekur það fram að Jón Ásgeir hafi verið á Miami með Tryggva á þessum tíma, en hann hafi ekki komið á fundinn með lögfræðingnum heldur bara Tryggvi. Jón Gerald kveðst ekki vita ástæðu þess að Jón Ásgeir mætti ekki á þann fund.

Hann segir að Tryggvi hafi sett upp þennan fund með lögmanninum og kveðst Jón Gerald aldrei hafa rætt við þann mann, hvorki fyrr né síðar.

Jóni Gerald er kynnt að við yfirheyrslu hjá lögreglu hafi Tryggvi borið því við að hann muni ekki eftir þessum tölvupóstsamskiptum og var hann að velta því fyrir sér hvort þau hafi í raun átt sér stað. Einnig hafi Tryggvi upplýst að hann hafi ekki fundið þennan tölvupóst í tölvunni hjá sér. Jón Gerald er beðinn um að taka afstöðu til þessa

Jón Gerald segir alveg ljóst að þessi tölvupóstsamskipti hafi átt sér stað á milli hans og Tryggva. Hann segir að honum finnist það ótrúlegt að Tryggvi muni ekki eftir þessum tölvupóstsamskiptum þar sem þetta hafi nú verið nokkuð stórt mál og brunnið á þeim að yrðu kláruð. Ef Tryggvi geti ekki fundið þennan tölvupóst í tölvunni hjá sér þá sé nokkuð ljóst að hann hafi hreinlega eytt póstinum. Jón Gerald kveðst ekki hafa neitt frekar um þennan framburð Tryggva að segja.

Undir Jón Gerald eru borin tölvupóstsamskipti milli hans og Tryggva Jónssonar þann 11. – 13. maí 2002 sem virðast varða þetta uppgjör sem Jón Gerald hefur hér verið að skýra frá. Jóni er kynnt að það úr tölvupóstinum sem virðist varða rannsókarefni þessa máls sé borið undir hann

| | | | |
|---|---|---|---|
| 11-05-2002 | Frá JGS til TJ<br>Subj: RE: Málefni Nordica | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæll Tryggvi er enhvað að frétta |
| 12-05-2002 | Frá TJ til JGS<br>Subj: RE: Málefni Nordica | Tölva JGS: Inbox - TJ | Ég er búinn að ræða þessar hugmyndir við feðgana og samþykkja þeir tillöguna. Næsta skref er að ganga frá pappírsmálum, einkum vegna Thee Viking. Jafnframt verða skuldir yfirteknar, sem þú ert í ábyrgð fyrir.<br><br>Samtals eru þetta $350 þús. sem á að greiða þér auk þess að losa þig undan ábyrgðum. Á móti kemur yfirlýsing frá þér um að allar skuldbindingar okkar vegna Nordica séu uppgerðar og síðan framsal hlutabréfanna. Ég fer í það á morgun að útvega bankaábyrgðir vegna Thee Viking og hef síðan samband við lögfræðinginn sem við hittum til að klára pappírsmálin.<br><br>Ég veit að þessi frágangur á eftir að taka einhvern tíma svo láttu mig vita ef ég get eitthvað gert fyrir þig núna.<br>Kveðja, Tryggvi |
| 13-05-2002 | Frá JGS til TJ<br>Subj: RE: Málefni Nordica | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæll Tryggvi takk fyrir póstinn eftir samtal ykkar veit Johannes að ég mun tapa öllu meira að segja húsið allt fer eingöngu út af því að maður er heiðarlegur og treystir því sem manni er sagt |
| 13-05-2002 | Frá JGS til TJ<br>Subj: RE: Málefni Nordica | Tölva JGS: Inbox - TJ | ...<br>Ég veit ekki betur en að við höfum samþykkt að greiða þér samtals $400 ús. vegna rekstrarins (þar af búnir að borga $250 þús.), sem er sama tala og þú hefur tapað á rekstrinum. Væntanlega ertu þá ekki að tapa húsinu vegna þess.<br><br>Í annan stað færðu $200 þús. vegna Thee Viking, sem er umtalsvert meira en þú hefur lagt í það.<br>... |
| 13-05-2002 | Frá JGS til TJ<br>Subj: RE: Málefni Nordica | Tölva JGS: Inbox - TJ | ....<br>I sambandi við þessi upphæð sem þu ert að tala um það er ég ekki sammála þér að hún er umtalsvert meiri en 200.000 og minni þég á uppgjörið sem ég sendi þér á sínum tíma og get faxað því til þín aftur ef þú vilt<br><br>Árið 1996 sendi Bonus mér 44,821 Nordica greiðir 51,541<br>Árið 1997 sendi Bonus mér 65,664 Nordica Greiðir 136,265<br>Árið 1998 sendi Bonus mér 61,693 Nordica greiðir 121,370<br>Árið 1999 sendi Baugur mér 205,630 Nordica greiðir 275,141<br>Árið 2000 sendi Baugur mér 127,950 Nordica greiðir 115,405<br>Árið 2001 sendi Baugur mér 150,124 Nordica Greiðir 175,758<br><br>Árið 6/21/97 sendir Baugur mér 100,000 og Árið 9/10/99 200.000<br>....<br>*Í viðhengi er Excel-yfirlit: "May 2002 pl stmts Adfong.xls"* |



05502

Jón Gerald er spurður hvort hann hafi einhverju við þessi tölvupóstsamskipti að bæta.

Jón segir þessi samskipti milli hans og Tryggva lýsa þessu samningaferli þeirra nokkuð vel. Þeir hafi verið að ræða það hve mikil verðmæti væru á bak við eignarhlut Jóns Geralds í bátnum Thee Viking. Hann segir þetta hafa verið framhald af tölvupóstsamskiptunum sem áttu sér stað þann 8. maí 2002.

Undir Jón Gerald verða nú borin tölvupóstsamskipti sem átt hafa sér stað milli hans og Tryggva Jónssonar eða Jóns Ásgeirs og varða þau ætluðu brot sem rannsóknin byggir á. Jón Gerald er beðinn um að skýra nánar einstaka tölvupóstsamskipti.

Undir Jón Gerald eru borin tölvupóstsamskipti milli Tryggva Jónssonar og JGS þann 28. - 29. desember 1999 og eru dregin saman þau atriði í samskiptunum sem rannsókina:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 28-12-1999 | JGS til TJ<br>Subj: Hlutabréf | Tölva TJ: sent items | Sæll Tryggvi minn, Ég þakka þér fyrir póstinn sem ég var nú frekar sár með þar sem ég hef alltaf sagt að orð mann er meira virði en allt annað og þar sem þaug standast ekki þá er eins gott að sleppa þessu bara ég vona að þú og þínir hafi það gott yfir hátíðirnar. Kveðna frá Miami Florida Jon Gerald |
| 28-12-1999 | TJ til JGS<br>Subj: Hlutabréf | Tölva TJ: sent items | Þegar þú segir að orð standist ekki áttu þá við bátamálin, eða var annað samkomulag um hlutabréfin? |
| 28-12-1999 | JGS til TJ<br>Subj: Hlutabréf | Tölva TJ: sent items | ... ég á við bæði en í þessu tilfelli um hlutabréfin þar sem á sínum tíma var talað um allt aðra hluti ... |
| 29-12-1999 | JGS til TJ<br>Subj: Hlutabréf | Tölva TJ: sent items | ... Það var í vor vikuna sem baugur fór á markaðinn og við vorum að fara yfir bátamálin ásamt öðrum kostnaði svo sagði Jón Ásgeir að ég gæti fengið hlut upp á 5.000.00 á 8.5 IKR sem þú síðan spurðir hvaðan hann ætti að koma og Jón Ásgeir sagði Luxembourg kvað það meinti veit ég ekki en svona fór nú þetta fram. Mér minnir að þú hafir tekið niður nótur þann daginn svo það gæti verið að þú gætir fundið þær og staðfest hvort rétt mál væri hér á ferð. Ég vona að allt annað verði í góðu með okkar mál ásamt því að nú eru að koma önnur mánaðarmót og búið sé að ganga frá reiknings málum ... |
| 29-12-1999 | TJ til JGS<br>Subj: Hlutabréf | Tölva TJ: sent items | Við færumst sífellt nær ... Ég held við verðum að kryfja þessi mál og leysa þau, það hljóta að vera hagsmunir allra. TJ |
| 29-12-1999 | TJ til JGS<br>Subj: Hlutabréf | Tölva TJ: sent items | Sælir. Við færumst sífellt nær. Varðandi reikningsmálin þá skildum við það þannig að þú ætlar að senda reikning. Við gengum frá texta og upphæð meðan þú varst hér .... |

Jón Gerald er beðinn um að skýra þessi tölvupóstsamskipti nánar.

Jón Gerald segir að þegar þessi tölvupóstsamskipti hafi átt sér stað hafi hann og Tryggvi verið búnir að eiga fund saman á Íslandi til að fara yfir skjalið "það sem þarf að gera" og ákveða hvernig reikningar varðandi þá áttu að líta út. Þannig segir Jón Gerald að það sé það sem Tryggvi sé að vitna til í þessum tölvupósti þegar hann segir: *"Við gengum frá texta og upphæð meðan þú varst hér"*. Jón Gerald segir að þegar Tryggvi sé að tala um reikningsmálin þá sé hann að tala um bátamálin, þ.e. hvernig Jón Gerald eigi að útbúa reikninga á Baug hf. varðandi rekstur bátsins. Jón Gerald kveðst í þessum tölvupóstsamskiptum vísa til fundar þá um vorið. Það sé í fullu samræmi við það sem komið hefur fram við þessa skýrslutöku varðandi þá fundi sem Jón Gerald kveðst hafa átt með þeim Tryggva og Jóni Ásgeiri varðandi bátamálin.

Varðandi þann hluta póstsins sem varðar hlutabréfakaup þá segir hann það varða loforð Jóns Ásgeirs um að selja honum hlutabréfi í Baugi hf á genginu 8,5. Það komi þessari rannsókn ekkert við.

Undir Jón Gerald eru borin tölvupóstsamskipti milli Tryggva Jónssonar og JGS þann 03. janúar 2000 og eru dregin saman þau atriði í samskiptunum sem rannsókina:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 03-01-2000 | Frá TJ til JGS Subj: Bátamál ofl. | Tölva TJ: sent items | ... 2. Svo eru það bátamálin. Ég lét þig fá töflu um daginn þegar þú varst hér, sem sýndi hvað hvor aðili hefði greitt mikið í bátnum. Þú taldir að fjárhæðirnar hefðu verið rangar og ætlaðir að skoða það betur þegar þú kæmir út. Ertu búinn að því? ... |
| 03-01-2000 | Frá JGS til TJ RE: Bátamál ofl. | Tölva TJ: sent items | ... Ég hef ekki farið yfir báta greiðslur en mun gera það fljótt ég er að fara til Chicago á sýningu jan 09 til 13 láttu vita kvort þið komið til Miami Florida. |

Jón Gerald er beðinn um að gera nánari grein fyrir þessum tölvupósts samskiptum.

Jón Gerald segir að þetta sé tölvupóstur sem Tryggvi hafi sent í framhaldi af fundi þeirra tveggja á Íslandi þar sem Tryggvi lagði fram skjali "það sem þarf að gera" og töflur sem vörðuðu greiðslur Jóns Ásgeirs og Jóhannesar á móti honum í bátunum þremur. Jón Gerald hafi eftir þann fund ætlað að fara yfir allar þær fjárhæðir sem hann hefði lagt í bátinn og skoða þau mál betur. Í þessum tölvupósti hafi Tryggvi verið að spyrjað að því hvort hann væri búinn að gera það. Jón Gerald kveðst hafa svarað Tryggva og sagt að hann væri ekki búinn að fara yfir bátagreiðslurnar.

Undir Jón Gerald eru borin tölvupóstsamskipti milli Tryggva Jónssonar og JGS þann 08. janúar 2000 og eru dregin saman þau atriði í samskiptunum sem rannsókina:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 08-01-2000 | Frá TJ til JGS Reikningur | Tölva TJ: sent items | Sæll.<br>Ég fékk frá þér tvo reikninga á faxi í gær. Annar var á mig vegna ferðakostnaðar og hefur þegar verið sendur til greiðslu. Hinn er stílaður á Jón Ásgeir og er vegna bankakostnaðar, lögfræðiþjónustu o.fl. Tengist það Thee Viking? Ef svo er þá minni ég þig á að þegar við hittumst síðast þá lét ég þig fá memo þar sem m.a. kom fram að framvegis ættirðu að senda mér reikning, sem stílaður væri á Baug. Textinn á reikningnum kom fram á blaðinu.<br>Ef þetta er reikningur vegna Víkingsins sendu mér þá nýjan með þessu formi.<br>....<br>Kveðja<br>Tryggvi |

Jón Gerald er beðinn um að gera nánari grein fyrir þessum tölvupósti.

Jón Gerald segir að þessi tölvupóstur frá Tryggva til sín varði reikninga sem Jón Gerald kveðst hafa útbúið á nafni Nordica Inc og stílað á Baug. Annar reikningurinn hafi varðað kostnað vegna bátsins og kveðst Jón Gerald hafa útbúið hann eins og þá reikninga sem hann hafði sent á Gaum ehf allt árið 1999, þ.e. þeir hafi verið sundurliðaðir eftir gjaldaliðum og þar hafi komið fram lögfræðikostnaður, bankakostnaður, hafnargjöld og fleira. Eins og áður hafi komið fram við rannsókn málsins. Jón Gerald segir Tryggva ekki hafa verið sáttan með þann reiking og viljað fá annan reikning á því formi sem rætt hafi verið um á fundi þeirra Tryggva í um miðja desember 1999, þegar Tryggvi lagði fram skjalið "það sem þarf að gera". Á því skjali hafi komið fram að útbúa ætti mánaðalega reikinga á Baug hf. vegna kostnaðar við rekstur bátsins og hafi Tryggvi viljað að texti reikningsins yrði: *"Contract fee for retail*

*services, commissions finders fee and consulting work*". Jón Gerald kveðst einhverra hluta vegna ekki talið það svo mikið atriði að reikingarnir væru á þessu formi og því sent reikning með "gamla" laginu í byrjun árs 2000. Vegna þessa tölvupósts frá Tryggva þar sem hann áréttar hvernig reikningarnir eigi að hljóða kveðst Jón Gerald hafa útbúið nýjan reikning með þessu formi. Það hafi haldist allar götur síðan, allir reikingar sem vörðuðu bátinn og greiddir voru af Baugi hf hafi verið á þessu formi, eins og komið hefur fram.

Undir Jón Gerald eru borin tölvupóstsamskipti milli hans og Kristínar Jóhannesdóttur þann 31. október 2000 og eru dregin saman þau atriði í samskiptunum sem rannsókina:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 31-10-2000 | Frá Kristínu Jóhannesd til JGS<br>Subj.: Visareikn. | JGS afhenti útprentun úr tölvunni sinni | Sæll.<br>Ég hef ekkert fengið frá þér vegna Visareikn. Reikn. sem er til greiðslu nú um mánaðarmót er um kr. 195.000.- Ég átta mig ekki á þessum kostnaði þar sem þú færð senda $12.000 á mánuði frá Tryggva til greiðslu á bátakostnaði. Ég er að greiða um það bil kr. 2,4 millj. á ári í Visareikn. vegna báts. Ég vil fá skýringar á þessu sundurliðanir á kostnaði (afborganir, viðhald, kostn. vegna bátaleigu) allt sem viðkomur þessum bát. Við skulum fá þetta á hreint.<br>Kveðja Kristín. |
| 31-10-2000 | Frá JGS til KJ<br>RE: Visareikn | JGS afhenti útprentun úr tölvunni sinni | Hæ Kristín mín. Hér er listi yfir þá stærstu hluta útgjalda sem eru greidd um hver mánaðarmót:<br>Afborganir af bátnum $ 7.494, 66<br>Dockage $ 937,20<br>Trygging $ 1.166,00<br>Phone bill $ 139,92<br>(hærra ef einhver er í bátnum)<br>Direct TV $ 167,44<br>Womyns Touch Cleaning $ 260,39<br>Bottom Diver Cleaning $ 151,33<br>Annar kostn viðh ofl. $ 3.326,06<br>Samtals útgjöld per mánuð $ 13.643,00<br><br>Það kemur alltaf einhver annar kostnaður en alla vega þetta er sá kostnaður sem ég man eftir. Láttu mig vita ef það er eitthvað annað sem þig vantar.<br>Kveðja frá Miami. Nordica Inc Jón Gerald Sullenberger |

Jón Gerald er beðinn um að gera nánari grein fyrir þessum tölvupóstssamskiptum.

Jón Gerald segir Kristínu vera að tala um VISA greiðslukortið sem hann hafi fengið frá Jóni Ásgeiri og útgefið var á Gaum ehf, eins og Jón Gerald kveðst hafa skýrt frá fyrr í þessari skýrslu. Hann segir ljóst á þessum tölvupósti frá Kristínu að hún veit af þessum USD. 12.000,- sem Tryggvi sé að greiða úr sjóðum Baugs hf varðandi bátinn. Jón Gerald kveðst hafa sent henni tölvupóst til baka og útskýrt þann kostnað sem varðar rekstur bátsins á hverjum mánuði, enda hafi hún óskað eftir sundurliðun á því.

Jón Gerald segir að Kristín staðfesti í þessum tölvupósti svo ekki verður um villst að hann sé að fá USD. 12.000,- á mánuði frá Tryggva vegna bátsins. Einu slíku greiðslurnar sem Jón Gerald kveðst hafa fengið frá Tryggva hafi verið greiðslurnar úr sjóðum Baugs hf sem vörðuðu mánaðalegu reikningana frá Nordica Inc með textanum "Contract fee for retail services, commission finders fee, and consulting work". Jón Gerald kveðst ekkert fleira hafa um þennan tölvupóst að segja. Hann vísar til þess VISA

greiðsluyfirlits sem Kristín nefni í tölvupóstinum, en á því greiðsluyfirliti megi sjá að hann hafi verið að greiða kostnað vegna bátsins.

Undir Jón Gerald eru borin tölvupóstsamskipti milli hans og Jóns Ásgeirs þann 20. nóvember 2000 og eru dregin saman þau atriði í samskiptunum sem rannsókina:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 20-11-2000 | Frá JÁJ til JGS<br>Subj: Bátur | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæll Jón<br>Er á leið í bátinn verð kominn á miðvikudag þá skilist mér að fólkið verði farið hefði þurft Brain um helgina þ.e.a.s. frá fimmtudegi til mánudags sigla niður á Keys og eitthvað sem honum dettur í hug. ... |
| 29-11-2000 | Frá JÁJ til JGS<br>RE: Bátur | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæll Gerald<br>ég ákvað að vera í algjörri slökun búinn að sofa og æfa mikið í þessari rigningu, svo er hlutabréfamarkaðurinn að fara með alla á taugum.<br>Þurfum að hittast og fara yfir bátamálin þegar við komum til íslands<br>Jón Ásgeir |
| 29-11-2000 | Frá JGS til JÁJ<br>RE: Bátur | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæll Jon Asgeir gott að heyra að þú gast slakað á þetta með veðrið er ekki er hægt að kvarta yfir því. Ég var búinn að kaupa nýja tölvu fyrir bátinn gast þú prófað hana. Það var að koma símtal frá Hideaway Yacht og var ég spurður kvort ég væri að setja bátinn upp í nýjan mér skilst að Brain sé að bíða eftir tilboði ég skil ekki ????? |
| 30-11-2000 | Frá JÁJ til JGS<br>RE: Bátur | Tölva JGS: Inbox - TJ | Nei nei fórum og skoðuðum einn sem var mjög flottur þetta var eitt af því sem ég ætlað að fara yfir með þér fyrir kurteisi þá vildum við fá tölur hjá þeim jaj |
| 30-11-2000 | Frá JÁJ til JGS<br>Subj: Báturinn | Tölva JGS: Inbox - TJ | Eftir heimsókn í bátinn og eftir samtöl við Brian er ljóst að það ástand sem er í dag í þessum málum getur ekki gengið báturinn er notaður um 6 vikur á ári og sá kostnaður sem við erum að greiða á ári er um 7 milljónir miðað við gengi í nóv þannig að vikan kostar um milljón sem er brjálæði, viðhald sem ekki hefur verið farið í og er nauðsynlegt er farið að nálgast 9000 us$. í raun er tvennt í stöðunni að mínu mati að selja skipið, eða koma því í daglegan rekstur þar sem það yrði leigt út að minnsta kosti 12 vikur á ári og bátnum yrði viðhaldið 100% að vísu munu vélar verða keyrðar meira á ári sem mun hafa einhver áhrif á endursöluverð en almennt er talið að jöfn notkun sé best fyrir bátinn. Þá yrði báturinn geymdur í annari höfn þar sem Miami Marina er mjög dýr.<br>Ég setti á blað útreikning á þessu tvennu.<br>Annað sem verður að klára fyrri áramót<br>Það er að ganga frá skráningu á bátnum yfir á annað félag jón hér stendur upp á þig./ þar sem mér þykir vænlegra að halda í skipið og reyna að leigja það út. Var litli báturinn sem er aftan á seldur fór sá peningur í rekstur eða afborgun ?? Verðmat á bátnum í dag er milljón us$<br>Jón Ásgeir<br>*Með póstinum fylgir viðhengi: VIKING.xls (Athugasemd rannsóknara)* |

Jón Gerald er beðinn um að gera nánari grein fyrir þessum tölvupóstsamskiptum.

Jón Gerald segir þessi tölvupóstsamskipti lýsandi fyrir notkun þeirra feðga á bátnum Thee Viking. Hann segir að í pósturinn frá 20.11.2000 sé Jón Ásgeir að spyrja að því hvort fólkið verði farið út bátnum. Þar segir Jón Gerald að hann sé að tala um Jóhannes, Jónínu Benediktsdóttur og fólks á þeirra



05506

vegum. Þau hafi verið í bátnum á þeim tíma og Jón Ásgeir ætlað að nota bátinn í beinu framhaldi af því. Jón Ásgeir hafi þurft á skipstjóranum Brian Newton að halda til að sigla bátnum.

Jón Gerald kveðst hafa pantað Brian Newton þessa daga fyrir Jón Ásgeir og segir hann að Ingibjörg Pálmadóttir hafi verið með honum í þessari ferð.

Eftir þessa siglingu Jóns Ásgeirs kveðst Jón Gerald hafa fengið símtal frá skipamiðlanum Tony Cheroff hjá Hideaway Yacht. Sá skipamiðlari hafi sagt Jóni Geraldi frá því að Jón Ásgeir og Brian Newton skipstjóri hefðu komið siglandi að skrifstofunni til hans og spurst fyrir um það hve mikið það myndi kosta að kaupa ennþá stærri bát og setja bátinn Thee Viking upp í kaupverðið. Jón Gerald segir það undirstrika það að þessi bátur hafi ekki verið óviðkomandi Jóni Ásgeiri. Jón Ásgeir hafi augljóslega talið sig hafa slíkan umráðarétt yfir bátnum að hann gæti selt bátinn ef honum sýndist svo og keypt annan stærri.

Jón Gerald segir skipamiðlarann geta staðfest þessa heimsókn Jóns Ásgeirs, Ingibjargar og Brian Newton.

Jón Gerald kveðst hafa sent Jóni Ásgeiri tölvupóst útaf þessu símatali sem hann hafi fengið frá skipamiðlaranum og spurt hann út í þetta, eins og þessi tölvupóstsamskipti bera með sér sem undir hann séu nú borin. Jón Gerald segir Jón Ásgeir þá útlistað hugmyndir sínar varðandi framtíðar áform varðandi bátinn og hvernig best væri að reka bátinn. Jón Gerald telur þessi tölvupóstsamskipti undirstrika það að Jón Ásgeir hafi talið sig eiga hlut í þessum bát og farið með bátinn sem sína eign.

Jón Gerald kveðst vera með greiðslugögn varðandi greiðslur til Brian Newton vegna vinnu hans við að sigla bátnum fyrir Jón Ásgeir í þessari ferð. Hann geti lagt þau fram sé þess óskað.

Undir Jón Gerald eru borin tölvupóstsamskipti milli hans og Tryggva Jónssonar þann 16. – 19. mars 2001.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 16-03-2001 | Frá JGS til TJ<br>Subj: | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæll Tryggvi getur þú látið mig vita hvort búið er að senda fyrir viking þar sem ég er búinn að ganga frá öllu og svo er báturinn í slipp og ég þarf að ganga frá því í næstu viku.<br>Kveðja frá Miami. |
| 17-03-2001 | Frá TJ til JGS<br>RE: | Tölva JGS: Inbox - TJ | Ég hef sent frá mér alla reikninga (löngu áður en ég kom út). Það á því örugglega að vera búið að greiða allt. Ég mun double tékka á mánudag.<br>TJ |
| 17-03-2001 | Frá TJ til Lindu J<br>Subj: Nordica | Tölva JGS: Inbox - TJ | Var ekki örugglega búið að greiða alla útistandandi reikninga á Nordica ?<br>TJ |
| 19-03-2001 | Frá Lindu til TJ<br>RE: Nordica | Tölva JGS: Inbox - TJ | ég veit ekki betur en allt sé greitt, því miður er ekki búið að bóka sjóðinn hjá okkur í feb. eða mars. Unnur hefur greinilega ekki gefið sér tíma í það og einnig var hún veik alla síðustu viku. kv. Linda. |
| 19-03-2001 | Frá TJ til JGS<br>FW: Nordica | Tölva JGS: Inbox - TJ | Samkvæmt þessu á allt að vera greitt til þín. Láttu mig vita ef það stenst ekki. TJ |

Jón Gerald er beðinn um að gera nánari grein fyrir þessum tölvupóstsamskiptum.

Jón Gerald segir þennan tölvupóst milli hans og Tryggva varða reiking sem hann kveðst hafa útbúið í nafni Nordica Inc og stílað á Baug hf vegna kostnaðar við afborganir og rekstur bátsins Thee Viking. Þetta hafi greinilega verið einn af þessum mánaðalegu reikningum, þessi hafi greinilega verið fyrir mars

2001, með sama texta og aðrir þeir reikningar sem hann stílaði á Baug vegna bátsins og var fjárframlag þeirra feðga í rekstur bátsins. Jón Gerald segir Tryggva hafa svarað þessum tölvupósti og skýrt frá því að allt ætti að vera greitt. Jón Gerald bendir á að Tryggvi hafi ekki gert neina athugasemd við þessa fyrirspurn hans og hafi vitað nákvæmlega um hvað var að ræða. Jón Gerald tekur það fram að báturinn Thee Viking hafi alltaf verið kallaður "Víkingurinn" í þessum hópi.

Undir Jón Gerald eru borin tölvupóstsamskipti milli hans og Tryggva Jónssonar sem áttu sér stað þann 4. – 5. september 2001.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 04-09-2001 | Frá JGS til TJ<br>Subj: Info | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæll Tryggi minn<br>Ég var að faxa þér þrjá reikninga<br># 197 US $ 12,000 þetta sama<br># 198 US $ 1,732,12 þetta er afgangurinn frá ferðinni Júly August<br># 199 US $ 445,55 þetta er þitt AMEX<br>... |
| 05-09-2001 | Frá TJ til JGS<br>Subj: RE: Info | Tölva JGS: Inbox - TJ | Reikningarnir eru komnir í greiðsluferli.<br>... |

Jón Gerald er beðinn um að gera nánari grein fyrir þessum tölvupóstsamskiptum.

Jón Gerald segir að á þessum tíma hafi hann greinilega verið að senda þrjá reikninga á Baug hf. Hann segir að reikningurinn #197 hafi verið einn af þessum föstu mánaðalegu reikningum vegna bátsins Thee Viking að fjárhæð USD 12.000,- eins og komið hefur fram. Reikningur #198 varðaði skemmtiferð sem Jón Ásgeir og Tryggvi fóru til Miami ásamt fleiri aðilum. Reikningur #199 hafi varðað American Express greiðslukortanotkun Tryggva Jónssonar í nafni Nordica Inc. Jón Gerald kveðst hafa gert nánari grein fyrir þessum reikningum við skýrslutöku hjá lögreglu í gær, 24.03.2003. Hann kveðst því ekkert fleira hafa um þetta að segja. Tryggvi hafi svarað þessum tölvupósti með þeim orðum að reikningarnir væru komnir í greiðsluferli og ekki gert neina athugasemd varðandi þá, enda hafi Tryggvi vitað nákvæmlega hvaða "viðskipti" lágu að baki útgáfu þessara reikninga.

Undir Jón Gerald er borinn tölvupóstur frá Jóni Ásgeiri til hans þann 1. febrúar 2002. Jóni Geraldi er kynnt að einungis það úr tölvupóstinum sem virðist varða rannsókarefni málsins er borið undir hans.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 01-02-2002 | Frá JÁJ til JGS<br>RE: ...samstarf ofl. | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæll Jón Gerald<br>... Einnig verður þú að klára Viking málið með TJ það hefur dregist út í hömlu engar greiðslur munu berast til Nordica fyrr en þessi mál eru leyst veit að TJ er í USA í næstu viku held að þú eigir að reyna að hitta hann.<br>.... |

Jón Gerald er beðinn um að gera nánar grein fyrir þessum tölvupóstsamskiptum og því sem bjó þar að baki.

Jón Gerald segir að þá þessum tíma hafi Jón Ásgeir verið að pressa á það að eignahlutur hans og Jóhannesar í bátnum Thee Viking yrði færður yfir á Miramar eða félags í þeirra eigu. Jón Ásgeir hafi því hótað því að engar greiðslur myndu berast til Nordica Inc fyrr en búið væri að ganga frá eignahlut þeirra í bátnum. Þannig hafi Jón Ásgeir viljað þvinga fram niðurstöðu í þessu bátamáli.

Jón Gerald segir þennan tölvupóst frá Jóni Ásgeir í raun vera svar við tölvupósti frá honum sem Jón Gerald kveðst hafa sent til Jóns Ásgeirs þann 30.01.2002. Í þeim tölvupósti kveðst Jón Gerald hafa verið að fara yfir viðskiptastöðu Nordica Inc gagnvart Aðföngum. Jón Ásgeir hafi ætlað að notfæra sér þá fjárhagslegu klemmu sem Nordica Inc var í til að þvinga fram frágang á bátamálunum.



05508

Jón Gerald kveðst aftur á móti ekki hafa viljað ganga frá bátamálunum fyrr en búið væri að afgreiða viðskiptastöðu Nordica Inc gagnvart Aðföngum. Eins hafi hann ekki viljað ganga frá bátamálunum fyrr en búið væri að yfirfæra lánin sem vörðuðu bátinn yfir á þá feðga, þ.e. að þeir yfirtækju lánin eða greiddu þau upp.

Undir Jón Gerald eru borin tölvupóstsamskipti sem áttu sér stað milli hans og Tryggva Jónssonar þann 13. maí 2002.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 13-05-2002 | Frá JGS til TJ Subj: | Tölva JGS: Inbox - TJ | Sæll Tryggvi báturinn var að koma úr slipp, þetta er það árlega sem þarf að gera og er þetta total $ 16.808,80 hvernig viltu að ég sendi þér reikninginn. |
| 13-05-2002 | Frá TJ til JGS Subj: RE | Tölva JGS: Inbox - TJ | Var ekki gert ráð fyrir þessu í $12.000 fjárhæðinni? Ég hélt að þegar við vorum að ákveða þá fjárhæð þá hefðum við tekið allan rekstrarkostnaðinn með. þar með talið þetta. Er þetta misskilningur hjá mér? |
| 13-05-2002 | Frá JGS til TJ Subj: RE | Tölva JGS: Inbox - TJ | Nei ef þú hefur farið yfir Profit & Lost Statement árið 2001 þá sérðu að operating expences eru 148,807 interest exp 54,673 og PMT on PRINS 55,913 mínus Depreciation - 83,635 þetta gerir 175,758 af þessu borgaði Baugur 144,000 |

Jón Gerald er beðinn um að gera nánari grein fyrir þessum tölvupóstsamskiptum.

Jón Gerald segir að báturinn Thee Viking hafi verið í slipp eins og komi fram í tölvupóstinum og hafi það kostað USD. 16.808,80. Jón Gerald kveðst hafa sent Tryggva tölvupóst vegna þessa kostnaðar, sökum þess að ekki var gert ráð fyrir þessum kostnaði í föstu mánaðalegu reikningunum að fjárhæð USD 12.000,-. Jón Gerald segir að Tryggvi hafi svarað tölvupóstinum eins og sjá megi og spurt hvort ekki hafi verið gert ráð fyrir þessu í USD 12.000,ö fjárhæðinni. Jón Gerald kveðst þá hafa sent honum til baka tölvupóst og farið yfir tölur á rekstrarreikningi New Viking Inc vegna bátsins og útskýrt kostnaðarliði rekstrarreikningsins.

Jón Gerald segir Tryggva ekki hafa svarað þessum tölvupósti, en hann kveðst í framhaldi af þessu hafa sent reikning á Baug hf á sama formi og hina mánaðalegu reikninga með textanum "Contract fee for retail services, commissions finders fee and consuting work" en fjárhæð reikningsins hafi verið USD. 16.808,80 en ekki USD. 12.000,- eins og hefðbundið var.

Jón Gerald segir engar frekari athugasemdir hafa borist honum frá Tryggva vegna þessa reiknings. Reikningurinn hafi verið samþykktur og greiddur úr sjóðum Baugs hf.

Jóni Geraldi er kynnt að Jón Ásgeir hafi lagt fram skjal við yfirheyrslu hjá lögreglu þann 11.03.2003 sem hann heldur fram að sé söluyfirlit varðandi bátinn Thee Viking og segir þig hafa sett bátinn á sölu þann 10. júní 2002. Jón Gerald er beðinn um að taka afstöðu til þessa.

Jón Gerald kveðst kannast við það að hafa skráð bátinn á sölu á þessum tíma. Hann segir að Jóni Ásgeiri hafi verið kunnugt um það mál, enda sé Jón Ásgeir augljóslega með gögn um söluskráninguna. Jón Gerald kveðst máli sínu til stuðnings geta lagt fram tölvupóstsamskipti milli hans og Tryggva Jónsson þann 10. júní 2002, en Tryggvi hafi sent honum tölvupóst og skýrt frá því að hann væri á leiðinni til Flórída og jafnvel Miami. Hafi Tryggvi haft hug á því að gista í bátnum en í tölvupóstinum hafi hann verið að velta því fyrir sér hvort það geti gengið upp, sökum þess að báturinn væri kominn á sölu. Þannig segir hann það ekki hafa verið neitt leyndarmál að hann hefði sett bátinn á sölu og kveðst hann hafa látið þá Jón Ásgeir og Tryggva vita af því. Hann hafi jafnframt sagt þeim það að þeir feðgar fengju sinn hluta söluandvirðis bátsins.

Jón Gerald kveðst á þessum tíma hafa verið búinn að gefa upp alla von um það að þeir gætu leyst þetta bátamál í bróðerni og því ákveðið að best væri að selja bátinn og skipta upp söluandvirðinu í samræmi við eignahluta þeirra í bátnum.

Jón Gerald kveðst nú ekkert fleira hafa um málið að segja, að svo stöddu.

Skýrslutöku lauk kl. 18 55

Staðfest rétt eftir haft:

Jón Gerald Sullenberger

Skýrsluna skráði:

J. Magnússon

Sveinn I. Magnússon



05510

IV/1.6.1

**Jon Sullenberger**

**From:** Tryggvi Jónsson [tryggvi@baugur.is]
**Sent:** Sunday, May 12, 2002 7:43 AM
**To:** Jon Sullenberger
**Subject:** RE: Málefni Nordica

Ég er búinn að ræða þessar hugmyndir við feðgana og samþykkja þeir tillöguna. Næsta skref er að ganga frá pappírsmálum, einkum vegna Thee Viking. Jafnframt verða skuldir yfirteknar, sem þú ert í ábyrgð fyrir.

Samtals eru þetta $350 þús. sem á að greiða þér auk þess að losa þig undan ábyrgðum. Á móti kemur yfirlýsing frá þér um að allar skuldbindingar okkar vegna Nordica séu uppgerðar og síðan framsal hlutabréfanna. Ég fer í það á morgun að útvega bankaábyrgðir vegna Thee Viking og hef síðan samband við lögfræðinginn sem við hittum til að klára pappírsmálin.

Ég veit að þessi frágangur á eftir að taka einhvern tíma svo láttu mig vita ef ég get eitthvað gert fyrir þig núna.

Kveðja

Tryggvi

-----Original Message-----
From: Jon Gerald [mailto:gerald@xnet.is]
Sent: 11. maí 2002 17:44
To: 'Tryggvi Jónsson'
Subject: RE: Málefni Nordica

Sæll Tryggvi er enhvað að frétta

Kveðja

Nordica,Inc
Jon Gerald Sullenberger
1338/40 NW 78th Avenue
Miami Florida 33126 USA
Tel (305) 639-2100
Fax (305) 639-2141
gerald@xnet.is

-----Original Message-----
From: Jon Gerald [mailto:gerald@xnet.is]
Sent: Wednesday, May 08, 2002 8:16 AM
To: 'Tryggvi Jónsson'
Subject: RE: Málefni Nordica

Sæll Tryggvi minn,

Takk fyrir póstinn. Í stórum dráttum sætti ég mig við neðangreint bréf og vonandi skilur þú það að eftir 10 ára samstarf og vinnu með feðgunum þá stend ég uppi með tvær hendur tómar. En hvert er mitt val! Tíminn er svo



05511

dýrmætur eins og þú veist og eins og staðan er núna þá er salan til Aðfanga
2002 US $171,086 dollarar og tapið orðið c.a. US $ 80,000 það sem af er þessu ári. Tryggvi minn ég er tilbúin að ganga að þessu en ég verð þó að fá
á hreint að ef ég afsala mér New Viking fyrirtækinu þá verða lánin sem á því
hvíla greidd eða endurfjármögnum á ykkar nafni.

Ég þakkar þér fyrir punktana sambandi við félagana í Danmörku og er búið að
ákveða að Smart Club og Dansk Supermarket opna ábyrgðir beint til Nordica og
Nordica svo greiðir Sigurði commission inn á sérreikning.

Vonandi á þetta á eftir að verða betra ár því ég hef ákveðið að beina mínum
kröftum á fleirri aðila en Aðföngum.

Kveðja

Nordica,Inc
Jon Gerald Sullenberger
1338/40 NW 78th Avenue
Miami Florida 33126 USA
Tel (305) 639-2100
Fax (305) 639-2141
gerald@xnet.is

-----Original Message-----
From: Tryggvi Jónsson [mailto:tryggvi@baugur.is]
Sent: Wednesday, May 08, 2002 1:55 AM
To: Jon Sullenberger
Subject: Málefni Nordica

Sæll Jón.

Ég kom til landsins um helgina og fékk skilaboðin þín í gær. Var fjarverandi í allan gærdag vegna aðalfundar Samtaka atvinnulífsins og gat
því ekki svarað þér þá, en eftirfarandi er mín hugmynd á lausn málsins.

1. Þú nefndir á talhólfinu að þú þyrftir að vita hvernig við ætluðum að standa að málum. Eins og ég sagði þér fyrir par mánuðum síðan, og hefur komið fram í okkar samtölum síðar, þarftu að gera ráðstafanir sem miða að
því að losa vöruhúsið. Þú hefur heyrt skoðanir Árna Péturs og hans manna.
Í mín eyru hafa þau ekki breyst. Verði um aukin viðskipti að ræða þá er það
hið besta mál, en á meðan þú hefur ekki heyrt neitt frekar um það frá Árna
Pétri þarftu að gera ráð fyrir að svo verði ekki, eins og ítrekað hefur komið fram.

Hvorki ég né Jón Ásgeir getum haft áhrif á framtíðarviðskipti. Eins og þú
hefur orðið var við hefur lítið gengið hingað til í að efla viðskiptin.
Framundan eru skipulagsbreytingar hjá okkur, sem ég bið þig um að fara með
sem trúnaðarmál því það hefur ekki verið kynnt hér innanhúss (verður



05512

gert
undir lok mánaðarins) og með þeim breytingum verða dagleg áhrif okkar
hér
engin.

Þú sagðir mér um daginn að þú værir að vinna í því að fá meðleigjendur í vörulagerinn. Það er gott og nákvæmlega það sem þarf að gerast.
Jafnframt
sagðirðu mér að þú værir kominn í samstarf með fyrirtæki á norðurlöndum
(ég
hef heyrt að það sé Örn nokkur og Sigurður Kolbeins). Það er einnig hið besta mál. Þó það komi mér ekkert við þá vil ég ráðleggja þér sem vinur
að
fara varlega í þau viðskipti og lána þeim ekkert. Það gæti reynst
erfitt að
innheimta kröfur á þá eftir á að því mér er sagt. En auðvitað er það alfarið þitt mál og ég vil ekki blanda mér í það frekar.

En, sem sagt, línan hefur ekki breyst. Gerðu ráð fyrir að loka
vöruhúsinu,
nema þú hafir borðliggjandi samninga við Árna Pétur og/eða Lárus.

2. Þú óskaðir eftir $250.000 vegna taprekstrar liðinna ára. Ef ég man
rétt
(ég get látið fletta því upp, en þú átt einnig að hafa tölurnar) þá erum
við
þegar búnir að greiða þér þá fjárhæð ($80 þús. árið 1999 og síðan $50
þús.
og $120 þús. á þessu ári. Stemmir það ekki?) Uppsafnað tap þitt síðan
1999
er $419 þús. með afskriftum og $364 þús. án afskrifta. Eigið fé Nordica
er
neikvætt um $391 þús. í árslok 2001 samkvæmt efnahagsreikningi.

Mér finnst það því fullvel í lagt að leggja rekstrinum til $250 þús. í viðbót af tvennum ástæðum. Í fyrsta lagi er uppsafnað tap ekki svo
mikið og
í öðru lagi getum við ekki borið einir ábyrgð á rekstrinum. Þar hlýtur
þú
að koma til líka (enda rann hagnaður áranna á undan til þín), svo og viðskipti við aðra aðila þó þau séu ekki mikil í samanburði við Aðföng.

Ég er hins vegar tilbúinn að mæla með því við mína menn að greiða $150
þús.
í viðbót. Þá er fjárhæðin komin í $400 þús. sem er hærri fjárhæð en sem
nam
peningalegu tapi síðustu ára.

3. Samkvæmt efnahagsreikningi New Viking nema skuldir í árslok 2001
$774
þús. Á því ári voru greiddar $144 þús. í reksturinn, þar af fóru $56
þús. í
afborganir og fjárfestingar, $55 þús. í vexti og rest í rekstrarkostnað. Skuldir í ársbyrjun voru því $816 þús. Sama gildir með árið 2000, þ.e. afborganir og rekstur hefur verið greiddur héðan.

Síðan er það spurning hversu verðmæt eignin er. Er hún $1.300 þús. eða $1.500 þús. Eða einhver önnur fjárhæð. Þetta þekkir þú betur en ég, en þegar við ræddum um þessi mál í byrjun þá töluðum við um þessar fjárhæðir.
Síðan hafa þær væntanlega frekar lækkað en hækkað vegna afskrifta.

Nettóeign er því nú $525 þús. - $725 þús. miðað við framangreint verðmætamat. Ef við miðum við ársbyrjun 2000, þegar reksturinn var yfirtekinn héðan, er nettóeign líklega um $100 þús. lægri.



05513

Þegar við fórum yfir þessi mál í ársbyrjun 2000 þá vorum við sammála um að
þú fengir 30% (þá var búið að taka tillit til vinnuframlags þíns), og að við
tækjum síðan yfir reksturinn að mestu leyti. Eins og þú manst fannst JÁJ
þetta of hátt hlutfall. En ef við höldum okkur samt við þessi 30%, og miðum
við $1.400 þús. verðmat á bátnum eins og við gerðum þá, þá er hlutur þinn
eftirfarandi:

Miðað við skuldir í ársbyrjun 2000 væri hlutur þinn $162 þús.
Miðað við skuldir í ársbyrjun 2001 væri hlutur þinn $175 þús.
Miðað við skuldir í ársbyrjun 2002 væri hlutur þinn $188 þús.

Til að ná $250 þús. í þinn 30% hlut þyrfti verðmæti bátsins að vera $1.600
þús. í ársbyrjun 2002 og $1.700 þús. í ársbyrjun 2000. Ef við hins vegar
miðum áfram við $1.400 þús. verðmæti þyrfti eignarhlutur þinn að vera 40% í
ársbyrjun 2002 og 46% í ársbyrjun 2000.

Ég legg því til að þú fáir $200 þús. Miðað við $1.400 þús. verðmæti þýðir
þetta 37% eignarhlut miðað við ársbyrjun 2000, en frá þeim tíma hefur
kostnaður verið greiddur hér að mestu. Þetta er umtalsvert hærri
eignarhlutur en þú fórst upphaflega fram á, svo ekki sé minnst á hugmyndir
JÁJ í því sambandi. Ég vona að þér finnist þetta sanngjörn lausn.

Láttu mig heyra hvað þér finnst um þetta, þ.e. hvort þetta sé að þínu mati
sanngjarnt eða ósanngjarnt annars vegar og hins vegar hvort þessi lausn dugi
til að fleyta þér yfir erfiðasta hjallann. Þetta eru samtals $350 þús. sem
ég legg til að greiða þér, þ.e $150 þús. vegna rekstrar og $200 þús. vegna
New Viking.

Til að undirstrika það sem áður hefur komið fram að þá tel ég að með slíku
uppgjöri, sem að framan er lýst, sé fjárhagsleg ábyrgð okkar á Fróni
afgreidd, þ.e. ekki koma til frekari greiðslur nema þá vegna beinna
viðskipta. Það sama gildir væntanlega um ábyrgðir.

Kveðja



05514

IV/1.7

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN | SKÝRSLA<br>YFIRHEYRSLA<br>VITNI | R L S |
|---|---|---|
| Skýrslu gerir: 9813 Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi | | Mál nr.: 006-2002-00086 |
| Staður og stund: Mánudagur 24. mars 2003 kl. 18:55 – Skrifstofa Ríkislögreglustjórans að Skúlagötu 21 | | |
| Sakarefni: Ætluð brot á XVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og tollalögum nr. 55/1987 | | |
| Vitni: Jón Gerald Sullenberger | | Kennitala: 240664-2089 |
| Starf/staða: Rekur útflutningsfyrirtækið Nordica Inc. í Bandaríkjunum | | Vinnusími: 305 639 2100 |
| Lögheimili: 832 Santiago Street, Coral Gables, Florida | | Sími: 305 443 4204 |
| Dvalarstaður: | | GSM-farsímanúmer í USA: 305 588 1800 |
| Kynnt tilefni yfirheyrslunnar, vitnaskylda og ábyrgð. | | |

Jón Gerald Sullenberger er mættur til skýrslutöku á skrifstofu efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjórans. Jóni er kunnugt um tilefnið sem er vegna rannsóknar á kæru hans á hendur fyrirsvarsmönnum Baugs hf. og annarra félaga tengdu því, dagsettri hinn 25. ágúst 2002.

Þau tilvik sem Jón er nú spurður um tengjast innflutningi á bifreiðum frá Bandaríkjunum á árunum 1997 og 1998, en hann hefur nú þegar borið þeim Jóhannesi Jónssyni, Jóni Ásgeiri Jóhannessyni, Kristínu Jóhannesdóttur á brýn ætlaða refsiverða háttsemi í tengslum við innflutning á bifreiðum frá Bandaríkjunum.

Jóni Gerald er kynnt vitnaskyldan um að öllum sé skylt að mæta fyrir dóm í opinberu máli séu þeir til þess kvaddir, sbr. 1. mgr. 49. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Honum er kynnt vitnaábyrgðin sem er sú siðferðislega ábyrgð og refsiábyrgð sem hann kunni að baka sér með vísvitandi eða gáleysislega röngum framburði, sbr. 1. mgr. 59. gr. sömu laga.

Jóni er kunngjört um að honum sé óskylt að svara spurningu að viðlagðri vitnaábyrgð ef ætla má að svar við henni feli í sér játningu eða hlutdeild hans eða venslamanna hans í refsiverðri háttsemi, sbr. 51. gr. laga nr. 19/1991, en sú háttsemi sem til rannsóknar er þykir varða við XVII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og tollalög nr. 55/1987. Enn fremur er brýnt fyrir Jóni að segja satt og rétt frá og draga ekkert undan sem máli kunni að skipta.

Aðspurður segist Jón Gerald skilja þau ákvæði réttarfarslaga er honum hafa verið gjörð kunn.

Jón Gerald er spurður hvort hann hafi átt einhver önnur viðskipti við Guðmund Inga Hjartarson en í tengslum við þær bifreiðar sem hann hefur nú þegar vitnað um og lýst.

Svar:
Já, við Guðmundur áttum viðskipti með tölvur og aðra þjónustu tengda tölvum. Guðmundur Ingi var með Internetsþjónustu og fyrirtæki mitt, Nordica Inc., átti í viðskiptum við fyrirtæki Guðmundar, Netheima. Guðmundur útbjó m. a. fyrir mig drög að heimasíðu Nordica Inc. Þau drög á ég reyndar, en heimasíðan varð þó aldrei að veruleika.

Ég vil árétta að þær fjárhæðir sem var um ræða í tengslum viðskipti mín og Guðmundar voru ekkert í líkingu við þær fjárhæðir sem var til að dreifa í tengslum við bifreiðakaupin. Enn fremur vil ég árétta að ég átti engin viðskipti með bifreiðar við Guðmund Inga Hjartarson, heldur voru þetta viðskipti við Jóhannes Jónsson, Jón Ásgeir Jóhannesson, Kristínu Jóhannesdóttur og fyrirtæki tengdum þeim.

/3-7.

**Innflutningur bifreiðarinnar BK 883 (Bifreiðakaup febrúar/mars 1998)**

Jóni Gerald er sýnt erlent skráningarskírteini/upprunavottorð (Motor Vehicle Dealer Title Reassignment Supplement), dags. 26. febrúar 1998 – að því er virðist undirritað af Guðmundi I. Hjartarsyni. Téðu skráningarskírteini var framvísað af innflytjanda bifreiðarinnar við tollafgreiðslu hennar 30. mars 1998.
- Skjal nr. II/29.1.2

Jón Gerald er spurður hvort að um undirritun Guðmundar Inga Hjartarsonar sé að ræða á skírteininu.

Svar:
Nei, þetta er undirritun mín. Ég vissi að það var verið að kaupa þessa bifreið fyrir Jón Ásgeir Jóhannesson en ekki Guðmund Inga Hjartarson. Þetta skjal er m. a. útflutningsskírteini og þar sem ég var kaupandi bifreiðarinnar í Bandaríkjunum fyrir útflutning og flutti bifreiðina út þá undirritaði ég skjalið. Það er alveg á hreinu að ég var að rita undir mitt nafn, ekki Guðmundar Inga Hjartarsonar.

Undir Jón Gerald eru borin tvö reikningsyfirlit Ready State Bank (Regular demand account) um bankareikning Nordica Inc. á tímabili frá 31. janúar 1998 til 28. febrúar 1998, kvittun Ready State Bank vegna kreditfærslu á USD 27.820 Nordica Inc. til Guðmundar Inga Hjartarsonar, dags. 03/04/98 (4. mars 1998) og Confirmation of customer transfer á fjárhæð USD 27.845 – American Express Bank Ltd., dags. 2. mars 1998. Jón Gerald hefur nú þegar sagt að greiðsla á yfirlitinu á fjárhæð USD 27.820 hafi borist frá Guðmundi Inga Hjartarsyni vegna þessara bifreiðakaupa. Jón Gerald framvísaði téðum skjölum.
- Skjal nr. II/29.2.3, II/29.2.4, II/29.2.5 og II/29.2.6

Jón Gerald er spurður hvernig hann geti fullyrt um að greiðsla á fjárhæð USD 27.820 hinn 20. febrúar 1998 hafi verið vegna bifreiðarinnar BK 883 en ekki vegna einhverra annarra viðskipta við Guðmund Inga Hjartarson.

Svar:
Í þessu sambandi vil ég vísa til þess reiknings sem ég útbjó í bókhaldi Nordica Inc. með vin-númerinu 1J4GZ88Z6WC255307 að upphæð USD 27.845 en frá því dróst bankakostnaður upp á USD 25, þannig að inn á bankann hjá mér fór USD 27.820.

Það er alveg ljóst að Guðmundur sendi mér ekki neina aðra fjármuni í þessum mánuði nema fyrir greiðslu á þessum reikningi. Það sést á yfirlitunum.

Ég vil einnig taka fram að greiðslustaðfesting að upphæð USD 2.148,57 á ekki við þessa bifreið en ég hafði áður sagt að ég teldi að svo væri. Nú er ég alveg viss um að svo er ekki, heldur tengist þessi greiðsla öðru en þessari bifreið.

---

**Innflutningur bifreiðarinnar UT 963 (Bifreiðakaup í mars 1998)**

Jóni Gerald er sýnt erlent skráningarskírteini/upprunavottorð (Motor Vehicle Dealer Title Reassignment Supplement), dags. 27. febrúar 1998 – að því er virðist undirritað af Guðmundi I. Hjartarsyni. Téðu skráningarskírteini var framvísað af innflytjanda bifreiðarinnar við tollafgreiðslu hennar 30. mars 1998.
- Skjal nr. II/30.1.2

Jón Gerald er spurður hvort að um undirritun Guðmundar Inga Hjartarsonar sé að ræða á skírteininu.



05516

Svar:
Nei, þetta er undirritun mín. Ég vissi að það var verið að kaupa þessa bifreið fyrir þáverandi eiginkonu Jóns Ásgeirs Jóhannesson, Lindu Stefánsdóttur, en ekki Guðmund Inga Hjartarson. Linda hins vegar vildi ekki bifreiðina.

Þetta skjal er m. a. útflutningsskírteini og þar sem ég var kaupandi bifreiðarinnar í Bandaríkjunum fyrir útflutning og flutti bifreiðina út þá undirritaði ég skjalið. Það er alveg á hreinu að ég var að rita undir mitt nafn, ekki Guðmundar Inga Hjartarsonar.

Undir Jón Gerald er borið reikningsyfirlit Ready State Bank (Regular demand account) um bankareikning Nordica Inc. Jón Gerald hefur nú þegar sagt að greiðsla á yfirlitinu á fjárhæð USD 27.820 hafi borist frá Guðmundi Inga Hjartarsyni vegna þessara bifreiðakaupa hinn 4. mars 1998, en af því hefði hann fengið USD 27.741. Jón Gerald framvísaði téðu skjali.
- Skjal nr. II/30.4.1

Jón Gerald er spurður hvernig hann geti fullyrt um að greiðsla á fjárhæð USD 27.820 hinn 4. mars 1998 hafi verið vegna bifreiðarinnar UT 963 en ekki vegna einhverra annarra viðskipta við Guðmund Inga Hjartarson.

Svar:
Ég vil koma á framfæri leiðréttingu vegna þessa tilviks. Þau greiðsluyfirlit er ég framvísaði við skýrslutöku hjá lögreglu, laugardaginn 22. mars 2003, þar sem fram kemur greiðsla á fjárhæð USD 27.820 er ekki vegna þessarar bifreiðar. Ég vil í því sambandi leggja fram annað greiðsluyfirlit þar sem fram kemur greiðsla hinn 10. júní 1998 á fjárhæð USD 26.685. Sú greiðsla er vegna þessarar bifreiðar.

Í þessu sambandi vil ég vísa til þess reiknings sem ég útbjó í bókhaldi Nordica Inc. með vin-númerinu 1B4HS28ZXWF143469 að upphæð USD 26.850 en af þeirri fjárhæð fékk ég inn á reikning USD 26.625. Ég hef ekki skýringu á því hvers vegna mismunur upp á USD 225 er þarna. Það er þó líklega vegna kostnaðar.

Það er alveg ljóst að Guðmundur sendi mér ekki neina aðra fjármuni í þessum mánuði nema fyrir greiðslu á þessum reikningi. Það sést á yfirlitinu.

---

**Innflutningur bifreiðarinnar DP 709 (Bifreiðakaup 31. október 1997)**

Jóni Gerald er sýnt erlent skráningarskírteini/upprunavottorð (Motor Vehicle Dealer Title Reassignment Supplement), dags. 4. nóvember 1997 – að því er virðist undirritað af Guðmundi I. Hjartarsyni. Téðu skráningarskírteini var framvísað af innflytjanda bifreiðarinnar við tollafgreiðslu hennar 10. desember 1997.
- Skjal nr. II/34.1.2

Jón Gerald er spurður hvort að um undirritun Guðmundar Inga Hjartarsonar sé að ræða á skírteininu.

Svar:
Það er alveg öruggt að það var ekki Guðmundur Ingi Hjartarson sem ritaði undir skjalið af þeirri ástæðu að hann var ekki úti á þessum tíma. Það var heldur ekki ég. Ég tel líklegt að einhver á skrifstofu seljandans í Kanada hafi ritað nafn Guðmundar á skjalið.

Undir Jón Gerald er borið reikningsyfirlit Ready State Bank (Regular demand account) um bankareikning Nordica Inc. á tímabili frá 31. október 1997 til 30. nóvember 1997. Jón Gerald hefur nú



05517

þegar sagt að greiðsla á yfirlitinu á fjárhæð USD 29.850 hafi borist frá Guðmundi Inga Hjartarsyni vegna þessara bifreiðakaupa. Jón Gerald framvísaði téðu skjali.
- Skjal nr. II/34.3.1

Jón Gerald er spurður hvernig hann geti fullyrt um að greiðsla á fjárhæð USD 29.850 hinn 4. nóvember 1998 hafi verið vegna bifreiðarinnar DP 709 en ekki vegna einhverra annarra viðskipta við Guðmund Inga Hjartarson.

Svar:
Þessi bifreið var keypt fyrir Jóhannes Jónsson, en hann bað mig um að kaupa bifreiðina. Það var hins vegar Jón Ásgeir Jóhannesson sem bað um að bifreiðin yrði flutt inn á nafni Guðmundar Inga Hjartarsonar.

Ég vil vísa til þess að ég gaf út reikning inni í reikningskerfi Nordica Inc. fyrir þessari bifreið að fjárhæð USD 29.875 en af þeirri upphæð dróst USD 25 vegna bankakostnaðar. Fjárhæðin til mín var því USD 29.850.

Það er alveg ljóst að Guðmundur sendi mér ekki neina aðra fjármuni í þessum mánuði nema fyrir greiðslu á þessum reikningi. Það sést á yfirlitinu.

Jón er spurður að lokum hvort hann hafi einhverju við að bæta.

Svar:
Nei.

Jón hefur lesið skýrsluna yfir. Hann telur hana rétta og engu við að bæta.

Skýrslu lokið mánudaginn 24. mars 2003 kl. 20:25

Staðfest rétt

Jón Gerald Sullenberger

Skýrslu gerir

Birgir Jónasson, lögreglufulltrúi

Vætti, viðstaddur undirritun,

Sveinn Ingiberg Magnússon



05518

IV/1.8

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN | **SKÝRSLA**<br>YFIRHEYRSLA | **R L S** |
|---|---|---|
| Skýrslu gerir: Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi | | Mál nr. |
| Staður og stund: Reykjavík - Mánudaginn 24. mars 2003. Klukkan 21:00. | | |
| Sakarefni: Ætluð bókhaldsbrot | | |
| Aðili: Jón Gerald Sullenberger | | Kennitala: 240664-2089 |
| Starf/staða: Rekur útflutningsfyrirtækið Nordica Inc. í Bandaríkjunum | | Vinnusími: 305-639-2100 |
| Lögheimili: 832 Santiago Street, Coral Gables, Florida | | Sími: 305-443-4204 |
| Dvalarstaður: (Gullsmári 10, Kópavogi GSM: 897-6405) | | Sími: GSM USA: 305-588-1800 |

Jón Gerald er mættur til skýrslutöku samkvæmt boðun. Honum er kunnugt um ástæðu skýrslutökunnar sem varðar viðskipti hans og fyrirtækis hans Nordica Inc. við Baug-Group hf. og greiðslur sem hann hefur móttekið fyrir hönd Nordica Inc frá Baugi hf. Við þessa skýrslutöku verða bornir undir Jón Gerald framburðir Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar frá 10.02.2003, varðandi kreditreikning í nafni Nordica Inc sem stílaður var á Baug hf að fjárhæð USD. 589.890,-.

Fyrir Jóni Geraldi er brýnd vitnaskylda og vitnaábyrgð, auk þess sem hann er áminntur um sannsögli. Þá er Jóni Gerald einnig kynnt ákvæði 51. gr. laga nr. 19/1991, þess efnis að hann þurfi ekki að tjá sig um þau atriði sem gætu skapað honum refisábyrgð.

Jón Gerald kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og vera reiðubúinn að tjá sig um málið.

**Kreditreikningur**.

Jóni Gerald er kynnt að þeir Jón Ásgeir og Tryggvi Jónsson hafi verið yfirheyrðir frekar um kreditreikninginn frá Nordica Inc að fjárhæð USD. 589.890,- sem stílaður var á Baug hf. Þær yfirheyrslur hafi farið fram þann 10.02.2003. Jóni Geraldi er kynnt að við þær yfirheyrslur hafi framburðir þeirra tekið nokkrum breytingum frá þeim framburði sem þeir gáfu í lok ágúst 2002, en sá framburður þeirra hefur þegar verið borinn undir Jón Gerald.

Jóni Gerald er nú kynnt að Jón Ásgeir Jóhannesson hafi við yfirheyrslu hjá lögreglu þann 10.02.2003 skýrt svo frá að kreditreikningurinn að fjárhæð USD. 589.890,- hafi í raun verið "pennastriksákvörðun" eins og Jón Ásgeir komst að orði. Jón Ásgeir skýrði frá því að þetta hafi verið "niðurstaðan af áralöngu þrasi um þessi mál" á milli hans og Jóns Geralds vegna þess að vörur frá Nordica Inc. hafi setið á lager hjá Aðföngum og að í gámum frá Nordica Inc hafi verið vörur sem ekki höfðu verið pantaðar. Hann skýrði jafnframt frá því að villa væri í texta kreditreikningsins varðandi tímabil viðskiptanna, reikningurinn ætti við lengra tímabil.

Jóni Gerald er einnig kynnt að Jón Ásgeir hafi skýrt frá því að ákvörðun um útgáfu reikingsins hafi verið munnlegur samningur við Jón Gerald. Þetta hafi verið "pennastriksmál" og hann sem forstjóri hafi þurft að taka ákvörðun og ekki sé hægt að benda á gögn í bókhaldi Baugs-Group hf á bak við þá ákvörðun. Þá skýrði Jón Ásgeir jafnframt frá því að hann hafi ekki gert neinum grein fyrir þessari ákvörðun sinni.

Niðurstaðan hafi sem sagt verið sú að tekin hafi verið pennastriksákvörðun um fjárhæð kreditreikningsins og Jón Gerald samþykkt að gefa út þennan kreditreikning að fjárhæð USD. 589.890,- vegna uppsafnaðrar kröfu Baugs-Group hf og undirfyrirtækja þess á hendur Nordica Inc vegna rýrnunar, skemmda og vörusendinga sem ekki hafi tekist að selja. Jóni Geraldi er kynnt að þetta sé í stórum

05519 J. 177og

dráttum það sem Jón Ásgeir hafði um þennan kreditreiking frá Nordica Inc að segja við yfirheyrslu þann 10.02.2003.

Hann er beðinn um að taka afstöðu til þessa framburðar Jóns Ásgeirs.

Jón Gerald segir þennan framburð Jóns Ásgeirs vera rangan. Jón Gerald kveðst vísa í fyrri framburði sína varðandi útgáfu þessa kreditreiknings. Jón Gerald tekur það fram að hann hafi aldrei rætt við Jón Ásgeir um þennan kreditreikning, hvorki fyrr né síðar. Þannig kveðst Jón Gerald ekki kannast við það að hafa átt í áralöngu þrasi við Jón Ásgeir um skemmdar vörur eða rýrnun á vörum frá Nordica. Þetta sé hreinn tilbúningur hjá Jóni Ásgeiri.

Jón Gerald segir alveg víst að engin gögn séu til varðandi nokkuð slíkt samkomulag milli hans og Jóns Ásgeirs, enda hafi þeir aldrei rætt þetta á nokkurn hátt. Jón Gerald kveðst ekkert frekar um þetta að segja, enda sé þessi framburður Jón Ásgeirs algjör ósannindi og segir hann athyglisvert hve miklum breytingum framburður Jóns Ásgeirs hafi tekið frá fyrstu yfirheyrslunni yfir honum.

Jóni Geraldi er einnig kynntur framburður Tryggva Jónssonar sem hann gaf hjá lögreglu þann 10.02.2003, varðandi kreditreikninginn frá Nordica Inc. að fjárhæð USD 589.890,-. Við þá yfirheyrslu hafi Tryggvi gefið þá skýringu að reikningurinn byggi á samskiptum Jóns Ásgeirs og Jóns Geralds og hafi verið eitthvað uppsafnað mál á milli þeirra. Þá hafi Tryggvi skýrt frá því að hann vissi ekki hvernig þessi tala hafi nákvæmlega verið fengin að öðru leyti en því að þetta hafi verið samkomulagsatriði. Tryggvi hafi einnig skýrt frá því að ef til séu gögn á bak við þennan kreditreikning þá hafi hann ekki séð þau gögn. Væru þau helst hjá Jóni Ásgeiri, en hann vissi ekkert um það. Tryggvi hafi einungis séð um að kalla eftir kreditreikningnum.

Jón Gerald er beðinn um að taka afstöðu til þessa framburðar Tryggva Jónssonar.

Jón Gerald kveðst vísa í fyrri framburð sinn varðandi útgáfu kreditreikningsins. Hann ítrekar að Tryggvi Jónsson hafi hringt í sig að morgni dag þann 30.08.2001 og óskað eftir því að Jón Gerald gæfi út þennan tilefnis- og tilhæfulausa kreditreikning í nafni Nordica Inc og stílaður á Baug hf. Hann segir að Tryggva hafi legið mikið á því að fá þennan kreditreikning og kveðst Jón Gerald hafa þurft að hraða sér á skrifstofu Nordica Inc til að útbúa þennan reikning samkvæmt forskrift Tryggva Jónssonar. Þannig hafi Tryggvi gefið upp þá fjárhæð sem skrá átti á reikninginn sem og texta reikningsins.

Jón Gerald kveðst ekki vita af hvaða tilefni Tryggvi þurfti á þessum tilhæfulausa reikningi að halda, en gert það sem Tryggvi óskaði eftir. Jón Gerald segir að það hafi ekki hvarflað að honum að Tryggvi eða forsvarsmenn Baugs myndu nota þennan reikning í viðskiptum, enda sé þessi kreditreikningur tilhæfulaus með öllu.

Jón Gerald kveðst hafa átt tölvupóstsamskipti við Tryggva varðandi texta reikningsins og hafi þeir skipst á póstsendingum fram og til baka varðandi textann, en Tryggvi hafi viljað breyta textanum. Jón Gerald segir útgáfu þessa kreditreikings hafa verið afgreidda á skömmum tíma.

Jón Gerald segir að til marks um það hve lítið hann vissi um þennan reikning þá hafi hann ekki við upphaf lögreglurannsóknarinnar vitað nákvæmlega hvort þetta var debet eða kreditreikningur. Jón Gerald kveðst hins vegar hafa átt tölvupóstsamskiptin og þar séð hvaða fjárhæð var sett á þennan reikning. Þannig hafi hann getað upplýst lögreglu um það að gefinn hafi verið út tilhæfulaus reikingur að þessari fjárhæð og talið að um sölureikning hefði verið að ræða. Síðar hafi komið í ljós að þetta var kreditreikningur. Jón segir framburð Tryggva rangan og virðist sem Tryggvi vísi þessu yfir á Jón Ásgeir.



05520

Jón Gerald tekur það fram að þessi kreditreikningur hafi aldrei verið ræddur við hann aftur. Aldrei í því ferli sem fór af stað eftir þetta, þegar verið var að taka sama tölur varðandi uppgjör Nordica Inc við Aðföng/Baug hafi þessi kreditreikningur verið nefndur eða tekinn inn í myndina. Enda um marklaust plagg að ræða. Ekki hafi þessi kreditreikningur heldur verið ræddur þegar verið var að ræða um viðskiptaslit Nordica Inc og Baugs eða undirfyrirtækja þess. Alltaf hafi verið talað um Baugur hf þyrfti að greiða Nordica Inc vegna viðskiptaslitanna og þessi kreditreikningur aldrei komið þar inn í þá mynd.

Máli sínu til stuðnings vísar Jón Gerald í öll þau tölvupóstsamskipti sem átt hafa sér stað varðandi uppgjör og viðskiptaslit þessarra fyrirtækja. Ekkert í þeim tölvupóstsamskiptum lúti að þessum kreditreikningi.

Jón Gerald kveðst ekkert frekar hafa um þessa reikninga að segja að svo stöddu.

Skýrslutöku lauk kl. 21 35

Staðfest rétt eftir haft:

Jón Gerald Sullenberger

Skýrsluna skráði:

S. I. Magnússon

Sveinn I. Magnússon



05521

IV/1.9

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN | **SKÝRSLA**<br>YFIRHEYRSLA | **R L S** |
|---|---|---|

| | |
|---|---|
| Skýrslu gerir<br>Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi | Mál nr. |
| Staður og stund:<br>Reykjavík - Þriðjudaginn 25. mars 2003. Klukkan 09:20. | |
| Sakarefni:<br>Ætluð bókhaldsbrot | |
| Aðili:<br>Jón Gerald Sullenberger | Kennitala:<br>240664-2089 |
| Starf/staða:<br>Rekur útflutningsfyrirtækið Nordica Inc. í Bandaríkjunum | Vinnusími:<br>305-639-2100 |
| Lögheimili:<br>832 Santiago Street, Coral Gables, Florida | Sími:<br>305-443-4204 |
| Dvalarstaður:<br>(Gullsmári 10, Kópavogi GSM: 897-6405) | Sími:<br>GSM USA: 305-588-1800 |

Jón Gerald er mættur til skýrslutöku samkvæmt boðun. Honum er kunnugt um ástæðu skýrslutökunnar sem varðar viðskipti hans og fyrirtækis hans Nordica Inc. við Baug-Group hf. og greiðslur sem hann hefur móttekið fyrir hönd Nordica Inc frá Baugi hf.

Fyrir Jóni Geraldi er brýnd vitnaskylda og vitnaábyrgð, auk þess sem hann er áminntur um sannsögli. Þá er Jóni Gerald einnig kynnt ákvæði 51. gr. laga nr. 19/1991, þess efnis að hann þurfi ekki að tjá sig um þau atriði sem gætu skapað honum refisábyrgð.

Jón Gerald kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og vera reiðubúinn að tjá sig um málið.

Við þessa skýrslutöku verður farið yfir erlenda bankaábyrgð nr. G0412-1150 að fjárhæð USD 135.000.- sem stofnað var til af Bónus sf. í gegnum SPRON og Sparisjóðabankann þann 18.07.1996. Þessi bankaábyrgð mun hafa verið notuð sem trygging fyrir bankaláni sem Jón Gerald tók í nafni Nordica Inc. vegna kaupa á bátnum Icelandic Viking, í júlí 1996. Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir forsögu þess að stofnað var til þessarar ábyrgðar.

Jón Gerald segir að eins og komið hafi fram í fyrri framburðum hans í þessu máli þá hafi hann og Jón Ásgeir ákveðið að kaupa saman skemmtibát á Flórída. Hann segir að í júlí 1996 hafi hann og Jón Ásgeir verið búnir að finna heppilegan bát og ákveðið að kaupa þeirra fyrsta bát á Flórída sem gefið var nafnið – Icelandic Viking, en báturinn hafi seinna meir oftast verið kallaður Víkingur I. Um hafi verið að ræða 40 feta bát af gerðinni Sea Ray Sundancer.

Jón Gerald segir að söluverð bátsins hafi verið USD. 141.915,- ofan á það verð hafi lagst söluþóknun og söluskattur og fleira, þannig hafi heildarverð bátsins verið 156.415,-. Jón Gerald leggur fram kaupsamning varðandi bátinn því til stuðnings. Jón Gerald segir að þeir Jón Ásgeir hafi ákveðið að greiða um USD. 15.000,- innborgun í bátinn, því til stuðning leggur Jón Gerald fram reikningsyfirlit frá Ready State Bank sem sýni innborgun á bátinn þann 09.07.1996 samtals USD 14.500.- þ.e. um USD. 7.500,- á mann. Þeir hafi jafnframt ákveðið að fjármagna kaupin á þessum bát með því að taka lán hjá Ready State Bank að fjárhæð USD. 135.000,-.

Jón Gerald segir að sökum þess að hann var búsettur í Bandaríkjunum og með rekstur þar, auk þess sem hann kveðst hafa verið í viðskiptum við Ready State Bank, hafi þeir Jón Ásgeir verið sammála um að Jón Gerald myndi sækja um þetta lán í nafni Nordica Inc. Þeir hafi einnig verið sammála um það að skipta greiðslum varðandi lánið jafnt á milli sín, þannig að Jón Ásgeir myndi greiða helminginn af afborgunum af þessu láni. Jón Gerald kveðst hafa leitað til bankans og óskað eftir láni að fjárhæð USD. 135.000.- vegna kaupa á bátnum. Hann segir að bankinn hafi krafist ábyrgðar varðandi þetta lán og ekki hafi verið mögulegt að setja veð á bátinn til tryggingar láninu.

Jón Gerald kveðst hafa skýrt Jóni Ásgeiri og Jóhannesi frá því að bankinn krefðist ábyrgðar gagnvart þessari lánveitingu. Hann segir þá fegða hafa fundist það lítið mál og verið reiðubúnir að opna bankaábyrgð í gegnum viðskiptabanka Bónus sf. á Íslandi vegna þessa láns. Jón Gerald segir að þeir feðgar hafi gengið frá því að útbúin erlend bankaábyrgð nr. G0412-1150 í SPRON, líklegast útibúinu á Seltjarnarnesi.

Jón Gerald kveðst hafa komið til Íslands á þessum tíma og gert sér ferð í SPRON á Seltjarnarnesi, til að gefa SPRON allar upplýsingar um fyrirtækið Nordica Inc, bæði almennar upplýsingar og banka upplýsingar um Nordica. Jón Gerald kveðst ekki muna það í dag, við hvaða starfsmann SPRON hann ræddi við í umrætt sinn. SPRON hafi útbúið hefðbundna vöruviðskiptaábyrgð og hafi verið gengið frá því þann 18.07.1996. Þannig hafi bankaábyrgðin upphaflega verið með þeim skilmálum að hún varðaði vöruviðskipti Bónus sf. við Nordica Inc.

Jón Gerald segir að Ready State Bank hafi ekki getað samþykkt þessa skilmála bankaábyrgðarinnar frá Bónus sf. sökum þess að umsóknin um lánið að fjárhæð USD. 135.000,- varðaði kaup á báti, en ekki vöruviðskipti Bónus sf. og Nordica Inc. Fulltrúar Ready State Bank hafi því gert kröfur um breytingar á bankaábyrgðinni. Ef hún ætti að samþykkjast af bankanum yrði að eyða út þeim skilmálum bankaábyrgðarinnar sem snéri að vöruviðskiptum Bónus sf og Nordica Inc og gera ábyrgðina opnari.

Jón Gerald kveðst hafa látið þá feðga vita af þessu vandamáli og sagt þeim að það yrði að breyta skilmálum bankaábyrgðarinnar ef þessi lánveiting ætti að ganga eftir. Þeir Jón Ásgeir og Jóhannes hafi samþykkt það athugasemdalaust að láta breyta bankaábyrgðinni frá Bónus sf. Jón Gerald kveðst hafa fengið í hendur samþykki Bónus sf. fyrir þessum breytingum á skilmálum ábyrgðarinnar. Það hafi verið þann 24.07.1996 undirritað af Jóhannesi Jónssyni. Eftir breytinguna á skilmálum bankaábyrgðarinnar hafi hún verið alveg opin bankaábyrgð og hægt að nota hana til að fá lánið frá Ready State Bank að fjárhæð USD. 135.000.-.

Jón Gerald segir að þegar búið var að ganga frá erlendu bankaábyrgðinni hafi verið gengið frá lánveitingunni hjá Ready State Bank að fjárhæð USD. 135.000,-. Hann segir að á lánapappírunum hjá Ready State Bank hafi verið skráð inn þessi bankaábyrgð nr. G0412-1150 frá Bónus sf. Auk þess segir Jón Gerald að tilgangur lánveitingarinnar komi fram á lánapappírunum, þ.e. að lánið varði kaup á Sea Ray Sundancer báti. Jón Gerald segir að dagsetningin á þessu láni frá Ready State Bank sé þann 19.08.1996 og hafi lánið fengið númerið 1040194364 hjá Ready State Bank.

Þessu láni frá Ready State Bank hafi verið ráðstafað til að greiða kaupverð bátsins Viking I, þann 20.08.1996, samtals USD 135.000,-. Jón Gerald kveðst einnig hafa greitt með tékka frá Nordica Inc eftirstöðvar kaupverðsins, USD 6.915,- og það hafi gerst þann 22.08.1996. Þar með hafi verið búið að ganga frá öllum greiðslum vegna kaupanna á þessum báti.

Jón Gerald kveðst hafa fengið símgreiðslu frá Bónus sf. að fjárhæð USD 29.951,67 þann 17.06.1996 og hafi sú greiðsla verið greiðsluhlutur Jóns Ásgeirs við kaupin á bátnum Viking I. Jón Gerald kveðst hafa fengið þessu greiðslu frá Bónus sf. byggt á reikningi frá Nordica Inc nr. 960039. Jón Gerald kveðst ekki muna hvernig texti reikningsins hljóðaði.

Jón Gerald segir að Jóhannes hafi í raun ekki tekið beinan þátt í kaupunum á þessum fyrsta báti. Það hafi verið Jón Gerald og Jón Ásgeir sem stóðu að því. Jóhannes hafi þó verið inn í þeim málum og vitað hvernig staðið var að greiðslu bátsins og sögunni á bak við bankaábyrgðina frá Bónus sf. Jón Gerald segir að þessi hugmynd um að kaupa bát hafi kviknað hjá honum og Jóni Ásgeiri og þeir ákveðið þetta í sameiningu. Jóhannes hafi ekki verið inn í þeim ákvörðunum í upphafi vega, árið 1996. Hann hafi hins vegar komið inn í þessi bátaviðskipti eins og Jón Gerald kveðst hafa skýrt frá í fyrri skýrslum sínum.



05523

Jón Gerald segir að honum hafi borist mánaðalegir afborgunarseðlar frá bankanum eftir að lánið var veitt og hafi verið greitt af þessu láni frá Ready State Bank allar götur síðan, fram á mitt ár 2002. Þeir feðgar hafi tekið jafnan þátt í því, eða fyrirtæki sem þeir eru í forsvari fyrir. Hann tekur það fram að árlega hafi þurft að endurnýja þessa bankaábyrgð frá Bónus sf. Það hafi gerst sjálfkrafa á hverju ári. Einnig hafi það gerst vorið 1999 að Ready State Bank sameinaðist Union Planters Bank og eftir það hafi verið greitt af láninu til Union Planters Bank. Við það hafi verið gerð breyting á bankaábyrgðinni frá Bónus sf. og Union Planters Bank skráður sem ábyrgðarþegi.

Keyptir hafi verið stærri bátar, þ.e. Viking II og svo Thee Viking á árinu 1999, eins og komið hefur fram við fyrri skýrslutökur.

Jón Gerald segir að það hafi svo gerst í júní 2002 að upp úr samstarfinu við Jón Ásgeir og Jóhannes hafi slitnað og þeir hætt viðskiptum við Jón Gerald og Nordica. Við þau viðskiptaslit hafi þeir stöðvað allar greiðslur sem Jón Gerald kveðst hafa móttekið frá Baugi hf allt frá áramótum 1999-2000 vegna reksturs bátanna. Jón Gerald segir að þessar föstu mánaðalegu greiðslur sem honum höfðu borist frá Baugi hf og hafa verið til rannsóknar hjá lögreglunni hafi meðal annars verið ráðstafað til að borga afborganir af þessu láni að upphaflegri fjárhæð USD. 135.000,-.

Jón Gerald kveðst ekki hafa getað staðið einn í skilum með annan þann fasta rekstrarkostnað sem varðaði bátinn Thee Viking. Lánið frá Ready State Bank / Union Planters Bank að fjárhæð USD. 135.000.- hafi verið gjaldfellt í október 2002 og þá gengið á bankaábyrgðina frá Bónus sf.

Jón Gerald kveðst þegar hafa lagt fram öll gögn varðandi þetta bankalán frá Ready State Bank, sem og öll gögn sem hann hafi haft í fórum sínum varðandi bankaábyrgðina frá Bónus sf. Varðandi bankaábyrgðina þá megi sjá hvernig skilmálum hennar var breytt þann 24.07.1996, einnig þegar Union Planters Bank varð ábyrgðarþegi.

Jón Gerald kveðst ekkert frekar hafa um þessa bankaábyrgð segja að svo stöddu.

Skýrslutöku lauk kl. 11 15

Staðfest rétt eftir haft:

Jón Gerald Sullenberger

Skýrsluna skráði:

S. I. Magnússon

Sveinn I. Magnússon

<table>
<tr><td colspan="2">RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN</td><td>SKÝRSLA<br>YFIRHEYRSLA</td><td colspan="2">R L S</td></tr>
<tr><td colspan="3">Skýrslu gerir<br>Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi</td><td>Mál nr.</td><td rowspan="2">IV/1.10</td></tr>
<tr><td colspan="4">Staður og stund:<br>Reykjavík - Þriðjudaginn 27. júlí 2004. Klukkan 14:00.</td></tr>
<tr><td colspan="5">Sakarefni:<br>Ætluð auðgunarbrot og brot á lögum um bókhald</td></tr>
<tr><td colspan="3">Aðili:<br>Jón Gerald Sullenberger</td><td colspan="2">Kennitala:<br>240664-2089</td></tr>
<tr><td colspan="3">Starf/staða:<br>Rekur útflutningsfyrirtækið Nordica Inc. í Bandaríkjunum</td><td colspan="2">Vinnusími:<br>305-639-2100</td></tr>
<tr><td colspan="3">Lögheimili:<br>832 Santiago Street, Coral Gables, Florida</td><td colspan="2">Sími:<br>305-443-4204</td></tr>
<tr><td colspan="3">Dvalarstaður:<br>(Gullsmári 10, Kópavogi GSM: 897-6405)</td><td colspan="2">Sími:<br>GSM USA: 305-588-1800</td></tr>
</table>

Jón Gerald er mættur til skýrslutöku samkvæmt boðun. Honum er kunnugt um ástæðu skýrslutökunnar sem varðar viðskipti hans og fyrirtækis hans Nordica Inc. við Baug-Group hf. og greiðslur sem hann hefur móttekið fyrir hönd Nordica Inc frá Baugi hf.

Fyrir Jóni Geraldi er brýnd vitnaskylda og vitnaábyrgð, auk þess sem hann er áminntur um sannsögli. Þá er Jóni Gerald einnig kynnt ákvæði 51. gr. laga nr. 19/1991, þess efnis að hann þurfi ekki að tjá sig um þau atriði sem gætu skapað honum refsiábyrgð.

Jón Gerald kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og vera reiðubúinn að tjá sig um málið.

Jóni Gerald er kynnt að við þessa skýrslutöku verði farið yfir nokkra þætti rannsóknarinnar. Bæði verði hann beðinn um að gera ítarlegri grein fyrir ákveðnum atriðum, auk þess sem bornar verða undir hann skýringar sakborninga málsins og gögn sem lögð hafa verið fram af þeirra hálfu.

**American Express greiðslukort Tryggva Jónssonar**

Jón Gerald er beðinn um að gera nánar grein fyrir því þegar Tryggvi Jónsson fékk útgefið American Express greiðslukort í nafni Nordica Inc og greiðslufyrirkomulaginu varðandi það greiðslukort.

Jón Gerald skýrir svo frá að í nóvember 1998 hafi Tryggvi Jónsson óskað eftir því að Jón Gerald myndi útvega honum American Express greiðslukort í nafni Nordica Inc. Jón Gerald segir að á þeim tíma hafi Jón Ásgeir verið með slíkt greiðslukort í nafni Nordica Inc, en Jón Ásgeir hafi fengið það kort útgefið á árinu 1996, eftir því sem Jón Gerald best muni.

Jón Gerald segir að hann hafi orðið við þessari beiðni Tryggva Jónssonar, en Tryggvi hafi ekki gefið neina sérstaka skýringu á því að hann vildi slíkt greiðslukort frá American Express. Jón Gerald kveðst allt frá því Jón Ásgeir fékk útgefið greiðslukort frá American Express í nafni Nordica Inc. hafa innheimt kostnað vegna greiðslukortanotkunar Jóns Ásgeirs með reikningum frá Nordica Inc sem stílaðir voru á Fjárfestingarfélagið Gaum ehf, þó geti verið að í upphafi hafi hann stílað reikningana á Bónus sf. Hann muni það ekki nákvæmlega. Í öllu falli hafi hann stílað reikninga Nordica Inc vegna greiðslukortanotkunar Jóns Ásgeirs á Gaum ehf á þeim tíma þegar Tryggvi Jónsson fékk sitt American Express greiðslukort útgefið. Á þessum reikningum hafi einnig komið fram kostnaðarliðir vegna fjármögnunar og reksturs bátsins Icelandic Viking II sem hann hafi átt í félagi með þeim Jóni Ásgeiri og Jóhannesi.

05525

Jón Gerald kveðst fyrst um sinn, eftir að Tryggvi fékk American Express greiðslukortið útgefið, sett kostnaðarlið varðandi greiðslukortið hans Tryggva inn á þá reglubundnu reikninga sem hann stílaði á Gaum ehf vegna greiðslukortanotkunar Jóns Ásgeirs og fjármögnunar og reksturs bátsins Icelandic Viking II. Jón Gerald segir að þessi háttur hafi verið hafður á með þessa reikninga til Gaums ehf samkvæmt fyrirmælum Jóns Ásgeirs. Jón Gerald tekur það fram að þessa reikninga á Gaum ehf hafi hann sent með faxi á skrifstofu Baugs og þannig hafi þeir verið móttteknir og settir í greiðsluferli.

Jón Gerald segir að um mitt ár 1999 hafi Tryggvi Jónsson óskað eftir því við Jón Gerald að hann gæfi út sérstaka reikninga er vörðuðu American Express greiðslukortanotkun hans. Tryggvi hafi gefið fyrirmæli um að þeir reikningar yrðu stílaðir á Baug og að texti reikninganna yrði ferðakostnaður eða "Hotel and travel expences". Jón Gerald kveðst hafa orðið við þeirri beiðni og frá þeim tíma, líklegast í júní eða júlí 1999 hafi hann farið að útbúa reikninga á Baug vegna American Express greiðslukortanotkunar Tryggva og hafi texti reikninganna verið í samræmi við það sem Tryggvi hafði lagt til.

Jón Gerald er spurður hvort Tryggvi hafi óskað eftir því við Jón Gerald að hann færi yfir greiðslukortayfirlitin frá American Express og sundurliðaði kostnaðinn eftir því hvað væri einkakostnaður Tryggva og hvað væri ferðakostnaður sem ætti að gjaldfæra hjá Baugi.

Jón Gerald kveðst aldrei hafa fengið slíka beiðni frá Tryggva, enda kveðst Jón Gerald ekki hafa verið í neinni aðstöðu til þess að meta það hvað væri einkakostnaður Tryggva og hvað væri ferðakostnaður sem ætti að gjaldfærast í Baugi. Aðspurður segir hann að Tryggvi hafi aldrei greitt sjálfur perónulega fyrir þessa greiðslukortanotkun, greiðsla hafi alltaf borist frá Baugi frá því að Jón Gerald fór að stíla þessa reikninga á Baug.

Jón Gerald tekur það fram að í undantekningartilvikum hafi Tryggvi óskað eftir því að fá sent greiðslukortayfirlitið frá American Express. Það hafi einkum verið þegar þeir reikningar sem Jón Gerald sendi á Baug vegna greiðslukortanotkunar Tryggva voru tiltölulega háir. Jón Gerald kveðst hafa orðið við því í hvert skipti og sent Tryggva á faxi yfirlit yfir greiðslukortanotkun hans. Tryggvi hafi aldrei gert neinar athugasemdir og alltaf sent reikningana í greiðsluferli hjá Baugi.

Tryggvi tekur það fram að á einhverjum tímapunkti hafi Tryggvi Jónsson fengið faxsímtæki inn á skrifstofuna til sín. Eftir það hafi Tryggvi óskað eftir því að þeir reikningar sem Jón Gerald gaf út í nafni Nordica Inc og vörðuðu bátinn eða American Express greiðslukortanotkun Tryggva yrðu sendir á það faxnúmer, beint til hans. Jón Gerald tekur það fram að þegar hann hafi verið farinn að senda þessa ferðakostnaðarreikninga í faxi á Baug hafi hann einnig sent þá reikninga sem hann útbjó á Gaum ehf í sama faxnúmer. Þannig geti Tryggvi hafa tekið við reikningunum hvort sem þeir vörðuðu Baug eða Gaum.

Jóni Geraldi er kynnt að frá því hann var síðast yfirheyrður um ferðakostnaðarreikninga sem Nordica Inc gerði Baugi hf og greiddir voru úr sjóðum Baugs hf. hafi komið í ljós fleiri reikningar til viðbótar þeim reikningum sem Jón Gerald hefur áður lagt fram og verið spurður út í. Jóni Geraldi er kynnt að þessir viðbótarreikningar verði nú bornir undir hann, en þeir bera þess allir merki að hafa verið samþykktir af Tryggva.

Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 99059, sem dagsettur er þann 14.07.1999 að fjárhæð USD. 358,80 og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Hotel and travel exp.".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þessum reikningi Nordica Inc.



05526

Jón Gerald segir að þetta sé einn af þeim reikningum sem hann hafi útbúið í nafni Nordica Inc vegna American Express greiðslukortanotkunar Tryggva Jónssonar samkvæmt þeim fyrirmælum sem hann hafi fengið frá Tryggva, eins og hann hafi gert grein fyrir hér að ofan.

Undir Jón Gerald er einnig borið sundurliðað kostnaðaryfirlit varðandi American Express kortanotkun Tryggva Jónssonar á umræddu tímabili. Um er að ræða eftirfarandi færslur:

| Verslun | Lýsing á vörum | Fjárhæð | Dagsetning |
|---|---|---|---|
| 1. Hertz car rental/ Kissimmee | Hertz car rental | 156,17 | 22.05.1999 |
| | **Samtals USD** | **156,17** | |

Jón Gerald spurður hvort hann geti gert grein fyrir þessari greiðslukortanotkun Tryggva og er hann jafnframt spurður hvaða kostnaður til viðbótar hafi bæst við reikninginn frá Nordica Inc, þar sem kostnaðurinn við bílaleiguna hafi verið USD 156,17 af USD 358,80 heildarfjárhæð reikningsins.

Jón Gerald kveðst ekki geta gert grein fyrir þessari bílaleigu hjá Tryggva, enda kveðst hann ekki hafa blandað sér inn í greiðslukortanotkun Tryggva. Varðandi mismuninn á greiðslukortanotkuninni og fjárhæð reikningsins þá skýrir Jón Gerald svo frá að Tryggvi hafi leitað til hans fyrir þess ferð til Flórída og óskað eftir því að Jón Gerald bókaði fyrir hann hótel á Miami. Jón Gerald kveðst hafa bókað fyrir hann gistingu á Loews Hotel á Miami og hafi gisting fyrir eina nótt á því hóteli verið gjaldfærð á American Express greiðslukort Jóns Geralds, þann 8. júní 1999 samtals að fjárhæð USD 167,63. Jón Gerald kveðst hafa bætt u.þ.b. USD 35 við fjárhæð reikningsins vegna þess bankakostnaðar sem dregst frá greiðslum sem sendar eru með símgreiðslu. Jón Gerald vísar á umrædda færslu á greiðslukortayfirliti sínu, máli sínu til stuðnings.

Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 99072, sem dagsettur er þann 25.08.1999 að fjárhæð USD. 171,46 og stílaður á Baug. Texti reikningsins er “Hotel and travel exp.”.

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim ferðakostnaði sem reikningurinn varðar.

Jón Gerald segir að þetta sé einn af þeim reikningum sem hann hafi útbúið í nafni Nordica Inc vegna American Express greiðslukortanotkunar Tryggva Jónssonar samkvæmt þeim fyrirmælum sem hann hafi fengið frá Tryggva, eins og hann hafi gert grein fyrir hér að ofan.

Undir Jón Gerald er borið sundurliðað kostnaðaryfirlit varðandi American Express kortanotkun Tryggva Jónssonar á umræddu tímabili. Um er að ræða eftirfarandi færslur.

| Verslun | Lýsing á vörum | Fjárhæð | Dagsetning |
|---|---|---|---|
| 1. Chuck Hart Management/Miami | Public golf course | 171,46 | 18.07.1999 |
| | **Samtals USD** | **171,46** | |

Jón Gerald spurður hvort hann geti gert grein fyrir þessari greiðslukortanotkun Tryggva Jónssonar.

Jón Gerald kveðst ekkert vita um þessa golf ferð Tryggva Jónssonar.

Jóni Geraldi er kynnt að Tryggvi hafi skýrt svo frá að hann hafi verið í ferð á Flórída með bankastjórum frá Íslandi og hafi þeir m.a. spilað golf í þeirri ferð.



05527

Jón Gerald kveðst kannast við það að Tryggvi og Jón Ásgeir hafi farið slíka ferð með bankastjóra frá Íslandi á þessum tíma. Jón Gerald kveðst hins vegar ekki hafa tekið þátt í þessari ferð þeirra, né spilað með þeim golf.

Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 99107, sem dagsettur er þann 31.12.1999 að fjárhæð USD. 329,58 og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Hotel and travel exp. Dec 99".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim ferðakostnaði sem reikningurinn varðar.

Jón Gerald segir að þetta sé einn af þeim reikningum sem hann hafi útbúið í nafni Nordica Inc vegna American Express greiðslukortanotkunar Tryggva Jónssonar samkvæmt þeim fyrirmælum sem hann hafi fengið frá Tryggva, eins og hann hafi gert grein fyrir hér að ofan.

Undir Jón Gerald er borið sundurliðað kostnaðaryfirlit varðandi American Express kortanotkun Tryggva Jónssonar á umræddu tímabili. Um er að ræða eftirfarandi færslur.

| Verslun | Lýsing á vörum | Fjárhæð | Dagsetning |
|---|---|---|---|
| 1. Gap #6325 / The Miami | Apparel/Accessories | 101,18 | 22.10.1999 |
| 2. Coconuts #783 / Miami Beach | General merchandise | 93,40 | 23.10.1999 |
| 3. Duty Free Store / Keflavík Airport | vantar lýsingu á vörum | 135,00 | ------ |
| | **Samtals USD** | **329,58** | |

Jón Gerald spurður hvort hann geti gert grein fyrir þessari greiðslukortanotkun Tryggva Jónssonar.

Jón Gerald kveðst ekki geta gert grein fyrir þessari greiðslukortanotkun Tryggva, en umræddur ferðakostnaðarreikningur Nordica Inc sem hann hafi sent á Baug hafi varðað þessa greiðslukortanotkun Tryggva, enda sé fjárhæð reikningsins í samræmi við greiðslukortanotkun Tryggva.

Undir Jón Gerald er borinn tölvupóstur sem Tryggvi sendi á Jón Gerald þann 8. janúar 2000, en þar segir:

*"Sæll*
*Fékk frá þér tvo reikninga á faxi í gær. Annar var á mig vegna ferðakostnaðar og hefur þegar verið sendur til greiðslu. Hinn er stílaður á Jón Ásgeir og er vegna bankakostnaðar, lögfræðiþjónustu o.fl. Tengist það Thee Viking? Ef svo er þá minni ég þig á að þegar við hittumst síðast þá lét ég þig fá memo þar sem m.a. kom fram að framvegis ættirðu að senda mér reikning sem stílaður væri á Baug. Textinn á reikningnum kom fram á blaðinu.*

*Ef þetta er reikningur vegna Víkingsins sendu mér þá nýjan með þessu formi......"*

Jón Gerald er beðinn um að skýra þetta, í ljósi þess að á reikningi nr. 99107 má sjá að hann hafi verið sendur með faxi þann 07.01.2000 og virðist vera annar af þeim reikningum sem Tryggvi sé að vísa til í tölvupóstinum til Jóns Geralds.

Jón Gerald kveðst telja það alveg ljóst að Tryggvi Jónsson sé að vísa til þessa reiknings í umræddum tölvupósti, þetta sé ferðakostnaðarreikningurinn sem Tryggvi nefni í tölvupóstinum. Varðandi hinn reikninginn sem Tryggvi nefni í sama tölvupósti þá segir Jón Gerald að það hafi verið einn af þeim reglubundnu reikningum sem hann hafi stílað á Gaum ehf vegna fjármögnunar og reksturs bátsins á Miami.



05528

Jón Gerald segir að eins og áður hafi komið fram í framburðum hans þá hafi Gaumur ehf tekið þátt í að greiða kostnað vegna fjármögnunar og rekstur bátsins á Miami. Hann hafi stílað reikningana á Gaum ehf en sent þá í faxi á sama faxnúmer og ferðakostnaðarreikningana sem Tryggvi móttók. Á þessum tíma hafi hann, Jón Ásgeir og Jóhannes verið búnir að kaupa nýja bátinn, Thee Viking og eins og Jón Gerald kveðst áður vera búinn að skýra frá þá hafi þeir lent í málaferlum við seljanda bátsins, sem hafi haft í för með sér lögfræðikostnað. Eins og kemur fram í tölvupóstinum hjá Tryggva Jónssyni þá vísar hann til þess að á þessum reikningi sé bankakostnaður, lögfræðiþjónusta og fleira. Þannig kveðst Jón Gerald einmitt hafa útbúið þessa reikninga á Gaum ehf, þeir hafi verið sundurliðaðir eftir kostnaðarliðum.

Nánar varðandi þennan tölvupóst þá segir Jón Gerald að á þessum tíma hafi Tryggvi verið búinn að gefa fyrirmæli um það að hann vildi láta breyta þessum reikningum sem vörðuðu fjármögnun og rekstur bátsins, þ.e. að þeir reikningar yrðu stílaðir á Baug með fastri fjárhæð og með textanum "Contract fee for retail services commission finders fee and consulting work", eins og Jón Gerald kveðst áður vera búinn að greina frá. Tryggvi sé að vísa til þess í þessum tölvupósti þann 8. janúar 2000, að hann vilji fá nýjan reikning á því formi.

Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 99106, sem dagsettur er þann 31.12.1999 að fjárhæð USD. 7.014,53 og stílaður á Gaum hf. Sundurliðun á kostnaðarliðum reikningsins er "Union Planters Bank, Bank Charges, AT & T Phone Charges, Bell South Phone Company og Law offices work through nov/des 99". Jón Geraldi er spurður hvort hann geti gert grein fyrir þessum reikningi.

Jón Gerald kveðst telja víst að þetta sé sá reikningur sem hann hafi sent í faxi til Tryggva þann 7. janúar 2000 og Tryggvi sé að vísa til í tölvupóstinum þann 8. janúar 2000. Þetta sé sá reikningur sem Tryggvi vildi ekki taka við og óskaði eftir nýjum reikningi á því formi sem Tryggvi hafði lagt fyrir. Jón Gerald kveðst aldrei hafa fengið þennan reikning nr. 99106 greiddan. Hann kveðst hafa útbúið nýjan reikning með því formi sem Tryggvi hafði lagt til. Sá reikningur liggi fyrir í málinu, hann sé reyndar ónúmeraður en hafi verið dagsettur þann 18.01.2000 að fjárhæð USD 8.000,- eins og ákveðið hafði verið að hinir föstu mánaðalegu reikningar yrðu. Þann reikning segir Jón Gerald að Baugur hafi greitt eins og komið hafi fram við rannsókn málsins.

Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 49, sem dagsettur er þann 05.05.2000 að fjárhæð USD. 548,90 og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Travel and transportation services".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þeim ferðakostnaði sem reikningurinn varðar.

Jón Gerald segir að þetta sé einn af þeim reikningum sem hann hafi útbúið í nafni Nordica Inc vegna American Express greiðslukortanotkunar Tryggva Jónssonar samkvæmt þeim fyrirmælum sem hann hafi fengið frá Tryggva, eins og hann hafi gert grein fyrir hér að ofan.

Undir Jón Gerald er borið sundurliðað kostnaðaryfirlit varðandi American Express kortanotkun Tryggva Jónssonar á umræddu tímabili. Um er að ræða eftirfarandi færslur.

| Verslun | Lýsing á vörum | Fjárhæð | Dagsetning |
|---|---|---|---|
| 1. Dillards / Orlando | Mens Mod Casual Shoe | 94,34 | 22.02.2000 |
| 2. Camelot #0943 Orlando | General merchandise | 96,41 | 22.02.2000 |
| 3. Camelot #1302 Orlando | Records/Tapes/Cds | 188,64 | 24.02.2000 |
| 4. Camelot #0943 Orlando | General merchandise | 94,28 | 12.03.2000 |
| 5. Camelot #1302 Orlando | Records/Tapes/Cds | 35,14 | 13.03.2000 |
| | **Samtals USD** | **548,90** | |

Jón Gerald spurður hvort hann geti gert grein fyrir þessari greiðslukortanotkun Tryggva Jónssonar.

Jón Gerald kveðst ekkert vita um þessi greiðslukortaviðskipti Tryggva.

Jóni Gerald er kynnt að Tryggvi hafi skýrt frá því við yfirheyrslu hjá lögreglu að um væri að ræða kaup á tónlistargeisladiskum sem ætlaðir hafi verið til nota í bátnum á Miami, auk þess sem viðskiptin við Dillards hafi að öllum líkindum verið kaup á sandölum til nota fyrir gesti á bátnum.

Jón Gerald segir að þessi skýring Tryggva sé alveg fráleit. Tryggvi hafi aldrei keypt tónlistargeisladiska fyrir bátinn. Jón Gerald tekur það fram að hann hafi sjálfur verið með safn íslenskra geisladiska í bátnum og hafi Tryggvi ekkert komið að því. Varðandi kaup Tryggva á skóm þá kveðst Jón Gerald ekkert kannast við það að Tryggvi hafi keypt sandala til nota fyrir gesti á bátnum.

Undir Jón Gerald er borið yfirlit yfir greiðslukortanotkun Tryggva Jónssonar frá þeim tíma sem Jón Gerald sendi fyrst reikninga á Baug.

**1999- 2002 - Kort nr. 3782-00167-02515**

| Dags. yfirlits | Kort TJ á yfirliti (USD) | Reikningur Nordica Inc til Baug-Group | Upphæð reiknings (USD) |
|---|---|---|---|
| 23. júní 1999 | 156,17 | 99059 | 358,80 |
| 23. júlí 1999 | 171,46 | 99072 | 171,46 |
| 22. nóvember 1999 | 329,58 | 99107 | 329,58 |
| 23. janúar 2000 | 181,79 | Greiðslumáti óþekktur | |
| 22. febrúar 2000 | 195,55 | Greiðslumáti óþekktur | |
| 23. mars 2000 | 548,90 | 49 | 548,90 |
| 22. apríl 2000 | 208,67 | Greiðslumáti óþekktur | |
| 22. maí 2000 | 33,74 | Greiðslumáti óþekktur | |
| 22. júní 2000 | 249,46 | Greiðslumáti óþekktur | |
| 22. ágúst 2000 | 2.220,76 | 95 | 2.220,00 |
| 22. september 2000 | 603,31 | 108 | 638,31 |
| 23. október 2000 | 260,73 | 5 | 270,00 |
| 22. nóvember 2000 | 96,45 | Greiðslumáti óþekktur | |
| 23. janúar 2001 | 2.333,33 | 26 | 2.333,33 |
| 22. febrúar 2001 | 22,60 | 77 | 3.813,23 |
| 24. mars 2001 | 3.778,23 | | |
| 23. apríl 2001 | 120,89 | Greiðslumáti óþekktur | |
| 23. maí 2001 | 49,72 | Greiðslumáti óþekktur | |
| 22. júní 2001 | 1.525,78 | 169 | 1525,78 |
| 23. júlí 2001 | 177,83 | Greiðslumáti óþekktur | |
| 22. ágúst 2001 | 415,55 | 199 | 445,55 |
| 22. september 2001 | 1.209,99 | 206 | 1.209,99 |
| 23. október 2001 | 247,04 | 239 | 247,00 |
| 23. nóvember 2001 | 390,52 | 247 | 458,81 |
| 23. desember 2001 | 68,29 | | |
| 23. janúar 2002 | 313,58 | 254 | 313,58 |

Jón Gerald er spurður hvort hann geti gert grein fyrir því hvernig þeir greiðslukortareikningar Tryggva Jónssonar hafi verið innheimtir, þar sem greiðslumáti er óþekktur.

Jón Gerald kveðst telja líklegast að hann hafi hreinlega ekki innheimt þennan kostnað varðandi greiðslukortanotkun Tryggva þessa mánuði þar sem greiðslumáti er óþekktur. Jón Gerald segir alveg ljóst að Tryggvi hafi ekki greitt honum þennan kostnað persónulega, það hafi Tryggvi aldrei gert. Jón Gerald segir að þessi kostnaður hafi augljóslega fallið á Nordica Inc og verið yfirsjón hjá honum að senda ekki reikning vegna þessarar greiðslukortanotkunar Tryggva.



05530

**Innflutningur á sláttuvélatraktor**

Eins og áður hefur komið fram hjá Jóni Geraldi við skýrslutöku hjá RLS þá hafi Jón Gerald með útgáfu á reikningi frá Nordica nr. 77, sem dagsettur er þann 05.04.2001, að fjárhæð USD. 3.813,23 stílaður á Baug með skýringunni "Travel expenses for March 2001",í raun verið að innheimta kostnað vegna American Express greiðslukortanotkunar Tryggva Jónssonar. Hluti þeirra kostnaðarliða sem varða reikning nr. 77 frá Nordica Inc hafi verið vegna persónulegra kaupa Tryggva Jónssonar á sláttuvélartraktor og fylgihlutum þess í verslun Sears Roebuck á Miami í Flórída. Um er að ræða eftirfarandi kostnaðarliði:

| Verslun | Lýsing á vörum | Fjárhæð | Dagsetning |
|---|---|---|---|
| 335 Sears Roebuck Miami FL | Lawn/Garden/Patio | 23,96 | 10.03.2001 |
| 335 Sears Roebuck Miami FL | Lawn/Garden/Patio | 774,97 | 10.03.2001 |
| 335 Sears Roebuck Miami FL | Lawn/Garden/Patio | 2.753,82 | 10.03.2001 |
| 301 Sears Roebuck 800 AL | Parts-Over Counter | 133,07 | 10.03.2001 |
| | | **3.685,82** | |

Jóni Geraldi er einnig kynnt að við innflutning á þessum vörum til Íslands virðist umræddum kostnaðarliðum hafa verið bætt inn á vörureikning frá Nordica Inc sem stílaður var á Aðföng. Um er að ræða reikning Nordica Inc. nr. 24 sem dagsettur er þann 04.04.2001 að heildarfjárhæð USD. 29.436,49. Á umræddum reikningi má finna sundurliðun á kostnaði er varðar Craftsman sláttuvélar traktor, samtals að fjárhæð USD. 2.702,97.

Jóni Geraldi er kynnt að Lárus Óskarsson, framkvæmdastjóri Aðfanga, hafi verði yfirheyrður í tilefni af þessum innflutningi á slátturvélartraktornum. Hann hafi skýrt frá því að starfsmenn Aðfanga hafi séð um að tollafgreiða sláttuvélina og fylgihluti hennar byggt á vörureikningi Nordica Inc nr. 24. Nordica Inc gaf síðar út kreditreikning varðandi þann kostnaðarlið reikningsins Nordica Inc nr. 24, sem snéri að sláttuvélinni og fylgihlutum hennar. Það var gert með kreditreikningi nr. 4 frá Nordica Inc sem dagsettur er þann 01.05.2001, samtals að fjárhæð USD 2.702,97. Á þeim kreditreikningi má sjá tilvísun í reikning Nordica Inc. nr. 24.

Jón Gerald er beðinn um að skýra þessi viðskipti nánar og undir Jón Gerald eru lagðir ofangreindir reikningar Nordica Inc.

Jón Gerald kvaðst minnast þess þegar hann hafi farið með Tryggva Jónssyni í Sears Roebuck á Miami til að kaupa þennan sláttuvélartraktor og hafi Tryggvi greitt með American Express greiðslukortinu sínu. Jón Gerald kveðst einnig minnast þess að Tryggvi hafi óskað eftir því að sláttuvélartraktorinn og fylgihlutirnir yrðu fluttir til Íslands með vörugámi frá Nordica Inc til Aðfanga. Jón Gerald kveðst sjá það á reikningi Nordica Inc nr. 24, að Kristrún Sveinbjörnsdóttir, starfsmaður Nordica Inc. hafi útbúið þann reikning. Síðar hafi Kristrún greinilega útbúið kreditreikning á Aðföng vegna kostnaðarliðanna sem tengdust sláttuvélartraktornum, enda hafi ekki staðið til að innheimta þann kostnað hjá Aðföngum.

Jón Gerald kveðst hafa innheimt kostnaðinn varðandi þessi sláttuvélarviðskipti Tryggva á sama hátt og hann hafði gert varðandi greiðslukortanotkun Tryggva, sent reikning með textanum "travel expenses" á Baug. Jón Gerald segir Tryggva hafa verið búinn að gefa fyrirmæli um það. Jón Gerald tekur það fram að mjög líklega hafi Tryggvi óskað eftir því að fá að sjá sundurliðun á greiðslukortayfirlitinu frá American Express í þessu tilviki, enda hafi þessi reikningur verið nokkuð hár miðað við aðra slíka reikninga sem Nordica Inc hafi sent á sama hátt. Tryggvi hafi samþykkt reikninginn athugasemdalaust og sett í greiðsluferli hjá Baugi. Jón Gerald kveðst engin önnur fyrirmæli hafa fengið frá Tryggva varðandi þessi viðskipti.

Aðspurður segir Jón Gerald að Tryggvi hafi hvorki fyrr né síðar gert neina athugasemd við þennan framgangsmáta, enda hafi þetta verið gert samkvæmt hans fyrirmælum.



05531

**Reikningur nr. 114 frá Nordica Inc.**
Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 114, sem dagsettur er þann 30.04.2001 að fjárhæð USD. 12.000,00 og stílaður á Baug. Texti reikningsins er "Contract fee for retail services commission finders fee and consulting work".

Jón Gerald er beðinn um að gera grein fyrir þessum reikningi.

Jón Gerald segir að þetta sé einn af þessum föstu mánaðarlegu reikningum sem hann hafi gert grein fyrir í fyrri framburðum sínum í málinu. Þetta sé greinilega reikningur fyrir föstu mánaðarlegu greiðslunni í maí 2001. Jón Gerald kveðst sjá það á bankayfirliti New Viking Inc að honum hafi borist greiðsla þann 7. maí 2001 vegna þessa reiknings. Jón Gerald kveðst sjá að einhver prentvilla hafi verið gerð við símgreiðsluna, því hún er sögð eiga við reikning nr. 41 frá Nordica Inc, en sá reikningur var greiddur þann 9. mars 2001.

**Viðskipti Jóns Geralds við Fjárfestingarfélagið Gaum ehf.**

Jón Gerald hefur við fyrri skýrslutökur hjá RLS gert grein fyrir viðskiptum sínum við Gaum ehf. Hann er nú beðinn um að gera nánari grein fyrir viðskiptum sínum við Fjárfestingarfélagið Gaum ehf

Jón Gerald kveðst aldrei hafa átt nein eiginleg viðskipti við Gaum ehf., enda hafi Gaumur ehf ekki verið í neinum rekstri. Hann kveðst hins vegar hafa farið út í þessi bátaviðskipti með Jóni Ásgeiri og síðar einnig Jóhannesi. Fyrst um sinn kveðst Jón Gerald hafa sent reikninga stílaða á Bónus vegna þessara bátaviðskipta þeirra. Síðar hafi Jón Ásgeir óskað eftir því að þeir reikningar yrðu stílaðir á Gaum ehf. Jón Gerald kveðst hafa afhent lögreglu öll þau gögn sem hann hafi átt um þau viðskipti og þá reikninga sem hann hafi sent á Bónus og Gaum ehf. Jón kveðst hafa sent þessa reikninga á Gaum ehf allt til áramóta 1999-2000 þegar þeir Jón Ásgeir og Tryggvi hafi tekið ákvörðun um að senda ætti fasta mánaðalega reikninga á Baug vegna fjármögnunar og rekstur bátsins.

Aðspurður segir Jón Gerald að aldrei hafi staðið til að það safnaðist upp krafa á Nordica Inc í bókhaldi Gaums ehf vegna þessara reikninga sem vörðuðu fjármögnun og rekstur bátsins og Jón Ásgeir og e.a. Tryggva Jónsson perónulega. Þetta hafi augljóslega ekki verið lánveiting Gaums ehf til Nordica Inc, heldur greiðslur í tengslum við eignarhlut Jóns Ásgeirs og Jóhannesar í bátnum sem þeir höfðu keypt í félagi við Jón Gerald á Miami, sem og persónulega neyslu þeirra og fólki tengdu þeim.

Jón Gerald er einnig beðinn um að skýra nánar fyrirkomulagið varðandi VISA greiðslukortið sem hann fékk útgefið í nafni Fjárfestingarfélagsins Gaums ehf.

Jón Gerald kveðst ekki muna það nákvæmlega nú hvenær hann hafi fengið þetta VISA greiðslukort útgefið, en samkvæmt þeim gögnum sem lögregla hafi borið undir hann hafi það verið í júní 1999. Jón Gerald segir að honum hafi verið ætlað að nota þetta VISA greiðslukort til að greiða persónulegan kostnað fyrir Jón Ásgeir og fólk á þeirra vegum sem kom til Miami. Einnig kveðst Jón Gerald hafa átt að nota VISA greiðslukortið í tengslum við tilfallandi kostnað í tengslum við rekstur bátsins á Miami. Aldrei hafi staðið til að útgjöld í tengslum við VISA greiðslukortið myndi skapa kröfu á hendur Nordica Inc eða Jóni Geraldi, enda hafi greiðslukortið ekki verið notað á þann hátt. Jón Gerald vísar í því sambandi í fyrirliggjandi gögn í málinu, en þar komi fram hvers kyns kostnaður greiddur var með þessu VISA greiðslukorti. Jón Gerald kveðst hafa notað þetta greiðslukort fram í apríl 2001.

Jón Gerald er spurður hvort staðið hafi til að þessar úttektir hans með VISA greiðslukortinu hafi átt að taka við þeim reglubundnu reikningum sem hann sendi á Gaum ehf.

Jón Gerald segir að það hafi aldrei staðið til. Hann vísar í því sambandi til tölvupósts frá Kristínu Jóhannesdóttur, framkvæmdastjóra Gaums ehf, frá 31.10.2000 til Jón Geralds þar sem hún spyrst fyrir



05532

um háa VISA greiðslukortareikninga í ljósi þess að Jón Gerald fá senda USD 12.000 á mánuði frá Tryggva vegna bátsins.

Jón Gerald er spurður hvort hann kunni einhverja skýringu á því að allar greiðslur Gaums ehf til Nordica Inc hafi verið færðar í bókhaldi Gaums ehf sem krafa á viðskiptamannareikningi Nordica Inc.

Jón Gerald kveðst ekki kunna neina skýringu á því. Það hafi aldrei átt að stofnast krafa á Nordica Inc í tengslum við þessar greiðslur. Hins vegar hafi Jón Ásgeir og Jóhannes átt eignarhlut í bátnum á Miami, þótt þeir væru ekki skráðir eigendur neins af þeim þremur bátum sem keyptir voru á þessu tímabili, eins og Jón Gerald kveðst áður hafa greint frá.

Jóni Geraldi er kynnt að Jón Ásgeir hafi lagt fram gögn sem Jón Ásgeir kveðst hafa aflað með úrskurði dómara á Miami í Flórída. Um er að ræða bankagögn Nordica Inc hjá Union Planters Bank og Bank of America. Jón Ásgeir hefur vísað þar á persónulega ráðstöfun Jóns Geralds á fjármunum af bankareikningum Nordica Inc. og skýrt það sem svo að þær sýni fram á að Jón Gerald hafi fengið þessar mánaðalegu ráðgjafagreiðslur frá Baugi til frjálsrar ráðstöfunar, en ekki hafi verið um að ræða greiðslur frá Baugi til fjármögnunar og reksturs bátsins á Miami. Jón Gerald er beðinn um að taka afstöðu til þessa.

Jón Gerald segir að þetta sé alrangt sem komi fram hjá Jóni Ásgeiri. Jón Gerald kveðst fyrst og fremst vilja vísa til allra þeirra gagna sem hann hafi lagt fram við rannsókn málsins, sem varpi ljósi á fyrirkomulagið við fjármögnun og reksturs bátsins. Hann tekur einnig fram að þegar þeir Jón Ásgeir og Jóhannes hafi ákveðið að kaupa bátinn Thee Viking hafi þeir Jón Ásgeir sest niður í höfuðstöðvum Baugs ásamt Tryggva Jónssyni. Þar hafi þeir reiknað gróflega út kostnað varðandi fjármögnun og rekstur bátsins og gert fjárhagsáætlun í því sambandi. Þeir hafi upphaflega áætlað að hlutdeild Jóns Ásgeirs og Jóhannesar við fjármögnun og rekstur Thee Viking yrði USD 8.000 á mánuði. Sú fjárhæð hafi síðar verið hækkuð um mitt ár 2000 þegar í ljós kom að rekstarkostnaðurinn var meiri en þeir höfðu áætlað.

Öllum hafi verið það ljóst að Jón Gerald bar ábyrgð á afborgunum á þeim lánum sem tekin höfðu verið vegna bátakaupanna. Hann hafi því séð um að greiða allan kostnað sem tengdist bátnum, bæði afborganir af lánum og öðrum rekstarkostnaði. Þessar föstu mánaðarlegu greiðslur frá Baugi hf hafi komið á móti þeim útlagða kostnaði Jóns Geralds/Nordica Inc. Þannig segir Jón Gerald að hann hafi staðið við sínar skuldbindingar í tengslum við þessi bátaviðskipti þeirra og séð um að greiða allan kostnað vegna bátsins. Jón Gerald kveðst ekki hafa verið þannig settur að hann hafi þurft að bíða eftir mánaðarlegu greiðslunni frá Baugi hverju sinni til þess að geta staðið skil á öllum skuldbindingum varðandi bátinn. Hann hafi oft á tíðum verið búinn að leggja út fyrir kostnaði sjálfur áður en greiðsla barst frá Baugi. Jón Gerald segir það hreinar hártoganir hjá Jóni Ásgeiri að segja að hann hafi notað þessa fjármuni í eigin þágu.

Jón Geraldi er kynnt að ekki verði fleira borið undir hann við þessa skýrslutöku, en skýrslutöku haldið áfram á morgun. Jón Gerald er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Jón Gerald kveðst ekkert frekar hafa um málið að segja að svo stöddu.



05533

Skýrslutöku lauk kl. 1955

Staðfest rétt eftir haft:

Jón Gerald Sullenberger

Skýrsluna skráði:

Sveinn I. Magnússon

Viðstödd og þátttakandi við skýrslutökuna:

Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN | **SKÝRSLA** YFIRHEYRSLA | R L S |
|---|---|---|
| Skýrslu gerir: Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi | | Mál nr. IV/1.11 |
| Staður og stund: Reykjavík - Miðvikudaginn 28. júlí 2004. Klukkan 11:30. | | |
| Sakarefni: Ætluð auðgunarbrot og brot á lögum um bókhald | | |
| Aðili: Jón Gerald Sullenberger | | Kennitala: 240664-2089 |
| Starf/staða: Rekur útflutningsfyrirtækið Nordica Inc. í Bandaríkjunum | | Vinnusími: 305-639-2100 |
| Lögheimili: 832 Santiago Street, Coral Gables, Florida | | Sími: 305-443-4204 |
| Dvalarstaður: (Gullsmári 10, Kópavogi GSM: 897-6405) | | Sími: GSM USA: 305-588-1800 |

Jón Gerald er mættur til skýrslutöku samkvæmt boðun. Honum er kunnugt um ástæðu skýrslutökunnar sem varðar viðskipti hans og fyrirtækis hans Nordica Inc. við Baug-Group hf. og greiðslur sem hann hefur móttekið fyrir hönd Nordica Inc frá Baugi hf.

Fyrir Jóni Geraldi er brýnd vitnaskylda og vitnaábyrgð, auk þess sem hann er áminntur um sannsögli. Þá er Jóni Gerald einnig kynnt ákvæði 51. gr. laga nr. 19/1991, þess efnis að hann þurfi ekki að tjá sig um þau atriði sem gætu skapað honum refisábyrgð.

Jón Gerald kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og vera reiðubúinn að tjá sig um málið.

Jóni Gerald er kynnt að við þessa skýrslutöku verði farið yfir þann þátt rannsóknarinnar sem snýr að erlendri bankaábyrgð nr. G0412-1150 að fjárhæð USD 135.000 sem Bónus sf stofnaði til þann 17. júlí 1996 hjá SPRON. Bæði verði hann beðinn um að gera ítarlegri grein fyrir ákveðnum atriðum, auk þess sem bornar verða undir hann skýringar sakborninga málsins og gögn sem lögð hafa verið fram af þeirra hálfu.

Jón Gerald er beðinn um að gera nánar grein fyrir því bankaláni sem hann fékk hjá Ready State Bank að fjárhæð USD 135.000 þann 19.08.1996.

Jón Gerald kveðst eins og hann hafi áður skýrt frá hafa fengið lán hjá Ready State Bank til kaupa á bát af gerðinni Sea Ray sem gefið hafi verið nafnið Icelandic Viking. Jón Gerald kveðst áður vera búinn að gera grein fyrir því hvernig bankaábyrgðin sem Bónus sf stofnaði til hjá SPRON tengdist því láni, sem trygging fyrir endurgreiðslu lánsins.

Jón Gerald kveðst við fyrri skýrslutökur hafa gert grein fyrir heildarverði bátsins Icelandic Viking og hvernig þeir Jón Ásgeir hafi staðið skil á greiðslum vegna kaupanna. Jón Gerald kveðst hafa fengið símgreiðslu frá Bónus sf. að fjárhæð USD 29.951,67 þann 17.06.1996 og hafi sú greiðsla átt að dekka greiðsluhlut Jóns Ásgeirs við kaupin á bátnum. Jón Gerald kveðst svo hafa séð um að greiða kaupverðið með þessu láni frá Ready State Bank að fjárhæð USD 135.000, það hafi verið gert með útgáfu á tékka frá Ready State Bank sem stílaður var á Chase Financial til að greiða upp lán fyrri eiganda sem hvíldi á bátnum. Auk þess kveðst Jón Gerald hafa greitt kaupverðið með tveimur tékkum úr tékkhefti sínu, eins og komið hefur fram í fyrri framburði hans. Annar tékkinn hafi verið að fjárhæð USD 14.500,- en hinn að fjárhæð USD. 6.915,-. Einnig hafi fallið til ýmiss viðbótarkostnaður, s.s. bankakostnaður, tryggingar, viðhald og ástandsskoðun bátsins og hafnargjöld svo eitthvað sé nefnt.

Til að gera nánari grein fyrir þessu láni þá skýrir Jón Gerald svo frá að þetta bankalán frá Ready State Bank hafi verið til 12 mánaða með 11 afborgunum, auk lokagreiðslu fyrir eftirstöðvum lánsins. Jón Gerald vísar í lánasamninginn í því sambandi (skjal málsins nr. II/21.9), en þar kemur fram varðandi

005535

afborganir af láninu að um sé að ræða 11 jafnar afborganir hver að fjárhæð USD 1.399,90 og lokagreiðsla að fjárhæð USD 132.042,24.

Jón Gerald segir að vegna þessa forms á lánasamningnum hafi þurft að endurnýja lánið á hverju ári til þess að komast hjá því að greiða lokagreiðsluna. Það hafi verið gert og lánið endurnýjað eða framlengt á hverju ári. Við hverja endurnýjun eða framlengingu hafi höfuðstóll lánsins lækkað í samræmi við þær afborganir á höfuðstólinn sem greiddar höfðu verið á undangengnu ári. Auk þess hafi Jón Ásgeir og/eða Jóhannes endurnýjað bankaábyrgðina á hverju ári og hafi hún verið tengd þessu bátaláni alla tíð þar til hún var gjaldfelld í lok árs 2002.

Jón Gerald segir að öll gögn varðandi endurnýjun lánsins séu fyrirliggjandi, en þar komi alltaf fram upphaflegt lánanúmer sem hafi haldist óbreytt frá því lánið var tekið, þann 19.08.1996 og hafi lánið fengið númerið 1040194364 hjá Ready State Bank.

Jón Gerald er spurður hvort þetta hafi verið yfirdráttarlán.

Jón Gerald segir svo ekki vera. Þetta hafi verið afborgunarlán eins og sjá megi á skilmálum lánasamningsins.

Jón Gerald er spurður hvort hann hafi notað þessa bankaábyrgð á annan hátt en sem handveð á móti þessu láni frá Ready State Bank að fjárhæð USD. 135.000.

Jón Gerald segir svo ekki vera. Hann hafi í rauninni ekki haft neinn umráðarétt yfir þessari bankaábyrgð, né neitt umboð til þess. Bankinn einn hafi haft ábyrgðina sem handveð. Ábyrgðin var stíluð á bankann og alfarið í umsjón bankans.

Undir Jón Gerald er borin greinargerð frá Jóni Ásgeiri Jóhannessyni frá 5. júní 2004 varðandi þessa bankaábyrgð sem Bónus sf. stofnaði til hjá SPRON. Jón Gerald er beðinn um að kynna sér greinargerðina og meðfylgjandi gögn. Í framhaldi af því er hann beðinn um að taka afstöðu til þess sem þar kemur fram.

Jón Gerald segir greinargerð Jóns Ásgeirs ekki rétta og kveðst ítreka fyrri framburð sinn varðandi þessi kaup á bátnum Icelandic Viking og bankaláninu sem tekið var í tengslum við þessi bátakaup og bankaábyrgðina frá Bónus sf.

Til að skýra þetta nánar þá segir Jón Gerald að meðfylgjandi gögn með greinargerð Jóns Ásgeirs vera rangtúlkuð af Jóni Ásgeiri. Jón Gerald segir að þessir lánapappírar sem fylgi með greinargerð Jóns Ásgeirs séu lánasamningar varðandi framlengingu eða endurnýjun á bátaláninu frá Ready State Bank. Á þessum lánapappírum má sjá upphaflega lánanúmerið á láninu frá Ready State Bank, númerið 1040194364, auk þess megi sjá að höfuðstóll lánsins hafi lækkað og á þessum tíma við þessa endurnýjun þann 22.07.2000 hafi höfuðstóllinn verið USD. 109.294,21. Jón Gerald segir að í þessum lánapappírum sem Jón Ásgeir sé að vísa til megi sjá endurgreiðsluskilmála, þ.e. 11 reglubundnar greiðslur að fjárhæð USD. 2.726,83 og eina lokagreiðslu sem áætluð var USD. 88.302,26. Enga slíka skilamála sé að finna í lánapappírum varðandi yfirdráttarlán. Þannig segir Jón Gerald þessar röksemdir Jóns Ásgeirs ekki ganga upp og séu þær rangar.

Varðandi þann hluta þeirra fylgiskjala sem Jón Ásgeir hafi lagt fram, þ.e. skjal úr Union Planters Bank sem ber yfirskriftina Small Business Credit Application þá kveðst Jón Gerald ekki hafa komið að gerð þess skjals. Þar sé augljóslega um að ræða innri gögn úr bankanum sem einhver starfsmaður bankans hafi útbúið árið 2000 í tengslum við endurnýjun eða framlengingu á láninu frá Ready State Bank. Jón Gerald tekur fram að á þessum tíma hafi Union Planters Bank verið búið að yfirtaka Ready State Bank og mjög ólíklegt að sá starfsmaður sem séð hafi um að fylla út skjalið hafi vitað um upphaflega



05536

ráðstöfun lánsins árið 1996. Jón Gerald bendir einnig á að neðst á skjalinu sé dálkur sem ber yfirskriftina Business Loan Information. Þar komi fram lánanúmerið á láninu frá Ready State Bank 1040194364, auk þess fjárhæðin USD. 109.294 og skammstöfunin LC sem vísi til bankaábyrgðarinnar sem Bónus sf. stofnaði til hjá SPRON. Jón Gerald segir að það veki athygli að á þessu ljósritaða skjali frá Jóni Ásgeiri vanti neðstu línuna, en þar komi einmitt fram upplýsingar um yfirdráttarlán sem Jón Gerald kveðst hafa verið með hjá Union Planters Bank. Samkvæmt þeim upplýsingum sem komi fram í þeirri línu á skjalinu, sem sjáist reyndar ekki á því skjali sem Jón Ásgeir hafi afhent lögreglu, megi lesa það svart á hvítu að þessi bankaábyrgð frá Bónus sf. sé ekki tengd því yfirdráttarláni, ekki komi þar fram skammstöfunin LC. Jón Gerald segir að það sé engu líkara en að Jón Ásgeir sé að reyna að villa um fyrir rannsóknurum með framlagningu gagna með þessum hætti.

Jón Gerald vill ítreka að þetta skjal Small Business Credit Application sé útfyllt einhliða af einhverjum starfsmanni bankans og sé ekki undirritað af Jóni Geraldi. Þannig sé ekki hægt að leggja þetta skjal eitt og sér til grundvallar sem skýringu á þessu láni.

Jón Gerald bendir á hliðstætt skjal sem augljóslega hafi verið útbúið árið á undan, Small Business Credit Application skjal frá árinu 1999. Þar megi sjá að höfuðstóll lánsins hafi verið USD. 118.873,14. Á því skjali sé ekki hakað við reitinn "Line" eða yfirdráttarlán heldur reitinn "Term" sem er endurgreiðslulán. Á því skjali sé einnig hakað við reitinn "Other" um tilgang lánsins og sama lánanúmerið sé einnig ritað á skjalið, þ.e. númerið 1040194364.

Jón Gerald segir að hann hafi verið með yfirdráttarlán hjá Union Planters Bank sem hafi upphaflega verið USD 200.000 en verið hækkað í USD 350.000. Það yfirdráttarlán kveðst Jón Gerald hafa fengið þann 26.02.2001 og fékk lánið nr. 5500031012. Jón Gerald segir að Baugur hf hafi gengist í ábyrgð varðandi það yfirdráttarlán með erlendri bankaábyrgð nr. G0794-1150 að fjárhæð USD 350.000. Jón Gerald segir að Lárus Óskarsson, framkvæmdastjóri Aðfanga, og Tryggvi Jónsson hafi haft milligöngu um að stofna til þeirrar bankaábyrgðar. Þegar stofnað var til þeirrar bankaábyrgðar hafi það farið í eðlilegan feril í gengum fyrirtækið og þeir starfsmenn Baugs sem höfðu með þessi mál að gera hafi séð um þá framkvæmd. Það hafi hins vegar ekki verið raunin þegar stofnað var til bankaábyrgðarinnar árið 1996, enda tilgangur þeirrar bankaábyrgðar annar, eins og komið hafi fram hjá Jóni Geraldi.

Jón Gerald segir að þetta séu einu erlendu bankaábyrgðirnar sem Bónus eða Baugur stofnuðu til og vörðuðu hann eða Nordica Inc. Fyrri bankaábyrgðin hafi varðað kaup á bátnum árið 1996, en til hinnar síðar hafi verið stofnað vegna viðskipta Nordica Inc við Baug hf. Jón Gerald kveðst eiga til tölvupóstsamskipti við starfsmenn Baugs hf í tengslum við útgáfu seinni bankaábyrgðarinnar.

Jón Gerald kveðst vilja gera athugasemdir við eftirfarandi skýringar Jóns Ásgeirs: "*...Bónus sf. hafi stofnað til þessarar ábyrgðar árið 1996 vegna vöruviðskipa við Nordica, sem hafi verið lítið og óþekkt fyrirtæki sem fékk ekki kredit hjá stórum birgjum og ekki getað starfað í Bandaríkjunum án þess að Bónus gengist í ábyrgðir fyrir vörukaupum og fjármagnsveltu fyrirtækisins...*"

Jón Gerald segir að viðskipti Nordica Inc við Bónus sf. nái allt aftur til ársins 1991 og þá hafi öll viðskipti við Bónus sf. gengið eftir án nokkurrar ábyrgðar frá Bónus sf. Viðskiptin hafi verið með föstu formi og ekki þurft neina bankaábyrgð árið 1996 til að tryggja vörukaup Nordica Inc við birgja í Bandaríkjunum. Jón Gerald tekur það einnig fram að á árinu 1996 hafi nánast öll viðskipti Nordica Inc verið við Baug sf sem hafi þá verið sameiginlegt innkaupafyrirtæki Bónus sf og Hagkaupa. Það hefði því verið eðlilegra að Baugur sf. hefði stofnað til slíkrar bankaábyrgðar ef þurft hefði bankaábyrgð vegna vöruviðskiptanna. Það hafi hins vegar ekki verið svo.

Jón Gerald kveðst einnig hafi tekið með sér bókhaldsgögn Nordica Inc frá árinu 1996. Þar megi sjá öll viðskipti félagsins við Baug sf og Bónus sf það árið. Eins og þau gögn bera með sér hafi viðskiptin verið með föstu formi og að lang stærstum hluta til við Baug sf en ekki bein viðskipti við Bónus sf.

Jón Gerald fer yfir bókhaldsgögn Nordica Inc frá árinu 1996 með rannsóknurum og viðskiptin sett upp í exel-yfirlit sem fylgja sem viðhengi með þessari skýrslu.

Jón Gerald er spurður hvort hann geti gert grein fyrir því hvernig Union Planters Bank hafi ráðstafað USD 135.000 sem þeim barst frá SPRON þegar bankaábyrgðin nr. G0412-1150 var gjaldfelld.

Jón Gerald kveðst vita til þess að Union Planters Bank hafi kallað inn ábyrgðina og hafi andvirði ábyrgðarinnar verið ráðstafað til að greiða upp USD 135.000 lánið frá árinu 1996 ásamt áföllnum vöxtum og öðrum bankakostnaði. Jón Gerald segir að hann sjálfur hafi aldrei fengið neitt af þeim fjármunum. Aðspurður kveðst Jón Gerald ekki muna það nákvæmlega nú hver höfuðstóll lánsins hafi verið þegar ábyrgðin var gjaldfelld, þó viti hann að það hafi verið rúmlega USD 100.000 með dráttarvöxtum og bankakostnaði. Jón Gerald kveðst vita til þess að bankinn hafi notað eftirstöðvarnar af greiðslunni til að greiða niður annað lán sem stofnað hafði verið til hjá Union Planters Bank vegna kaupanna á bátnum Thee Viking og komið hefur fram við þessa rannsókn lögreglu. Það lán hafi einnig verið gjaldfellt af Union Planters Bank, enda kveðst Jón Gerald ekki hafa getað staðið í skilum með þessi tvö lán eftir að Jón Ásgeir hafi tekið ákvörðun um að hætt að greiða þessa mánaðarlegu greiðslu frá Baugi í rekstur bátsins, sumarið 2002, þegar upp úr samstarfi þeirra hafi slitnað.

Jón Gerald tekur það fram að hann eigi ekki þau bankagögn sem varði gjaldfellingu ábyrgðarinnar eða ráðstöfun bankans á þeim fjármunum. Hann kveðst þó telja að hann geti aflað þeirra gagna sé þess óskað.

Jón Gerald er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Jón Gerald kveðst ekkert frekar hafa um málið að segja að svo stöddu.

Skýrslutöku lauk kl. 14^40

Staðfest rétt eftir haft:

Jón Gerald Sullenberger

Skýrsluna skráði:

Sveinn I. Magnússon

Viðstödd og þátttakandi við skýrslutökuna:

Aldís Hilmarsd.

Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi

IV/1.11.1

# Viðskipti Nordica Inc við Baug sf / Bónus sf á árinu 1996

| Reikn. númer | Dagsetning | Fjárhæð | Móttakandi | Samtals á mán. |
|---|---|---|---|---|
| 960001 | 02.01.96 | 27.298,75 | Baugur sf. | |
| 960002 | 17.01.96 | 39.292,55 | Baugur sf. | |
| 960008 | 29.01.96 | 2.473,79 | Baugur sf. | 69.065,09 |
| 960014 | 26.02.96 | 154,30 | Bónus sf. | |
| 960013 | 28.02.96 | 30.073,67 | Baugur sf. | |
| 960015 | 29.02.96 | 429,26 | Bónus sf. | 30.657,23 |
| 960017 | 04.03.96 | 33.676,14 | Baugur sf. | |
| 960018 | 06.03.96 | 3.983,96 | Baugur sf. | |
| 960020 | 15.03.96 | 31.724,83 | Baugur sf. | |
| 960019 | 21.03.96 | 30.381,76 | Baugur sf. | 99.766,69 |
| 960025 | 04.04.96 | 39.130,16 | Baugur sf. | |
| 960027 | 04.04.96 | 2.023,27 | Baugur sf. | |
| 960026 | 10.04.96 | 29.891,66 | Baugur sf. | |
| 960028 | 10.04.96 | 425,83 | Baugur sf. | |
| 960029 | 12.04.96 | 2.644,55 | Baugur sf. | |
| 960022 | 16.04.96 | 29.830,00 | Baugur sf. | |
| 960032 | 24.04.96 | 25.935,44 | Baugur sf. | |
| 960031 | 24.04.96 | 13.341,98 | Baugur sf. | 143.222,89 |
| 960030 | 08.05.96 | 32.196,80 | Baugur sf. | |
| 960033 | 23.05.96 | 22.127,02 | Baugur sf. | |
| 960035 | 29.05.96 | 146,00 | Bónus sf. | |
| 960036 | 30.05.96 | 3.313,64 | Baugur sf. | |
| 960038 | 30.05.96 | 25,28 | Baugur sf. | 57.808,74 |
| 960034 | 03.06.96 | 29.885,22 | Baugur sf. | |
| 960042 | 13.06.96 | 17.222,50 | Baugur sf. | |
| 960040 | 13.06.96 | 7.002,77 | Baugur sf. | |
| 960043 | 18.06.96 | 27.259,80 | Baugur sf. | |
| 960044 | 19.06.96 | 1.524,66 | Baugur sf. | 82.894,95 |
| 960049 | 30.07.96 | 3.166,50 | Baugur sf. | |
| 960048 | 30.07.96 | 15.863,30 | Baugur sf. | |
| 960050 | 30.07.96 | 25.279,36 | Baugur sf. | |
| 960051 | 31.07.96 | 25.289,07 | Baugur sf. | 69.598,23 |
| 960052 | 08.08.96 | 18.346,12 | Baugur sf. | |
| 960056 | 30.08.96 | 115,20 | Bónus sf. | 18.461,32 |
| 960058 | 27.09.96 | 27.383,36 | Baugur sf. | |
| 960060 | 27.09.96 | 1.149,85 | Baugur sf. | |
| 960059 | 27.09.96 | 1.393,62 | Baugur sf. | 29.926,83 |
| 960062 | 03.10.96 | 34.274,86 | Baugur sf. | |
| 960063 | 07.10.96 | 26.333,30 | Baugur sf. | |
| 960066 | 09.10.96 | 24.867,68 | Baugur sf. | |
| 960064 | 09.10.96 | 9.624,26 | Baugur sf. | |
| 960065 | 09.10.96 | 690,82 | Baugur sf. | |
| 960070 | 22.10.96 | 33.722,45 | Baugur sf. | |
| 960074 | 22.10.96 | 31.838,80 | Baugur sf. | |
| 960071 | 22.10.96 | 29.808,00 | Baugur sf. | 191.160,17 |
| 960078 | 18.11.96 | 35.628,65 | Baugur sf. | |
| 960086 | 18.11.96 | 415,58 | Baugur sf. | |
| 960087 | 18.11.96 | 10.178,92 | Baugur sf. | 46.223,15 |
| 960089 | 04.12.96 | 1.972,60 | Bónus sf. | |
| 960091 | 19.12.96 | 34.265,00 | Baugur sf. | |
| 960088 | 19.12.96 | 15.132,01 | Baugur sf. | 51.369,61 |

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN | SKÝRSLA<br>YFIRHEYRSLA | RLS | |
|---|---|---|---|
| Skýrslu gerir<br>Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi | | Mál nr. | IV/1.12 |
| Staður og stund:<br>Reykjavík - Laugardaginn 21. ágúst 2004. Klukkan 10:10. | | | |
| Sakarefni:<br>Ætluð auðgunarbrot og brot á lögum um bókhald | | | |
| Aðili:<br>Jón Gerald Sullenberger | | Kennitala:<br>240664-2089 | |
| Starf/staða:<br>Rekur útflutningsfyrirtækið Nordica Inc. í Bandaríkjunum | | Vinnusími:<br>305-639-2100 | |
| Lögheimili:<br>832 Santiago Street, Coral Gables, Florida | | Sími:<br>305-443-4204 | |
| Dvalarstaður:<br>(Gullsmári 10, Kópavogi GSM: 897-6405) | | Sími:<br>GSM USA: 305-588-1800 | |

Jón Gerald er mættur til skýrslutöku samkvæmt boðun. Honum er kunnugt um ástæðu skýrslutökunnar sem varðar viðskipti hans og fyrirtækis hans Nordica Inc. við Baug-Group hf. og þær erlendu bankaábyrgðir sem stofnað var til af Baug-Group eða dótturfélaga þess vegna Nordica Inc.

Fyrir Jóni Geraldi er brýnd vitnaskylda og vitnaábyrgð, auk þess sem hann er áminntur um sannsögli. Þá er Jóni Gerald einnig kynnt ákvæði 51. gr. laga nr. 19/1991, þess efnis að hann þurfi ekki að tjá sig um þau atriði sem gætu skapað honum refisábyrgð.

Jón Gerald kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og vera reiðubúinn að tjá sig um málið.

Jóni Geraldi er kynnt að við þessa skýrslutöku verði bornir undir hann tölvupóstar sem fundust við leit lögreglu í tölvu hans, þ.e. tölvupósti hans. Þessir tölvupóstar virðast tengjast erlendum bankaábyrgðum sem Baugur / Aðföng / Bónus hefur stofnað til vegna Nordica Inc.

Undir Jón Gerald er borin tölvupóstsamskipti milli hans og Tryggva Jónssonar frá 6. – 9. febrúar 2001. Þar er verið að ræða um erlenda bankaábyrgð og nauðsyn þess að hún verði hækkuð úr USD 200.000 í USD 350.000. Jón Gerald er beðinn um að skýra þennan póst.

Jón Gerald skýrir svo frá að til þessarar erlendu bankaábyrgðar hefði verið stofnað sökum þess að auka átti viðskiptin milli Nordica Inc og Aðfanga. Hann skýrir svo frá að Aðföng hafi ekki greitt fyrir þá vörugáma sem Nordica Inc sendi til Íslands fyrr en vörusendingin hafði borist inn í hús hjá Aðföngum. Jón Gerald segir að miðað við þær fyriræætlanir að auka viðskiptin milli Nordica Inc og Aðfanga hafi Nordica Inc þurft erlenda bankaábyrgð til að ábyrgjast greiðslu til sinna birgja. Þetta hafi verið gert í febrúar 2001. Jón Gerald segir að þessi bankaábyrgð hafi fengið númerið G0794-1150 að fjárhæð USD 350.000. Jón Gerald segir að ábyrgðin hafi verið lögð til tryggingar láni nr. 55 000 31012 frá Union Planters Bank samtals að fjárhæð USD 350.000.

Jón Gerald segir að við útgáfu þessarar ábyrgðar hafi Lárus Óskarsson, framkvæmdastjóri Aðfanga, tekið þátt í því ferli með Tryggva. Auk þess hafi gjaldkeri hjá Aðföngum verið inni í þessum málum. Til þess að útskýra þennan tölvupóst nánar og hvernig til hennar var stofnað þá segir Jón Gerald að hann hafi átt fund með Tryggva Jónssyni á Miami í janúar 2001 og líklegast hafi Jón Ásgeir einnig verið á þeim fundi. Jón Gerald segir að á þeim fundi hafi þeir farið yfir stöðu mála, hvernig auka mætti viðskiptin milli Aðfanga og Nordica Inc og hvað þyrfti að gera svo það væri mögulegt.

Jón Gerald segir að á þeim fundi var ákveðið að reyna að auka viðskiptin á milli félaganna. Þeim hafi verið það ljóst að Aðföng þyrfti að stofna til erlendrar bankaábyrgðar vegna viðskiptanna svo það væri mögulegt að auka viðskiptin. Jón Gerald segir að þeir Jón Ásgeir og Tryggvi hafi ákveðið að stofna til

erlendrar bankaábyrgðar að fjárhæð USD 350.000 og með þá niðurstöðu kveðst Jón Gerald hafa farið af fundinum.

Jón Gerald segir að Tryggvi hafi skýrt honum frá því að Lárus Óskarsson myndi sjá um þessi mál fyrir Aðföng og stofna til þessarar bankaábyrgðar. Jón Gerald kveðst svo hafa áttað sig á því í byrjun febrúar 2001 að Lárus hafi stofnað til bankaábyrgðar að fjárhæð USD 200.000 en ekki USD 350.000 eins og hann, Tryggvi og Jón Ásgeir höfðu samið um á fundinum í janúar 2001.

Jón Gerald kveðst þá hafa átt þessi tölvupóstsamskipti við Tryggva dagana 6. – 9. febrúar 2001 til að láta leiðrétta ábyrgðina og fá hana hækkaða í USD 350.000. Það hafi verið gert í framhaldi af þessum samskiptum. Jón Gerald segir að í þessum tölvupóstsamskiptum komi einnig fram að stefnt sé að því að auka viðskiptin í USD 3 milljónir á ári.

Eftir að þessi erlenda bankaábyrgð hafði verið hækkuð í USD 350.000 hafi hann átt öll samskipti við Lárus Óskarsson varðandi ábyrgðina, auk stúlku sem starfaði sem gjaldkeri hjá Aðföngum. Það hafi verið mjög eðlileg viðskipaleg samskipti enda hafi þar verið um að ræða raunverulega vöruviðskiptaábyrgð.

Jón Gerald tekur það fram að Jón Ásgeir sé í sínum framburðum hjá lögreglu, augljóslega að reyna að rugla saman ástæðum á bak við útgáfu þessarar ábyrgðar og þeirrar erlendu bankaábyrgðar sem stofnað var til árið 1996 vegna bátakaupanna, eins og Jón kveðst hafa farið ítarlega í gegnum með rannsóknurum.

Undir Jón Gerald er borin tölvupóstsamskipti milli hans og Tryggva Jónssonar frá 13. ágúst 2001. Þar er verið að ræða um endurnýjun erlendar bankaábyrgð nr. G0412-1150. Jón Gerald er beðinn um að skýra þennan póst.

Jón Gerald kveðst áður hafa skýrt frá því hjá lögreglu hvernig þurft hafi að endurnýja bátalánið sem tekið var árið 1996 að fjárhæð USD 135.000 á hverju ári. Á sama hátt hafi þurft að endurnýja bankaábygðina sem stofnað var til vegna bátalánsins. Í þessum tölvupóstsamskiptum hafi bátalánið augljóslega verið komið á gjalddaga þann 22. júlí 2001 og þurft að endurnýja það. Þá hafi einnig þurft að endurnýja erlendu bankaábyrgðina.

Jón Gerald segir ástæðu þess að hann hafi snúið sér til Tryggva vegna endurnýjunar bankaábyrgðarinnar vera þá að Jón Ásgeir hafi árið 1999 falið Tryggva að sjá um öll mál sem snéru að rekstri bátsins. Jón Gerald segir að Tryggva hafi verið fullkomlega kunnugt um tilgang bankaábyrgðarinnar sem tryggingu fyrir bátaláninu frá árinu 1996. Jón Gerald bendir einnig á að svar Tryggva við þessum tölvupósti, þar sé augljóst að Tryggvi sé með á nótunum varðandi þessa bankaábyrgð. Tryggvi hafi ætlað að fá Erlu, fjármálastjóra Bónus, til að sjá að framlengja bankaábyrgðinni. Það hafi verið gert.

Jón Gerald kveðst vilja ítreka enn frekar að öll viðskipti Nordica Inc hafi á þessum tíma farið í gegnum Aðföng og stofnað hafi verið til bankaábyrgðar vegna þeirrar vöruviðskipta, eins og komið hafi fram, m.a. við þessa skýrslutöku. Hvergi í því ferli þegar verið var að stofna til þeirrar bankaábyrgðar hafi þessi ábyrgð frá 1996 borið á góma, enda hafi hún ekki tengst vöruviðskiptum félaganna. Jón Gerald kveðst heldur ekki hafa rætt um þá bankaábyrgð við það starfsfólk Aðfanga / Bónus sem sá um vöruinnflutning fyrir félagið. Jón Gerald kveðst telja líklegast að þeim aðilum hafi ekki verið kunnugt um tilvist bankaábyrgðarinnar nr. G0412-1150.

Til að útskýra nánar aðkomu Tryggva að þessum málum, þá segir Jón Gerald að þegar ákveðið hafi verið að kaupa þriðja bátinn, þ.e. Thee Viking hafi hann, Tryggvi og Jón Ásgeir fundað í höfuðstöðvum Baugs og reiknað út kostnaðinn við að kaupa þann bát og hvernig þeir gætu fjármagnað viðskiptin. Á þeim fundi hafi Tryggva verið kunngert um fyrsta bátalánið að fjárhæð USD 135.000 og þá erlendu



05541

bankaábyrgð sem Bónus hafði stofnað til sem tryggingu fyrir því láni. Á þessum tíma hafi Jón Ásgeir falið Tryggva að sjá um öll mál varðandi fjármögnum og rekstur bátsins.

Jón Gerald er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Jón Gerald kveðst ekkert frekar hafa um málið að segja að svo stöddu.

Skýrslutöku lauk kl. 11$^{45}$

Staðfest rétt eftir haft:

Jón Gerald Sullenberger

Skýrsluna skráði:

Sveinn I. Magnússon

Viðstödd og þátttakandi við skýrslutökuna:

Aldís Hilmarsd.

Aldís Hilmarsdóttir, lögreglufulltrúi

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN | SKÝRSLA<br>YFIRHEYRSLA | RLS | |
|---|---|---|---|
| Skýrslu gerir<br>Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi | | Mál nr.<br>006-2002-0086 | IV/1.13 |
| Staður og stund:<br>Reykjavík – Mánudaginn 20. júní 2005. Klukkan 09:30. | | | |
| Sakarefni:<br>Ætluð auðgunarbrot og brot á lögum um bókhald | | | |
| Aðili:<br>Jón Gerald Sullenberger | | Kennitala:<br>240664-2089 | |
| Starf/staða:<br>Rekur útflutningsfyrirtækið Nordica Inc. í Bandaríkjunum | | Vinnusími:<br>305-639-2100 | |
| Lögheimili:<br>832 Santiago Street, Coral Gables, Florida | | Sími:<br>305-443-4204 | |
| Dvalarstaður:<br>(Gullsmári 10, Kópavogi GSM: 897-6405) | | Sími:<br>GSM USA: 305-588-1800 | |

Jón Gerald er mættur til skýrslutöku samkvæmt boðun. Honum er kunnugt um ástæðu skýrslutökunnar sem varðar viðskipti hans og fyrirtækis hans Nordica Inc. við Baug-Group hf. og greiðslur sem hann hefur móttekið fyrir hönd Nordica Inc frá Baugi hf.

Fyrir Jóni Geraldi er brýnd vitnaskylda og vitnaábyrgð, auk þess sem hann er áminntur um sannsögli. Þá er Jóni Gerald einnig kynnt ákvæði 51. gr. laga nr. 19/1991, þess efnis að hann þurfi ekki að tjá sig um þau atriði sem gætu skapað honum refisábyrgð.

Jón Gerald kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og vera reiðubúinn að tjá sig um málið.

Jóni Gerald er kynnt að við þessa skýrslutöku verði farið nánar yfir viðskipti hans og fyrirtækis hans Nordica Inc. við Gaum ehf og e.a. Bónus sf. varðandi þá reikninga sem hann sendi á umrædd félög á árunum 1996-1999 varðandi fjármögnun og rekstur bátanna Viking I og Viking II sem keyptir voru á árunum 1996 og 1997, eins og Jón Gerald hefur þegar greint frá við yfirheyrslur hjá lögreglu.

**Viðskipti Jóns Geralds við Fjárfestingarfélagið Gaum ehf. og eftir atvikum Bónus sf.**

Jón Gerald kveðst vilja taka það fram að í upphafi, þegar þeir Jón Ásgeir hafi farið út í þessi bátaviðskipti árið 1996 og líklegast fram að áramótum 1998/1999 hafi hann sent reikninga stílaða á Bónus vegna þessara bátaviðskipta þeirra. Síðar hafi Jón Ásgeir óskað eftir því að þeir reikningar yrðu stílaðir á Gaum ehf. Jón Gerald kveðst hafa afhent lögreglu öll þau gögn sem hann hafi átt um þau viðskipti og þá reikninga sem hann hafi sent á Bónus og Gaum ehf. Jón kveðst hafa sent slíka reikninga á Gaum ehf allt til áramóta 1999-2000 þegar þeir Jón Ásgeir og Tryggvi hafi tekið ákvörðun um að senda ætti fasta mánaðalega reikninga á Baug vegna fjármögnunar og rekstur bátsins.

Undir Jón Gerald verða nú bornir þeir reikningar Nordica Inc. sem lögregla hefur aflað hjá Fjárfestingarfélaginu Gaumi ehf. og Bónus sf. og grunur leikur á að tengist fjármögnun og rekstri bátanna Viking I og Viking II. Jón er beðinn um að gera grein fyrir hverjum og einum þeirra.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 97048, sem dagsettur er þann 06.06.1997 að fjárhæð USD. 5.031,16 og stílaður á Bónus sf.**

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann hafi gefið reikninginn út og sent á Bónus sf. Jón Gerald tekur það fram að fyrri hluti reikningsins varði ekki rekstur bátsins heldur bifhjólakaup fyrir forsvarsmenn Hagkaupa og Jón Ásgeir, eins og fylgiskjöl reikningsins beri með sér. Seinni hluti reikningsins varði hins vegar fjármögnun og rekstur bátsins. Til að skýra það nánar þá segir hann að USD 1.060,- sé helmingur af mánaðarlegri afborgun af því USD. 135.000,- láni sem Jón Gerald hafi

tekið hjá Ready State Bank til að fjármagna kaupin á bátnum Viking I. Hann hafi þarna verið að innheimt endurgreiðslu af þeim helmingshlut sem Jón Ásgeir hafi átt að borga af því láni.

Jón Gerald kveðst einnig hafa innheimt kostnað af Bandarískum farsíma Jóns Ásgeirs samtals USD. 61,16. Jón Gerald kveðst auk þess hafa innheimt hafnargjöld með þessum reikningi samtals USD. 150,- Aðspurður segir Jón Gerald ástæðu þess að gjaldaliðurinn varðandi lánið sé með skýringunni "Rent" og hafnargjöldin með skýringunni "Packaging storing deliverin" sé sú að Jón Ásgeir hafi ekki viljað að það kæmi augljóslega fram á reikningnum að um væri að ræða kostnaðarliði vegna fjármögnunar og reksturs bátsins og því hafi skýringarnar verið settar fram með þessum hætti. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 97066, sem dagsettur er þann 09.07.1997 að fjárhæð USD. 5.755,94 og stílaður á Bónus hf.**

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann hafi gefið reikninginn út og sent á Bónus sf. Jón Gerald segir að sá kostnaðarliðurinn með skýringunni "storage rent" að fjárhæð USD 1.060,- sé helmingur af mánaðarlegri afborgun af því USD. 135.000,- láni sem Jón Gerald hafi tekið hjá Ready State Bank til að fjármagna kaupin á bátnum Viking I. Hann hafi þarna verið að innheimt endurgreiðslu af þeim helmingshlut sem Jón Ásgeir hafi átt að borga af því láni. Kostnaðarliðurinn "Inbound storage cost" að fjárhæð USD 1.857,72 sé kostnaður í tengslum við rekstur bátsins, en reikningurinn beri það með sér að Jón Ásgeir og einhver á hans vegum hafi á þessum tíma verið á Miami í Flórída og notað bátinn. Slíkum ferðum hafi alltaf fylgt einhver viðbótarkostnaður við rekstur bátsins, s.s. hafnargjöld, olía á bátinn og fleira þess háttar.

Aðrir kostnaðarliðir þessa reiknings varði ferða- og hótelkostnað vegna þessarar ferðar Jóns Ásgeir og félaga hans til Miami og kostnaður í tengslum við American Express greiðslukort Jóns Ásgeirs samtals að fjárhæð USD. 988,17, auk þess sem á reikningnum sé einnig kostnaðarliður varðandi flutning á bifreið innanlands í Bandaríkjunum í frakt til New York, þ.e. kostnaðarliðurinn "Delivering charger to New York" samtals að fjárhæð USD. 1.050,-. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 97078, sem dagsettur er þann 05.09.1997 að fjárhæð USD. 10.416,09 og stílaður á Bónus hf.**

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann hafi gefið reikninginn út og sent á Bónus sf. Jón Gerald segir að sá kostnaðarliðurinn með skýringunni "storage rent" að fjárhæð USD 1.060,- sé helmingur af mánaðarlegri afborgun af því USD. 135.000,- láni sem Jón Gerald hafi tekið hjá Ready State Bank til að fjármagna kaupin á bátnum Viking I. Hann hafi þarna verið að innheimt endurgreiðslu af þeim helmingshlut sem Jón Ásgeir hafi átt að borga af því láni. Jón Gerald tekur það fram að á þessum tíma hafi þeir verið búnir að selja Viking I og kaupa Viking II, en þrátt fyrir það hafi þeir ennþá verið að greiða af þessu upphaflega láni frá Ready State Bank, enda hafi þeir ekki greitt það lán upp við kaupin á Viking II. Þá segir Jón Gerald að kostnaðarliðurinn með skýringunni "Delivering Charger to New York" að fjárhæð USD. 1.242,91 sé helmingurinn af mánaðarlegri afborgun af nýja láninu sem þeir hafi tekið hjá Key Bank vegna kaupanna á bátnum Viking II en mánaðarlegar afborganir af því láni hafi verið USD. 2.485,82.

Jón Gerald kveðst hafa notast við þá skýringuna sem varðaði flutninginn á bifreiðinni til New York frá fyrra mánuði varðandi þennan kostnaðarlið, vegna kröfu Jóns Ásgeirs um að ekki mætti koma augljóslega fram hvað verið væri að greiða. Jón Gerald segir að kostnaðarliðurinn "Hotel and Travel exp." samtals að fjárhæð USD. 1.804.24 sé tilfallandi kostnaður vegna hafnargjalda í tengslum við dvöl Jóns Ásgeirs eða Jóhannesar á Miami og að því tilefni hafi báturinn verið færður frá föstum geymslustað

bátsins í Coral Gables, Flórída, að Miami Beach Marina höfninni. Auk þess komi fram á reikningnum símakostnaður Jóns Ásgeirs, sem og kostnaður í tengslum við American Express greiðslukort Jóns Ásgeirs en kortareikningurinn hafi verið að fjárhæð USD. 6.207,58. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 97087, sem dagsettur er þann 03.10.1997 að fjárhæð USD. 9.655,56 og stílaður á Bónus hf.**

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann hafi gefið reikninginn út og sent á Bónus sf. Jón Gerald segir að fyrri hluti reikningsins varði símakostnað og American Express greiðslukort Jóns Ásgeirs, auk kostnaðar vegna bílaleigubifreiðar fyrir Jón Ásgeir og hótelkostnaðar. Seinni hluti reikningsins sé hins vegar kostnaður sem tengist bátnum. Þar sé fyrst um að ræða kostnað við viðgerð á bátnum "Bassett Inc. service repair" að fjárhæð USD. 658,- og auk þess sé þar kostnaðurliður með skýringunni "Delivering Charger" að fjárhæð USD. 684,- þar sé um að ræða helminginn af afborgunum af láninu frá Ready State Bank og hafi verið þáttur Jóns Ásgeirs og Jóhannesar í þeim afborgunum eins og komið hafi fram.

Jón Gerald tekur það fram að á þessum tíma hafi þeir keypt lyftu í bátinn fyrir sæþotu og hafi þeir skipt þeim kostnaði jafnt á milli sín, þannig sé kostnaðarliðurinn "Quick lift Inc." að fjárhæð USD 5.018,49 tilkominn vegna þess. Jón Gerald segir að kostnaðarliðurinn "Storage rent" að fjárhæð USD. 1.392,91 sé vegna afborgunar af nýja láninu frá Key Bank, að viðbættum USD 150,- vegna tilfallandi kostnaðar. Jón Gerald segir að tveir síðustu kostnaðarliðir þessa reiknings séu vegna radarvara sem hann hafi keypt fyrir Jón Ásgeir, þ.e. "Phantom" og "Valentine one locator". Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 97133, sem dagsettur er þann 28.11.1997 að fjárhæð USD. 9.937,20 og stílaður á Bónus hf.**

Jón Gerald segir að þessi reikningur varði ekki fjármögnun eða rekstur bátsins. Um hafi verið að ræða reikning vegna ferðkostnaðar í tengslum við ferð verslunarstjóra Bónus sf. til Miami, þ.e. hótelkostnaður, bílaleigubílar og fleira. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

Jón Gerald kveðst vilja taka það fram að það vanti augljóslega þann reikning sem hann hafi sent á Bónus sf. varðandi fjármögnun og rekstur bátsins fyrir nóvember 1997, sem greiddur var þann 19.11.1997 að fjárhæð USD. 11.840,46. Þar hafi verið fastir kostnaðarliðir varðandi rekstur og fjármögnunar á bátnum, hafnargjöld og fleira u.þ.b. að fjárhæð um USD 3.000,-. Auk þess hafi á þeim reikningi verið kostnaðarliðir vegna bílaleigubifreiða, um hafi verið að ræða glæsibifreiðar samtals að fjárhæð USD 4.691,14. Einnig hafi verið inn í þessum reikningi kostnaðarliður vegna flugferðar, Jóns Geralds, Jóns Ásgeirs, Jóhannesar og Tryggva Jónssonar til Bahamaseyja, en kostnaðurinn við það hafi verið um USD 3.008,-. American Express greiðslukort Jóns Ásgeirs fyrir þetta tímabil hafi verið USD. 697,32.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 97133, sem dagsettur er þann 06.12.1997 að fjárhæð USD. 3.796,87 og stílaður á Bónus hf.**

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann hafi gefið reikninginn út og sent á Bónus sf. Hann segir að kostnaðarliðurinn "Hotel and Travel exp." að fjárhæð USD. 970,40 séu hafnargjöld vegna bátsins, símakostnaður Jóns Ásgeirs komi þarna fram samtals að fjárhæð USD. 247,47. Þá segir Jón Gerald að kostnaður við flugfar þeirra frá Bahamaseyjum tilbaka til Miami komi fram á reikningnum að fjárhæð USD. 280,-. Einnig séu kostnaðarliðir á reikningnum vegna afborgana af lánunum sem tekin höfðu verið vegna fjármögnunar á bátunum, þ.e. "Delivering charger to Keybank Cleveland" að fjárhæð USD 2.110,- þetta sé helmings afborgun af báðum lánunum. Jón Gerald segir að "Storage rent" að

fjárhæð USD 198,- sé helmingurinn af hafnargjöldunum á fasta geymslustað bátsins í Coral Gables. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

Jón Gerald segir að það vanti augljóslega þann reikning sem hann hafi sent á Bónus sf. í janúar 1998, sem dagsettur hafi verið 15.01.1998 að fjárhæð USD. 3.469,62. Um hafi verið að ræða hluta Jóns Ásgeirs og Jóhannesar af föstum mánaðalegum greiðslum varðandi fjármögnun á bátnum, að en full afborgun af Ready State Bank láninu hafi verið að fjárhæð USD. 1.368,10, helmingshlutur feðganna í afborgunum af því láni hafi verið USD 684,05. Full mánaðarleg afborgun af láninu frá Keybank hafi verið USD. 2.485,82, og helmingshlutur feðganna í afborgunum af því láni hafi verið USD. 1.242,91, hafnargjöldin hafi verið USD 300,- og viðhalda og viðgerðarkostnaður hjá Bassett boat viðhaldsþjónustunni hafi verið USD. 2.285,49 og helmingshlutur feðganna í því samtals USD 1.142,75. Þrif á bátnum hafi verið USD. 360,50. Símakostnaður Jóns Ásgeirs hafi verið USD. 102,18

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 98006, sem dagsettur er þann 10.02.1998 að fjárhæð USD. 2.173,57 og stílaður á Bónus hf.**

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann hafi gefið reikninginn út og sent á Bónus hf. Hann segir að kostnaðarliðurinn "Hotel and Travel exp feb 1998." að fjárhæð USD. 1.402,91 sé helmings mánaðarleg afborgun af nýja bátaláninu frá Keybank að viðbættum kostnaði um USD 150,- vegna hafnargjalda. Kostnaðarliðurinn "Storage rent feb 1998" að fjárhæð USD. 684,- sé helmingur af mánaðalegum afborgunum vegna lánsins frá Ready State Bank og símakostnaður Jóns Ásgeirs að fjárhæð USD. 86,66. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 98017, sem dagsettur er þann 09.03.1998 að fjárhæð USD. 10.095,11 og stílaður á Bónus hf.**

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann hafi gefið reikninginn út og sent á Bónus hf. Hann segir að hluti af þessum reikningi varði flutning á bifreið sem hann hafi sent til Íslands að beiðni Jóns Ásgeir. Jón Gerald kveðst þar vera að vísa til kostnaðarliðanna "Delivering chagers on ML320" að fjárhæð USD. 515,- og "Different on ML320" að fjárhæð USD. 600,-. Jón Gerald segir að á þessum reikningi séu einnig kostnaðarliðir vegna þrifa á bátnum í Janúar að fjárhæð USD 288,- og þrif á bátnum í febrúar að fjárhæð USD. 300,-. Þá sé kostnaðarliður á reikningnum varðandi hafnargjöld í febrúar fyrir Miami Beach Marina að fjárhæð USD 852,-. Helmings afborgun af Keybank láninu hafi verið undir kostnaðarliðnum "Storage rent Key B" að fjárhæð USD. 1.250,- og helmings afborgun af gamla láninu frá Ready State Bank hafi verið undir kostnaðarliðnum "Bank charges old b" að fjárhæð USD. 750,-. Hafnargjöldin fyrir fasta geymslustað bátsins í Coral Gables hafi verið undir kostnaðarliðnum "Storage rent on B" að fjárhæð USD. 160,-. Símakostnaður Jóns Ásgeirs hafi verið USD. 134,21 og USD 402,71. American Express greiðslukortakostnaðurinn hafi verið tilkominn vegna ferðar verslunarstjóra Bónus til Miami. Jón Gerald kveðst hafa lagt út fyrir þeim kostnaði með American Express greiðslukortinu sínu og innheimt það með þessum hætti. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 98026, sem dagsettur er þann 07.04.1998 að fjárhæð USD. 8.520,55 og stílaður á Bónus hf.**

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann hafi gefið reikninginn út og sent á Bónus hf. Helmings afborgun af Keybank láninu hafi verið undir kostnaðarliðnum "Storage rent Key B" að fjárhæð USD. 1.250,- og helmings afborgun af gamla láninu frá Ready State Bank hafi verið undir kostnaðarliðnum "Bank charges old b" að fjárhæð USD. 750,-. Hafnargjöldin fyrir fasta geymslustað bátsins í Coral Gables hafi verið undir kostnaðarliðnum "Doc rent" að fjárhæð USD. 160,-. American



05546

Express greiðslukortanotkun Jóns Ásgeirs hafi verið að fjárhæð USD. 6.218,74 og símakostnaður Jóns Ásgeirs hafi verið 66,- og 75,81. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 98033, sem dagsettur er þann 22.04.1998 að fjárhæð USD. 12.355,00 og stílaður á Bónus hf.**

Jón Gerald segir að þessi reikningur varði ekki fjármögnun eða rekstur bátsins. Um hafi verið að ræða reikning vegna kaupa á bifreið - VW bjöllu sem hann hafi keypt og sent til Íslands að beiðni Jóns Ásgeirs. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 98034, sem dagsettur er þann 29.04.1998 að fjárhæð USD. 9.123,00 og stílaður á Bónus hf.**

Jón Gerald segir að þessi reikningur varði ekki fjármögnun eða rekstur bátsins. Um hafi verið að ræða reikning vegna kaupa á bifreið - VW bjöllu sem hann hafi keypt og sent til Íslands að beiðni Jóns Ásgeirs. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 98041, sem dagsettur er þann 15.05.1998 að fjárhæð USD. 5.572,31 og stílaður á Bónus hf.**

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann hafi gefið reikninginn út og sent á Bónus hf. Þar komi fram kostnaðurliður vegna American Express greiðslukortanotkunar Jóns Ásgeirs að fjárhæð USD. 2.228,09 og símakostnaður Jóns Ásgeirs að fjárhæð USD. 451,17 og USD. 170,67. Þá komi fram á reikningnum helmingurinn af mánaðarlegri afborgun af Keybank láninu undir kostnaðarliðnum "Storage rent" að fjárhæð USD. 1.250,- og helmings afborgun af gamla láninu frá Ready State Bank hafi verið undir kostnaðarliðnum "Bank charges old b" að fjárhæð USD. 750,-. Hafnargjöldin fyrir fasta geymslustað bátsins í Coral Gables hafi verið undir kostnaðarliðnum "Doc rent" að fjárhæð USD. 160,-. og helmingur af viðhaldskostnaður frá Bassett Boat service hafi verið undir kostnaðarliðnum "Bassett service" að fjárhæð USD. 562,38. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 98060, sem dagsettur er þann 16.06.1998 að fjárhæð USD. 6.674,30 og stílaður á Bónus hf.**

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann hafi gefið reikninginn út og sent á Bónus hf. Þar sé um að ræða símakostnað Jóns Ásgeirs að fjárhæð USD. 313,41. Þá komi fram á reikningnum helmingurinn af mánaðarlegri afborgun af Keybank láninu undir kostnaðarliðnum "Storage rent" að fjárhæð USD. 1.250,- og helmings afborgun af gamla láninu frá Ready State Bank hafi verið undir kostnaðarliðnum "Bank charges" að fjárhæð USD. 750,-. Hafnargjöldin fyrir fasta geymslustað bátsins í Coral Gables hafi verið undir kostnaðarliðnum "Doc rent" að fjárhæð USD. 160,-. og helmingur af viðhaldskostnaður frá Bassett Boat service hafi verið undir kostnaðarliðnum "Bassett service" að fjárhæð USD. 961,14, einnig hafi verið kostnaður vegna þrifa á bátnum að fjárhæð USD 270,- auk þess sem þeir hafi keypt gervihnattasíma í bátinn og með uppsetningu á honum hafi helmings hluti feðganna í þeim kostnaði verið USD. 2.969,75. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 98065, sem dagsettur er þann 06.07.1998 að fjárhæð USD. 6.334,92 og stílaður á Bónus hf.**

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann hafi gefið reikninginn út og sent á Bónus hf. Þar komi fram á reikningnum helmingurinn af mánaðarlegri afborgun af Keybank láninu undir kostnaðarliðnum "Storage rent" að fjárhæð USD. 1.250,- og helmings afborgun af gamla láninu frá Ready State Bank hafi verið undir kostnaðarliðnum "Bank charges" að fjárhæð USD. 750,-. Hafnargjöldin fyrir fasta geymslustað bátsins í Coral Gables hafi verið undir kostnaðarliðnum "Doc rent" að fjárhæð USD. 160,-. Símakostnaður Jóns Ásgeirs að fjárhæð USD. 298,26 og USD. 187,79. Jón Gerald segir að kostnaðarliðurinn "Miami doc rent" að fjárhæð USD. 190,87 sé hafnargjöld fyrir Miami Beach Marina höfnina, auk þess sem þeir hafi á þessum tíma þurft að greiða fyrir endurnýjun á árlegri vátryggingu bátsins að fjárhæð USD. 3.498,- undir kostnaðarliðnum "Insurance 1998" og hafi það verið helmingshlutur þeirra feðga. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 98089, sem dagsettur er þann 06.07.1998 að fjárhæð USD. 6.999,43 og stílaður á Bónus hf.**

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann hafi gefið reikninginn út og sent á Bónus hf. Þar komi fram á reikningnum helmingurinn af mánaðarlegri afborgun af Keybank láninu undir kostnaðarliðnum "1250" að fjárhæð USD. 1.250,- og helmings afborgun af gamla láninu frá Ready State Bank hafi verið undir kostnaðarliðnum "Bank charges" að fjárhæð USD. 750,-. Hafnargjöldin fyrir fasta geymslustað bátsins í Coral Gables hafi verið undir kostnaðarliðnum "Doc ren" að fjárhæð USD. 160,-. Símakostnaður Jóns Ásgeirs að fjárhæð USD. 108,05 og USD. 224,91. Jón Gerald segir að kostnaðarliðurinn "Exp Miami from May to July 30 1998 and gas" að fjárhæð USD. 2.443,72 séu hafnargjöld á Miami Beach Marina höfninni vegna ferðar Jóns Ásgeirs til Miami og notkunar hans á bátnum á þessum tíma. Kostnaðarliðurinn "American Express Corp. June and July" að fjárhæð USD. 1.562,60 sé vegna greiðslukortanotkunar Jóns Ásgeirs í júní og júlí 1998. Þá hafi verið viðhaldkostnaður við bátinn þennan mánuðinn undir kostnaðarliðnum "Service oil and Battery" að fjárhæð USD. 500,15 en það hafi verið helmingshlutur þeirra feðga í þeim kostnaði. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 98026, sem dagsettur er þann 07.04.1998 að fjárhæð USD. 8.520,55 og stílaður á Bónus hf.**

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann hafi gefið reikninginn út og sent á Bónus hf. Þar komi fram á reikningnum helmingurinn af mánaðarlegri afborgun af Keybank láninu undir kostnaðarliðnum "Storage rent Key B" að fjárhæð USD. 1.250,- og helmings afborgun af gamla láninu frá Ready State Bank hafi verið undir kostnaðarliðnum "Bank charges old b" að fjárhæð USD. 750,-. Hafnargjöldin fyrir fasta geymslustað bátsins í Coral Gables hafi verið undir kostnaðarliðnum "Doc rent" að fjárhæð USD. 160,-. Kostnaðarliðurinn "American Express Corp" að fjárhæð USD. 6.218,74 sé vegna American Express greiðslukortanotkunar Jóns Ásgeirs. Þá hafi símakostnaður Jóns Ásgeirs verið að fjárhæð USD. 66,- og USD. 75,81. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 98112, sem dagsettur er þann 14.09.1998 að fjárhæð USD. 9.185,73 og stílaður á Bónus hf.**

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann hafi gefið reikninginn út og sent á Bónus hf. Þar komi fram á reikningnum helmingurinn af mánaðarlegri afborgun af Keybank láninu undir kostnaðarliðnum "Hotel and travel exp." að fjárhæð USD. 1.250,- og helmings afborgun af gamla láninu



005548

frá Ready State Bank hafi verið undir kostnaðarliðnum "Bank charges" að fjárhæð USD. 750,-. Hafnargjöldin fyrir fasta geymslustað bátsins í Coral Gables hafi verið undir kostnaðarliðnum "Storage rent" að fjárhæð USD. 160,-. Kostnaðarliðurinn "Bassett services" að fjárhæð USD. 2.609,25 sé helmingshlutur þeirra feðga í viðhaldskostnaði vegna bátsins. Kostnaðarliðurinn "Miami beach hotel and travel exp." að fjárhæð USD. 990,59 sé ferðakostnaður í tengslum við ferð Jóns Ásgeirs og/eða einhverra aðila á hans vegum á Miami. Kostnaður vegna gervihnattasímans á bátnum hafi verið USD. 230,91 með skýringunni "Sat cell phone service". American Express greiðslukortanotkun Jóns Ásgeirs hafi verið USD. 3.075,03. Þá hafi símakostnaður Jóns Ásgeirs verið að fjárhæð USD. 119,95. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 98133, sem dagsettur er þann 14.10.1998 að fjárhæð USD. 6.887,88 og stílaður á Bónus hf.**

Jón Gerald segir að þessi reikningur varði ekki fjármögnun eða rekstur bátsins. Þetta séu greinilega vörukaup tengd jólunum.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 98138, sem dagsettur er þann 19.10.1998 að fjárhæð USD. 6.000,00 og stílaður á Bónus hf.**

Jón Gerald segir að þessi reikningur varði ekki fjármögnun eða rekstur bátsins. Eftir því sem hann best muni hafi þetta tengst bifreiðakaupum fyrir Jón Ásgeir.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 98149, sem dagsettur er þann 11.11.1998 að fjárhæð USD. 4.608,69 og stílaður á Bónus hf.**

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann hafi gefið reikninginn út og sent á Bónus hf. Kostnaðarliðurinn "American Express Corp" að fjárhæð USD. 1.678,74 sé vegna American Express greiðslukortanotkunar Jóns Ásgeirs. Kostnaður vegna gervihnattasímans á bátnum hafi verið USD. 119,95 með skýringunni "Sat cell phone service". Kostnaðarliðurinn "Shipping to New York" að fjárhæð USD. 650,- sé líklegast flutningskostnaður innanlands í Bandaríkjunum þar sem Jón Gerald kveðst hafa verið að senda bifreið í frakt til New York sem senda átti til Jóns Ásgeirs á Íslandi. Hafnargjöldin fyrir fasta geymslustað bátsins í Coral Gables hafi verið undir kostnaðarliðnum "Storage rent" að fjárhæð USD. 160,-. Þá segir Jón Gerald að helmingur feðganna af mánaðarlegri afborgun af Keybank láninu sé undir kostnaðarliðnum "Hotel and travel exp." að fjárhæð USD. 1.250,- og helmings afborgun af gamla láninu frá Ready State Bank hafi verið undir kostnaðarliðnum "Bank charges" að fjárhæð USD. 750,-. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 98153, sem dagsettur er þann 15.12.1998 að fjárhæð USD. 5.759,76 og stílaður á Bónus hf.**

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann hafi gefið reikninginn út og sent á Bónus hf. Kostnaðarliðurinn "American Express Corp" að fjárhæð USD. 3.333,97 sé vegna American Express greiðslukortanotkunar Jóns Ásgeirs. Símakostnaður Jóns Ásgeirs hafi verið USD. 106,45 og USD.159,34. Þá segir Jón Gerald að helmingur feðganna af mánaðarlegri afborgun af Keybank láninu sé undir kostnaðarliðnum "Storage rent" að fjárhæð USD. 1.250,- og helmings afborgun af gamla láninu frá Ready State Bank hafi verið undir kostnaðarliðnum "Bank charger" að fjárhæð USD. 750,-. Hafnargjöldin fyrir fasta geymslustað bátsins í Coral Gables hafi verið undir kostnaðarliðnum "Doc rent" að fjárhæð USD. 160,-. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

Jóni Geraldi er kynnt að ljúka verði yfirheyrslunni nú og halda áfram þar sem frá var horfið við yfirheyrslu á morgun, þriðjudaginn 21. júní 2005, kl. 09:00.

Jón Gerald er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Jón Gerald kveðst ekkert frekar hafa um málið að segja að svo stöddu.

Skýrslutöku lauk kl. 15:00.

Staðfest rétt eftir haft:

Jón Gerald Sullenberger

Skýrsluna skráði:

Sveinn I. Magnússon



05550

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN | SKÝRSLA<br>YFIRHEYRSLA | R L S |
|---|---|---|
| Skýrslu gerir<br>Sveinn I. Magnússon, lögreglufulltrúi | | Mál nr.<br>006-2002-0086 |
| Staður og stund:<br>Reykjavík – Mánudaginn 21. júní 2005. Klukkan 09:30. | | IV/1.14 |
| Sakarefni:<br>Ætluð auðgunarbrot og brot á lögum um bókhald | | |
| Aðili:<br>Jón Gerald Sullenberger | | Kennitala:<br>240664-2089 |
| Starf/staða:<br>Rekur útflutningsfyrirtækið Nordica Inc. í Bandaríkjunum | | Vinnusími:<br>305-639-2100 |
| Lögheimili:<br>832 Santiago Street, Coral Gables, Florida | | Sími:<br>305-443-4204 |
| Dvalarstaður:<br>(Gullsmári 10, Kópavogi GSM: 897-6405) | | Sími:<br>GSM USA: 305-588-1800 |

Jón Gerald er mættur til skýrslutöku samkvæmt boðun. Honum er kunnugt um ástæðu skýrslutökunnar sem varðar viðskipti hans og fyrirtækis hans Nordica Inc. við Baug-Group hf. og greiðslur sem hann hefur móttekið fyrir hönd Nordica Inc frá Baugi hf.

Fyrir Jóni Geraldi er brýnd vitnaskylda og vitnaábyrgð, auk þess sem hann er áminntur um sannsögli. Þá er Jóni Gerald einnig kynnt ákvæði 51. gr. laga nr. 19/1991, þess efnis að hann þurfi ekki að tjá sig um þau atriði sem gætu skapað honum refsiábyrgð.

Jón Gerald kveðst skilja þessi réttarfarsákvæði og vera reiðubúinn að tjá sig um málið.

Jóni Gerald er kynnt að við þessa skýrslutöku verði farið nánar yfir viðskipti hans og fyrirtækis hans Nordica Inc. við Gaum ehf og e.a. Bónus sf. varðandi þá reikninga sem hann sendi á umrædd félög á árunum 1996-1999 varðandi fjármögnun og rekstur bátanna Viking I og Viking II sem keyptir voru á árunum 1996 og 1997, eins og Jón Gerald hefur þegar greint frá við yfirheyrslur hjá lögreglu.

**Viðskipti Jóns Geralds við Fjárfestingarfélagið Gaum ehf. og eftir atvikum Bónus sf.**

Jóni Geraldi er kynnt að við þessa yfirheyrslu verði haldið áfram þar sem frá var horfið í gær og bornir undir hann þeir reikningar Nordica Inc. sem lögregla hefur aflað hjá Fjárfestingarfélaginu Gaumi ehf. og Bónus sf. og grunur leikur á að tengist fjármögnun og rekstri bátanna Viking I og Viking II. Jón er beðinn um að gera grein fyrir hverjum og einum þeirra

Jón Gerald segir að það vanti augljóslega reikninginn sem hann hafi sent í janúar 1999 stílaðan á Gaum hf. Hann kveðst hafa sent reikning að fjárhæð USD. 5.361,36 í kringum 29. janúar 1999 vegna bátsins og þessara föstu kostnaðarliða sem komið hafa fram á þeim reikningum sem bornir hafa verið undir hann við þessa yfirferð.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 99018, sem dagsettur er þann 11.02.1999 að fjárhæð USD. 7.126,79 og stílaður á Gaum hf.**

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann hafi gefið reikninginn út og sent á Gaum hf. Kostnaðarliðurinn "American Express Corp" að fjárhæð USD. 4.564,59 sé vegna American Express greiðslukortanotkunar Jóns Ásgeirs. Símakostnaður Jóns Ásgeirs hafi verið USD. 252,20. Þá hafi verið þrif á bátnum undir kostnaðarliðnum "Wash & dry clean service" að fjárhæð USD. 150,-. Jón Gerald segir að helmingur feðganna af mánaðarlegri afborgun af Keybank láninu sé undir kostnaðarliðnum "Hotel and travel exp" að fjárhæð USD. 1.250,- og helmings afborgun af gamla láninu frá Ready State Bank hafi verið undir kostnaðarliðnum "Bank charges" að fjárhæð USD. 750,-. Hafnargjöldin fyrir fasta

05551

geymslustað bátsins í Coral Gables hafi verið undir kostnaðarliðnum "Doc rent" að fjárhæð USD. 160,-. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 99034, sem dagsettur er þann 15.03.1999 að fjárhæð USD. 8.670,25 og stílaður á Gaum hf.**

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann hafi gefið reikninginn út og sent á Gaum hf. Kostnaðarliðurinn "American Express Corp" að fjárhæð USD. 5.973,64 sé vegna American Express greiðslukortanotkunar Jóns Ásgeirs. Símakostnaður Jóns Ásgeirs hafi verið USD. 297,97 og USD. 238,64. Þá segir Jón Gerald að helmingur feðganna af mánaðarlegri afborgun af Keybank láninu sé undir kostnaðarliðnum "Storage rent" að fjárhæð USD. 1.250,- og helmings afborgun af gamla láninu frá Ready State Bank hafi verið undir kostnaðarliðnum "Bank chagres old loan" að fjárhæð USD. 750,-. Hafnargjöldin fyrir fasta geymslustað bátsins í Coral Gables hafi verið undir kostnaðarliðnum "Doc rent" að fjárhæð USD. 160,-. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 99040, sem dagsettur er þann 15.04.1999 að fjárhæð USD. 5.455,85 og stílaður á Gaum hf.**

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann hafi gefið reikninginn út og sent á Gaum hf. Jón Gerald segir að á þessum tíma hafi hann greinilega þurft að koma bátnum fyrir í Miami Beach Marina fyrir Jón Ásgeir og kostnaðarliðurinn "Marina Miami rent" að fjárhæð USD. 369,43 sé vegna þess kostnaðar. Kostnaðarliðurinn "American Express Corp" að fjárhæð USD. 986,08 sé vegna American Express greiðslukortanotkunar Jóns Ásgeirs. Símakostnaður Jóns Ásgeirs hafi verið USD. 68,44 og USD. 1.730,60. Kostnaðarliðurinn "American Express Corp Trygg" að fjárhæð USD. 141,30 sé vegna American Express greiðslukortanotkunar Tryggva Jónssonar, sem þá hafi einnig verið kominn með greiðslukort frá American Express eins og komið hafi fram við fyrri yfirheyrslur hjá lögreglu.

Þá segir Jón Gerald að helmingur feðganna af mánaðarlegri afborgun af Keybank láninu sé undir kostnaðarliðnum "Hotel and Travel Exp." að fjárhæð USD. 1.250,- og helmings afborgun af gamla láninu frá Ready State Bank hafi verið undir kostnaðarliðnum "Bank charges" að fjárhæð USD. 750,-. Hafnargjöldin fyrir fasta geymslustað bátsins í Coral Gables hafi verið undir kostnaðarliðnum "Doc rent" að fjárhæð USD. 160,-. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 99049, sem dagsettur er þann 07.06.1999 að fjárhæð USD. 5.230,80 og stílaður á Gaum hf.**

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann hafi gefið reikninginn út og sent á Gaum hf Kostnaðarliðurinn "American Express Corp" að fjárhæð USD. 181,95 sé vegna American Express greiðslukortanotkunar Jóns Ásgeirs. Símakostnaður Jóns Ásgeirs hafi verið USD. 69,95 og USD. 106,72. Kostnaðarliðurinn "American Express Corp Tryggvi" að fjárhæð USD. 1.295,59 sé vegna American Express greiðslukortanotkunar Tryggva Jónssonar, sem þá hafi einnig verið kominn með greiðslukort frá American Express eins og komið hafi fram við fyrri yfirheyrslur hjá lögreglu.

Þá segir Jón Gerald að þar sem hann hafi ekki sent sérstakan reikning fyrir maí mánuð hafi hann innheimt fasta fjármögnunar- og rekstrarkostnað bátsins fyrir maí og júní með þessum reikningi. Jón Gerald tekur það fram að á þessum tíma hafi þeir verið búnir að greiða upp lánið frá Keybank, eins og hann hafi þegar skýrt frá við fyrri yfirheyrslur hjá lögreglu. Sökum þess sé sá kostnaðurliður að fjárhæð USD. 1.250,- fallinn út af þessum reikningum. Hins vegar hafi gamla lánið frá Ready State Bank ennþá verið til greiðslu og segir Jón Gerald að helmingur feðganna af mánaðarlegri afborgun af því láni komi fram á þessu reikningi undir kostnaðarliðnum "Bank charges May" að fjárhæð USD. 750,-.



05552

Hafnargjöldin fyrir fasta geymslustað bátsins í Coral Gables hafi verið undir kostnaðarliðnum "Doc charges May" að fjárhæð USD. 160,-. Þá sé hann einnig að innheimta fastan kostnað fyrir júní mánuð og því séu kostnaðarliðirnir "Bank charges June" að fjárhæð USD. 750,-. helmingur feðganna af mánaðarlegri afborgun af láninu frá Ready State Bank og hafnargjöldin fyrir fasta geymslustað bátsins í Coral Gables fyrir júní hafi verið undir kostnaðarliðnum "Doc charges June" að fjárhæð USD. 160,-. Jón Gerald segir að báturinn hafi farið í viðhaldsþjónustu á þessum tíma og kostnaðarliðurinn "Bassett co service fee" sé helmingshlutur feðganna í þeim viðhaldskostnaði að fjárhæð USD. 1.123,46. Varðandi kostnaðarliðinn "Hotel and travel exp." að fjárhæð USD. 633,13 þá kveðst Jón Gerald telja að það varði ferðakostnað Jóns Ásgeir og/eða einhvers á hans vegum á Miami. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 99057, sem dagsettur er þann 25.06.1999 að fjárhæð USD. 6.962,00 og stílaður á Gaum hf.**

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann hafi gefið reikninginn út og sent á Gaum hf Kostnaðarliðurinn "Yearly incurance for warehouse" að fjárhæð USD. 6.962,00 sé greiðsla vegna vátryggingar bátsins Viking II, sem endurnýjuð hafi verið árlega. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 99058, sem dagsettur er þann 07.07.1999 að fjárhæð USD. 9.499,39 og stílaður á Gaum hf.**

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann hafi gefið reikninginn út og sent á Gaum hf Kostnaðarliðurinn "Yama service" varði viðgerð á sæþotunni sem þeir hafi verið með á bátnum. Heildarkostnaður viðgerðarinnar komi fram á reikningnum og helmingshlutur feðganna í þeim kostnaði hafi verið USD. 744,34. Jón Gerald segir að helmingur feðganna af mánaðarlegri afborgun af láninu frá Ready State Banki komi fram á þessu reikningi undir kostnaðarliðnum "Bank charges" að fjárhæð USD. 750,-. Jón Gerald segir að báturinn hafi farið í viðhaldsþjónustu á þessum tíma undir kostnaðarliðnum "Bassett co service" komi fram heildarkostnaður viðhaldsþjónustunnar og helmingshlutur feðganna í þeim viðhaldskostnaði að fjárhæð USD. 3.050,-. Hafnargjöldin fyrir fasta geymslustað bátsins í Coral Gables hafi verið undir kostnaðarliðnum "Doc chages" að fjárhæð USD. 160,- og símakostnaður Jóns Ásgeirs hafi verið USD. 87,30.

Jón Gerald tekur það fram eins og hann hafi áður greint frá við yfirheyrslur hjá lögreglu að á þessum tíma hafi þeir verið búnir að kaupa bátinn Thee Viking, en lent í vandræðum með seljanda bátsins vegna vanefnda við afhendingu bátsins. Sökum þess hafi þeir leitað til lögmannsskrifstofu á Miami og nokkur kostnaður orðið í kringum það. Þannig segir Jón Gerald að kostnaðarliðurinn "Professional services fee" að heildarfjárhæð USD 9.415,50 sé tilkominn vegna þess. Á reikningnum megi sjá þann helmingshlut feðganna í þeim kostnaði samtals að fjárhæð USD. 4.707,75. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

**Undir Jón Gerald er borinn reikningur frá Nordica nr. 99071, sem dagsettur er þann 26.08.1999 að fjárhæð USD. 7.230,02 og stílaður á Bónus hf.**

Jón Gerald kveðst þekkja þennan reikning aftur. Hann hafi gefið reikninginn út og sent á Gaum hf. Jón Gerald segir að á þessum reikningi komi fram áframhaldandi kostnaður vegna lögmannsþjónustunnar sem þeir hafi þurft að kaupa vegna vanefndanna á afhendingu bátsins Thee Viking. Þannig segir Jón Gerald að kostnaðarliðurinn "Law offices professional services fee June/July 99" að heildarfjárhæð USD 5.897,03 sé tilkominn vegna þess. Á reikningnum megi sjá helmingshlut feðganna í þeim kostnaði samtals að fjárhæð USD. 2.948,52. Jón Gerald segir að helmingur feðganna af mánaðarlegri afborgun af láninu frá Ready State Banki komi fram á þessu reikningi undir kostnaðarliðnum "Bank charges" að fjárhæð USD. 750,-. Hafnargjöldin fyrir fasta geymslustað bátsins í Coral Gables hafi verið undir

kostnaðarliðnum "Doc chages" að fjárhæð USD. 160,-. Jón Gerald segir að báturinn hafi farið í áframhaldandi viðhaldsþjónustu á þessum tíma og komi það fram undir kostnaðarliðnum "Bassett co service" heildarkostnaður viðhaldsþjónustunnar hafi verið USD. 4.667,13 og helmingshlutur feðganna í þeim viðhaldskostnaði að fjárhæð USD. 2.333,57. Þrif á bátnum komi fram undir kostnaðarliðnum "Boat clean touch" að fjárhæð USD. 144,38 og kostnaður við það að koma bátnum fyrir á Miami Beach Marina höfninni og leigja þar stæði undir kostnaðarliðnum "Miami Marina rental" vegna ferðar Jón Ásgeirs og/eða einhvers á hans vegum hafi verið að heildarfjárhæð USD. 1.787,10 og hlutur þeirra feðga hafi verið að fjárhæð USD. 893,55, þar sem Jón Gerald hafi verið með þeim á bátnum í umrætt sinn. Jón Gerald kveðst hafa fengið reikninginn greiddan að fullu.

Jón Gerald er spurður hvort hann hafi einhverju við framburð sinn að bæta.

Jón Gerald kveðst ekkert frekar hafa um málið að segja að svo stöddu.

Skýrslutöku lauk kl. 11:30.

| | |
|---|---|
| Staðfest rétt eftir haft: | Skýrsluna skráði: |
| Jón Gerald Sullenberger | Sveinn I. Magnússon |



05554

| RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN | SKÝRSLA<br>YFIRHEYRSLA | RLS | |
|---|---|---|---|
| Skýrslu gerir<br>Grímur Grímsson lögreglufulltrúi | | Mál nr.<br>006-2002-0086 | IV/1.15 |
| Staður og stund:<br>Skrifstofa efnahagsbrotadeildar RLS – þriðjudaginn 21. júní 2005. Klukkan 12:30. | | | |
| Sakarefni:<br>Ætlaðar ólögmætar lánveitingar | | | |
| Aðili:<br>Jón Gerald Sullenberger | | Kennitala:<br>240664-2089 | |
| Starf/staða:<br>Rekur útflutningsfyrirtækið Nordica Inc. í Bandaríkjunum | | Vinnusími:<br>305-639-2100 | |
| Lögheimili:<br>832 Santiago Street, Coral Gables, Florida | | Sími:<br>305-443-4204 | |
| Dvalarstaður:<br>(Gullsmári 10, Kópavogi GSM: 897-6405) | | Sími:<br>GSM USA: 305-588-1800 | |

Jón Gerald er mættur til skýrslutöku á skrifstofu efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjórans samkvæmt boðun.

Jóni Gerald er kynnt tilefni yfirheyrslunnar sem eru ætlaðar ólögmætar lánveitingar til hlutabréfakaupa í Baugi hf., sbr. ákvæði 104. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Jóni Gerald er kynnt vitnaskyldan og sú ábyrgð vitnis að skýra satt og rétt frá, og draga ekkert undan sem máli kann að skipta. Jafnframt er honum bent á að röng skýrsla vitnis getur skapað því refsiábyrgð.

Jón Gerald kveðst aðspurður skilja þessi réttarfarsákvæði og vera reiðubúinn að tjá sig um málið.

Jóni Gerald er kynnt að við húsleit efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjórans í starfsstöð Baugs hf. þann 28. ágúst 2002 hafi verið tekið rafrænt afrit af bókhaldi félagsins.

Jóni Gerald er kynnt að þann 28. ágúst 2002 hafi krafa á viðskiptareikningi hans hjá Baugi hf. numið kr. 4.350.000,00.

Jón Gerald er beðinn um að skýra hvernig þessi krafa á viðskiptareikningi hans hjá Baugi hafi verið tilkominn.

Jón Gerald segir að haustið 1999, þ.e. rétt eftir að Baugur hf. var skráður í Kauphöll Íslands, hafi hann átt fund með Jóni Ásgeiri Jóhannessyni og Tryggva Jónssyni í höfuðstöðvum Baugs og þar hafi honum verið boðið að gerast hluthafi í Baugi með því að kaupa kr. 500.000 að nafnverði á genginu 8,5 í félaginu. Jón Gerald segir að samningur þessi hafi verið munnlegur en Tryggvi Jónsson hafi skrifað þessi kaup hjá sé í bók sem hann hafi haft meðferðis.

Jón Gerald segir að ekki hafi verið frágengið hvernig hann myndi greiða þessa kröfu vegna hlutabréfakaupanna né hafi verið um það rætt hvort krafan bæri vexti.

Jón Gerald segir að þessi hlutabréfaviðskipti hafi ekki verið til neinnar umræðu, á milli hans eða starfsmanna Baugs, í nokkur misseri. Jón Gerald segir að það næsta sem hann hafi heyrt af hlutabréfaeign sinni í Baugi hafi verið símtal eða tölvupóstur þar sem honum hafi verið tilkynnt um arðgreiðslu vegna hlutabréfaeignar sinnar í Baugi og hafi verið óskað eftir upplýsingum um hvar hann vildi mótttaka arðgreiðsluna. Jón Gerald kveðst hafa óskað eftir því að arðgreiðslan yrði lögð inn á reikning hans í Íslandsbanka. Jón Gerald segir aðspurður að hann muni ekki hvenær þessi arðgreiðsla hafi farið fram.

Jón Gerald segir að nokkru síðar hafi hann fengið tilkynningu um hlutafjáraukningu í Baugi og hafi hluthöfum verið boðinn forkaupsréttur í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra í félaginu. Jón Gerald kveðst þá hafa keypt hluti sem hann hafi átt rétt á. Jón Gerald segir að þessi hlutafjáraukning hafi verið rafræn í gegnum Íslandsbanka og hafi andvirði hlutabréfanna verið fært af bankareikningi hans hjá Íslandsbanka. Jón Gerald segir að hann hafi ekki fengið afhent nein hlutabréf í Baugi, hvorki þegar hann hafi fengið hlutabréfin árið 1999 né þegar hann hafi fengið aukninguna. Jón Gerald segir að hann muni ekki hvenær sú hlutafjáraukning sem hann nefnir hafi verið en segir að hann geti nálgast yfirlit af bankareikningi sínum hjá Íslandsbanka en þar eigi þessi viðskipti að koma fram. Jón Gerald kveðst fús að koma slíku yfirliti til lögreglu vegna málsins. Jón Gerald kveðst aðspurður ekki muna á hvaða gengi hann hafi keypt þá hluti í Baugi sem hann hafi fengið í nefndri hlutafjáraukningu.

Jón Gerald leggur fram tvö skjöl. Annars vegar er um að ræða skjal þar sem stendur „Útreikningur vegna hlutabréfa í Baugi." dags. 15. ágúst 2003 með útreikningum á eign hans í Baugi, vaxtaútreikningum á skuld hans vegna hluta að nafnverði 500.000 sem hann hafi fengið árið 1999 og söluverð hans vegna uppgjörs við Baug í ágúst 2003. Hins vegar er um að ræða skjal þar sem stendur „FRAMSAL Á EIGNARRÉTTI AÐ HLUTAFÉ", dags, 15. ágúst 2003 en þar er um að ræða skjal sem Jón Gerald segir að sé afsal hans vegna hlutabréfa hans í Baugi vegna uppgjörs hans við Baug í ágúst 2003.

Jón Gerald er spurður hver hafi ákveðið lán til hans vegna hlutabréfakaupa í Baugi sem fært yrði á viðskiptareikning hans hjá Baugi.

Jón Gerald segir að þessi ákvörðun hafi verið tekin á fundi hans með Jóni Ásgeiri og Tryggva Jónssyni og það hafi verið Jón Ásgeir sem hafi ákveðið nafnverði þeirra hluta í Baugi sem Jón Gerald fengi að kaupa og kaupgengið. Jón Gerald segir að Tryggvi Jónsson hafi skrifað í bók sem hann hafi haft meðferðis þessar upplýsingar.

Jón Gerald er spurður hvort Baugur hafi reynt að innheimta hjá honum kröfu samkvæmt viðskiptareikningi hans hjá félaginu.

Jón Gerald segir að engar innheimtuaðgerðir hafi verið hafðar í frammi af Baugi fyrr en við uppgjör hans við Baug ofl. í ágúst 2003.

Jón Gerald er spurður hvort skuld hans við Baug samkvæmt viðskiptareikningi hans hjá félaginu sé uppgerð.

Jón Gerald segir svo vera.

Jón Gerald er spurður hvernig það uppgjör hafi farið fram.

Jón Gerald segir að hann hafi átt viðskiptakröfu á hendur Baugi. Jón Gerald segir að hann hafi, á árinu 2003, höfðað mál á hendur Baugi á Íslandi til fullnustu nefndrar kröfu hans á hendur félaginu. Jón Gerald segir að í framhaldi af þessu málarekstri á Íslandi hafi Baugur, Gaumur ofl. höfðað mál á hendur honum í Florida í Bandaríkjunum. Jón Gerald segir að niðurstaða málarekstursins í Florida hafi meðal annars verið sá að viðskiptakrafa hans á hendur Baugi væri greidd og hann samþykkti að selja hluti þá sem hann þá átti í Baugi á genginu 10,85 og hafi það gengið eftir. Jón Gerald segir að með sölu hans á öllum hlutum hans í Baugi til Mundar ehf. hafi skuld hans við Baug samkvæmt viðskiptareikningi verið gerð upp.

Jón Gerald er spurður hvort hann þekki ákvæði 104. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Lög nr. 2/1995 eru lögð fyrir Jón Gerald.



05556

Jón Gerald segir að hann þekki ekki þessa lagagrein né hafi hann þekkt ákvæði hennar á þeim tíma sem hann hafi keypt 500.000 hluti í Baugi árið 1999.

Jón Gerald er beðinn um að lýsa samkomulagi hans við Baug um uppgjör sem hann hefur lýst að hafi farið fram í ágúst 2003.

Jón Gerald leggur fram þrjú skjöl. Í fyrsta lagi er um að ræða „SETTLEMENT AGREEMENT AND MUTUAL RELEASES", í öðru lagi „Power of Attorney" og í þriðja lagi „WITHDRAWAL OF NOTICE OF CLAIM OF LIEN".

Jón Gerald segir að þessi skjöl hafi verið gerð til lúkningar kröfu hans á hendur Baugi hér á landi og kröfum Baugs, Gaums ofl. á hendur honum í Florida í Bandaríkjunum. Jón Gerald segir að meginniðurstöður þess samkomulags sem gert var í ágúst 2003 hafi verið að hann fengi greiddar kröfur vegna vörusendinga hans frá Bandaríkjunum til Aðfanga – dótturfélags Baugs. Jón Geralds segir að einnig hafi hann fengið greiddan kostnað sem hann hafi stofnað til og lagt út fyrir í þágu Baugs í Bandaríkjunum en Jón Gerald kveðst hafa talið að Baugur hafi ekki uppfyllt samkomulag á milli hans og Baugs. Jón Gerald segir að einnig hafi verið samkomulag um að Baugur greiddi allan lögfræðikostnað hans hér á landi og í Bandaríkjunum. Jón Gerald segir að í tengslum við þetta hafi Baugur, Gaumur ofl. fallið frá öllum kröfum á hendur honum í málaferlum í Florida í Bandaríkjunum.

Aðspurður um hvort kreditreikningur nr. 00000197 dags. 30. ágúst 2001, að fjárhæð kr. USD 589.890,00 hafi verið hluti samkomulags hans við Baug, Gaum ofl. í ágúst 2003 segir Jón Gerald að svo sé ekki. Þennan kreditreikning hafi hann útbúið og sent eftir forskrift Tryggva Jónssonar og hafi þessi reikningur aldrei verið í bókahaldi Nordica.

Aðspurður um hvort bankaábyrgð Sparisjóðabanka Íslands nr. G0142-1150 að fjárhæð USD 135.000,00 hafi verið hluti samkomulags hans við Baug, Gaum ofl. í ágúst 2003 segir Jón Gerald að svo sé ekki. Jón Gerald segir að hann minni að ábyrgðin hafi verið innkölluð (e. drawn down) í september 2002.

Jóni Gerald er nú kynnt að rannsóknari hafi lokið yfirheyrslu.

Jón Gerald er spurður hvort hann vilji koma einhverju á framfæri varandi það efnis sem hann hefur verið yfirheyrður um í dag.

Jón Gerald segir svo ekki vera.

Jón Gerald les nú yfir framburð sinn.

Skýrslutöku lauk kl. 14.11

Staðfest rétt eftir haft:

Jón Gerald Sullenberger

Skýrsluna skráði:

Grímur Grímsson

Vottur að undirskrift;

lögreglufulltrúi



05557